

TÍSKAN Í VOR

*Útsaumað, hvítt og saklaust*

Tíska - Heilsa - Heimili - Ferðir

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



ÁRMANN REYNISSON

*Gefur vinjettur út í þýskalandi*

Setur á markað skeiðar fyrir fagurkera

FÓLK 62







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. apríl 2006 — 94. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


# Yfirdráttur þremur milljörðum dýrari

**Ársvextir á yfirdráttarlánum bankanna hafa hækkað um nærri þrjátíu prósent á tveimur árum. Skuldir heimilanna vegna yfirdráttalána eru rúmir 72 milljarðar króna. Formaður Neytendasamtakanna hefur miklar áhyggjur af stöðunni.**

**NEYTENDUR** Vextir á yfirdráttarlánum heimilanna hafa hækkað um nærri þrjátíu prósent frá því í maí 2004. Vaxtakostnaður heimilanna vegna yfirdráttarlána hefur því aukist um rúma þrjá milljarða króna á tveimur árum.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir áhyggjuefni fyrir fólkið í landinu hversu vaxtastigið sé hátt en stýrivextir Seðlabanka Íslands, sem bankar og fjármálastofnanir í landinu taka mið af, eru þeir hæstu í Evrópu. „Vaxtastig hér á landi er mjög hátt og það er mín skoðun að það þurfi að lækka. Því miður hafa aðgerðirnar frekar gengið út á að hækka það. Miðað við hversu heimilin eru með mikil yfirdráttarlán í bönkum er óhjákvæmilegt að þetta skapi vandamál. Það er því full ástæða til þess að hafa verulegar áhyggjur af þeirri stöðu sem upp er komin.“

Einstaklingur sem er með 500 þúsund króna yfirdrátt á venjulegum tékkareikningi greiðir nú um það bil 25 þúsund krónum hærri vexti á ári en fyrir tveimur árum.

Skuldir heimilanna vegna yfirdráttarlána voru í febrúar rúmir 72 milljarðar króna. Í þeim flokki eru einnig einstaklingar með rekstur á eigin kennitölu en óljóst er hversu stór sá hluti er.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri samtaka banka og fjármálafyrirtækja, segir Seðlabanka Íslands vera að reyna að sporna við því að verðbólga í landinu vaxi enn frekar. „Vextir á óverðtryggðum reikningum eru háðir stýrivöxtum í landinu á hverjum tíma. Seðlabankinn er vísvitandi að herða að, til þess að reyna að draga úr útgjöldum, meðal annars útgjöldum heimilanna.“

Þó að skuldir heimilanna hafi hækkað mikið og séu í sögulegu hámarki hefur eignamyndun verið mikil á móti. **- mh**

**VAXTAKJÖR STÆRSTU BANKANNA**

| Glitnir | maí 2004 | apríl 2006 |
|---|---|---|
| Gullvild | 12,20% | 17,75% |
| Tékkar. einstaklinga | 15,40% | 21,20% |
| Námsvild | 14,90% | 19,20% |
| **Landsbankinn** | **maí 2004** | **apríl 2006** |
| Varðan sérkjör. | 12,76% | 18.20% |
| Tékkar. einstaklinga | 15,25% | 21,20% |
| Náman | 14,25% | 16,70% |
| **KB b anki** | **maí 2004** | **apríl 2006** |
| Sérkjarareikn. | 13,25% | 17,95% |
| Tékkar. einstaklinga | 15,25% | 20,60% |
| Tékkar. námsmanna | 11,25% | 16,20% |



**VIÐ AFHENDINGU BÓKANNA FRÁ SENDIRÁÐI BANDARÍKJANNA** Baldur Þórhallsson, formaður stjórnar Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, tekur hér við bókagjöf á sviði alþjóða-, varnar- og öryggismála frá sendiráði Bandaríkjanna. Við hlið hans stendur Carol Van Voorst sendiherra, svo Kristín Ingólfsdóttir rektor og því næst Sigrún Klara Hannesdóttir landsbókavörður. Baldur sagði kankvís að bækurnar væru vel fjögurra þotna virði. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ofsaveður á Vestfjörðum og snjóflóð í Súðavíkurhlíð:

# Björgunarmaður fótbrotnaði

**VEÐUROFSI** Björgunarsveitarmaður frá Ísafirði klemmdist milli tveggja bíla og fótbrotnaði þegar snjóflóð féll í Súðavíkurhlíð um klukkan fjögur í gærdag.

Björgunarsveitarmenn voru að aðstoða tvímenninga sem fest höfðu bíl sinn, þegar snjóflóðið skall á bílnum og ýtti honum á björgunarsveitarbílinn með fyrrgreindum afleiðingum. Mennirnir voru í bílnum þegar atvikið átti sér stað en varð ekki meint af.

Síðdegis í gær tilkynnti Snjóflóðadeild Veðurstofunnar að sett hefði verið á viðbúnaðarstig á norðanverðum Vestfjörðum. Níu hús voru á hættusvæði í Bolungarvík og þurfti að rýma þau þeirra sem búið er í. Einnig var fólki gert að fara ekki í hesthúsabyggð í Hnífsdal nema í samráði við lögregluna á Ísafirði.

Um klukkan átta í gærkvöldi var svo sendur dráttarbíll eftir ferðalöngum sem fest höfðu bifreið sína milli Mjóafjarðar og Ísafjarðar í Ísafjarðardjúpi. Starfsmaður frá Snjóflóðadeild var því á vakt og fylgdist vel með en gert var ráð fyrir því að veðrið færi yfir Norðurland í nótt. **- jse**



**OFSAVEÐUR Á VESTFJÖRÐUM** Ofsaveðrið sem geisaði á Vestfjörðum í gær kom mörgum í vanda. FRÉTTABLAÐIÐ/BH



**JÓN GERALD SULLENBERGER** Það kom Jóni Gerald á óvart að vera ákærður ásamt þeim mönnum sem hann bar sakir á.

Jón Gerald Sullenberger:

# Ákæran kom verulega á óvart

**BAUGSMÁLIÐ** „Það kom mér verulega á óvart að vera ákærður með þessum mönnum en ég tek því bara sem hverju öðru verkefni,“ segir Jón Gerald Sullenberger, en hann er nú á meðal ákærðra í Baugsmálinu sem hann er upphafsmaður að.

„Svo vona ég bara að svokallaðir Baugsmiðlar fari að taka á þessu máli af sanngirni, en Jón Ásgeir hefur játað það að hann hefur stjórnað fjölmiðlum í þessu máli. Allavega tek ég því þannig þegar hann segir í yfirlýsingu sinni að þetta mál verði ekki frekar rekið í fjölmiðlum. Þá hlýtur hann að vera að játa því að hann hafi gert það hingað til,“ segir hann. **- jse**

Spænskum búðum lokað:

# Unglingar lokaðir í búrum

**SPÁNN, AP** Svissneskar fjölskyldur greiddu þúsundir evra til að senda vandræðaunglinga í niðurníddar, ólöglegar búðir á Spáni fyrir unglinga með hegðunarvandamál, þar sem þeir voru lokaðir inni í búrum ætluðum dýrum og mat haldið frá þeim í refsingarskyni.

Búðunum, sem voru í Katalóníu, var lokað um helgina. Þrír starfsmenn hafa verið ákærðir.

Búðirnar voru opnaðar fyrir tveimur árum og síðustu mánuði hafa fimm 14 til 17 ára unglingar dvalið þar, en fjórir þeirra struku nýverið. Lögregla fann einn þeirra við lestarstöð og leiddu upplýsingar hans til lokunar búðanna. **- smk**

## Finnsk regnbogasilungssúpa



Guðrún Kristín Sveinbjörnsdóttir gefur uppskrift að ljúffengri súpu sem hvergi má finna uppskrift að á Íslandi.

FÓLK 48

## Saknar Blönduskálans



Grímur Gíslason, hinn góðkunni fréttaritari útvarpsins á Blönduósi, saknar Blönduskálans sem rifinn var á dögunum.

TILVERA 16

## Áhöld um arðsemi

„Landsvirkjun er almenningseign,“ minnir Þorvaldur Gylfason á. „Stjórn fyrirtækisins er skipuð fulltrúum stjórnmálaflokkanna; jafnvel framkvæmdastjórinn er fyrrverandi varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Ákvarðanir Landsvirkjunar eru því öðrum þræði pólitískar.“

Í DAG 32

## Barcelona og Arsenal áfram



Barcelona mætir AC Milan í stórleik undanúrslita Meistaradeildar Evrópu. Í hinum undanúrslitaleiknum mætast Arsenal og Villarreal. Barcelona og Arsenal fengu sína farmiða í gærkvöldi.

ÍÞRÓTTIR 58

## VEÐRIÐ Í DAG




**HVASST EYSTRA -** Í dag verður norðan hvassviðri austan og suðaustan til landinu en mun hægari á landinu vestanverðu. Snjókoma eða él norðan og austan til en yfiirleitt nokkuð bjart sunnan og vestan til. Frost 0-7 stig.

VEÐUR 4





Vantar þig fermingargjöf?

Sjá hugmyndir á bls. 14–15

Opið til 21 í kvöld

Kringlan

MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ



## SPURNING DAGSINS?

*Brynjar, mælti Kjartan Gunnarsson með þér?*

„Það efast ég um því ég þekki hann ekki neitt. Ætli hann mæli þó ekki með tommustokki líkt og aðrir.“

Brynjar Níelsson er verjandi Jóns Geralds Sullenberger. Kjartan Gunnarsson ræddi á sínum tíma við Styrmi Gunnarsson og Jón Steinar Gunnlaugsson um hæfi þess síðarnefnda sem verjanda Jóns Geralds.

Bragi Einarsson selur Eden eftir 49 ára rekstur:

# Fiskútflytjandi kaupir Eden

**VIÐSKIPTI** Bragi Einarsson hefur selt Agli Guðna Jónssyni, athafnamanni og fiskútflytjanda, Eden í Hveragerði eftir að hafa átt og rekið staðinn í 49 ár. Bragi vill ekki gefa upp verðið en segir það jafnvel hærra en hann hafi þorað að vona.

„Nýi eigandinn tekur við 1. maí en daginn áður á að blása til brottferðar minnar með tónlistarflutningi og fleiri uppákomum,“ segir Bragi. Egill Guðni segir að allir starfsmenn Eden sem vilji starfa áfram muni gera það en hann telur að um fjörutíu manns komi að starfseminni þar.

„Bragi er búinn að vinna þarna nær fimmtíu ára starf með góðum árangri svo við þurfum kannski ekki að gera neina bragarbót á aðra en að efla fyrra starf ennfrekar,“ segir Egill Guðni. Hann segir að um 300 þúsund gestir komi til Eden á ári.

„Ég ætla ekki að vinna neitt heldur að fara að sinna mínum áhugamálum,“ segir Bragi. „Ég verð eins og fiðrildi sem kemst úr púpustiginu því ég er búinn að vera bundinn yfir þessu allan þennan tíma. Þaðan sem ég bý hér steinsnar frá Eden ætla ég að flytja, sennilegast í Mosfellsbæ svo ég geti alveg kúplað mig frá þessu.“ - jse



**BRAGI EINARSSON FYRIR UTAN EDEN** Hættir rekstri Eden eftir nær hálfrar aldar starf. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Neytendasamtökin:

## Framleiðendur lyfja átaldir

**NEYTENDAMÁL** Neytendasamtökin gagnrýna lyfjaframleiðendur á heimasíðu sinni fyrir að sveigja framhjá reglum sem banna auglýsingar á lyfjum með því að auglýsa í staðinn sjúkdóminn. Tekið er dæmi um auglýsingu um ristruflanir sem sést hefur í sjónvarpi undanfarið og bækling um þvagleka sem var dreift nýverið. Í báðum tilvikum kemur fram nafn lyfjaframleiðanda.

Neytendasamtökin vekja athygli á að lyfjafyrirtæki séu bara að markaðssetja vörur sínar og brýna fyrir neytendum að vera vakandi gagnvart þessari nýju markaðssetningu. - sdg

Forsætisráðherra á ferðinni:

## Með föruneyti til Færeyja

**FORSÆTISRÁÐUNEYTI** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hélt í gær í heimsókn til Færeyja í boði þarlendra yfirvalda. Hann fer þar fyrir fjölmennri viðskiptasendinefnd en mikill áhugi var hjá forsvarsmönnum íslensks atvinnulífs fyrir ferðinni.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON**

Forsætisráðherra mun meðal annars eiga fund með Jóhannesi Eidesgaard, lögmanni Færeyja, og halda erindi á viðskiptaþingi, sem Útflutningsráð Íslands og Menningarstofa Færeyja skipuleggja í tilefni heimsóknarinnar. Einnig mun ráðherra heimsækja færeysk og íslensk fyrirtæki.

Heimsókninni lýkur síðdegis á föstudag. - sdg

Gæsluvarðhald framlengt:

## Hnífamaður áfram í gæslu

**DÓMSTÓLAR** Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um framlengingu gæsluvarðhalds yfir manni sem grunaður er um að hafa stungið föður sinn með hníf í bakið.

Maðurinn var handtekinn 11. febrúar. Hann viðurkenndi að hafa átt í átökum við föður sinn að heimili hans og hafa í reiði stungið hann með hnífi. Hnífurinn sem beitt var reyndist vera með 10,5 sentimetra löngu blaði. Hann stóð á kafi upp að hjöltum í efra baki föðurins við komu hans á sjúkrahús. Maðurinn hafði verið sviptur sjálfræði og var í helgarleyfi frá Kleppi þegar atburðurinn átti sér stað. Hann skal sæta vistun á viðeigandi stofnun þar til dómur gengur í máli hans, þó ekki lengur en til 8. júní. - jss



**VERÐBRÉFASALAR AÐ STÖRFUM** Sérfræðingar segja að íslenski hlutabréfamarkaðurinn verði öruggelga sveiflukenndur áfram. Lækkun á gengi krónunnar er að mörgu leyti jákvæð fyrir banka og helstu íslensku félögin í Kauphöllinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Viðsnúningur á hlutabréfamarkaði

**Verð hlutabréfa hækkaði aftur í gær eftir mesta hrun í þrettán ár deginum áður. Verðfallið er rakið til orðróms um neikvæðar fréttir, sem svo reyndust ekki alslæmar. Sérfræðingar segja verð fyrirtækja nú liggja nær raunvirði.**

**VIÐSKIPTI** Hlutabréf hækkuðu á ný í gær eftir mestu lækkun Úrvalsvísitölunnar í þrettán ár á þriðjudaginn. Nam hækkun gærdagsins 1,96 prósentum og endaði vísitalan í 5.601 stigi. Hlutabréf í Actavis hækkuðu yfir fjögur prósent en Glitnir og FL Group hækkuðu yfir þrjú prósent.

„Ég held að á þriðjudaginn hafi kvisast út að von væri á einhverju frá Moody's og að það væri neikvætt,“ segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans. „Síðan þegar menn lásu fréttirnar sáu þeir það jákvæða í þeim.“

Davíð Rúdólfsson hjá Greiningardeild KB banka tekur í sama streng: „Eftir heldur langa runu af neikvæðum fréttum fór tilkynning frá Moody´s við lok dags eitthvað illa ofan í markaðinn.“ Það hefur kannski helst til mikið verið einblínt á neikvæðu fréttirnar þrátt fyrir mjög jákvæðar fréttir um staðfestingu Moody's á lánshæfismati bankanna. Davíð bendir á að nokkur ummæli úr skýrslunni hafi birst á Bloomberg fyrr um daginn. „Það gæti hugsanlega hafa verið ástæða þess hversu miklar sveiflur urðu á markaðinum í lok dagsins.“

Edda Rós segir aukinheldur að markaðurinn sé orðinn mun skaplegri en hann hafi verið. „Okkar mat var að hann hefði verið orðinn mjög yfirverðlagður en með veikingu krónunnar, sem veldur því að virði félaganna eykst, og lækkunun að auki, stendur markaðurinn miklu betur undir sér,“ segir hún en kveðst ekki vilja segja til um hvort á þriðjudag hafi botni verið náð í sveiflum.

Edda Rós á engu að síður von á að hlutabréfamarkaður verði sveiflukenndur áfram. „Markaðurinn er viðkvæmur fyrir öllum fréttum, en hrun hræðist ég ekki. Verði mikið hrun hlutabréfa liggur nær ljóst fyrir að þau hækki aftur. Undirliggjandi virði fyrirtækjanna breytist ekkert þótt verð á markaði flakki upp og niður.“

Davíð segir að greiningardeild KB banka sé nokkuð bjartsýn á framhaldið. Fyrir bankana, og mörg helstu íslensku félögin í Kauphöllinni, er lækkun á gengi krónunnar að mörgu leyti jákvæð þar sem stór hluti starfsemi þeirra er erlendis og því munu tekjur þeirra hækka, mældar í íslenskum krónum. Framhaldið veltur mikið á því hvernig fjárfestum og bönkum tekst að fjármagna sig en bæði innlendur og erlendur fjármagnskostnaður hefur hækkað nokkuð að undanförnu.

eggert@frettabladid.is/olikr@frettabladid.is

Mediacom sér um Betsson:

## Hætta birtingu ef þess þarf

**VEÐMÁL** Þórmundur Bergsson, framkvæmdastjóri Mediacom sem sér um birtingar auglýsinga fyrir veðmálafyrirtækið Betsson.com hér á landi, segir að auglýsingar fyrirtækisins verði birtar áfram í íslenskum fjölmiðlum að öllu óbreyttu.

„Ég hef heyrt í rannsóknarlögreglunni. Ef hún telur að birtingarnar séu ólöglegar og að okkur sé skylt að stöðva þær gerum við það en ég hef talað ítrekað við þá og þeir hafa ekki beðið um það. Þetta er greinilega ekki á hreinu,“ segir Þórmundur. - ghs

Dvalar- og hjúkrunarheimili:

## Setuverkfall hafið að nýju

**KJARABARÁTTA** Tveggja daga setuverkfall starfsfólks á dvalar- og hjúkrunarheimilum hófst á miðnætti. Verkfallið nær til um 900 starfsmanna á átta heimilum í Reykjavík eins og í setuverkfallinu í síðustu viku, en starfsfólk á tveimur stofnunum hefur nú bæst við þann hóp. Talsmaður starfsfólks segir mikinn baráttuhug ríkja og ekki verði gefist upp fyrr en í fulla hnefana.

Starfsmenn ætla að koma saman á Alþingi klukkan eitt í dag og færa fjármálaráðherra undirskriftalista 400 starfsmanna til að undirstrika kröfur sínar. - shá

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Tvö innbrot á Akranesi** Brotist var inn á bifreiðaverkstæðið Brautina aðfaranótt miðvikudags. Gluggi á suðurhlið hússins var spenntur upp og um tíu þúsund krónur teknar. Einnig var brotist í matvörubúðina Einarsbúð en starfsmaður sem var í búðinni fældi þjófinn burt. Telur lögregla að sami aðili eða aðilar hafi verið að verki. Málið er í rannsókn.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Viðhorfskönnun Samfylkingarinnar á Akureyri:

# Mikil andstaða við sjávarsíki

**KÖNNUN** Samkvæmt viðhorfskönnun sem frambjóðendur Samfylkingarinnar á Akureyri gerðu í febrúar síðastliðnum eru sjö af hverjum tíu Akureyringum andsnúnir gerð sjávarsíkis í miðbæ Akureyrar. Liðlega 63 prósent bæjarbúa vilja leggja af Akureyrarvöll og færa keppnisaðstöðu íþróttafélaganna í bænum á þeirra eigin svæði og ámóta margir eru á móti einkavæðingu leik- og grunnskóla bæjarins. Langflestir, ríflega 93 prósent, vilja að bærinn auki niðurgreiðslur vegna íþrótta- og tómstundaiðkunar barna undir tíu ára aldri og liðlega 73 prósent vilja gjaldfrían leikskóla.

Könnunin var gerð á Glerártorgi og voru 10 spurningar lagðar fyrir 232 Akureyringa sem staddir voru í verslunarmiðstöðinni 11. febrúar.

Hermann Jón Tómasson, efsti maður á lista Samfylkingarinnar, leggur áherslu á að könnunin hafi ekki verið vísindalega unnin, og því beri að taka niðurstöðunum með fyrirvara, en hún gefi þó vísbendingar um vilja bæjarbúa. - kk



**SJÁVARSÍKI Í MIÐBÆNUM** Gert er ráð fyrir að síkið komi í grænbláa reitinn á myndinni en rauðu reitirnar beggja vegna síkisins eru byggingarreitir.


Sýpris 100 sm
og leirpottur
999
Begónía
699
Páskaegg nr. 2 frá Mónu
Aðeins 10 kr.
í Skútuvogi í dag!
2 stk á mann
...heillandi
páskaheimur
Soldis
Silkitré & silkiblóm
ný sending
full búð af
sumarblómum
Blómstrandi páskagreinar 499
Kubbakerti
Verð frá 99
Glervasi,
kerti og rós 999
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 5.4.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,11 | 72,45 |
| Sterlingspund | 126,33 | 126,95 |
| Evra | 88,34 | 88,84 |
| Dönsk króna | 11,836 | 11,906 |
| Norsk króna | 11,204 | 11,27 |
| Sænsk króna | 9,435 | 9,491 |
| Japanskt jen | 0,6131 | 0,6167 |
| SDR | 104,44 | 105,06 |

*Gengisvísitala krónunnar*

123,0136

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjármálaráðherra svarar engu um álitaefni varðandi óformleg lán til stjórnenda:

# Áhrif Baugsmáls á Alþingi

**LÁNAMÁL** Árni Mathiesen fjármálaráðherra neitar að tjá sig um lagaleg álitamál varðandi lán til stjórnenda fyrirtækja meðan Baugsmálið er enn fyrir rétti.

Jóhanna Sigurðardóttir, Samfylkingunni, spurði fjármálaráðherra á Alþingi í gær um málið og sagði að fram hefðu komið athyglisverðar ábendingar sérfræðinga Háskólans í Reykjavík. Þeir hefðu meðal annars kallað eftir samræmingu laga og bent á að skrá yrði allar tegundir lána fyrirtækja í ársreikningum. Niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur í Baugsmálinu hefði verið að túlka lögin þröngt og þau ættu aðeins við um formlegar lánveitingar. Taldi Jóhanna ólíðandi að stjórnendur gætu dulbúið sér tekjur í formi skattfrjálsra lána úr sjóðum fyrirtækja.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR SAMFYLKINGUNNI** Ólíðandi er að stjórnendur geti tekið sér skattfrjáls óformleg lán í fyrirtækjum, segir Jóhanna.

Árni sagði afar óvarlegt af sér sem fjármálaráðherra að láta í ljós skoðanir á dómi héraðsdóms og mætti skoða það sem íhlutun í dómsvaldið. „Málið er ekki pólitískt að mínu viti ... Ekkert knýr á um að fjármálaráðherra tjái sig um málið.“

Jóhanna bauðst til að hreinsa út allt um Baug í fyrirspurn sinni en Árni taldi það engu breyta um afstöðu sína. Engin réttaróvissa ríkti meðan málið væri óútkljáð í dómskerfinu.

- jh

Réttað yfir Charles Taylor:

# Taylor ef til vill til Svíþjóðar

Svíþjóð, AP Sænsk yfirvöld hafa tilkynnt að þau íhugi að fangelsa Charles Taylor, fyrrverandi forseta Líberíu, finni stríðsglæpadómstóll hann sekan.

Taylor er ákærður fyrir stríðsglæpi í stjórnartíð sinni, og fara nú fram réttarhöld yfir honum í Síerra Leóne.

Austurríki var einnig beðið um að taka við Taylor, en þar eru engar lagaheimildir til sem heimila það.

Hollenska ríkisstjórnin segist sagst munu hýsa réttarhöldin yfir Taylor í Haag, svo lengi sem eitthvert annað land tekur við honum verði hann dæmdur sekur.

- smk

Franska vinnulöggjafardeilan:

# Setja ríkisstjórninni frest

**FRAKKLAND, AP** Stærstu verkalýðsfélög Frakklands settu ríkisstjórninni tíu daga frest í gær til að afturkalla umdeilda vinnulöggjöf. Þau hótuðu frekari fjöldamótmælum og verkföllum vegna málsins.

Forystumenn verkalýðsfélaganna hófu í gær þriggja daga miðlunarviðræður við fulltrúa ríkisstjórnarinnar, í von um að þannig mætti finna málamiðlunarlausn á deilunni.

Yfir milljón Frakka tók þátt í fjöldamótmælum víðs vegar um landið á þriðjudag. Mótmæli héldu áfram á stöku stað í gær. ■



**PÁLMI HARALDSSON** Fons komið með yfirráð í Ticket.

Skipt um stjórn Ticket:

# Pálmi tekur öll völd í Ticket

**VIÐSKIPTI** Allri stjórn ferðaskrifstofukeðjunnar Ticket verður skipt út að kröfu stærsta hluthafans, Fons eignarhaldsfélags, sem er í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar.

Matthías Páll Imsland, frá Fons, mun taka við sem stjórnarformaður sænska félagsins en jafnframt sest Pálmi í nýju stjórnina.

„Við erum nú komnir með sigurliðið sem fleytt getur Ticket fram á veginn,“ segir Matthías Páll í viðtali við Dagens Industri.

Samkvæmt blaðinu verður forstjóranum Lennart Käll sagt upp.

- eþa

# Utanríkismálanefnd fær ekki upplýsingar

**Forsætisráðherra talar í austur og utanríkisráðherra í vestur og þeir stefna hvor í sína áttina í varnarmálum þjóðarinnar, segja stjórnarandstæðingar. Þeir telja stjórnvöld svíkjast undan lagaskyldu að upplýsa utanríkismálanefnd um málið.**

**VARNARMÁL** Geir H. Haarde utanríkisráðherra vísar á bug gagnrýni stjórnarandstæðinga um að hann fylgi ekki lögboðnum skyldum um samráð við utanríkismálanefnd Alþingis vegna stöðunnar í varnarmálum þjóðarinnar. Utanríkisráðherra gerir Alþingi grein fyrir stöðu mála í dag.

Össur Skarphéðinsson, Samfylkingunni, gagnrýndi á þingfundi eftir fund utanríkismálanefndar í gær að engar upplýsingar hefðu borist nefndinni um viðræður íslenskra stjórnvalda við Bandaríkjamenn fyrir helgina. Sagði Össur upplýsingar utanríkisráðherra og forsætisráðherra um stöðu mála misvísandi. Utanríkisráðherra gæfi til kynna að aðeins kæmi til greina að ræða varnir við Bandaríkjamenn en forsætisráðherra talaði á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins fyrir því að horfa til annarra átta.

Geir H. Haarde kvaðst alla tíð hafa lagt ríka áherslu á að hafa gott samráð við utanríkismálanefnd. Undir þetta tók Halldór Blöndal, formaður utanríkismálanefndar. Hann sagði síðar í umræðunum að umræður í utanríkismálanefnd væru oft viðkvæmar. „Við vitum líka að ekki eru neinar nákvæmar og skýrar reglur um það hversu mikið af því sem þar er frá sagt megi fara í almennar umræður í þjóðfélaginu, þó svo að skýrt sé kveðið á um að alger trúnaður skuli ríkja um hvað sem sagt er á þeim vettvangi.“

Ögmundur Jónasson, Vinstri grænum, sagði enga nauðsyn að horfa aðeins til nánara samstarfs við ríki Atlantshafsbandalagsins. Aðrir kostir byðust og nú ætti að efna til þverpólitískrar umræðu um málið.



**VARNARLIÐSMENN AÐ STÖRFUM** Stjórnarandstaðan á þingi segir utanríkisráðherra ekki hafa samráð við utanríkismálanefnd um viðræður um varnarmál. Ráðherra vísar því á bug.



**GEIR HAARDE**



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

„Utanríkisráðherra var eini maðurinn á Íslandi sem hélt fram á síðustu stundu að herinn væri ekki að fara þegar allir aðrir, meðal annars forsætisráðherra, töldu allar líkur á því... Ástæðan fyrir því að þessir herramenn vilja ekki ræða við utanríkismálanefnd kann að felast í því að þeir vilji ekki að þessi ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar komi fram.“

„Ekkert hefur gerst í þessu máli sem er þess eðlis að það kalli á ásakanir af þessu tagi enda er þetta mál í þeim farvegi sem það er núna á frumstigi,“ sagði Geir og benti á að ekkert nýtt gerðist í málinu næsta mánuðinn eða svo.

Sigurjón Þórðarson, Frjálslynda flokknum, furðaði sig á því að ríkisstjórn sem vildi meta öryggismál og ófriðarhættu víða um heim með aðildarumsókn að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna væri ráðþrota um varnirnar heima fyrir.

johannh@frettabladis.is



**SÝKT BÚ** Fuglaflensa hefur fundist á þessu fuglabúi í Saxlandi í Austur-Þýskalandi. Yfir 16.000 fuglum verður fargað þar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fuglaflensa:

# Finnst í þýskum alifuglum

**ÞÝSKALAND, AP** Fuglaflensu hefur orðið vart á þýsku alifuglabúi, að sögn þýskra heilbrigðisyfirvalda í gær.

Veiran fannst á búi við Leipzig í Austur-Þýskalandi og hafa búið og næsta nágrenni verið sett í sóttkví. Jafnframt er nú verið að farga 16.300 gæsum, kalkúnum og hænsnum á búinu.

Enn er verið að rannsaka hvernig veiran barst í fuglana, en starfsmenn búsins fundu tuttugu kalkúna dauða fyrr í vikunni. Líklegt þykir að starfsmaður hafi stigið í skít frá sýktum villtum fugli fyrir utan búgarðinn og óviljandi borið veiruna inn, að sögn héraðsdýralæknis.

- smk

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Tveir bílar keyrðu út af** Tvö minniháttar umferðaróhöpp urðu í grennd við Selfoss þegar bílar keyrðu út af vegi á þriðjudagskvöld. Engin meiðsl urðu á fólki né skemmdir á bílum. Ísing var á vegum.

**Bílstuldur í Grindavík** Bíl var stolið fyrir utan heimili eiganda síns í Grindavík á þriðjudagskvöldið. Lögreglan í Keflavík fer með rannsókn málsins og hefur samstarf með lögregluembættum á suðvesturhorninu.


BÍLL DAGSINS

TOYOTA AVENSIS

Nýskr 01.06 - Sjálfskiptur - Ekinn1 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**NORÐLÆGAR ÁTTIR ÁFRAM**

Veturinn hefur greinilega ekki sagt sitt síðasta orð, þótt vorið sé komið samkvæmt almanakinu. Þróunin er þó í rétta átt því það lægir um helgina og verður ekki alveg eins kalt. Það er að sjá að hlýrra loft sé væntanlegt um eða eftir helgina og það virðist ætla að haldast í framhaldinu. Við verðum því að vona að veturinn sleppi af okkur klónum eftir helgina.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Norðan 5-8 m/s í dag og bjart að mestu. Hiti við frostmark.










| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C hálfskýjað | París | 13°C heiðskírt | Alicante | 22°C hálfskýjað |
| Osló | 2°C alskýjað | Berlín | 7°C hálfskýjað | Mílano | 13°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 4°C alskýjað | Frankfurt | 10 °C hálfskýjað | New York | 13°C heiðskírt |
| Helsinki | 0°C alskýjað | Madríd | 18°C heiðskírt | San Francisco | 17°C hálfskýjað |
| London | 12°C heiðskirt | Barcelona | 16°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 28°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 32158 04/2006

HUGURINN BER ÞIG
AÐEINS HÁLFA LEIÐ




NÝR ÁFANGASTAÐUR

# MANCHESTER

BEINT FLUG FRÁ OG MEÐ 7. APRÍL

**SÓKNARFÆRI Í MANCHESTER**

Manchester er nýr áfangastaður Icelandair á Englandi, frábær ferðamannaborg sem sameinar þrennt: Verslun, skemmtun og fótbolta. Þaðan er líka stutt að fara á ýmsa af vinsælustu ferðamannastöðunum í ríki hennar hátignar og aka um eitt fallegasta svæðið á Englandi.

**VERSLUN**

Manchester er frábær verslunarborg, með einn flottasta verslanakjarnann í Bretlandi, Harvey Nichols. Í um 15 mín. ökufjarlægð frá miðborginni er Trafford Centre sem er ein stærsta verslunarmiðstöð í Evrópu.

**SKEMMTUN OG TÓNLIST**

Manchester er spennandi áfangastaður fyrir þá sem hafa áhuga á vandaðri tónlist. Frá Manchester er ekki langt að fara til að heimsækja Bítlaborgina Liverpool.

**ÍÞRÓTTIR OG KNATTSPYRNA**

Nú eru 7 úrvalsdeildarlið í ensku knattspyrnunni frá norðvesturhluta Englands og því er af nógu að taka þegar helgarferðir á völlinn eru annars vegar.
Svæðið í nágrenni Manchester er margrómað fyrir frábæra golfvelli og er því tilvalið að taka golfkylfurnar með sér til að æfa sveifluna.

Safnaðu
Vildarpunktum

WWW.ICELANDAIR.IS



## KJÖRKASSINN

*Var rétt að endurákæra í Baugsmálinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 24,6% |
| Nei | 75,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Finnst þér rétt að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi í eigu ríkisins?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Stofnvísitala þorsks hefur lækkað um fimmtán prósent:

# Ekki vísbending um aflamark

**HAFRANNSÓKNIR** Stofnvísitala þorsks hefur lækkað um fimmtán prósent frá mælingunni í fyrra og er nú svipuð og árin 2002 og 2003. Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, segir að mælingin sé ekki bein vísbending á það sem verði í vor.

„Þó að þessi gögn hafi töluvert mikið að segja er samt ekki hægt að lesa beinlínis út úr þessum vísitölum breytingar á aflamarki," segir hann og vekur athygli á því að í togararallinu hafi nú mælst í fyrsta skipti styrkleiki 2005-árgangsins.

„Þessi fyrsta mæling bendir til þess að hann sé nærri meðallagi og það er mikilvægt en hann kemur ekki í veiðina fyrr en eftir nokkur ár. Árgangarnir 2001 og 2004 voru báðir lélegir og það var áhyggjuefni. Við höfum því verið að horfa til 2002-árgangsins og nú 2005. Þetta er að mestu leyti í samræmi við okkar spá, lækkunin lá frekar í kortunum. Það sem er alveg nýtt er að við erum að mæla 2005-árganginn og hann mælist í meðallagi sterkur."

Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum fór fram fyrri hluta mars. Fjórir togarar voru leigðir til verkefnisins, Páll Pálsson, Ljósafell, Brettingur og Bjartur auk þess sem rannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson var við tilraunir í tengslum við togararallið. Togað var á 557 stöðvum kringum landið. - ghs



**ÞORSKURINN** Stofnvísitala þorsks hefur lækkað um fimmtán prósent. Ekki er þó hægt að lesa beinlínis út úr því breytingar á aflamarki í vor, að sögn Jóhanns Sigurjónssonar, forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar.

Hótelgistingar á Íslandi:

# Gistinóttum fjölgar frá 2005

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gistinóttum á hótelum í febrúar fjölgaði um 5,5 prósent frá 2005 til 2006. Í febrúar síðastliðnum voru gistinætur 56.000 en í febrúar fyrir ári voru þær 53.000.

Gistinóttum fjölgaði hlutfallslega mest á Suðurnesjum, Vesturlandi og á Vestfjörðum þar sem þær fóru úr 3.300 í 5.600 milli ára og er aukningin um 68 prósent. Á Austurlandi var aukningin 21 prósent og hún var jafnmikil á Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu, 1,5 prósent. Norðurland var eina landsvæðið þar sem gistinóttum fækkaði, um 6,4 prósent. - sdg



**FORSVARSMENN HOLLVINASAMTAKANNA**

Hollvinasamtök stofnuð:

# Grensásdeild fær liðsauka

**HEILBRIGÐISMÁL** Samtökin Hollvinir Grensásdeildar, endurhæfingardeildar Landspítalans, héldu stofnfund í safnaðarheimili Grensáskirkju í gærkvöld. Að þeim standa núverandi og fyrrverandi sjúklingar, aðstandendur og starfsfólk.

Tilgangur samtakanna verður að styðja og efla starfið á deildinni. Hún var stofnuð 1973 og hafa þúsundir Íslendinga náð þar heilsu eftir erfið veikindi og slys en fjárskortur hefur löngum hamlað starfsseminni. - shá

Átökin í Írak:

# Herþyrla skotin niður

**ÍRAK, AP** Bandarísk herþyrla týndist í Írak á laugardag og er talið að hún hafi verið skotin niður. Áhöfn þyrlunnar er talin af. Uppreisnarhópur sem kallar sig al-Rashideenherinn lýsti yfir ábyrgð á árásinni.

Bandaríski herinn hefur misst yfir 2.300 hermenn frá því að hann gerði innrás í Írak í mars 2003. Einnig hefur herinn misst að minnsta kosti 47 þyrlur. 26 þeirra hafa verið skotnar niður af óvinum. ■

## SAMEINING

**Tvö félög í eitt** Sameining Félags járniðnaðarmanna og Vélstjórafélags Íslands hefur hlotið samþykki félagsmanna sinna í allsherjaratkvæðagreiðslu sem lauk nýlega. Á fréttavef Samiðnar kemur fram að stofnfundur hins nýja félags verði í maí.



**HÆSTIRÉTTUR AÐ STÖRFUM** Níu dómarar sitja í Hæstarétti; tvær konur og sjö karlar. Formaður Lögmannafélags Íslands telur að velja eigi eftir hæfni umsækjenda. Lögmaður telur að velja eigi konu, þar sem allir umsækjendurnir séu taldir hæfir til starfsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Reglur um ráðningu oft verið of þröngar

**Formaður Lögmannafélagsins segir að oft hafi Hæstaréttardómarar stuðst við of þröngar reglar við mat á umsækjendum í dóminn. Dómarar telja Pál Hreinsson hæfastan. Veljist hann verða átta karlar á móti einni konu í dómarastólum.**

**STJÓRNMÁL** Formaður Lögmannafélags Íslands, Helgi Jóhannesson, segir að brunnið hafi við að reglurnar sem hæstaréttardómarar vinni eftir þegar þeir mæli með umsækjendum í starfið hafi verið of þröngar.

„Það verður að passa það að þær reglur sem Hæstiréttur býr sér til við gerð svona álita útiloki ekki lögmenn með ákveðna reynslu," segir Helgi og vísar til dæmis til manna sem vinni vel í dómssölum en skrifi ekki lærðar greinar. Hann tekur þó fram að ekki sé hægt að fullyrða um mat hæstaréttardómara á umsækjendunum fjórum sem taki sæti Guðrúnar Erlendsdóttur þar sem hann hafi ekki séð það.

Hæstaréttardómararnir telja alla umsækjendurna hæfa og Pál Hreinsson hæfastan. Þeir telja Hjördísi Hákonardóttur og Sigríði Ingvarsdóttur jafnhæfar á eftir Páli og Þorgeir Inga Njálsson reka lestina þegar horft sé til náms, dómstarfa, kennslu, ritstarfa, starfa á vegum ríkisins, starfa við undirbúning lagasetningar og annarra stjórnsýslustarfa. Allir dómarar utan þeirra tveggja síðastskipuðu, Jóns Steinars Gunnlaugssonar og Ólafs Barkar Þorvaldssonar, voru sammála þessu. Þeir skiluðu sérálitum og telja, eins og hinir, alla umsækjendurna hæfa en ekki sé réttlætanlegt að raða þeim í hæfnisröð.

Geir H. Haarde utanríkisráðherra er settur dómsmálaráðherra við stöðuveitinguna, en kærunefnd jafnréttismála taldi Björn Bjarnason ekki fara að jafnréttislögum þegar hann réð Ólaf Börk árið 2003 en ekki Hjördísi Hákonardóttur.

Atli Gíslason, lögmaður Hjördísar, telur hana fullkomlega jafnhæfa Páli Hreinssyni nú. „Eins og staðan er í dag er Hæstiréttur skipaður níu dómurum; tveimur konum og sjö körlum. Verði Páll skipaður sem áttundi karlmaðurinn í dómnum myndi það valda mér verulegum vonbrigðum. Það þýddi að reynsluheimur kvenna yrði áfram fyrir borð borinn í Hæstarétti. Allir sem hafa sett sig inn í jafnréttismál vita hve miklu máli skiptir að Hæstiréttur endurspegli reynslu beggja kynja." Atli segir að hæstaréttardómararnir minnist ekki á jafnréttislög þegar þeir meti hæfni umsækjanda til að taka sæti í dómnum.

Helgi segir erfitt að leggja mat á álit dómaranna: „Mér finnst að aðallega eigi að velja eftir hæfni, en að sjálfsögðu á að taka tillit til allra laga og reglna."

gag@frettabladid.is


OPIÐ HÚS HJÁ SVFR

Föstudaginn 7. apríl

Dagskrá:

::: Veiðin fyrstu daga nýrrar vertíðar
::: Veiðistaðalýsing Hítará II
::: Kynning á nýjungum í veiðvörum – Útivist og veiði
::: Veiðisögur og myndasýning frá Chile
::: Myndagetraun

::: Happahylurinn í boði **Útivist og veiði**

ALLIR VELKOMNIR - HÚSIÐ OPNAR KL. 20.00

SVFR    Útivist og veiði



Svandís
UM ALLA BORG

Svandís Svavarsdóttir skipar 1. sæti á lista Vinstri-grænna í Reykjavík. Hún hefur undanfarið hitt borgarbúa á fundum í öllum hverfum borgarinnar. Nú, við lok fundarraðarinnar þakkar Svandís fundargestum fyrir góðar móttökur og hvetur til frekari þátttöku í baráttunni framundan.



VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð


Ofsaveður gekk yfir Vestfirði í gær:

# Þrír bátar lentu í erfiðleikum

**VEÐUR** Mikill viðbúnaður var í gær þegar áhafnir þriggja línubáta höfðu samband við Landhelgisgæsluna um hádegisbilið í gær en þeir voru staddir í ofsaveðri norðan Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Þeir komust þó heilir til hafnar á Þingeyri um klukkan hálf þrjú.

„Áhöfnin vildi ekkert gera mikið úr þessu, mér skildist á þeim að rafmagnið hefði farið af og því hefði þessi viðbúnaður farið sjálfkrafa af stað," segir Agnar Ebenesersson, framkvæmdastjóri Bakkavíkur sem gerir bátinn Hrólf Einarsson út, en hann var einn þessara þriggja báta. „Þeir sögðu þó að þetta hefði ekki verið hættulaust," bætti hann við.

Vegna ísingar missti vaktstöð bátana oft út af skjá sjálfvirku tilkynningaskyldunnar og úr fjarskiptasambandi. Áhöfn á Páli Pálssyni sem var á veiðum á svipuðum slóðum var beðin um að halda í átt að bátunum þremur og sömuleiðis bátar sem komnir voru til hafnar á Patreksfirði og Flateyri, auk varðskipsins Ægis sem var við sunnanvert Snæfellsnes. Björgunarsveitir á Ísafirði og Patreksfirði voru einnig komnar í viðbragðsstöðu. - jse



**HRÓLFUR EINARSSON** Þessi bátur var ásamt tveimur öðrum í háska norðan Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Áhöfnin gerir þó ekki mikið úr háskanum að sögn framkvæmdastjórans og vill komast aftur út sem fyrst.

# Nýjar vörur






**Strigaskór** m/rennilás
svartir, grænir, hvítir
st. 36-42
1.699 kr




**Espadrillur**
margir litir
st. 36-41
999 kr




**Espadrillur**
hvítar, svartar, drappaðar
st. 36-41
TILBOÐ
1.999 kr
Verð áður 2.499,-



**Ballerínuskór**
hvítir
st. 36-41
2.999 kr

Gildir til 9. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## VEISTU SVARIÐ

**1** *Hver er Íslandsmeistari í uppvaski?*

**2** *Hvað heitir leikverkið sem Stúdentaleikhúsið frumsýndi í gærkvöld?*

**3** *Forsætisráðherra Taílands sagði af sér í fyrradag. Hvað heitir hann?*

SVÖR Á BLS. 62

Máli Zachariasar Moussaoui hvergi nærri lokið:

# Tekist á um dauðarefsingu

**BANDARÍKIN, AP** Lögmenn sakborningsins Zachariasar Moussaoui leita nú allra leiða til þess að forða honum frá dauðadómi, enda þótt hann sjálfur kysi dauðadóm fremur en ævilangt fangelsi. Þeir hyggjast sýna fram á að Moussaoui sé ekki heill á geði og hafi átt erfiða æsku.

Um helgina felldi kviðdómur í málinu þann úrskurð að heimilt væri að dæma Moussaoui til dauðarefsingar. Næst þarf kviðdómur að taka afstöðu til þess hvort hann eigi að hljóta dauðarefsingu.

Moussaoui var handtekinn í ágúst árið 2001 þegar grunsamlegt þótti að hann reyndi að komast að í flugþjálfun. Hann hefur sjálfur haldið því fram við yfirheyrslur að hann hafi átt að taka þátt í árásunum á Bandaríkin 11. september árið 2001.

Ættingjar þeirra sem fórust í árásunum hafa margir lagt mikla áherslu á að hann hljóti dauðadóm, en utan Bandaríkjanna hefur krafan um dauðarefsingu víða mætt takmörkuðum skilningi.

„Sú þráhyggja að dauðarefsing sé eina leiðin til þess að færa fórnarlömbum hryðjuverka réttlæti er jafn dapurleg og hún er röng," sagði til dæmis Terry Davis, formaður Evrópuráðsins, í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér á þriðjudag. **- gb**



**ÆTTINGJARNIR VILJA DAUÐAREFSINGU** Rosemary Dillard, ekkja eins þeirra farþega sem voru um borð í flugvélinni sem flogið var á Pentagon í Washington, fagnaði því á mánudag að heimilt yrði að dæma Moussaoui til dauðarefsingar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýr miðbær á Akureyri:

# Mikill áhugi á uppbyggingu

**SKIPULAG** Um tugur verktaka og fjárfesta hefur lýst yfir vilja til að koma að uppbyggingu á fimm skipulagsreitum í miðbæ Akureyrar.

Frestur til að skila inn umsóknum rann út síðastliðinn þriðjudag en Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri segist hafa ástæðu til að ætla að fleiri umsóknir hafi verið póstlagðar. „Ég reikna með allt að tólf umsóknum og því ljóst að undirtektir eru framar væntingum," segir Kristján Þór.

Á meðal þeirra sem vilja koma að uppbyggingunni eru Þyrping, Nýsir, Eykt og ýmsir heimamenn. **- kk**




# Bandaríkjamenn leyndu fangaflugi

**Amnesty International hefur farið ofan í saumana á fangaflugi bandarísku leyniþjónustunnar. Í nýrri skýrslu samtakanna er skýrt frá dæmum um leynileg fangaflug og ferðir einstakra flugvéla raktar.**

**BANDARÍKIN** Mannréttindasamtökin Amnesty International sendu í gær frá sér skýrslu um leynilegt fangaflug milli landa á vegum bandarísku leyniþjónustunnar á árunum 2001 til 2005. Í skýrslunni segjast samtökin hafa upplýsingar um nærri þúsund flugferðir sem tengja megi beint við CIA, auk þess sem 600 sinnum hafi verið notaðar flugvélar sem vitað er að CIA hafi áður notast við.



**IRENE KHAN**

Í skýrslunni er greint frá því hvernig bandaríska leyniþjónustan sá til þess að fangafluginu var haldið leyndu með því að notast við einkaflugvélar og flugfyrirtæki sem stjórnvöld í viðkomandi löndum vissu ekki að tengdust þessum verkefnum.

Nefnd eru dæmi um menn sem hefur verið rænt og flogið með þá í leynileg fangelsi þar sem þeir hafa verið pyntaðir eða sætt illri meðferð af öðru tagi.

Irene Khan, framkvæmdastjóri Amnesty International, segir bandarísk stjórnvöld hafa notað þessa aðferð til þess að koma sér undan því að lúta alþjóðalögum, meðal annars um bann við pyntingum og mannránum.

Eitt dæmi er nefnt um flugvél sem lenti í Keflavík, en skýrt er frá því að áttatíu sinnum hafi flugvélar á vegum CIA lent á Írlandi og 25 sinnum á Spáni. Vitað er að ein flugvélanna lenti meira en hundrað sinnum í Guantanamo á Kúbu, þar sem bandaríski herinn hefur í haldi hundruð manna sem sagðir eru grunaðir um hryðjuverk.



**FANGAFLUGVÉL Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI** Irene Khan, framkvæmdastjóri Amnesty International, segir það með ólíkindum hve bandarísk stjórnvöld hafi gengið langt til að koma sér hjá því að hlíta alþjóðalögum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Amnesty International varar við því að bæði einstök ríki, sem umbera að fangaflug af þessu tagi fari um lögsögu þeirra, og einkafyrirtæki sem taka þátt í að flytja fangana, geti þegar upp er staðið verið samsek um alvarleg mannréttindabrot.

Ekki er vitað nákvæmlega hve margir fangar hafa verið fluttir á milli landa með þessum hætti. Bandarísk stjórnvöld hafa viðurkennt að hafa handtekið um þrjátíu „mikilvæga" fanga, sem enn hefur ekki verið upplýst hvar eru niðurkomnir. Þá mun CIA vera að rannsaka á fjórða tug mála, þar sem fangar eru sagðir hafa verið fluttir leynilega á milli landa vegna mistaka.

Á síðasta ári hélt forsætisráðherra Egyptalands því fram að Bandaríkin hefðu flutt um 60-70 fanga til Egyptalands og fyrrverandi starfsmaður CIA telur fullvíst að hundruð fanga hafi verið send á vegum Bandaríkjanna til fangelsa í Mið-Austurlöndum.

**gudsteinn@frettabladid.is**

Geðdeild fyrir aldraðra verður opnuð í Sogamýri:

# Vandi eldri annar en hinna

**HEILBRIGÐISMÁL** Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að sérhæfð hjúkrunardeild þar sem átt verður við geðkvilla verði starfrækt á hjúkrunarheimilinu í Sogamýri sem verður tekið í notkun á næsta ári. Ráðherra hefur einnig ákveðið að undirbúa skuli rekstur sérstakrar geðdeildar fyrir aldraða á Landakoti en engin slík deild er starfrækt hér á landi í dag. Einnig verður komið á fót ráðgjafarþjónustu á landsvísu fyrir heilsugæslu, spítaladeildir og hjúkrunarheimili. Markmiðið er að tryggja öldruðum um land allt sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu eftir þörfum.



**FRÁ KYNNINGARFUNDI** Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra kynnti aðgerðir í geðheilbrigðismálum aldraðra í gær. Faghópur hefur unnið síðustu mánuði að mótun tillagna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þessar ákvarðanir ráðherra eru allar byggðar á mati fjölmenns faghóps sem skipaður var í desember í fyrra og skilaði niðurstöðum sínum nýlega. Grundvallarniðurstaða faghópsins var að efla þyrfti forvarnir og auka þátt heilsugæslunnar í geðheilbrigðisþjónustu við aldraða. Einnig þyrfti að byggja upp sérhæfða þjónustu fyrir aldrað fólk með geðsjúkdóma.

Ráðherra segir hafa verið ljóst lengi að öldruðum fjölgaði hlutfallslega í samfélaginu. „Þeir eiga við annars konar vanda að stríða en yngra fólk og það þarf aðrar aðferðir við að greina geðsjúkdóma hjá öldruðum og sinna þeim. Það þarf sérhæfðari úrræði en hingað til og það er lykilorðið núna." **- shá**

Síminn






Verð aðeins:
**24.980 kr.**
Sony Ericsson W800i
- 2.0 megapixel myndavél
- Walkman MP3 spilari
- 512 MB minni
- Íslensk valmynd



Verð aðeins:
**11.980 kr.**
Samsung E330N
- 65.000 litaskjár
- VGA myndavél
- Vekjaraklukka, reiknivél, dagbók og margt fleira

Sendu frí **SMS** til vina og ættingja um páskana. Í apríl fylgir **500 kr.** SMS gjafainneign með öllum rafrænum Frelsi áfyllingum hjá Símanum að upphæð **2000 kr.** eða meira.



Verð aðeins:
**16.980 kr.**
Nokia 6101
- VGA myndavél
- FM útvarp
- Íslensk valmynd

**Dæluna færðu hinsvegar ókeypis.**
Dælan er einfalt smáforrit sem þú notar til að spila tónlist, dæla niður hringitónum og leikjum, fletta upp í orðabók, senda SMS á hópa og margt fleira. Láttu Dæluna ganga!

**Þú færð Dæluna á siminn.is.**

*Til rafrænna áfyllinga teljast áfyllingar með Mitt Frelsi, í heimabanka og hraðbanka. SMS inneignin gildir innan kerfis Símans í 4 vikur frá áfyllingu.

800 7000 - **siminn.is**



**HÖFUÐ UNDIR VÆNG** Þessum rúmenska svan er haldið í sóttkví í dýragarði norðan Búkarest, því starfsmenn dýragarðsins reyna að forða fuglum garðsins frá því að smitast af fuglaflensunni. Um 300.000 fuglum hefur verið fargað þar í landi vegna flensunnar síðan í október. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umhverfisráðherra á ráðherrafundi OECD:

# Segir eignarétt mikilvægan

**STJÓRNMÁL** Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra lagði áherslu á sérstöðu Íslands og mikilvægi eignaréttar á fundi umhverfis- og þróunarráðherra Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD sem haldinn var á þriðjudag. Á fundinum var rætt um umhverfis- og þróunarmál, tengsl þar á milli og mikilvægi umhverfismála þegar rætt er um baráttuna gegn fátækt í heiminum.

Í máli Sigríðar Önnu kom fram að fyrir eitt hundrað árum hefði Ísland verið sárafátækt land og ríkidæmi þess nú byggðist, samkvæmt samantekt Alþjóðabankans, að stórum hluta á nýtingu náttúruauðlinda. Að því leyti væri Ísland líkara þróunarríki en venjulegu OECD-ríki.

Umhverfisráðherra sagði að Íslendingar hefðu einkum nýtt sér fiskistofna og jarðhita til að komast úr fátæktinni og mörg þróunarríki gætu beitt sömu aðferð nú. Varúð í umhverfismálum væri ekki íþyngjandi í þessu sambandi, heldur þvert á móti undirstaða langtímavaxtar.

Hún sagði og mörg umhverfisvandamál í þróunarríkjunum stafa af skorti á eignarétti og lausn gæti verið að skilgreina eignaréttindi þar sem engin væru fyrir. Þannig væri hvatt til sjálfbærra nota í stað skammtíma rányrkju. **- sdg**



**AF RÁÐHERRAFUNDI OECD** Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra ásamt Lenu Sommestad, umhverfisráðherra Svíþjóðar, og Tómasi Inga Olrich, sendiherra í París.

Úrskurður samkeppniseftirlits:

# Jákvæð áhrif mismununar

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið hefur úrskurðað í máli sem skógverkfræðingur vísaði til stofnunarinnar þar sem hann kvartaði undan styrkjakerfi í landshlutabundnum skógræktarverkefnum á vegum ríkisins. Taldi hann kerfið takmarka atvinnumöguleika sína.

Í niðurstöðunni kemur fram að þrátt fyrir að viss mismunun felist í þeim forgangi til vinnu sem í verkefnunum felast séu heildaráhrif landshlutabundnu verkefnanna jákvæð fyrir markaðinn og því ekki tilefni til aðgerða á grundvelli samkeppnislaga vegna þeirra. **- sdg**

Evrópusambandið:

# Svíakóngur óttasleginn

**STOKKHÓLMUR, AP** Karl XVI Gústaf Svíakonungur sagði í viðtali við Svenska Dagbladet á þriðjudag að hann hefði óttast að Svíar myndu missa sérstöðu sína sem þjóð við inngönguna í Evrópusambandið, og að þar hefði hann haft rangt fyrir sér.



**KARL XVI GUSTAF**

„Útkoman var þveröfug,“ sagði konungurinn, sem er afar vinsæll meðal Svía, og bætti við að konungsveldið skipti nánast meira máli í dag því það skapaði einingu meðal Svía.

Karl Gústaf, sem sjaldan veitir viðtöl, verður sextugur í lok þessa mánaðar. Jafnframt fagna hann og kona hans, Silvía drottning, þrjátíu ára brúðkaupsafmæli í sumar. **- smk**

## DÓMSMÁL

**Óvissa um ákærur** Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari segir rannsókn á olíuverðsamráðinu ekki lokið. Mánuðir geti liðið áður en ákvarðanir verði teknar um hvort og þá hverjir verði ákærðir. Sagt var frá því í Fréttablaðinu 1. febrúar að 34 einstaklingar hefðu réttarstöðu sakborninga í málinu. Þá sagði Helgi að hafa bæri í huga að ekki væri búið að ákveða hvort yrðu allir ákærðir. Málið væri mjög umfangsmikið og tafsamt.

# Hvetur til átaks í afvopnun

**Hans Blix, sem stýrði vopnaeftirliti SÞ í Írak, hvetur ríki heims til að taka sig á í afvopnunarmálum. Alþjóðlegur hópur sérfræðinga er undir hans forystu að leggja lokahönd á skorinorða skýrslu um gereyðingarvopn.**

**AFVOPNUNARMÁL** Hans Blix, sem varð heimskunnur sem yfirmaður vopnaeftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna í Írak, hvetur ríki heims til að taka sér tak í afvopnunarmálum. Í öllu talinu um hættuna á því að ríki eins og Norður-Kórea og Íran eignist kjarnorkuvopn hafi gleymst að enn séu til yfir 27.000 virkir kjarnorkusprengjuoddar í heiminum.

Blix stýrir nú starfi alþjóðlegrar nefndar, sem hefur frá ársbyrjun 2004 unnið að gerð skýrslu fyrir Sameinuðu þjóðirnar um gereyðingarvopn í heiminum.

Í samtali við Fréttablaðið segir hann, að nefndin muni kynna skýrsluna í lok maí. Í henni sé fjallað um kjarnorkuvopn, efnavopn, sýklavopn, vopn í geimnum og eldflaugar. Kaflinn um kjarnorkuvopn sé veigamestur.

Blix segir að í niðurstöðum skýrslunnar verði bornar fram 55 tillögur að aðgerðum til að draga úr hættunni af gereyðingarvopnum í heiminum.

„Sú tillaga sem við leggjum mesta áherslu á er að Bandaríkin endurskoði afstöðu sína til fullgildingar alþjóðasáttmálans um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn,“ segir Blix. Öldungadeild Bandaríkjaþings hafi hafnað því að Bandaríkin fullgiltu sáttmálann undir lok forsetatíðar Bills Clinton og ríkisstjórn George W. Bush hafi haft þá stefnu að láta sáttmálann liggja óbættan hjá garði. „Ef Bandaríkin staðfesta sáttmálann skapast mikill þrýstingur á Kína að gera það einnig, sem og á Indland, Pakistan og svo framvegis,“ segir hann. Þetta sé sérstaklega mikilvægt í ljósi hins nýja samnings Bandaríkjanna og Indlands um samstarf á sviði kjarnorkumála. Ef sá samningur skyldi verða til þess að auðvelda Indverjum að koma sér upp fleiri kjarnorkuvopnum gæti það skapað nýtt vígbúnaðarkapphlaup í Asíu, Pakistanar og Kínverjar myndu vilja svara í sömu mynt.

„Á heildina litið tel ég tíma til kominn að ríki heims hugi aftur alvarlega að afvopnun,“ segir hann.

Blix mun í dag halda opinn fyrirlestur í Háskóla Íslands um tilraunir til að hefta útbreiðslu kjarnorkuvopna og þróun reglna alþjóðasamfélagsins um valdbeitingu. Hann hélt erindi um Dag Hammarskjöld, sem var aðalritari SÞ 1953-1961, við Háskólann á Akureyri í gær.

Blix fór fyrir nefnd Svíþjóðar á afvopnunarráðstefnu SÞ í Genf í tuttugu ár áður en hann tók við starfi yfirmanns Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar árið 1981, en því gegndi hann til ársins 1997. Hann fór fyrir vopnaeftirlitsnefnd SÞ í Írak 2000-2003. Nefndin fékk ekki að ljúka starfi sínu eins og Blix hefði sjálfur kosið og eftir innrásina í Írak hefur hann gagnrýnt stjórnvöld í Bandaríkjunum og Bretlandi harðlega fyrir að hafa efnt til innrásarinnar á fölskum forsendum.

**audunn@frettabladid.is**



**ÍSLANDSVINIR** Dr. Hans Blix og eiginkona hans Eva Kettis á leið í fuglaskoðun í Mývatnssveit í fyrrakvöld. Þau hafa ferðast víða um Ísland áður. FRÉTTABLAÐIÐ/KK



**DR. HANS BLIX** Er að ljúka við skýrslu um gereyðingarvopn, þar sem á sjötta tug tillagna að umbótum verða bornar fram.








**ÆVAFORN AÐFERÐ** Níu hauskúpur með boruðum holum í tönnum hafa fundist í kirkjugarði í Pakistan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Saga tannlækninga töluvert lengri en áður var vitað:

# Borað í tennur fyrir níu þúsund árum

**WASHINGTON, AP** Fyrir níu þúsund árum hefur menningarstigið þar sem nú er Pakistan verið býsna hátt. Í það minnsta hafa fundist þar merki um nokkuð háþróaða aðferð við tannboranir, sem kemur tannlæknum mjög á óvart því til þessa hefur verið talið að saga tannlækninga hafi ekki hafist svo snemma.

Í tímaritinu Nature er skýrt frá því að fundist hafi níu hauskúpur í kirkjugarði í Pakistan með greinilegum merkjum þess að borað hafi verið í tennur. Vísindamennirnir telja að notast hafi verið við frumstæðan bor með oddi úr tinnustein, en holurnar eru allt að 3,5 millimetra djúpar. Sumar holurnar eru boraðar í tennur á stöðum sem sjást ekki, þannig að vísindamennirnir telja einsýnt að þetta hafi ekki verið gert til þess að skreyta tennurnar, eins og dæmi eru til um, heldur hafi tilgangurinn verið að eyða skemmdum blettum í tönnunum. Ekki er vitað til þess að hinir fornu tannlæknar hafi þekkt aðferðir til að deyfa sársaukann.

„Þetta hlýtur að hafa verið sársaukafullt fyrir sjúklingana,“ segir Roberto Macchiarelli, mannfræðiprófessor í Frakklandi, sem er aðalhöfundur greinarinnar í Nature. **- gb**




# 7.400 nýjar bækur

**Yfir 7000 „nýjar“ bækur eru komnar aftur í hillur Borgarbókasafnsins og bíða spenntar eftir nýjum lesendum.**

Borgarbókasafnið kynnti nýlega samstarf við Intrum á Íslandi um viðleitni til þess að endurheimta þann mikla fjölda bóka sem ekki skila sér úr útleigu á hverju ári. Viðbrögð lánþega við *Sektarlausum dögum* voru afar góð.
Af 19.000 eintökum í vanskilum skiluðu sér um 7.400 bækur aftur til safnsins, eða 39% allra vanskilabóka.

Áætlað virði safngagna sem tapast á ári hverju er um 20 milljónir kr. og því um mikla hagsmuni allra borgarbúa að ræða. Svo ekki sé minnst á vonbrigði þeirra sem finna ekki uppáhaldsbókina sína á safninu.

Samstarf Intrum og Borgarbókasafnsins fer vel af stað og við erum stolt af árangrinum.

## Ekki gera ekki neitt!

Á næstunni verður gefinn lokafrestur til að skila bókum til Borgarbókasafnsins áður en vanskilin koma til innheimtu hjá Intrum.

Við hvetjum alla sem eiga bækur í vanskilum til að bregðast skjótt við, skila þeim til safnsins og komast hjá kostnaðarsamri innheimtu.




Intrum gefur gula spjaldið!

BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR

intrum justitia



**KETTI BJARGAÐ** Ferfætlingar hafa jafnt sem fólk orðið illa úti í flóðunum sem herja á Evrópu þessa dagana. Þessi austurríski slökkviliðsmaður hefur væntanlega kennt í brjósti um kisa, sem var strandaglópur langt frá öllum kattamat. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Námugröfur í Ingólfsfjalli og Lambafelli lúta ekki sömu reglum:

# Vinnslu í Ingólfsfjalli hætt

**IÐNAÐUR** Námugreftri við Ingólfsfjall var hætt fyrir helgi. Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri í Ölfusi, segir verktakana aðeins hafa haft leyfi til að taka um 45 þúsund rúmmetra úr fjallinu. Því marki sé náð. Gröftur haldi áfram í Lambafelli, þar sem það er undanþegið starfsleyfum.

Hólmfríður Sigurðardóttir, sviðstjóri umhverfissviðs skipulagsstofnunar, segir stofnunina vera með annan áfanga námugraftar í Ingólfsfjalli í málsmeðferð vegna mats á umhverfisáhrifum. Álits sé að vænta síðar í mánuðinum.

Ólafur gagnrýnir að engin umsjón opinberra aðila fari fram á landtökunni við Lambafell: „Meðan náman tengist þeirri gömlu má halda endalaust áfram. Við höfum margbent á að það þyrfti að bæta úr þessum galla á lagasetningunni.“

En lögin frá 1993 kveða á um að efnistaka sem heimiluð hafi verið fyrir lagasetninguna fyrir þann tíma skuli heimiluð áfram. Bréfaskriftir hafi farið milli ráðuneytisins og sveitarfélagsins frá 1998, þar sem sveitarstjórnin kvarti yfir ágallanum.

Málið er í skoðun hjá umhverfisráðuneytinu.

- gag



**INGÓLFSFJALL** Malarvinnslu í fjallinu hefur verið hætt. Beðið er eftir umhverfismati á því hvort malarnámið megi halda áfram. Myndin er frá 2003.

Forsvarsmaður Euroelite:

# Aðstæður hafa verið erfiðar

**VINNUMARKAÐUR** Kleopas Minelga, forsvarsmaður litháísku starfsmannaleigunnar Euroelite, segir að starfsmannaleigan hafi ekkert fólk starfandi hér á landi sem stendur.

Aðstæður hér hafi af ýmsum ástæðum verið fyrirtækinu erfiðar upp á síðkastið en fólk komi til starfa ef aðstæður batni, hugsanlega til dæmis eftir 1. maí.

Minelga kannast ekki við að starfsemi Euroelite hér á landi sé til rannsóknar hjá lögreglu. „Allt er í lagi hjá okkur,“ segir hann og kveðst hafa rætt við lögregluna þó að ekki hafi það verið upp á síðkastið.

- ghs

HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

Málstofa

um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegs fjölbreytileika hafsins

Háskóla Íslands, Lögbergi, stofu 101, föstudaginn 7. apríl 2006 kl. 11.30-13.00

Leitað verður svara við áleitnum spurningum á borð við:

- Hvernig ber að standa að verndun viðkvæmra vistkerfa hafsins?
- Er réttmætt að setja allsherjarbann við botnvörpuveiðum á úthafinu?
- Er nýting erfðaauðlinda á hafsbotninum utan innlendrar lögsögu öllum frjáls eða falla þessar auðlindir undir „sameiginlega arfleifð mannkyns“?

Dagskrá:

11.30 Inngangur: Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu, forstöðumaður Hafréttarstofnunar Íslands.

11.50 Fyrirlestur: Eric Jaap Molenaar frá Hafréttarstofnun Hollands (NILOS) og Háskólanum í Utrecht.

12.30 Fyrirspurnir og umræður.

13.00 Hádegissnarl í boði Hafréttarstofnunar Íslands.

Málstofan er öllum opin á meðan húsrúm leyfir

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEFTV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir

í stafrænum gæðum á visir.is

# Róa lífróður fyrir fiskeldi í Mjóafirði

**Hart er nú barist fyrir því að fiskeldi verði áfram í Mjóafirði. Fulltrúar sveitarstjórna Fjarðabyggðar og Mjóafjarðarhrepps hafa átt í stöðugum viðræðum við fulltrúa Sæsilfurs hf. undanfarna tvo mánuði. Þorskeldi er inni í myndinni.**

**FISKELDI** Sveitarstjórnarmenn í Mjóafjarðarhreppi og Fjarðabyggð róa nú að því öllum árum að fiskeldi verði haldið áfram í Mjóafirði. Stöðugar viðræður hafa verið milli þeirra og fulltrúa Sæsilfurs hf. undanfarna tvo mánuði, að sögn Smára Geirssonar, bæjarfulltrúa í Fjarðabyggð. Hann undirstrikar að enn sé ekkert fast í hendi, en kveðst vænta þess að mál skýrist á allra næstu vikum.

Sæsilfur hf. er í eigu Samherja og Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Í yfirlýsingu félagsins frá því í janúar þar sem ákvörðun um að hætta laxeldi í Mjóafirði var kynnt var greint frá því að mikil hækkun á raforku í kjölfar lagabreytingar ætti sinn þátt í þeirri niðurstöðu forráðamanna Sæsilfurs. Ekki er gert ráð fyrir að seiðum verður sleppt í stöðina í vor og verður henni lokað þegar búið verður að slátra þeim laxi, sem nú er í uppvexti, sem verður á árinu 2008. Uppsagnir ellefu starfsmanna við laxeldið hófust þegar í janúarmánuði.

„Menn hafa verið að fara yfir stöðu mála og kanna hvort unnt sé að breyta þessari ákvörðun,“ segir Smári. „Jafnframt hafa aðrir kostir í tengslum við þessa atvinnustarfsemi verið til athugunar. Þar er um annars konar fiskeldi að ræða og þá fyrst og fremst þorskeldi, ef einhver möguleiki er á því. En það er ekki komin nein niðurstaða í málið. Viðræðurnar hafa einungis verið við fulltrúa Sæsilfurs.“

Smári segir verðið á laxi mjög hátt sem stendur. Málið sé hins vegar afar fjölþætt.

„Auðvitað hefur hátt gengi krónunnar leikið menn mjög illa,“ bætir hann við. „Lengst af hefur verð á laxi verið tiltölulega lágt. Fleiri vandamál hafa komið upp varðandi þessa starfsemi. Hins vegar er gengið nú orðið hagstæðara og verðið á afurðunum hefur hækkað. Það er því alls ekki allt svart í þessum efnum.“

Í næstu viku er fyrirhugaður fundur fulltrúa sveitarstjórnanna og Sæsilfurs, að sögn Smára. Fulltrúar ríkisvaldsins munu væntanlega sitja þann fund og er það von heimamanna að þar skýrist framtíð fiskeldisins betur.

jss@frettabladid.is



**MJÓIFJÖRÐUR** Laxeldi líður þar brátt undir lok ef fram fer sem horfir. Fulltrúar sveitarstjórna á svæðinu berjast nú fyrir því að einhvers konar fiskeldi verði áfram í firðinum. Þess er vænst að línur skýrist eftir fund með stjórnvöldum í næstu viku.

IMPREZA SUBARU

Góður í brekkunum og veit hvar þær eru



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

SYMMETRICAL AWD

STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 160 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 16" ÁLFELGUR, KASTARAR Í STUÐARA... OG MARGT FLEIRA.

Beinskiptur Sedan **1.990.000,-** Sjálfskiptur Sedan **2.130.000,-** Beinskiptur Wagon **2.050.000,-** Sjálfskiptur Wagon **2.180.000,-**

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Umboðmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Selfossi 482-3100 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |

TILBOÐ:

Leiðsögutæki fylgir hverjum seldum Impreza

Garmin GPS leiðsögutæki með íslensku vega- og hálendiskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3. Andvirði 96.550,-



Áhrif Múhameðsteikninga:

# Ferðum fækkar til Austurlanda

**DANMÖRK** Töluvert hefur dregið úr áhuga Dana á ferðalögum til Mið-Austurlanda á undanförnum vikum.

Haft er eftir talsmanni ferðaskrifstofu í Politiken í gær að sala á ferðum til landa eins og Egyptalands og Tyrklands hafi dregist saman um allt að fjórutíu prósent.

Ástæðuna segir hann þá að Danir vilji ekki ferðast til þeirra landa sem sniðgengið hafa danskar vörur í kjölfar mótmælanna vegna Múhameðsteikninganna. Ferðaskrifstofunar bjóða nú ferðir til Mið-Austurlanda með allt að helmings afslætti. - ks

Flóttamenn frá Afríku:

# Streyma enn til Kanaríeyja

**KANARÍEYJAR, AP** Spænska lögreglan hafði á þriðjudag hendur í hári 52 manna frá Afríku sem reyndu að komast til Kanaríeyja á litlum fiskibáti. Mennirnir voru skammt undan landi þegar för þeirra var stöðvuð.

Frá því um síðustu helgi hafa um 200 flóttamenn frá Afríku reynt að ná landi á Kanaríeyjum og stofnað lífi sínu í hættu með því að sigla á litlum fleytum yfir hafið nærri 900 kílómetra leið frá Máritaníu.

Mennirnir voru flestir við góða heilsu, en afskaplega þreyttir. Þeir vita lítið hvað bíður þeirra. Sumir verða sendir aftur heim en aðrir fá að vera, en geta þó fæstir reiknað með að fá atvinnu- og dvalarleyfi.

Rauði hálfmáninn í Máritaníu segir að meira en þúsund manns hafi týnt lífinu á ferðalögum sem þessu yfir hafið frá því í byrjun þessa árs. Á fyrstu þremur mánuðum ársins hafa um þrjú þúsund manns reynt að komast til Kanaríeyja, en það eru jafn margir flóttamenn og allt árið í fyrra.

Áratugum saman hafa flóttamenn frá Afríku lagt af stað frá Marokkó til að freista þess að ná landi á Kanaríeyjum, en vegna harðra aðgerða stjórnvalda í Marokkó hafa þeir undanfarið þurft að leggja af stað frá Máritaníu, sem er mun lengri og hættulegri leið. - gb



**ÚTI AF STRÖNDUM KANARÍEYJA** Nokkrir þeirra flóttamanna frá Afríku sem spænska lögreglan hafði afskipti af í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sænskur diplómat:

# Vill konu í stað Kofi Annan

**SVÍÞJÓÐ** Sænski diplómatinn Pierre Schori leggur til að Tarja Halonen, forseti Finnlands, verði fyrir valinu sem nýr framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna eftir að Kofi Annan lætur af störfum um næstu áramót.

Schori skrifar grein í sænska dagblaðið Dagens Nyheter þar sem hann segir að samkvæmt hefðinni eigi næsti framkvæmdastjóri SÞ að koma frá Asíu en tími sé kominn til að hræra upp í kerfinu.

Hann tínir til níu möguleg framkvæmdastjóraefni og segist sjálfur styðja Halonen til starfans. - ghs



**ÞVAGBLAÐRA** Vísindamaður leggur þvagblöðru í vaxtarhormónavökva. Nýja líffærið er ræktað úr frumum ónýtrar blöðru sjúklingsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þvagblaðra ræktuð:

# Líffæraræktun gengur vel

**BANDARÍKIN, AP** Bandarískum vísindamönnum hefur tekist að rækta nýja þvagblöðru úr frumum ónýtrar blöðru sjúklings og græða hana í sjúklinginn, samkvæmt nýjasta tölublaði vísindatímaritsins Lancet. Þetta er í fyrsta sinn sem svo flókið líffæri hefur verið ræktað úr gömlum frumum, en hingað til hefur eingöngu verið hægt að framleiða einfaldari líffæri, svo sem húð, bein og brjósk, með þeirri aðferð.

Sjö sjúklingar á aldrinum fjögurra til nítján ára hafa nú fengið nýja blöðru sem búin var til á rannsóknarstofu.

Miklar vonir eru bundnar við þessar rannsóknir og vonast er til að þær geti í framtíðinni leitt til ræktunar á flóknari líffærum, svo sem hjörtum. - smk



**FRÁ UNDIRRITUN** Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, og Þórunn Sigurðardóttir, stjórnandi Listahátíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Icelandair og Listahátíð:

# Samstarf til tveggja ára

**MENNINGARMÁL** Þórunn Sigurðardóttir, stjórnandi Listahátíðar, og Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, hafa undirritað samstarfssamning til tveggja ára. Samstarfið hefur nú staðið frá 1970 en formlegur samstarfssamningur var fyrst undirritaður fyrir 25 árum.

Í samningnum felst að Icelandair flytur stóran hóp listamanna frá öllum heimshornum til Íslands á meðan Listahátíð stendur yfir. Ólíkt því sem var þegar samstarfið hófst er samstarf af þessu tagi orðið hluti af rekstri flestra stórfyrirtækja. - shá

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Vitni og ökumaður gefi sig fram**

Ökumaður hvítrar jeppabifreiðar, sem sunnudaginn 2. apríl ók utan í gráa VW Passat-bifreið, er beðinn um að gefa sig fram. Árekesturinn varð um klukkan 15.30 í reykjarkófi sem var á Vesturlandsvegi á Kjalarnesi. Vitni eru einnig beðin að gefa sig fram við lögregluna í Reykjavík.






**Canon Eos 350D**
Hans Petersen
**79.980 kr.**



**Kodak EasyShare V530**
Hans Petersen
**23.980 kr.**



**Canon Mv 900**
Hans Petersen
**29.900 kr.**



**Evita Peroni hálsmen**
ISIS
**2.990 kr.**



**Stálkrossar**
Meba & Rhodium
**Frá 4.690 kr.**





**Snyrtitaska**
Body Shop
**3.320 kr.**



**Vanillu gjafaaskja**
Body Shop
**5.150 kr.**



**Cassis Rose gjafakarfa**
Body Shop
**2.640 kr.**



**Silvia sjónauki 8x20**
Útilíf
**3.990 kr.**



**Dömuskór, hvítir eða svartir**
Skór.is
**4.995 kr.**



**Dömuskór, silfur, hvítir eða svartir**
Skór.is
**5.995 kr.**



**High Peak Nordfolk tjald fyrir 3**
Útilíf
**8.990 kr.**



**High Peak Sherpa bakpoki**
Útilíf
**8.990 kr.**



**Fiskabúrs- eða arinhreyfimynd**
**(fyrir sjónvarp eða tölvu)**
Byggt og búið
**1.499 kr.**



**Babyliss hárklippisett í tösku**
Byggt og búið
**4.874 kr.**

# Þú færð gjöfina í Kringlunni

Í Kringlunni finnur þú fallegar og skemmtilegar fermingargjafir við allra hæfi, fötin og allt fyrir veisluna á einum stað. **Gjafakort Kringlunnar** er líka frábær fermingargjöf sem hittir alltaf í mark.

## Opið til 21 í kvöld

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |



**Evita Peroni armband**
ISIS
**2.990 kr.**



**Evita Peroni eyrnalokkar**
ISIS
**1.490 kr.**



**Perlufestar, margir litir**
Hygea
**1.200 kr.**



**Babyliss Beliss**
**(þurrkar, blæs og sléttir)**
Byggt og búið
**4.999 kr.**





**Afspilari fyrir iPod**
Duka
**TILBOÐ**
**29.900 kr.**



**Klukka sem gengur afturábak**
Byggt og búið
**4.321 kr.**




**Golfhermir fyrir PC og Playstation**
Byggt og búið
**19.995 kr.**



**Förðunarbox**
Hygea
**2.900 kr.**



**Babyliss sléttujárn Wet & Dry**
Byggt og búið
**3.599 kr.**



**Babyliss krullujárn Press & Curl**
Byggt og búið
**3.495 kr.**



**Vekjaraklukka**
**með kappakstursbílahljóði**
Byggt og búið
**2.250 kr.**



**Skartgripaskrín**
Hygea
**Frá 3.900 kr.**

# ...allt í fermingarpakkann!

## Þú gætir unnið fartölvu!

Allir sem kaupa fermingargjöf í Kringlunni gætu unnið páskaegg frá Nóa Síríusi eða glæsilega Toshiba fartölvu frá BT!

Þú tekur þátt í leiknum við lukkukassann á 1. hæð.




Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

## „ORÐRÉTT“

### Lífið er blús

**„Meðferðin miðaðist við að ég yrði nógu hraustur til að komast út þá og ég held að eftirvæntingin hafi tvímælalaust flýtt fyrir batanum.“**

HJÁLMAR ÁRNASON ÞINGMAÐUR SEM SÁ B.B. KING Á HLJÓMLEIKUM MÁNUÐI EFTIR HJARTAÁFALL.

### Lögregluþjón á hvern borgara

**„Það verður að efna til stórátaks í löggæzlumálum til þess að hreinsa götur Reykjavíkur og nágrannasveitarfélaganna af ofbeldismönnum, sem vaða nú uppi, sem aldrei fyrr.“**

LEIÐARI MORGUNBLAÐSINS.

nær og fjær
tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** EYRÚN JÓNSDÓTTIR FRAMKVÆMDASTJÓRI BÍSN

# Lifir og hrærist í vinnunni

„Það er allt bara fínt að frétta,“ segir Eyrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra námsmanna, BÍSN, sem er á leið á fund þegar blaðamaður slær á þráðinn. Eyrún hefur verið framkvæmdastjóri hjá BÍSN í eitt og hálft ár og segist vera það ánægð að hún sé ekkert á leið úr starfi næsta árið að minnsta kosti. „Í framtíðarplönunum er þó að fara í mastersnám, hvað það verður eða hvenær nákvæmlega mun ráðast þegar nær dregur.“

Spennandi tímar eru framundan hjá BÍSN að sögn Eyrúnar en ný stjórn félagsins var kosin fyrir tveimur vikum. Allir háskólar landsins fyrir utan Háskóla Íslands og Háskóla Akureyrar eiga aðild að BÍSN og koma stjórnarmeðlimir því víða að með mismunandi reynslu.

Af þeim málum sem ber hæst hjá BÍSN um þessar mundir er endurskoðun úthlutunarreglna hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Fulltrúar námsmannahreyfinganna áttu fund með Þorgerði Katrínu menntamálaráðherra í vikunni sem tók vel í kröfur námsmanna en lofaði þó engu að sögn Eyrúnar. „Það stefnir nú í samningaviðræður en kröfur námsmanna eru að hækka grunnframfærsluna og bæta húsnæðisliðinn á þann hátt að hann verði hækkaður sérstaklega umfram verðlagsþróun.“ Í þessum viðræðum eiga námsmannahreyfingarnar BÍSN, INSÍ, SÍNE og SHÍ samstarf.



„Einnig höfum við verið að benda á það óréttlæti sem felst í nýja háskólafrumvarpinu að háskólanemar eigi ekki sinn fulltrúa í háskólaráðum sem eru æðsta stjórnsýslubatterí háskólanna,“ segir Eyrún. „Þar að auki rennur umsóknarfrestur fyrir Leonardo-styrkina út 10. apríl og stöðugur straumur umsókna hefur verið undanfarið,“ segir Eyrún og fram undan er vinna við að skera úr um hverjir hljóta styrki.

Aðspurð um lífið fyrir utan BÍSN segist Eyrún lifa og hrærast í starfinu og því sé ekki frá miklu að segja. Það næsta á dagskránni sé þó að fara til Amsterdam um páskana í langþráð frí með kærastanum þar sem verði slakað á og hugsanlega verslað. „Ég bíð annars bara eftir að sumarið komi með góða veðrið,“ segir Eyrún að lokum.

## SJÓNARHÓLL

**BREYTING RÚV Í HLUTAFÉLAG**



**GUÐMUNDUR SÆVAR GUÐJÓNSSON** forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar.

### Hlynntur

„Ég tel rétt að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag, að því gefnu að starfsfólki verði tryggð áframhaldandi störf og ekki verði hreinsað út í nafni hagræðingar,“ segir Guðmundur Sævar Guðjónsson, forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar. Frumvarp um breytingu RÚV í hlutafélag er nú rætt lon og don á Alþingi og sér ekki fyrir endann á þeim umræðum. Guðmundur Sævar segir allt hafa breyst eftir að Síminn var gerður að hlutafélagi á sínum tíma, þjónustan hafi versnað víða um land og mikilvægt sé að tryggja að slíkt gerist ekki með RÚV. En óttast hann að Ríkisútvarpið verði selt í kjölfar breytingarinnar? „Nei, ég á ekki von á því og held að landsmenn séu sammála um að RÚV verði áfram í ríkiseign.“



**VÖRUR Á ÁTTA HÆÐUM** Vöruhótel Eimskipa við Sundabakka er risavaxið og vegalengdir því langar. Rörakerfið liggur á milli beggja skrifstofuhæða hússins og um sjálfan vörusalinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Pípupóstur sparar sporin

**Þótt nýjasta tækni sé vitaskuld notuð í hinu risavaxna vöruhóteli Eimskipafélagsins við Sundabakka eru pappírar fluttir á milli hæða með aðferð sem víða var viðhöfð á árum áður. Gögnum er stungið í hólka og þeir sendir upp og niður og fram og til baka um loftknúið rörakerfi.**

Afhendingarseðlar og önnur skjöl skutlast á örskotsstundu á milli hæða og inn í vörusalinn í Vöruhóteli Eimskips sem er í einu af stærstu húsum á Íslandi. Húsið var tekið í notkun fyrir þremur árum og víst er að á þeim tíma hefur pípupósturinn sparað starfsmönnum mörg sporin. „Hér eru miklar vegalengdir og kerfið sparar því mikinn tíma,“ segir Agla Huld Þórarinsdóttir, deildarstjóri á millilandasviði. Þótt ýmis gögn séu nú á rafrænu formi og hægt að senda þau á milli tölva eru pappírar ennþá brúkaðir við fraktsendingar og ekki horfur á að starfsemin verði algjörlega pappírslaus í bráð. Tekið var tillit til þeirrar staðreyndar við hönnun Vöruhótelsins og ekki vanþörf á. Agla Huld segir marga hafa hváð þegar hugmyndir um pípupóst voru viðraðar í fyrstu og tekið hafi tíma að venjast hugmyndinni. Enda ekki skrítið, tæknin er eldgömul og þekktist í ýmsum fyrirtækjum á árum áður. Sums staðar var til dæmis afgreiðsla á jarðhæð þar sem viðskiptavinir fengu vörur og greiddu fyrir. Greiðslan var send með pípupósti til gjaldkera á efri hæð og var afgangurinn svo sendur niður sömu leið. Það eitt hefur breyst að nú er pípupóstskerfið tölvustýrt. ■



**GÖGN SEND AF STAÐ** Bjarney Ólöf Gunnarsdóttir stingur hólki með gögnum í pípukerfið á fyrstu hæð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**TEKIÐ Á MÓTI** Agla Huld Þórarinsdóttir tekur á móti hólknum á annarri hæð. Mörg spor sparast. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






# Grímur saknar Blönduskálans

„Ja, ég neita því ekki,“ svarar Grímur Gíslason á Blönduósi, spurður hvort hann sakni Blönduskálans. Skálinn var rifinn á dögunum en hann hafði þjónað Blönduóssbúum og ferðamönnum um árabil.

„Þetta var lengi fastur punktur í tilverunni og ég kann illa við þetta enda átti skálinn sína sögu,“ segir Grímur. Norðurleiðarútan stoppaði lengi í Blönduskála og þangað fór Grímur til að hitta fólk sem var á ferðinni. „Ég hef ekki enn vanist því að rútan stoppi ekki þarna,“ segir hann og bætir við að hann sé nú ekki fastur maður og kunni illa breytingum sem þessari. - bþs



**BLÖNDUSKÁLI RIFINN** Grímur Gíslason hitti oft fólk í skálanum. FRÉTTABLAÐIÐ/HUNI.IS



# Allt að gerast!

## HAMBORGARHRYGGUR
ÚRVALS FRAMLEIÐSLA FRÁ ALI

Ali

30% afsláttur við kassann

ALI HAMBORGARHRYGGUR
1119 kr./kg
Merkt verð 1598kr.

ÓMISSANDI Í SALATIÐ...
Bónusfeti

EKKERT BRUÐL

BÓNUS FETA

BÓNUSFETI
199 kr.
250g

Grafinn lax og reyktur

30% afsláttur við kassann

REYKTUR/GRAFINN LAX
979 kr./kg
Merkt verð 1399kr.

ÞESSI FÍNA TERTA!

EKKERT BRUÐL

SÚKKULAÐIKAKA
199 kr.
455g

Ultimate Chocolate Cake

Amanda Smith

Skafís

33% meira

EMMESS +33%
398 kr.
SKAFÍS

## Línuýsan

FROSIN ÝSUFLÖK
399 kr./kg
MEÐ ROÐI

FROSIN ÝSUFLÖK
499 kr./kg
ROÐLAUS

FROSIN ÝSUFLÖK
599 kr./kg
ROÐLAUS/BEINLAUS

EKKERT BRUÐL

Frábært úr frystinum!

3 dósir í pakka
98 kr.
ANANAS

Stórar og góðar

ÚRVALS RÆKJA
599 kr./kg

ÚRVALSRÆKJUR Í KÍLÓPOKUM

12 LÍTRA COCA-COLA KIPPUTILBOÐ Í BÓNUS

EKKERT BRUÐL

Kauptu þér kippu af 2ja lítra Coca-Cola og þú færð 170g Bónus páskaegg í kaupbæti!

Páskaegg -sem gleður! 170g

Kipputilboð!

www.bonus.is

bonus.is

Tilboð í 14. viku, gilda til sunnudags 9. apríl

## Svona erum við

> Hreindýraveiðar 1996 til 2002




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** OFFITA

# *Sífellt fleiri og fleiri verða of feitir*



Nýjar rannsóknir í Bandaríkjunum gefa til kynna að bandarískar konur séu hættar að þyngjast. Vonast læknar þar í landi til þess að þetta þýði að bandarískar konur sem heild hafi náð hámarksþyngd og að offituvandamál landsins muni nú fara dvínandi.

**Hvað er offita?**
Síðustu áratugi hefur offita aukist víða um heim bæði meðal barna og fullorðinna. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur lýst offitu sem faraldri á Vesturlöndum en einnig víða í þróunarlöndum.

Offita hefur mikil áhrif á heilsu en hún er áhættuþáttur fyrir hjarta- og æðasjúkdóma, fullorðinssykursýki og fleiri sjúkdóma.

Til að skilgreina kjörþyngd er notaður þyngdarstuðull sem er líkamsþyngd í kílóum deilt með hæð í metrum í öðru veldi. Þyngdarstuðull yfir 25 táknar að viðkomandi sé of þungur og talað er um offitu ef hann fer yfir 30.

**Hvernig er staðan á Íslandi?**
Samkvæmt íslenskum rannsóknum hefur ofþyngd og offita aukist umtalsvert hjá báðum kynjum á Íslandi á seinustu áratugum. Fólk er almennt hærra en áður en þyngdin eykst meira en útskýrt verður með aukinni hæð eingöngu. Hlutfallsleg aukning í offitu hefur verið mun meiri en í ofþyngd.

**Hver er ástæða þessarar þróunar?**
Almennt er talið að ástæður þróunar aukinnar offitu í heiminum séu fólgnar í breyttum lífsháttum, annaðhvort breyttu mataræði og/eða hreyfingu. Sumar rannsóknir benda til þess að lítil hreyfing sé enn mikilvægari áhættuþáttur en mataræði fyrir aukinni líkamsþyngd og offitu.

Líklegasta skýringin á aukinni offitu er að ekki hafi tekist að aðlaga neyslu orkuefna að minni orkuþörf sem fylgir minni áreynslu nútíma lifnaðarhátta.

Heimild: Lýðheilsustöð

## SPURT & SVARAÐ

**ÞJÓNUSTUSAMNINGAR DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILA**

# *Tryggjum góða þjónustu*

Mikil umræða hefur verið í samfélaginu vegna setuverkfalla ófaglærðs starfsfólks dvalar- og hjúkrunarheimila og um þau laun sem þeim eru boðin. Umræðan hefur ekki síst snúist um daggjöld sem liggja launum þeirra til grundvallar og óskir stjórnenda um þjónustusamninga fyrir stofnanirnar. Elsa B. Friðfinnsdóttir hefur skrifað um þjónustusamningana.

**Af hverju er brýnt að gera þjónustusamninga við dvalar- og hjúkrunarheimili?** Til að tryggja gæði þjónustunnar og öryggi þeirra sem búa á þessum stöðum og skilgreina allt það fjármagn sem í þjónustuna fer.

**Er almenningur meðvitaður um það starf sem hjúkrunarfræðingar og aðrir vinna á dvalarheimilum?**
Ég efast um að fólk geri sér grein fyrir hvað störf hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og ófaglærðra er umfangsmikið starf og krefjandi.

**Hvert væri fyrirmyndarástandið í þessum málaflokki að þínu mati?**



**ELSA B. FRIÐFINNSDÓTTIR** formaður Félags hjúkrunarfræðinga

Að fólki stæði til boða fjölbreytt úrræði eftir þörfum hvers og eins og ákveðin samkeppni ríkti á milli heimila þannig að þau þyrftu að leggja metnað sinn í að bjóða sem allra besta þjónustu.






# Smyglaðferðirnar sem tollur og lögregla sjá við

**Það sem af er ári hafa komið upp miklu fleiri fíkniefnamál hér á landi en á sama tíma í fyrra. Fíkniefnasmyglarar hafa reynt hinar ýmsu leiðir tilað koma efnunum á markað.**



**FÍKNIEFNI SEM GERÐ HAFA VERIÐ UPPTÆK** Mikið magn fíkniefna hefur verið gert upptækt í aðgerðum tollgæslu og lögreglu gegn fíkniefnasmyglurum. Af þeim sex mönnum sem nú sitja í gæsluvarðhaldi vegna fíkniefnasmygls, eru fjórir útlendingar sem allir koma frá Austur-Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Margfalt meira magn fíkniefna hefur verið gert upptækt á Íslandi það sem af er ári, miðað við sama tímabil í fyrra. Alþjóðleg glæpasamtök eru í auknum mæli farin að reyna að smygla fíkniefnum hingað til lands en á undanförnum mánuðum hafa komið upp tilfelli sem varpa kastljósinu að tengslum alþjóðlegrar glæpastarfsemi við íslenskt samfélag.

**Hvers vegna hafa alþjóðleg glæpasamtök áhuga á að skjóta niður rótum á Íslandi?**
Ísland er lokað fyrir ýmsum algengum smyglleiðum fíkniefna, landfræðilegrar legu sinnar vegna. Fíkniefnasmyglarar þurfa að hafa mikið fyrir því að smygla hingað til lands fíkniefnum, þar sem Ísland er ein afskekktasta eyja Evrópu.

Verðið sem fæst fyrir fíkniefnin hér á landi er eitt það hæsta í Evrópu. Verðsins vegna hafa alþjóðleg glæpasamtök, einkum frá Austur-Evrópu, áhuga á því að festa rætur hér á landi þar sem hagnaðurinn af sölu efnanna er margfalt meiri á Íslandi en víðs vegar í Evrópu. Hagnaðurinn getur numið þúsundum prósenta ef efnin eru flutt hingað til lands frá framleiðslustað þeirra. Hátt söluverð á fíkniefnum hér á landi er því ástæðan fyrir því að erlend glæpasamtök hafa áhuga á því að skjóta hér rótum. Nærtækt dæmi um umsvif alþjóðlegra glæpasamtaka er stórfellt smygl Litháa, sem Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli kom upp um, á amfetamínvökva hingað til lands en talið er að vökvinn sem gerður var upptækur hefði dugað til þess að framleiða meira en 40 kíló af amfetamíni.

### Eftirlit með smygleiðunum

Eftirlit Tollgæslunnar með hinum ýmsu smyglleiðum er í sífelldri endurskoðun svo hægt sé að tryggja að eftirlit sé sem best á hverjum tíma. Algengustu smyglleiðirnar eru með farþegaflugi, póstsendingum og skipum. Frágangur efnanna er misjafn en smyglarar leitast við, eðli málsins samkvæmt, að ganga þannig frá efnunum að erfitt sé að finna þau.

Eftirlit með smyglleiðum er alltaf hægt að bæta. Í viðtali við Fréttablaðið fyrir skömmu greindi starfandi sýslumaður á Seyðisfirði, Ástríður Grímsdóttir, frá því að brýnt væri að koma upp gegnumlýsingartæki við tollgæslu á Seyðisfirði en þangað koma rúmlega tólf þúsund erlendir ferðamenn á hverju ári með Norrænu. „Leiðin fyrir fíkniefnasmyglara er opnari fyrir vikið,“ sagði Ástríður meðal annars og vitnaði til þess að gæsluna yrði að bæta með viðunandi tækjabúnaði.

Kári Gunnlaugsson, aðaldeildarstjóri Tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli, segir aðferðir við tollgæslu hafa breyst á síðustu árum, með bættum tækjakosti og breyttum áherslum. Þessar breytingar hafa skilað miklum árangri. „Við erum með fullkomin tæki til að greina efni og þá hjálpa fíkniefnahundarnir okkur mikið. Við höldum traustu sambandi við yfirvöld erlendis og vinnum með þeim að framgangi mála.“

Sex menn sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna fíkniefnamála sem eru til rannsóknar hjá fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík og á Egilsstöðum. Í öllum tilfellum eru mennirnir grunaðir um stórfellt smygl á fíkniefnum. Fjórir af þessum sex eru útlendingar. Þrír þeirra eru Litháar og tengjast smygli á amfetamínvökva til landsins. Pólverji á þrítugsaldri er grunaður um að hafa ætlað að smygla rúmlega þremur kílóum af hassi til landsins auk lítilræðis af kókaíni.

Tveir Íslendingar sitja í gæsluvarðhaldi fyrir tilraun til stórfellds smygls á amfetamíni og kókaíni.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is



**GRUNAÐIR FÍKNIEFNASMYGLARAR Í GÆSLUVARÐHALDI**

- Þrír Litháar eru grunaðir um smygl á amfetamínvökva til landsins. Samkvæmt upplýsingum lögreglu hefði vökvinn getað dugað til þess að búa til 40 kíló af söluvænlegu amfetamíni.
- Íslendingur á þrítugsaldri, Mikael Már Pálsson, situr í gæsluvarðhaldi en hann er grunaður um stórfellt smygl á rúmum fjórum kílóum af amfetamíni í byrjun febrúar. Hann var að koma frá París með þáverandi kærustu sinni.
- Íslendingur á þrítugsaldri situr í gæsluvarðhaldi eftir að rúmt kíló af kókaíni fannst í fartölvu hans, þegar hann var að koma frá Bandaríkjunum. Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli fann kókaínið.
- Pólverji á þrítugsaldri situr í gæsluvarðhaldi á Egilsstöðum. Rúm þrjú kíló af hassi auk lítilræðis af kókaíni, fundust í bíl hans þegar hann var að koma hingað til lands með Norrænu. Hann hefur hingað til neitað að hafa vitað af efnunum í bílnum.

**UPPTAKA FÍKNIEFNA JANÚAR TIL MARS 2005 OG 2006**

| | 2005 | 2006 |
|---|---|---|
| Hass (gr) | 2.729,04 | 11.348,29 |
| Kannabislauf (gr) | 62,24 | 8.027,24 |
| Kannabisplöntur (stk) | 37,00 | 373,00 |
| Marijúana (gr) | 213,82 | 1.263,10 |
| Tóbaksblandað (gr) | 75,37 | 66,62 |
| Amfetamín (gr) | 9.705,33 | 9.428,85 |
| E-pillur (Ecstasy) (stk) | 19,00 | 138,50 |
| Kókaín (gr) | 835,05 | 1.411,00 |
| Metamfetamín (gr) | | 0,76 |

HEIMILD: RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI


allt í matinn á einum stað
verið velkomin
Gourmet
ódýrt
25%
afsláttur við kassa
SS Londonlamb
Páskakjötið í ár
Páskalamb
30%
afsláttur við kassa
Gourmet lambalæri villikryddað
BAUTABÚRIÐ
Páskakjötið í ár
Hamborgarhryggur
30%
afsláttur við kassa
Bautabúrs hamborgarahryggur
Kalkúnn frá Reykjabúinu
699
kr/kg
Kalkúnn 1. flokks
GOÐI
Páskakjötið í ár
Svínalundir
30%
afsláttur við kassa
Goða grísalundir
Matfugl
Veislufugl
Veislumáltíð með fyllingu
BBQ GRÍSARIF
30%
afsláttur við kassa
BBQ Grísarif
Humarveisla
Gourmet
Páskakjötið í ár
Nautalundir
30%
afsláttur við kassa
Gourmet nautalundir
6 á verði 4
PEPSI
á frábæru verði
499
kr/pk
Páskahumar 500g.
Skafis
30%
afsláttur við kassa
Skafis 1,5 ltr.
Matfugl
40%
afsláttur við kassa
Matfugl kryddaðir bitar
HÉR & NÚ / SÍA
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 6. apríl til 9. apríl eða á meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto

## Fermingarbarn'85


Jóhann G. Jóhannsson leikari

*„Ég fékk úr og aura í fermingargjöf. Ég vildi að ég hefði fengið þessa hérna. Þá hefði ég kannski ekki bullað svona mikið í ritgerðunum í gamla daga."*





Aðgangur að eftirtöldum vefbókum í tvö ár fyrir aðeins 5.990 kr.:

**Vefbækur Eddu eru nú:**
- Íslensk orðabók
- Dönsk-íslensk orðabók
- Íslensk-dönsk orðabók
- Samtíðarmenn
- Kortabók Íslands
- Nöfn Íslendinga

Allar þessar fyrir aðeins 5.990 kr. í tvö ár!

Má tengja við Microsoft Office 2003 og fletta upp með einum smelli í ritvinnslu, töflureikni, tölvupósti og vafra!

Aðgangur að sérsmíðuðu uppflettiforriti, Vefvísi Eddu (fyrir Windows stýrikerfi).

Fermingargjöf sem vit er í

Edda
edda.is


# Sá sterki og sá hægláti

**Silvio Berlusconi er ekki öruggur með að halda völdum að loknum þingkosningum á Ítalíu. Mótframbjóðandinn Romano Prodi hefur haft vinninginn í flestum skoðanakönnunum.**




Í þingkosningum á Ítalíu, sem haldnar verða á sunnudag og mánudag, takast á tvær meginfylkingar í ítölskum stjórnmálum, annars vegar hægri flokkarnir sem hafa skipað sér í sveit með Berlusconi forsætisráðherra og hins vegar vinstri flokkarnir sem hafa fylkt sér á bak við Prodi.

Samkvæmt skoðanakönnunum hefur Bandalagið, en svo nefnist fylking vinstri flokkanna, jafnan haft nokkurt forskot á Hús frelsisins, eins og Berlusconi kýs að nefna sína fylkingu. Munurinn er þó ekki mikill. Bandalagið hefur verið að mælast með þetta 51 til 53 prósenta fylgi en Hús frelsisins með eitthvað á bilinu 46 til 48 prósent.

### Ólíkir andstæðingar

Berlusconi hefur jafnan verið umdeildur. Hann þykir kjaftfor og lítur stórt á sig. Hann hefur verið ásakaður um skattsvik, falsað bókhald og að hafa gert tilraun til að múta dómara. Sumar af þessum ásökunum hafa farið fyrir dómstóla, en út úr þeim dómsmálum hefur lítið komið.

Prodi er aftur á móti hæglátur hagfræðiprófessor sem byrjaði snemma að skipta sér af stjórnmálum. Hann var forsætisráðherra á árunum 1994 til 1996 en gegndi stöðu forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins árin 1999 til 2004.

### Ríkastur allra Ítala

Tímaritið Forbes segir Berlusconi ríkasta mann Ítalíu. Eignir hans eru metnar á nærri 900 milljarða íslenskra króna, og er Berlusconi í 25. sæti á lista tímaritsins yfir ríkustu menn heims.

Hann drottnar yfir nánast öllum sjónvarpsstöðvum á Ítalíu, því sjálfur er hann eigandi þriggja stærstu einkastöðvanna og sem forsætisráðherra er hann æðsti yfirmaður ríkissjónvarpsins, sem sömuleiðis rekur þrjár stöðvar. Að auki er hann bókaútgefandi og blaðaútgefandi, auk þess að vera eigandi fótboltaliðsins AC Milan.

Árið 1994 stofnaði hann stjórnmálaflokkinn Áfram Ítalía, sem sigraði í þingkosningum það ár. Berlusconi myndaði stjórn, sem entist þó ekki nema í sjö mánuði og í kosningunum árið 1996 tapaði hann fyrir Romano Prodi.

Næstu árin var hann leiðtogi stjórnarandstöðunnar, en komst aftur til valda í kosningunum árið 2001 og hefur nú tekist að halda saman starfhæfri stjórn í heilt kjörtímabil, heil fimm ár, og er þetta þar með langlífasta ríkisstjórnin í sögu ítalskra stjórnmála frá lokum seinni heimsstyrjaldar.

### Berlusconi farinn að örvænta

Þeir Berlusconi og Prodi hafa tekist á í þremur sjónvarpseinvígjum núna á síðustu vikum og hefur Prodi jafnan þótt standa sig nokkuð betur. Hann hefur haldið ró sinni og reynt að höfða til almennings, en Berlusconi hefur orðið skapstirðari og stóryrtari með hverju einvígínu. Hann hefur gengið út úr sjónvarpsviðtölum og nú síðast sagði hann þá sem kjósa andstæðing sinn vera hálfvita. Mörgum þykir greinilegt að hann sé farinn að örvænta um úrslitin.

Í síðasta einvíginu, núna á þriðjudaginn, sló Berlusconi þó fram stóru trompi: Hann lofaði að fella niður fasteignagjöld sveitarfélaga, loforð sem vafalaust mætir fögnuði meðal landsmanna, en Berlusconi nefndi þetta ekki fyrr en þættinum var að ljúka svo Prodi hafði ekki tíma til þess að svara.



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is


### Umdeildar kerfisbreytingar

Meðal þess sem getur haft veruleg áhrif á úrslit kosninganna er nýtt en afar umdeilt kosningakerfi, sem Berlusconi fékk þingið til að samþykkja með hraði í desember síðastliðnum. Landið er nú í fyrsta sinn gert að einu kjördæmi og um leið eru settar skorður við því að smæstu flokkarnir komist á þing. Þetta þykir koma Berlusconi til góða, því innan raða Bandalags vinstri flokkanna eru fleiri smáflokkar sem eru alveg á mörkunum að ná þeim tveimur prósentum atkvæða sem nauðsynleg eru til að hljóta þingsæti.

Þá er sú nýjung í kosningakerfinu að það flokkabandalag, sem hlýtur flest atkvæði í kosningunum, fær 54 prósent þingsæta jafnvel þótt atkvæðamagnið nái ekki því marki. Berlusconi segir þetta gert til þess að tryggja það að sterkasta aflið á þingi hljóti nægilega traustan meirihluta til þess að geta stjórnað.


SILVIO BERLUSCONI
ROMANO PRODI




Nóatún er með ánægðustu viðskiptavinina á matvörumarkaði










Glæsilegt úrval á meðlæti með öllum veislumat!




Mundu Chester Fried

NÓATÚN

OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA


OPIÐ til kl. 21.00 í kvöld!

# Páskar
# Í Smáralind

## Og Vodafone og Coke bjóða til Idol áritunar

Úrslitaþáttur Idol Stjörnuleitar 2006 verður á föstudaginn. Af því tilefni munu allir 12 þátttakendur í úrslitakeppninni árita fyrir framan verslun Og Vodafone í Smáralind í dag frá kl. 16.00 - 17.30.

**Í DAG KL. 16.00**



**Láttu þig ekki vanta í upphitun fyrir úrslitin í Idol-Stjörnuleit í Smáralind í dag!**




## Rafræn fermingargjafakort

Gjafakortin virka næstum eins og debetkort, nema að þau eru handhafakort og því ekki skráð á nafn og ekki með mynd eða undirskrift.
Kortið fæst á þjónustuborði Smáralindar á 1. hæð og hægt er að kaupa kort fyrir hvaða upphæð sem er að lágmarki 1.000 kr.

**Gjafakortunum fylgir flott heillaóskakort og umslag.**

## Viltu vinna flugegg?

**Komdu í Smáralind og taktu þátt í skemmtilegum páskaleik Smáralindar, Nóa Síríusar og Icelandair.**

ICELANDAIR NÓI SÍRÍUS

Það eina sem þú þarft að gera er að festa kassakvittun frá verslun eða þjónustuaðila í Smáralind við þátttökuseðil og skila í kassann við þjónustuborðið. Þú gætir unnið Flugegg, tvo miða til Manchester með Icelandair, rafrænt gjafakort eða eitt af 90 páskaeggjum frá Nóa Síríusi.

Láttu sjá þig - Smáralind er í páskaskapi!




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000

Magn úrgangs frá sveitarfélögum




# neytendur
hagur heimilanna

**NEYTANDINN:** ÁGÚST ÞÓR ÁRNASON STARFSMAÐUR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

## *Eyðilagði ástarlíf samnemendanna*

„Ein bestu kaup sem ég hef gert um ævina var þegar ég keypti rúm hjá vini mínum Eyjólfi í Epal,“ segir Ágúst Þór Árnason, verkefnisstjóri félagsvísinda- og lagadeildar Háskólans á Akureyri. „Þetta er norskt rúm með góðum dýnum, hefðbundið að gerð og lögun og þjónar tilgangi sínum eins og til er ætlast. Hin síðari ár hafa margir keypt sér rándýr rafmagnsrúm með flóknum lyftubúnaði, nuddi og gott ef ekki sjálfvirkum sleppibúnaði en ég held að þau virki ekkert betur en mitt norska rúm.“

Ágúst segir marga gleyma að huga að góðu rúmi og værum nætursvefni. „Fólk eyðir stórum hluta ævinnar í rúminu en þegar hlutunum er forgangsraðað kaupa margir frekar rándýrt heimabíókerfi eða nýjan bíl. Horfa svo aumir í hálsi og herðum á flatskjáinn og hrökkva við þegar skotin óma í dolby-steríó.“



Ágúst hefur ekki fláð feitan gölt í öllum sínum viðskiptum og hann segir sín verstu kaup hafa verið þegar hann keypti sambyggt útvarp og segulbandstæki fyrir fermingarpeningana. „Tækið var með stórum segulbandsspólum en skömmu síðar kom kasettan til sögunnar og leysti stóru spólurnar af hólmi.“ Ágúst notaði tækið til að taka upp Lög unga fólksins, þegar hann var í Héraðsskólanum á Laugarvatni, og til að hrekkja skólafélaga sína á árshátíð skólans. „Ég fékk starfsmenn RÚV til að taka upp á segulband margvíslegar hláturrokur og kom tækinu fyrir aftan við Rómantíska sófann í skólanum. Þegar ástfangnir nemendur gerðu sér dælt í sófanum var tækið sett í gang og hávær og illkvittinn hlátur eyðilagði margan góðan kossinn á þessari árshátíð.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### VISTVÆNN BÍLAÞVOTTUR

■ *Gunnar Hersveinn, upplýsingafulltrúi á umhverfissviði borgarinnar, gefur lesendum vistvænt ráð.*

„Ef fólk vill þvo bílinn sinn heima af og til þá skal ávallt nota umhverfisvæn bílaþvottaefni. Bílasápur og olíuhreinsiefni innihalda ýmis efni sem geta verið skaðleg umhverfinu. Við bílaþvott á götunni eða í innkeyrslunni rennur þvottavatnið ásamt olíuleifum og þungmálmum sem losna við þvott beint í niðurföll og berst með lögnum út í sjó,“ segir Gunnar.



### ■ Hvað kostar... í sund?



Senn líður að því að ásókn í sundlaugar fari að aukast sem gerist iðulega með hækkandi sól og hitastigi.

Verð í sundlaugar er mismunandi eftir stöðum og samkvæmt lauslegri könnun Fréttablaðsins á sundlaugum höfuðborgarsvæðisins er verð fyrir fullorðna frá 220 krónum og upp í 280 krónur. Verð fyrir börn er frá 110 krónum upp í 120 krónur. Misjafnt er hvort rukkað sé um barnamiða upp að fimm ára eða sex ára aldri.

Fyrir þá sem stunda sundlaugarnar að staðaldri borgar sig að kaupa sundmiðakort sem fást víðast hvar. Þá er til dæmis hægt að kaupa tíu miða kort sem er ódýrara heldur en tíu stök skipti.

### ■ Verslun og þjónusta

## Breytingar á ráðlögðum dagskömmtum



Sérstakur vinnuhópur hefur lokið við endurskoðun á norrænum næringarráðleggingum og gefið út ný viðmið hvað varðar ráðlagða dagskammta fyrir hvern og einn. Eru þær upplýsingar reglulega uppfærðar með tilliti til aukinnar þekkingar í næringarfræði. Ekki var mikið um breytingar að þessu sinni. Ráðlagður dagskammtur A-vítamíns hefur verið lækkaður gagnvart konum en skammtar D- og C-vítamína fyrir fullorðna hækkaður frá því sem var. Eru einnig í fyrsta sinn birtar ráðleggingar fyrir koparneyslu. Skoða má allar nánari upplýsingar á vef Lýðheilsustöðvar.






**SORPIÐ FLOKKAÐ** Almenningur greiðir ekkert fyrir að skila sorpi á endurvinnslustöðvarnar svo fremi sem umfang þess er ekki meira en tveir rúmmetrar.

# Endurvinnsla borgar sig

**Aukning hefur orðið í öllum endurvinnsluflokkum að sögn Gyðu S. Björnsdóttur, kynningar- og fræðslufulltrúa Sorpu, sem telur ástæðuna vera samspil af vitundarvakningu og auknu efni sem er í umferð.**

Fyrir utan þann augljósa ávinning fyrir umhverfið sem felst í endurvinnslu þá getur fólk einnig sparað sér pening. Íbúar í Reykjavík hafa tvo kosti að velja við sorphirðu heimila sinna. Annars vegar að hafa tunnu sem er tæmd vikulega og greiða 10.000 krónur árlega í sorphirðugjald en það er innheimt með fasteignarseðlum. Hins vegar geta þeir sem endurvinna ákveðið að þeir þurfi ekki að láta losa svona ört hjá sér og geta þeir sótt um að fá græna tunnu sem er tæmd á tveggja vikna fresti og greiða einungis 5.000 krónur. Einnig getur fólk sem býr í fjölbýli komið sér saman um að sameinast um tunnur og minnka þar með sorphirðugjaldið hjá sér.

Sorpa er með sjö endurvinnslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu og móttökustöð í Gufunesi og mismunandi gjaldskrá er fyrir endurvinnslustöðvar og móttökustöðina.

Almenningur á að geta farið með allt sitt á endurvinnslustöðvar án þess að greiða fyrir en fyrirtæki greiða fyrir allan úrgang nema þann sem ber sérstakt úrvinnslugjald. Á endurvinnslustöðvunum er reglan sú að ekki þarf að greiða fyrir neitt sem fellur undir daglegan rekstur heimilsins, en borgað er fyrir það sem fellur þar utan, til dæmis ef fólk er að rífa niður eldhúsinnréttingu og þarf að losna við slíkan úrgang.

Almenningur greiðir ekki fyrir sorp sem er skilað inn á endurvinnslustöðvar meðan það helst innan hámarks farmstærðar sem er tveir rúmmetrar. Að sögn Gyðu er þó alveg gefið svigrúm ef magnið fer aðeins umfram þessa hámarks farmstærð.

Árið 2005 komu 196 þúsund tonn af sorpi frá höfuðborgarsvæðinu. Ef einungis er miðað við úrgang frá heimilum þá eru það um 360 kíló á íbúa. En stærstur hluti þess er frá fyrirtækjum og þegar allt er talið eru rúmlega 1000 kíló af sorpi á íbúa.

sdg@frettabladid.is

Grenndargámar eru á um áttatíu stöðum:

## Mikilvægt að flokka ruslið rétt í gámana



Ávinningur þess að flokka fernur og blöð og skila þeim í grenndargáma er að verðmætt hráefni er endurnýtt og einnig dregið úr því landi sem leggja þarf undir sorpurðun. Grenndargámar á höfuðborgarsvæðinu eru á um 80 stöðum og í þá má setja flokkaðan úrgang, annarsvegar dagblöð og tímarit og hins vegar pappírsumbúðir. Að sögn Gyðu S. Björnsdóttur, kynningar- og fræðslufulltrúa Sorpu, er mikið um að fólk setji meira í gámana en má.

Sérstakur gámur er fyrir umbúðir úr pappír og kartoni en fólk treður oft stórum brúnum bylgjupappakössum með sem stífla lúgurnar og fylla gáminn um leið. Auk þess skemmir það fyrir endurvinnsluferlinu þar sem það fer í annars konar vinnslu.

Fólk setur líka dagblöð í þessa gáma þó að dagblaðagámur sé undantekningalaust við hliðina á þessum umbúðagámum.

Að sögn Gyðu er mikilvægt er að fólk fylgi leiðbeiningunum sem standa á gámunum um hvað fer í þá. Í gám fyrir pappírsumbúðir má setja fernur, morgunkornspakka og ýmsar pakkningar utan af matvælum og fleiri vörum.

Í gám fyrir blöð má setja dagblöð, tímarit og auglýsingapóst en nauðsynlegt er að fjarlægja það úr plastpokum eða umbúðum. - sdg


Virk Sam-keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
35% Afsláttur
30% Afsláttur
SS helgasteikur rauðvínsl. / Grand Orange 1.168 kr./kg.
25% Afsláttur
Gourmet rauðvínslegið lambalæri 1.406 kr./kg.
599 Holda-kalkúnn frosinn kr./kg.
Móa kjúklingur 4 teg
599 kr./kg.
Búkonu reyktur/grafin lax
998 kr./kg.
GOTT Á GRILLIÐ
Maryland kex 4 teg.
58 kr./pk.
Krónubrauð stórt og gróft
99 kr./stk.
Egils páskaöl 0,5 L
69 kr./stk.
Egils malt 0,5 L
79 kr./stk.
Rjómaostur 3 tegundir
99 kr./stk.
Egils appelsín 2 L
159 kr./stk.
DVD DISKUR FYLGIR
Coke 4 x 2 L DVD diskur fylgir
Meira úrval
PÁSKAEGG Á FRÁBÆRU VERÐI
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

**Vissir þú?**
*að gæðingurinn Hervar frá Sauðárkróki á 887 skráð afkvæmi og að það hæst dæmda er stóðhesturinn Hektor frá Akureyri með 8.41 í aðaleinkunn.*
*www.worldfengur.com*

# Fákar
*og fólk*

HESTAMAÐURINN: EDDA RÚN RAGNARSDÓTTIR

## Mikið stuð að keppa á ísnum

Edda Rún Ragnarsdóttir varð í öðru sæti í hinni vinsælu ístöltskeppni í Skautahöllinni um síðustu helgi á hestinum Hreggi frá Sauðafelli sem hún hefur þjálfað alla tíð. „Ég fékk hann fjögurra vetra og þótti mjög vænt um að eigandi hans, Helgi Sigurjónsson, skyldi treysta mér fyrir honum,“ segir Edda en Hreggur er nú á tíunda vetri. „Hreggur er rosalega skemmtilegur, næmur, ör með mikinn vilja, enda undan Fána frá Hafsteinsstöðum,“ útskýrir Edda sem finnst mjög skemmtilegt að keppa á ís. „Það myndast mikil stemning og maður fer sjálfur í stuð.“

Edda bjóst ekki sérstaklega við að lenda jafn ofarlega og raun ber vitni þar sem hún kom fyrst inn á í fyrsta riðli en oft er álitið að einkunnir hækki eftir því sem líður á keppni. „En það er kannski bara þjóðsaga,“ segir hún glaðlega.

Edda og maður hennar Sigurður Vignir Matthíasson eru með fullt hús hesta og undirbúa nú kynbótasýningar sem hefjast í maí. Þá stefna þau eins og aðrir sannir hestamenn ljóst og leynt á Landsmót á Vindheimamelum í sumar. „Ég ætla að reyna að komast með merina mína Örnu frá Varmadal í kynbótadóm til að reyna að hækka einkunnina fyrir skeið,“ segir Edda sem einnig ætlar að reyna að komast í töltið með Hregg.

„Svo er bara að bíða og sjá, ég er ekki tilbúin með neina bolta núna í A- og B-flokk en það getur margt breyst,“ segir Edda sem keppti fyrst á Landsmóti árið 1986, þá tíu ára gömul. „Þá vann ég óvænt barnaflokk, það átti enginn von á því og allra síst ég,“ segir Edda og furðar sig á hve tíminn líður hratt. Sætasti sigur Eddu á Landsmóti var hins vegar árið 1990 þegar hún sigraði í unglingaflokki. „Ég fékk 9,04 í einkunn og það hefur ekki ennþá verið slegið,“ segir Edda stolt.



Mikið er að gera hjá Eddu og Sigurði allt árið um kring. Á sumrin reka þau reiðskóla í Víðidal sem opnar strax og grunnskóla lýkur. „Það er rosalega mikið að gera í þessu og þetta er alltaf að verða vinsælla, segir Edda og finnst líklegt að krakkar sæki í hestana því alltaf er erfiðara fyrir krakka að komast í sveit. „Hér geta krakkarnir tekið strætó og eru komnir upp í sveit á svipstundu.“

### Gæðingafimi í Ölfushöll

Næsta mót Meistaradeildar VÍS í hestaíþróttum fer fram í kvöld í Ölfushöll. Keppt verður í gæðingafimi. Það er grein með frjálsum æfingum og kallar á alla kosti íslenska gæðingsins til hámarkseinkunnar.



Sýningin er frjáls innan tímamarka sem eru þrjár til fjórar mínútur. Knapinn getur blandað saman atriðum úr öllum íþróttagreinum hestamennskunnar og þar að auki bætt tónlist og nýjungum við sýninguna.

Engin keppnisgrein hefur jafn óbundið form og fáar gefa betra tækifæri til glæstra samskipta manns og hests.

Forkeppnin hefst klukkan 19.30. Forsala aðgöngumiða er í verslunum Hesta og manna og Líflands á Lynghálsi.

### Mótin um komandi helgi

Karlatölt Mána á Suðurnesjum verður haldið föstudaginn 7. apríl í reiðhöll félagsins.

Hið árlega og sívinsæla kvennatölt hestamannafélagsins Gusts í Kópavogi verður haldið í reiðhöllinni Glaðheimum á laugardag.

Nýhestamót Sörla á Sörlastöðum í Hafnarfirði verður sama dag auk þess sem öll úrslit skagfirsku mótaraðarinnar ráðast í Svaðastaðahöllinni fyrir norðan. Að sama skapi ráðast úrslit í svarfdælsku mótaröðinni í Hringsholti hjá hestamannafélaginu Hring.

### Dagskrá Landsmóts skýrist



Drög að dagskrá Landsmóts 2006 sem haldið verður á Vindheimamelum í Skagafirði hafa verið kynnt. Í meginatriðum verður mótið með svipuðu sniði og á LM 2004 en skipt verður niður í kynbóta- og keppnisvelli.

Öll dagskrá fer fram á aðalvelli frá fimmtudegi til sunnudags. Stefnt er að því að gera börnum og fjölskyldufólki hátt undir höfði með góðum leiksvæðum, gæslu og afþreyingu á svæðinu. Þá verður aukin gæsla og betri merkingar á tjaldstæðum fyrir fjölskyldufólk.

Verið er að bæta aðgengi að svæðinu og er malbikað þjónustuplan undir veitinga-, dansleikja- og markaðstjald. Langbraut á aðalvelli hefur verið breikkuð og nýtt plan undir áhorfendastúku gegnt áhorfendabrekku er tilbúið. Þá hefur kynbótavöllurinn verið lengdur og bættur með vikri.



**Á ENGÓBLÍSS** Hestar Steins Ármanns bera frumleg nöfn. Hér er hann á hryssunni Engóblíss. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Einn dregur annan

**Hestamennskan er af sumum álitin nokkurs konar leikarasport vegna þeirra fjölmörgu leikara og skemmtikrafta sem ánetjast hafa þessu áhugamáli. Steinn Ármann Magnússon er einn þeirra.**

„Ætli það hafi ekki verið þannig að einn leikari dró annan með sér og svo koll af kolli,“ segir Steinn Ármann þegar velt er upp spurningunni af hverju leikarar séu svona áberandi í hestamennsku. „Þetta er nú kallað leikarasport og það kveikir örugglega áhugann hjá ungum leikurum þegar alltaf er verið að tala um hesta í kringum þá,“ segir Steinn hugsi, sem fékk þó sjálfur ekki áhugann á hestum í gegnum leikarastéttina, heldur kynntist þeim fyrst sem barn en móðir hans talaði mikið um hesta.

„Svo var langafi minn sem ég er skírður eftir póstur og einn af fáum á Borgarfirði eystri sem klæddi sig uppá og reið út sér til skemmtunar. Það þótti ekki alvanalegt þá,“ minnist Steinn sem ávallt hafði áhuga á hestum en fór ekki að ríða út og eignast hesta fyrr en um þrítugt. „Þá fór ég að fara annað slagið á bak með Viktori Heiðdal vini mínum,“ segir Steinn en allt vatt þetta upp á sig og Steinn á fjóra hesta í dag. Sjálfur hefur Steinn verið duglegur að breiða út boðskapinn og hefur boðið ýmsum vinum á bak. „Ég hef fengið Ladda með mér á bak en hann átti einu sinni hesta, svo hefur Siggi Sigurjóns komið og nokkrir fleiri.“

Steinn fer fimm sinnum í hesthúsið á viku og dvelur þar frá þremur tímum upp í fimm. Hann er í sama húsi og þeir mætu menn og söngvarar Helgi Björnsson og Magnús Kjartansson. Lúxusinn er allsráðandi hjá Steini sem leigir pláss í húsinu og þarf því aðeins að kemba og ríða út. „Hestamennskan gefur mér margt. Það er útiveran, fá að umgangast skepnurnar og ánægjan af því að eiga sæmilega reiðhesta og fara á bak. Þetta er bara svo ofboðslega gaman,“ segir Steinn sem á hesta með mjög frumlegum nöfnum. „Sá fyrsti heitir nú bara Draupnir en næsti hestur sem ég fékk mér var meri. Ég var alltaf að tala um merina, það þyrfti að járna merina, borga merina og slíkt. Sonur minn var svo lítill að hann hélt að hún héti Merúna og því er hún aldrei kölluð annað en það,“ segir Steinn kíminn en hann á aðra hryssu sem sonurinn ungi fann einnig nafn á og nefndi Engóblíss. „Hann sagði við ömmu sína að þegar við fengjum okkur hesta ættu þeir að heita Dúllídúss og Engóblíss. Þetta þýðir ástin mín hjá honum,“ útskýrir Steinn stoltur af hnokkanum.

Inntur eftir því hvað sé skemmtilegast við hestamennskuna svarar Steinn því til að í fyrstu hafi honum þótt ómögulegt að fara einn á bak og vildi alltaf hafa einhvern með sér. Nú hafi hann hins vegar meira gaman af því að vera einn eða með syni sínum. „Það er eins og Sigurður Haraldsson í Kirkjubæ sagði eitt sinn við Ladda. „Það er ekkert eins og að vera einhvers staðar einn með hestinum sínum.““


VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Hrein Fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar


SÉRFRÆÐINGURINN: HALLDÓR GUNNAR VICTORSSON ÍÞRÓTTADÓMARI

## Gæðingaskeið er ekki kappreiðaskeið

Gæðingaskeið er margslungin keppnisgrein því dómarar þurfa að horfa á marga hluti í hverjum spretti sem allir fá sína einkunn.

„Gæðingaskeið er eins og felst í orðinu, fyrir gæðinga, og þetta er ekki kappreiðaskeið,“ útskýrir Halldór Victorsson íþróttadómari. Þeir þættir sem dæmdir eru í einum spretti er aðkoma á stökki, niðurtaka á skeið, hundrað metra skeiðsprettur, niðurhæging á fet og tímataka. Hver hluti sprettsins hefur mismunandi vægi og tímataka er aðeins einn þessara hluta en þetta er það sem margir misskilja að mati Halldórs. „Sumir koma bara með vökrustu hestana sem þeir renna í gegn til að fá besta tímann. Það getur ekki gengið vel því eins og ávallt í íþróttakeppni þurfa allir hlutir að vera til staðar,“ segir Halldór.

„Það sem dómarinn horfir á eru tæknilegar hliðar en hins vegar verður þetta einnig að vera átakalaust,“ segir Halldór sem finnst gæðingaskeiðið mjög skemmtileg grein sem oft sé vanmetin því erfitt sé að gera hana vel. „Þú þarft að vera með griðarlega vel þjálfaðan hest til að taka vel niður, skeiða kraftmikið og hægja niður á tiltölulega stuttum tíma,“ útskýrir Halldór en knapi hefur sjötíu metra til að hægja á hestinum frá skeiði niður á fet.



Halldór segir miklar framfarir hafa orðið í gæðingaskeiði. „Tímarnir eru að batna og gæði skeiðsins. Þá er fólk farið að spá mikið í þetta,“ segir hann og leggur mikla áherslu á að skeiðið sé riðið af prúðmennsku svo það líti átakalaust út fyrir dómara og áhorfendur. Þá geti mikill atgangur í niðurhægingu skemmt fyrir heildarmyndinni.

Einkunnir fyrir gæðingaskeið eru gefnar á skalanum núll til tíu og eru bestu sprettirnir að fá um 8,5 til 9. Halldór segir að oft sé ruglingslegt fyrir áhorfendur að átta sig á hvernig hlutirnir eru dæmdir þar sem dómarar sjái oft það sem áhorfendur taki ekki eftir.




# Vertu í öruggu formi. Veldu C4.

► Veldu aðeins það besta - sjáðu Citroën C4 - öðruvísi hönnun sem á sér enga fyrirmynd aðra en hefðir og hugmyndir Frakka um form og gæði. Skoðaðu búnað C4, kynntu þér eiginleika hans - notagildið og þú sérð að mikið af því góða er best. Komdu í Brimborg. Veldu Citroën C4, franskan munað.

Sífellt fleiri Íslendingar kaupa Citroën. Í ljósi þess eykur Brimborg gæða þjónustu Citroën enn frekar: Citroën er kominn í bjartari og glæsilegri sýningarsal hinum megin götunnar ásamt nýju þjónustuverkstæði og nýrri varahlutaverslun.

**Komdu í Brimborg, Bíldshöfða 8 í dag. Skoðaðu Citroën í nýju ljósi.**



Citroën C4 SALOON dúxaði örugglega á prófi hjá árekstraröryggisstofnuninni EuroNCAP. Í sínum flokki fékk Citroën C4 SALOON hæstu einkunn. Sjáðu C4 SALOON. Veldu fallegt og kraftmikið form og öryggi fyrir fjölskylduna. Veldu Citroën C4 SALOON.

**Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C4:**

- ESP stöðugleikastýring
- ASR spólvörn
- Hraðastillir
- Stillanlegur hraðatakmarkari
- Fjarstýring helstu stjórnrofa í stýri
- Stafrænt mælaborð með birtuskynjun
- Loftkæling með móðuvörn
- Þokuljós í framstuðara
- 6 Öryggispúðar
- Upphitanleg framsæti
- Geislaspilari með fjarstýringu í stýri
- 6 Hátalarar
- Akstursölva
- Útihitamælir
- Ilmgjafahólf
- Fjölstillanlegt bílstjórasæti
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA neyðarhemlunarbúnaður
- Rafdrifnir útispeglar
- Velti- og aðdráttarstýri
- Fjarstýrð samlæsing

**Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C4 t.d.:**

- Xenon beygjuljós
- Bluetooth þráðlaus símabúnaður
- Bakkskynjari
- Minibar/kælir
- Glerþak
- Leðurinnrétting
- Skyggðar rúður
- Sérstyrkt öryggisgler
- Dráttarkrókur
- Fjöldiska geislaspilari

## Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bíldshöfða 8.



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| C2 VTS 1,6i<br>125 hö. 5 gíra* | C3 SX 1,4i<br>75 hö. 5 gíra* | C4 COUPÉ VTR 1,6i<br>110 hö. 5 gíra* | Xsara Picasso Exclusive 1,6i<br>110 hö. 5 gíra* | C5 SX 2,0i<br>143 hö. sjálfskiptur* | Berlingo SX 1,4i<br>75 hö. 5 gíra* |
| Kaupverð 1.649.000 kr. | Kaupverð 1.419.000 kr. | Kaupverð 1.790.000 kr. | Kaupverð 1.959.000 kr. | Kaupverð 2.320.000 kr. | Kaupverð 1.539.000 kr. |
| Bílasamningur 21.976 kr. | Bílasamningur 18.909 kr. | Bílasamningur 23.856 kr. | Bílasamningur 26.359 kr. | Bílasamningur 30.922 kr. | Bílasamningur 20.509 kr. |
| Rekstrarleiga 29.900 kr. | Rekstrarleiga 26.300 kr. | Rekstrarleiga 31.900 kr. | Rekstrarleiga 35.800 kr. | Rekstrarleiga 41.200 kr. | Rekstrarleiga 41.200 kr. |

**Citroën í nýju húsnæði. Bíldshöfða 8.**




Sjáðu Citroën – ekta franskan munað. Komdu í Brimborg. Upplifðu franska hönnun.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

**Kauptu nýja bílinn á gamla genginu**

Nú er rétta tækifærið til að fá nýjan bíl á góðu verði. Hver veit hvað það endist lengi? Sumarbíllinn er í Brimborg.

**Komdu núna**






Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til vinstri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Citroën í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér Citroën.

SP-FJÁRMÖGNUN

Í tilefni nýrra heimkynna Citroën, Bíldshöfða 8, býður SP fjármögnun viðskiptavinum Brimborgar enn betri kjör á nýjum Citroën. Nýttu þér tilboðin á Citroën í dag. Veldu bílasamning og aðeins 10 prósent útborgun.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd af C4: álfelgur og bakkskynjari. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Helgar - sprengja

**Fimmtudag**
til mánudags

# 30% afsláttur



## af öllum smáraftækjum*

# 30% afsláttur



## af öllum búsáhöldum og páskavörum

*gildir ekki á tilboðsvörum

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.581 **+1,59%** **Fjöldi viðskipta:** 647 **Velta:** 5.018 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flaga** | +22,59% | **Atorka** | -0,86% |
| **Actavis** | +4,09% | **Dagsbrún** | -0,75% |
| **Glitnir** | +3,66% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 58,50 +4,09% ... Alfesca 3,87 +0,78%... Atorka 5,75 -0,86% ... Bakkavör 49,50 +2,49% ... Dagsbrún 6,59 -0,75% ... FL Group 19,80 +3,13% ... Flaga 2,93 +22,59% ... Glitnir 17,00 +3,66% ... KB banki 761,00 +0,00% ... Kögun 74,70 +0,00% ... Landsbankinn 22,70 +0,89% ... Marel 72,00 +0,42% ... Mosaic Fashions 17,40 +0,00% ... Straumur-Burðarás 16,80 +2,44% ... Össur 112,50 +1,81%
***KLUKKAN 14.00 Í** gær.

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Standa af sér storminn

„Íslensku bankarnir – standa af sér storminn“ er yfirskrift skýrslu frá greiningardeild franska bankans Societe Generale, sem út kom í byrjun vikunnar. Skýrslan telur að álag á skuldabréf bankanna á verðbréfamörkuðum sé of mikið miðað við áhættu og telur að farið hafi verið offari í neikvæðri umræðu um bankana. Deildin mælir með 40 punkta álagi á bréf Glitnis, 50 punktum á bréf Landsbankans og 55 punktum á bréf Kaupþings banka. Greiningardeildin segir að það sem helst kunni að valda áhyggjum af stöðu bankanna sé geta þeirra til fjármögnunar á ásættanlegum kjörum, en þau kjör ráðast jú að hluta af því hvernig umræðan um þá þróast.




### Lánshæfið ríflega metið

Societe Generale telur engu að síður að matsfyrirtækin séu fullrífleg þegar kemur að því að meta lánshæfi íslensku bankanna og vegna þess að þar spili inn mat á vilja stjórnvalda hér til að hlaupa undir bagga með bönkunum þurfi til þess að koma. Greiningardeildin gerir nokkurn greinarmun á stöðu bankanna og telur horfur stöðugar hjá Glitni og Landsbanka, en síður góðar hjá Kaupþingi sem þurfi að huga betur að fjármögnun sinni. Deildin segir hins vegar ljóst að fjárhagsstaða bankanna geri þeim kleift að standa af sér töluverð áföll í efnahagslífinu án þess að það komi niður á þeim og er nokkuð jákvæð í þeirra garð.

## MARKAÐSPUNKTAR

Samstarfssamningur Kauphallar Íslands og Virðisbrævamarknaðar Føroya (VMF) frá því í mars 2004 var endurnýjaður um miðjan síðasta mánuð, að því er segir í nýjum Kauphallartíðindum.

Sameinað embætti ríkisskattstjóra og tollstjóra í Bretlandi veitti um mánaðamótin Kauphöll Íslands viðurkenningu sem kauphöll samkvæmt þarlendum lögum um tekju- og fyrirtækjaskatt, en hugtakið „viðurkennd kauphöll“ er notað í breskum skattalögum.

Hlutabréfavísitalan í Taílandi hækkaði um tæpt 3,1 prósent eftir að Thaksin Shinawatra, forsætisráðherra landsins, tilkynnti að hann ætlaði að segja af sér. Hann lét af embætti í gærmorgun.

# Kaupa nýjar þotur

FL Group hefur, fyrir hönd Icelandair Group, samið um kaup á tveimur Boeing 787-8 Dreamliner farþegaþotum fyrir Icelandair. Vélarnar á að afhenda á vordögum 2012, en verðmæti þeirra, samkvæmt kaupskrá, nemur um 290 milljónum bandaríkjadala, eða um 21 milljarði króna.

Tveimur árum fyrr, eða á árinu 2010, stendur til að Icelandair fái afhentar tvær fyrstu Boeing 787 breiðþoturnar sem pantaðar voru fyrir rúmu ári. Í tilkynningu til Kauphallar kemur fram að Icelandair, dótturfélag Icelandair Group, ætli með vélunum að þróa áfram leiðakerfi sitt og endurnýja flugflota. Félagið á möguleika á að nýta sér kauprétt á þremur Boeing 787 flugvélum til viðbótar.

„Boeing 787 flugvélin getur flogið beint til Íslands frá nánast allri heimsbyggðinni, 6 milljarða manna markaði,“ segir Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair Group.

**- óká**

# Bæta þarf upplýsingagjöf fyrirtækja

Vandi íslenskra fyrirtækja liggur frekar í slakri upplýsingagjöf en slökum stjórnarháttum. Þetta sagði fjármálastjóri Danske Bank, Tonny Thierry Andersen, á ráðstefnu Kauphallar Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja og fylgni við reglur sem haldinn var í gær á Grand Hótel Reykjavík. Sagði hann jafnframt íslenska stjórnendur ekki geta kennt öðrum um ef aðrir skilja ekki fyrirtækið og þeirra sé að bæta upplýsingagjöfina.

Í ræðu sinni sagði Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, fyrirtæki hafa stóraukið fylgni sína við reglur Kauphallarinnar. Bæði hann og Tonny Andersen vísuðu í rannsóknir sem sýndu að það skilaði sér í hlutabréfaverði og arði fyrirtækja að fylgja skýrum reglum um stjórnarhætti. **- hhs**



**TONNY THIERRY ANDERSEN** Andersen, sem er fjármálastjóri Danske Bank, segir vanda fyrirtækja hér liggja í slakri upplýsingagjöf.






# Hafði of háar hugmyndir um verðmæti easyJet

**Söluhagnaður FL Group af easyJet þrettán milljarðar. Salan tengist ekkert gagnrýni á íslenskt fjármálalíf. Fjárfestingargetan um 50 milljarðar. Horft á samlegð við Finnair.**

„Við stöndum einfaldlega frammi fyrir svo mörgum verkefnum á nýjum vettvangi að við viljum hafa borð fyrir báru til að geta ráðist í þau. Við hefðum alveg getað átt bréfin áfram,“ segir Hannes Smárason, forstjóri FL Group, aðspurður um ástæðu þess að félagið seldi 16,9 prósenta hlut í easyJet. Söluhagnaður af fjárfestingunni er þrettán milljarðar króna.

Hannes segir að ekkert sé hæft í fréttum breskra fjölmiðla að FL Group hafi selt bréfin til að bregðast við gagnrýni á íslenskt fjármálakerfi, sem borið hafi á góma að undanförnu, og miklum lækkunum hlutabréfaverðs. „Þessar fréttir komu út áður en fjölmiðlar höfðu tækifæri til að kynna sér fréttatilkynninguna frá okkur og tala við okkur.“

Margir héldu að FL Group myndi taka easyJet yfir. Stjórnendur FL Group áttu í þreifingum við Stelis Haji-Ioannou, stofnanda easyJet og einn aðaleigandann, um framtíð félagsins. „Hann hafði háar hugmyndir um verðlagningu og það er ljóst að af þeim verðum, þá fannst okkur félagið vera orðið of dýrt.“

Stjórnendur FL Group eru sáttir við að færa fjármuni úr easyJet yfir á aðrar brautir en talið er að markaðsvirði hlutarins hafi legið nálægt 30 milljörðum króna. Vægi flugrekstrarins minnkar fyrir vikið í fjárfestingasafninu. Eftir sölu bréfanna og nýlegt skuldabréfaútboð er handbært fé FL Group 50 milljarðar króna. Þrátt fyrir söluna lítur Hannes enn á Bretland sem einn af lykilmörkuðum FL Group. „Okkur mun klárlega bera aftur niður í Bretlandi.“

FL Group kom inn í breska lággjaldaflugfélagið á haustmánuðum 2004 þegar gengi easyJet var í lágmarki og hefur keypt hlutabréf jafnt og þétt síðan. Gengið var upphaflega í rúmum 130 pensum en stóð í gær í 322 pensum og hafði lækkað um tíu prósent eftir tíðindin. Ávöxtun á hlutabréfunum hefur verið framúrskarandi eða 70 prósent á ársgrundvelli sem er langt umfram arðsemiskröfur félagsins. J.P. Morgan sér um sölu easyJet-bréfanna fyrir FL Group og hefur sölutryggt þau á ákveðnu verði.

Að undanförnu hefur FL Group verið að auka hlutdeild sína í Finnair. Hannes segir að töluverður munur sé á þessum tveimur fjárfestingum. Annars vegar sé Finnair mun minni fjárfesting en easyJet en hins vegar sé easyJet lággjaldaflugfélag, sem reki sig með lágum tilkostnaði. Finnair er að mörgu leyti eins og Icelandair, starfar á jaðarmarkaði og brúar bil milli tveggja til þriggja heimsálfa. Hannes bendir á að Finnair hafi náð sterkri stöðu á flugi til Asíu í gegnum Helsinki. „Við teljum að það séu ýmis samlegðaráhrif með Finnair og ýmsum rekstri okkar.“ **eggert@frettabladid.is**



**HANNES SMÁRASON, FORSTJÓRI FL GROUP** FL Group var stærsti hluthafinn í easyJet áður en félagið seldi öll bréf sín. Með sölunni hefur FL Group 50 milljarða umleikis til að fjárfesta í nýjum verkefnum.

# Fjallað verður um fákeppni

Samkeppniseftirlitið heldur morgunráðstefnu á föstudag um fákeppni í smærri hagkerfum. Valgerður Sverrisdóttir, viðskipta- og iðnaðarráðherra, flytur ávarp á ráðstefnunni ásamt íslenskum og erlendum sérfræðingum. Þá sitja forstjórar þriggja norræna eftirlitsstofnana ráðstefnuna.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir brýnt að fjalla um fákeppni í smáum hagkerfum. „Við höfum áhyggjur af því að samþjöppun sé heldur að aukast hér á landi og sjáum ástæðu til þess að vera á varðbergi fyrir aukinni fákeppni,“ segir hann. Reynslan sýni að fákeppni sé einkennandi í smærri hagkerfum.

Þá segir Páll að Samkeppniseftirlitið horfi til þriggja þátta í mati sínu hvort stofnunin sé í stöðu til að sinna hlutverki sínu. M.a. þurfi löggjöfin að vera í lagi. „Hún kann að vera í lagi á einum tíma en ekki öðrum vegna þróunar í atvinnulífinu,“ segir hann og bendir á að í smáum hagkerfum hafi komið til tals að setja strangari reglur vegna sérstakra aðstæðna. „Nú þegar Samkeppniseftirlitið hefur starfað í nokkra mánuði finnst okkur við hæfi að taka þetta mál til umfjöllunar,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins. **- jab**



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON** Forstjóri Samkeppniseftirlitsins segir reynsluna sýna að fákeppni einkenni smærri hagkerfi og hefur áhyggjur af aukinni samþjöppun hér á landi.

# FERMINGAR GJAFA VEISLA



Lenco

**Lenco MC129**
2x10w MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara, segulbandi og útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu.

SPILAR MP3 DISKA

TILBOÐ **9.995**
FULLT VERÐ **12.995**



**Philips MCM190**
2x10w MÍKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara með MP3 afspilun, Incredible Surround og Dynamic Bass Boost, 2-way hátölurum, segulbandi og útvarpi með stöðvaminnum, klukku, vekjara og fjarstýringu.

PHILIPS
SPILAR MP3 DISKA

VERÐ **14.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Philips MCM390**
2x30w Míkró SAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara, segulbandi, útvarpi með stöðvaminnum, Incredible Surround og Dynamic Bass Boost, 2 way hátölurum, og fjarstýringu.

PHILIPS
SPILAR MP3 DISKA

VERÐ **19.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Philips MCM9**
2x100w MÍKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara með MP3 og WMA afspilun, 2-way hátölurum, segulbandi og útvarpi með stöðvaminnum, klukku, vekjara og fjarstýringu.

PHILIPS
SPILAR MP3 DISKA

VERÐ **26.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Philips MCD510**
2x50w MÍKRÓSAMSTÆÐA með fjölkerfa DVD spilara, Dolby Digital og DTS út, Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost, útvarpi með stöðvaminnum, Component, SVHS og CVBS tengi, Digital Coaxal tengi, útgangi fyrir subwoofer, Aux, heyrnartólstengi, segulbandi, vönduðum viðarhátölurum og fjarstýringu.

PHILIPS
SPILAR MP3 DISKA

TILBOÐ **29.995**
FULLT VERÐ **39.995**

DVD VIDEO
Spilar DVD, DVD+R/RW og (S)VCD
Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG



**Philips MCM11**
2x150w MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara, segulbandi og útvarpi með stöðvaminnum, D klassa stafrænum magnara, 2x150w, 2 way viðarhátölurum, klukku, vekjara og fjarstýringu.

PHILIPS
SPILAR MP3 DISKA

VERÐ **39.995**
FRÁBÆRT VERÐ

## PHILIPS DVD VIDEO HEIMABÍÓ



SPILAR DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, SVCD – SPILAR CD, CD-R/RW, MP3/WMA OG JPEG

**Philips HTS3300**
Nett HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 300w (4x40+2x70w RMS) Digital magnara, 5 litlum hátölurum og bassaboxi, 4x Video Upsampling, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, FM útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu.

TILBOÐ **19.995**
FULLT VERÐ **29.995**

## PHILIPS DVD VIDEO HEIMABÍÓ DIVX VIDEO



SPILAR DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD/SVCD, MPEG4 OG DIVX 3.11/4.X/5.X SPILAR SACD, CD, CD-R/RW, MP3/WMA OG JPEG

**Philips HTS3500S**
HEIMABÍÓSETT með fjölkerfa DivX DVD spilara, 500w (4x75w og 2x100w RMS) Digital magnara, Progressive Scan, 4x Video Upsampling, 5 litlum hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með 20 stöðvaminnum, SCART (með RGB), S-Video og RCA tengi, Component (Y, Pr, Pb) tengi, Aux in og Digital Coaxal in og fjarstýringu.

TILBOÐ **28.995**
FULLT VERÐ **49.995**





## CASIO HLJÓMBORÐ

**Casio CTK800**
61 nótna HLJÓMBORÐ með ásláttarnæmi, 32 nótna pólífóníu, 500 hljóðum og 120 rythmum, 3ja skrefa kennslukerfi, LCD skjá með baklýsingu, tengi fyrir USB, míkrafón og pedala.

TILBOÐ **19.995**
FULLT VERÐ **24.995**

SOUND TECHNOLOGY CASIO



## CASIO RAFMAGNSPÍANÓ

**Casio CDP100**
88 nótna RAFMAGNSPÍANÓ með 32 nótna pólífóníu, 5 hljóðum og 20 rythmum, Midi In/Out, tengi fyrir 2 heyrnartól og 2 pedala. Spennubreytir og pedali fylgja.

VERÐ **44.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**Heimilistæki**
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Kosningabaráttan að hefjast:

## Smjörþefur orðaglímunnar

Í lok maímánaðar verður gengið til sveitarstjórnarkosninga. Hefðbundnum aðdraganda kosninga með vali frambjóðenda er um það bil að ljúka. Framundan er kosningabarátta um þau stefnumál og viðfangsefni sem frambjóðendur og forystumenn flokkanna vilja láta kjósendur dæma um.

Þess er varla að vænta að orðaglíman að þessu sinni hefjist af fullum þunga fyrr en eftir páska. Smjörþefinn hafa menn eigi að síður fengið nú þegar.

Svo sem efni standa til verða átökin um stjórn Reykjavíkurborgar fyrirferðarmest. Þau hafa aukheldur mesta almenna pólitíska skírskotun. Þar hafa þau veðrabrigði orðið að í fyrsta skipti í tólf ár á Sjálfstæðisflokkurinn raunhæfan möguleika á að endurheimta meirihluta í borgarstjórninni. Eins og sakir standa benda skoðanakannanir til að fylgi flokksins geti legið nærri því marki. En í því efni er ekkert gefið. Margt getur breyst á þeim tíma sem eftir er. Sjálf umræðuátökin eru eftir.

Eftir upplausn Reykjavíkurlistans er ljóst að tveir stjórnmálaflokkar, Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn, verða meginstoðirnar í borgarstjórninni. Gengi þriggja minni flokka, Framsóknarflokksins, Frjálslyndra og Vinstri grænna, getur þó haft úrslitaáhrif á þá stóru spurningu hvort einn flokkur verður kosinn til ábyrgðar eða hvort samsteypustjórn tveggja eða fleiri flokka mun ráða ríkjum.

Í reynd hefur það ávallt verið svo í Reykjavík, með aðeins einni undantekningu, að einn flokkur eða eitt sameiginlegt framboð hefur hlotið hreinan meirihluta borgarfulltrúa. Það hefur því aðeins einu sinni komið til þess að mynda hefur þurft meirihluta eftir kosningar. Það þótti gefast misjafnlega. Pólitísk ábyrgð hefur því jafnan verið skýrari í borgarstjórn Reykjavíkur en á Alþingi. Nú er meiri óvissa að þessu leyti en verið hefur í þrennum undangengnum kosningum.

Forystumenn þeirra flokka sem stóðu að Reykjavíkurlistanum komust að þeirri niðurstöðu á síðasta ári að pólitískur grundvöllur væri ekki fyrir samstarfi þeirra eftir næstu kosningar, að minnsta kosti ekki á sömu forsendum og áður. Nú er spurning hvort kjósendur í Reykjavík eru þeim sammála eða hvort þeir vilja senda þeim skilaboð um að halda áfram.

Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins riðu á vaðið í málefnabaráttunni með, að því er virðist, metnaðarfullri stefnuyfirlýsingu um úrbætur í málefnum aldraðra. Líklegt er að aðrir flokkar fylgi í kjölfarið á því sviði. Hér er um að ræða mál sem kallar á úrlausnir.

Að öðru leyti hefur umræða forystumanna flokkanna snúist um mál eins og hraðbraut fyrir sundin og hvort gera eigi nýjan flugvöll. Reyndar hafa deilur þeirra nær einvörðungu staðið um þessi efni. Vissulega þurfa þeir að hafa skoðanir á málum sem þessum því þau lúta að skipulagi borgarinnar.

Kjarni málsins er hins vegar sá að bæði svokölluð Sundabraut og Reykjavíkurflugvöllur eru á kostnaðarkönnu samgönguráðherra. Það fer illa á því að borgarfulltrúar gefi mikið af loforðum á kostnað ríkissjóðs. Kosningabarátta af því tagi er of ódýr.

Þegar út í sjálfa málefnabaráttu kosninganna er komið vilja menn heyra hvernig flokkarnir ætla að ráðstafa tekjum borgarsjóðs, ekki ríkissjóðs. Þess er að vænta að umræðan falli í þann farveg þegar til kastanna kemur.

TOYO Bestu dekkin í USA 8 ár í röð Tire Review Magazine

Klár í páskatúrinn ?
Toyo jeppadekk, margar stærðir


33"
Gerið gæða og verðsamanburð
Kynningarverð
Toyo All Terrain
33x12,5 R15
13.895,- stgr


38"
Kynningarverð
Toyo Mud Terrain
38x14,5 R16
31.950,- stgr.

NESDEKK Seltjarnarnesi Sími: 561 4110
KT verslun Akureyri
Njarðarnesi S. 466 2111
Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Belti og axlabönd

Þótt menn kunni að hafa áhyggjur þessa dagana af afdrifum bankanna í ölduróti verðbreytinga á peningamarkaði má ekki gleyma því að bankarnir eru með belti og axlabönd þegar þeir lána landsmönnum fé.

Nú eru stýrivextir Seðlabankans þeir hæstu í Evrópu og þeir mælast í stríðþöndum yfirdráttarreikningum. Landsmenn borga nú um eða yfir 20 prósenta vexti af þeim. Stjórnvöld – sem einblína á hagvöxt í krafti þekkingar – neyða þúsundir fátækra námsmanna á upphafsskeiði framhaldsnáms til þess að greiða bönkunum þessa ofurvexti í stað þess að beita Lánasjóði íslenskra námsmanna þeim til hagsbóta. Áhætta námsmanna getur verið mikil þegar beitt er fjöldakmörkunum eða fall er mikið í einstökum greinum og skólagjöld rukkuð í auknum mæli. Þessir nemar hafna í 20 prósenta yfirdráttarfjötrum bankanna eftir leiðsögn stjórnvalda. Ungmenni kaupa þar að auki húsnæði með 90 til 100 prósenta lánum mörg hver og átta sig ekki á því að 4,3 prósenta raunvextir eru í rauninni 8-10 prósenta vextir þegar bankarnir eru búnir að rukka fyrir verðbólguáhættunni með verðbótareglu-verk stjórnvalda að vopni. - Í lífríkinu er það hagur sníkjudýrsins að drepa ekki hýsil sinn. Ekki alveg.

### Félagshyggjuflakk



Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sagði á síðum Fréttablaðsins fyrir skemmstu að það væri til marks um hve keimlík hugmyndafræði félagshyggjuflokkanna í landinu væri að víða væru Framsóknarflokkurinn og Samfylkingin að bjóða fram sameiginlega lista eða sameinast um framboð fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í lok næsta mánaðar. - Í þessu ljósi ætti ef til vill að skoða flakk Petrínu Baldursdóttur milli stjórnmálaflokka í Grindavík. Hún varð þingmaður Alþýðuflokksins 1993 til 1995 eftir að Karl Steinar Guðnason þingmaður varð forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins. Petrína tók þátt í lokuðu prófkjöri Framsóknarflokksins í Grindavík á dögunum og hafnaði í öðru sæti á eftir Hallgrími Bogasyni bæjarfulltrúa. - Þessar línur eru ef til vill ekki jafn augljósar og Kristinn H. vill vera láta. Til að mynda yfirgaf Oktavía Jóhannesdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar á Akureyri, flokk sinn nýverið og gekk til liðs við Sjálfstæðisflokkinn. Sjálfsagt telur hún sig jafn mikla félagshyggjukonu eftir sem áður. **johannh@frettabladid.is**

## Áhöld um arðsemi

Í DAG
STÓRIÐJU-STEFNAN



ÞORVALDUR GYLFASON

*Landsvirkjun er almenningseign. Stjórn fyrirtækisins er skipuð fulltrúum stjórnmálaflokkanna; jafnvel framkvæmdastjórinn er fyrrverandi varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Ákvarðanir Landsvirkjunar eru því öðrum þræði pólitískar...*

Ein setning í pistli mínum hér í blaðinu fyrir þrem vikum fór fyrir brjóstið á vini mínum einum, sem er hlynntur stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Ég sagði: „Enn býst ríkið til að ráðast í risaframkvæmdir fyrir erlent lánsfé til að halda efnahagslífinu gangandi enn um sinn, þótt áhöld séu um arðsemi framkvæmdanna.“ Mig langar að gefnu tilefni að gera grein fyrir þessari skoðun. Ég er hvorki hlynntur né mótfallinn stóriðjustefnunni núna; ég er á báðum áttum vegna þess, að ég hef ekki aðgang að öllum þeim upplýsingum, sem ég þarf á að halda til að geta myndað mér skynsamlega skoðun á málinu. Það er vandinn.

Byrjum á pólitík. Landsvirkjun er almenningseign. Stjórn fyrirtækisins er skipuð fulltrúum stjórnmálaflokkanna; jafnvel framkvæmdastjórinn er fyrrverandi varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Ákvarðanir Landsvirkjunar eru því öðrum þræði pólitískar, ekki aðeins ákvarðanir um val milli ólíkra virkjunarkosta og önnur álitamál, sem eðlilegt er, að séu til lykta leidd á stjórnmálavettvangi, heldur einnig ýmis önnur mál, sem betur færi á að halda í hæfilegri fjarlægð frá stjórnmálamönnum. Af þessu leiðir ljósa hættu á því, að framsýnar arðsemiskröfur og einnig umhverfisviðmið þurfi að víkja fyrir skammsýnum stjórnmálasjónarmiðum. Hugmyndin um einkavæðingu Landsvirkjunar er sumpart sömu ættar og krafan um einkavæðingu bankanna, sem ég hreyfði fyrst í Morgunblaðinu 1987 og náði loks fram að ganga með sölu Búnaðarbankans og Landsbankans 2002, en þó ekki til fulls, því að stjórnarflokkarnir eiga eftir sem áður fulltrúa hvor í sínu bankaráði.

Það er hægt að færa ýmis gild rök með og á móti einkavæðingu orkufyrirtækis á borð við Landsvirkjun, sem nýtir fallvötn í almannaeigu. Rökin gegn einkavæðingu vega þyngra í mínum huga, enda hafa Norðmenn og Svíar sama hátt á eignarhaldi sinna virkjunarfyrirtækja og við. Ein röksemdin fyrir einkavæðingu Landsvirkjunar er sú, að þá væri girt fyrir freistingu stjórnmálamanna til að fara of geyst í virkjunarmálum á kostnað landsins til að kaupa sér atkvæði. Umhverfisverndar- og einkavæðingarsinnar eiga því langa samleið. Þeir geta sagt sem svo: Það hljómar kunnuglega, að framkvæmdirnar fyrir austan séu byggðamál og þar að auki mesta hagsmunamál fjórðungsins um mjög langt skeið og svo framvegis, því að einmitt þannig töluðu atkvæðaveiðimenn á sínum tíma um laxeldi og refarækt á ríkisins vegum. Þannig tala þeir, þegar þeir ætla sér undir niðri að tapa – og tapa stórt. Landsvirkjun í einkaeign byði ekki þessari hættu heim, væri vel á málum haldið. Nú tala stjórnmálamenn um fleiri álver og virkjanir um allt land, mörg álver í senn: þessi málflutningur hljómar eins og eftirdrunur kröfunnar um skuttogara á hvert heimili í kosningabaráttunni 1983. Það er engin furða, að Ísland er skuldum vafið.

Landsvirkjun hefði verið í lófa lagið að lægja öldurnar í kringum stóriðjustefnuna og draga úr efanum með því að leggja spilin á borðið: leggja fram arðsemisútreikninga, svo að áhugamenn utan fyrirtækisins – til dæmis alþingismenn - gætu lagt sjálfstætt mat á arðsemina fram í tímann í stað þess að þurfa að gizka í eyðurnar án þess að hafa fast land undir fótum. Þetta hefur Landsvirkjun ekki gert eins og lesandinn getur sannreynt með því að heimsækja vefsetur fyrirtækisins. Landsvirkjun kýs heldur, hvernig sem á því stendur, að leynd og myrkur hvíli yfir nokkrum mikilvægum þáttum málsins svo sem umsömdu orkuverði, sem nauðsynlegt er að vita, svo að hægt sé að reikna út væntanlega arðsemi eftir kúnstarinnar reglum. Landsvirkjun hefur að sönnu fengið málsmetandi utanaðkomandi sérfræðinga til að fara yfir dæmið eða einhverja þætti þess, en athuganir þeirra hafa samt ekki verið birtar almenningi. Þetta vinnulag skapar skiljanlega tortryggni og samrýmist ekki heldur höfuðreglu vísindalegra vinnubragða og góðrar stjórnsýslu, sem er þessi: menn leggja fram öll tiltæk gögn, svo að aðrir geti farið í saumana á þeim og sannreynt forsendurnar, greininguna og niðurstöðurnar, sem af þeim eru leiddar. Þannig og aðeins þannig komast menn á leiðarenda í vísindum.

Landsvirkjun hefur öndvert þessari vinnureglu kosið að leggja tiltæk gögn ekki fram og sá með því móti tortryggni í stað þess að stuðla að sáttum. Þar er efinn. Þess vegna treysti ég mér ekki eins og sakir standa til að taka afstöðu með eða á móti stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar.

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## LÚLLI STYÐUR VIÐ LÍKAMANN

Það getur verið gott að halla sér á stóran púða þegar slakað er á eftir erfiði dagsins. Elínborg Jónsdóttir hefur hannað einn nýjan sem heitir Lúlli.

HEIMILI 8

## SVALIR STRIGASKÓR

Strigaskór eru þægilegur skófatnaður og að auki bæði sumarlegir og flottir.

TÍSKA 3



# allt



## ALLT HITT

**[ TÍSKA FERÐIR HEIMILI HEILSA ]**



**Sumartískan** í varalitum miðast við að mála aðeins innri hluta varanna. Innri hlutinn er þá málaður með sterkari lit en sá ytri. Því fylgir að skærir og sterkir litir eins og appelsínugulur og rauður verða vinsælir í sumar.

**Aukalungu** eða snjóflóðalungu verða staðalbúnaður í Black Diamond-bakpokum næsta haust enda er mikilvægt að vera vel búinn í ferðalagið ef farið er um snjóflóðasvæði. Einnig er hægt að kaupa þau stök, meðal annars á síðunni www.bdel.com.

**Tilboð** er á vörum til útsaums í versluninni Nálinni á Laugavegi 8. Þar er hægt að finna margar fallegar myndir með allt að 20% afslætti.

**Allt** að 50-70% afsláttur er á margs konar vörum og þjónustu í Sporthúsinu í dag og jafnvel er sumt ókeypis. Húsið verður opið frá 16.00 til 19.00 og verða tilboðin í gangi þá. Meira um þetta á www.isf.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 6. apríl, 96. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.28 | 13.30 | 20.34 |
| Akureyri | 6.09 | 13.15 | 20.23 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Fyrirsæta sýnir fallegan hvítan kjól frá Fendi. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Útsaumað og skemmtilegt

***Í vorlínu flestra hönnuða má finna að minnsta kosti einn hvítan kjól, fallega útsaumaðan og stelpulegan.***

Blúndur, útsaumur og rósótt munstur í hvítum kjólum verða einkunnarorðin í tískunni í vor. Hönnuðir helstu tískuhúsanna voru greinilega mjög hrifnir af þessu eins og sjá mátti þegar þeir sýndu vor- og sumartískuna.

Nánar á bls. 2



Draumahúsið hefur boðið indverskar vörur í miklu úrvali í tvö ár. Undirtektir hafa verið slíkar að eigendurnir þurfa að fara tvisvar til þrisvar á ári til Indlands að kaupa inn.

## Indversk verslun í helgarferð

INDVERSKRA OG ÍTALSKRA ÁHRIFA MUN GÆTA Í BLAND UM HELGINA Í KAFFIBÚÐINNI Í HAMRABORG.

Það er ekki á hverjum degi sem heil verslun tekur sig upp og fer í helgarferð landshluta á milli. Samt er það einmitt það sem verslunin Draumahús á Seyðisfirði gerir um helgina.

Verslunin sérhæfir sig í indverskum vörum, hefur starfað í tvö ár og fengið feykigóðar undirtektir. Á laugardag fá Sunnlendingar tækifæri til að skoða úrvalið því verslunin verður í helgarferð með viðdvöl í Kaffibúðinni í Hamraborg í Kópavogi.

„Kaffibúðin býður ítalskt eðalkaffi og við ætlum að blanda indverskri stemningu við það. Við verðum með mikið úrval í einu horni í Kaffibúðinni á laugardag frá tvö til sjö," segir Ríkey Kristjánsdóttir sem rekur Draumahúsið ásamt tengdamóður sinni. Þær fara sjálfar til Indlands tvisvar til þrisvar á ári til að kaupa inn vörur beint af framleiðendunum, en úrvalið er mjög fjölbreytt þó áhersla sé lögð á vandaðar handunnar vörur.

Barnahúsgögn sem stækka

Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.



3ja ára



6 ára



9 ára



12 ára

www.design.is @ 2006

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is

**Skærir litir** eru málið í sumar. Allt er leyfilegt svo lengi sem litirnir passa saman. Ekki vera feiminn, njóttu litadýrðarinnar.










Vivienne Tam.



Emilio Pucci.



Anna Sui.

# Hvítir og stelpulegir

***Hvítir kjólar verða áberandi í vor og sumar. Á tískusýningunum voru kjólarnir fallega útsaumaðir og stelpulegir í sniðinu.***

Á tískupöllunum þar sem vortískan var sýnd bar mikið á hvítum kjólum. Þeir voru svo fallegir að halda mætti að hönnuðirnir hafi sérstaklega verið að æfa sig í útsaumi. Fallegt handverkið sást í blúndum og ýmiss konar útsaumi svo sem augnsaumi og flatsaumi. Karl Lagerfeld virðist hafa sótt innblásturinn í servíettur og litla blúndudúka og notaði leisigeisla til að klippa út rósótt munstrin. Phoebe Philo hjá Cloé var greinilega undir áhrifum sjöunda áratugarins og voru fyrirsætur sýningarinnar sakleysið uppmálað.

Vorkjólarnir eru stelpulegir. Þeir eru hnésíðir og hvorki flegnir né aðsniðnir heldur einfaldir og beinir niður.



Philosophy.



Betsey Johnson.



Calvin Klein.



Behnaz Sarafpour.



Dolce & Gabbana.



Chloé.




# Svalir strigaskór

*Strigaskór eru þægilegur fótabúnaður og þar að auki bæði sumarlegir og flottir.*

Strigaskór eru eins fjölbreyttir og þeir eru margir en það getur reynst þrautinni þyngri að finna strigaskó við hæfi. Þó að finna megi fjölmargar tegundir kemur fyrir að maður rekst á fólk úti á götu sem er í alveg eins strigaskóm og maður sjálfur. Mörgum er reyndar alveg sama en sumum finnst það óþægilegt.

Áður en strigaskór eru keyptir er oft skemmtilegra að kíkja í margar verslanir og fá að máta hinar ýmsu tegundir. Þá fæst betri tilfinning fyrir strigaskónum og hægt er að átta sig betur á því hvað maður vill og hvað ekki.

Eins og í öðrum tískugeirum eru strigaskór sumarsins í ár með fortíðarblæ.

Sterkir og áberandi litir eru mjög vinsælir og jafnvel líka frumleg munstur. En eins og með annað er allt leyfilegt og eru strigaskór þar engin undantekning.


Nike.


Smash.


Retro


Deres.


Converse.



Halldóra Jónsdóttir hársnyrtir hefur hafið störf hjá okkur.
Scala
HÁRGREIÐSLUSTOFA
Tímapantanir í síma 553 1033
Lágmúla 5 • 108 Reykjavík • www.scala.is



NÝ SENDING
AF SUNDFATNAÐI FRÁ ANITA
FJÖLBREYTT ÚRVAL
Stærðir 36-50

Anita
Sigurboginn
Sigurboginn • Laugavegi 80
s.561 1330




## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

## Á bleikum kjólum

Ekki veit ég hvort sú afturhvarfstíska sem er í gangi um þessar mundir hefur eitthvað með tilvistarvanda okkar að gera eða hvort fólk vanti einhverja framtíðarsýn eða trú. Hér í borg tísku og verkfalla í það minnsta er mikið horft til ´68. Hvað um það, herratískan í sumar er meðal annars mótuð af bítlatímanum en þó ekki eingöngu. Á sama tíma er ekki hægt að segja að það sé mikið um stórkostlegar nýjungar nema ef vera skyldi herrakjólarnir hjá Wendy og Jim. Einn þeirra er bleikmunstraður og nær rétt undir geirvörtur sem eru berar. Kannski það sem koma skal en vissara að hafa eitthvað með yfir axlirnar í Reykjavík.

Herratískan í sumar hefur það þó fram yfir kventískuna að bjóða upp á fleiri liti. Meðan konur verða í hvítu með örlitlu svörtu og örfáum litum í bland verða herrarnir í laxableiku, maísgulu, viðarbrúnu, mosagrænu og sæbláu.

Ég veit ekki hvort þetta er góður Íslandsklæðnaður þar sem meðalsumarhitinn er um 14 gráður en í ár eru það bermúdabuxur eða kvartbuxur sem allir herrar verða að eiga. Það er kannski hægt að harka af sér yfir hásumarið á Íslandi og skella sér í styttri buxur. Svo má ekki gleyma að helmingur þjóðarinnar verður á faraldsfæti í sumar og því nauðsynlegt að eiga að minnsta kosti einar fínar hálfbuxur fyrir kvöldin. Allra flottastar eru hnébuxur Jean-Paul Gaultier bæði einlitar og röndóttar með reimum til að herða skálmarnar um hnén. Alexander McQueen hefur kvartbuxurnar hins vegar víðar eða þá með uppábroti eins og á skátabúningi.

Margir hönnuðir hafa smitast af röndum Soniu Rykiel sem eins og endranær er litaglöð. Bæði hjá H og M og Christera eða Missioni, svo dæmi séu tekin, eru röndóttar peysur í hávegum hafðar, gjarnan með V-hálsmáli, í öllum útgáfum af bleiku, laxa-, fúksíu- og rósableiku. Minnir á pelargóníurnar sem mamma var með hér áður fyrr í stofuglugganum. Með bleiku röndunum er svo brúnt, myntugrænt og maísgult.

Pólóbolir eru allir bleikir þetta árið, meira að segja hjá Prada sem þó er ekki mikið fyrir byltingar í herrafatnaði. Annars er hægt að segja að herralínan frá Prada þetta sumarið sé í heild sinni falleg sem og sportlínan, þó ekki verði nú allir í mosagrænum jakkafötunum þetta árið.

Svo er það kúrekastíllinn sem ekki sást þó mikið á sýningarpöllunum þegar sumartískan var kynnt en má til dæmis finna hjá Dsquered2, sem að sögn kemur til vegna velgengni Brokeback Mountain í kvikmyndahúsunum undanfarið. Nú verða allir gæjar að eiga köflótta kúrekaskyrtu við dökkbláar gallabuxur því þvegið gallaefni er algjörlega búið í bili.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*



Stuttkápur
Leðurjakkar
Vattjakkar
Rúskinnsjakkar
Heilsuárúlpur
Hattar og Húfur
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6
S: 588 5518 • Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 10-16





















Sólveig Birna Gísladóttir förðunarfræðingur flytur inn NYX. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Ódýrar gæðavörur

***Snyrtivörulínan NYX Cosmetics fæst nú hérlendis.***

Snyrtivörulínan NYX Cosmetics er komin til landsins. Förðunarfræðingurinn Sólveig Birna Gísladóttir flytur inn og selur þær á snyrtistofunni Airbrush & makeup gallery í Hafnarfirði. „Vörurnar eru frá Los Angeles en ég frétti fyrst af þeim frá förðunarmeistara sem vinnur í New York. Í framhaldinu ákvað ég að prófa þær og varð yfir mig hrifin,“ segir Sólveig sem hefur unnið við förðun í tíu ár, bæði í sjónvarpi, kvikmyndum, leikhúsi og við kennslu. Hún lærði í Bandaríkjunum, Danmörku og Englandi og hefur því komið víða við. „Ég hef prófað ýmsar vörur um árin og varð rosalega hrifin af NYX. Gæðin eru sambærileg við bestu merkin á markaðnum en verðið er mun lægra sem mér fannst rosalega mikill plús.“

Merkið NYX er aðeins sjö ára gamalt og er í hraðri þróun. „Fyrirtækið kemur mjög sterkt inn núna og vörurnar eru meðal annars fáanlegar í Englandi, Hollandi, Þýskalandi, Mexíkó og Kanada.“



Blár og bleikur eru sumarlegir litir og verður blár maskari til dæmis mjög vinsæll á næstunni.



Í NYX fæst nánast allt sem viðkemur andlitsfarða.

Í merkinu fæst nánast allt sem við kemur andlitsfarða og er fjölbreytnin mikil. „Litaflóran er alveg rosalega flott og mikið úrval af augnskuggum, glossum, varalitum, augnblýöntum og naglalökkum. Ég hef prófað ýmsa augnskugga í gegnum tíðina og þessir haldast mjög vel á, það er mikill þéttleiki í þeim og litur.“

Aðspurð um sumartískuna í snyrtivörum segir Sólveig það vera björtu litina. „Það eru sumarlitirnir, allt frá bleiku yfir í blátt. Sólarpúður og gloss eru líka alltaf mjög vinsæl á sumrin.“

*mariathora@frettabladid.is*

# Þverslaufur í sumar

***Þverslaufur hafa ekki verið í tísku síðan Michael Douglas gekk með eina slíka í Wall Street árið 1987. Þetta er að breytast.***

Lengi vel voru það aðeins prófessorar og sérvitringar sem gengu með þverslaufur. Núna eru þverslaufurnar að komast aftur í tísku en sitt sýnist hverjum í þessum efnum. Indriði klæðskeri segir að tískan fyrir karlmenn sé að þróast í átt að herralegri sniðum og þar kemur slaufan við sögu. „Slaufur eru að verða vinsælli og einnig hálsklútar. Hver hefði trúað því?“ spyr Indriði.

Litadýrðin í slaufunum er allsráðandi. Djörfung og hugur, sýnum vorn dug, gætu verið einkunnarorðin. Í Iðunni á Laugavegi er sama uppi á teningnum en eigandi búðarinnar, Helgi Njálsson segir að með sumrinu komi litirnir. „Fólk vill sjást og þá velur það sér skærari liti, þannig er sumarið,“ segir Helgi og hlær.

Þverslaufan er þó ekki allra. Sævar Karl t.d. vildi ekki kannast við aukningu á sölu í slaufum en hann tók það fram að vitaskuld ætti hann nokkrar slíkar fyrir þá sem þess óskuðu.



Skærir litir með munstri í slaufu frá Indriða.

Þessi slaufa frá Indriða er látlausari en hinar en samt sem áður lífleg.

Indriði er hrifinn af þessari enda munstrið skemmtilegt.

Æpandi litir og bullandi gleði í þessari slaufu í Iðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






# Snyrtivörur af vígvellinum

***Nú hefur fyrrverandi leyniskytta úr breska hernum, Mark Snowdon, sett á markað hátísku hárvörur.***

Það er fátt líkt með tískubransanum og stríði þótt sumir kunni að segja að í tískuheiminum ríki stríð. Snowdon hefur nú hætt sér út á vígvöllinn með hársnyrtivörur fyrir karlmenn að vopni.




Línan, sem kallast Lock, stock and barrel að hermanna sið, er ætluð karlmönnum og hægt er að fá ýmsar vörur innan hennar.

Vörurnar innihalda mikið af keratíni, amínósýrum og náttúrulegum pólýmerum. Þessi efni eiga að bindast í frumum í hársverði og styrkja hárið.

Lock stock and two smoking barrels LS&B hair gum hárvörur

# Leyndarmál Vogue

***Anna Wintor, ritstjóri Vogue í tuttugu ár, hefur upplýst leyndardóminn að velgengni blaðsins.***

Í starfi sínu hefur Anna haft þrjár gullnar reglur að leiðarljósi. Í fyrsta lagi þá stefnir hún hátt. „Við spörum í engu og það er alltaf eitthvað sem kemur á óvart,“ segir Anna í leiðara sínum í nýjasta hefti Vogue.

Í öðru lagi skemmtir hún sér konunglega. „Ég get sent hiphop stjörnur á bikinisýningar og sett barnshafandi konu í gullbikiníi á forsíðuna,“ segir Anna.

Í þriðja lagi segist hún fylgjast vel með öllu sem er að gerast. „Þegar þú ert kominn í þá aðstöðu að geta haft áhrif áttu að nýta þér það,“ segir Anna. Vogue hefur um árabil kynnt marga unga hönnuði frá New York og um leið styrkt efnilega hönnuði til frekari afreka.

Að lokum segir Anna að það sem rekur hana áfram í starfi sé að skilgreina orðið Vogue. „Hvað er Vogue? Þetta er sú spurning sem fær mig til að mæta í vinnuna á morgnana,“ segir Anna. „Í hvert sinn sem ég held að ég sé komin með svarið þá kemur eitthvað nýtt upp og breytir skilgreiningu minni. Þetta gerir starfið hvetjandi, skemmtilegt og örvandi.“

Jennifer Aniston prýðir forsíðu aprílheftisins af Vogue.





Marc Jacobs er einn þeirra hönnuða sem eru tilnefndir til aðalverðlaunanna Kventískuhönnuðurinn 2006.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Tilnefningar tískuóskarsins

***Tískuóskarinn verður afhentur í New York 5. júní.***

Kynnt hefur verið hverjir tilnefndir eru til tískuóskarsins 2006 en verðlaunin verða afhent í New York þann 5. júní.

Fjórir hönnuðir keppa um titilinn Kventískuhönnuður ársins 2006. Það eru þeir Francisco Costa hjá Calvin Klein, Lazaro Hernandez og Jack McCollough hjá Proenza Schouler og Marc Jacobs. Enn fremur eru Ralph Lauren, Thom Brown og Alexandre Plokhov hjá Cloak tilnefndir fyrir herratískuhönnun sína og Tom Binns, Marc Jacobs og Michael Kors eiga möguleika á að hljóta titilinn Fylgihlutahönnuður ársins 2006. ■

# Endurkoma Helmuts Lang

***Helmut Lang gæti brátt birst aftur á aðalsviði tískuheimsins.***

Hinn austurríski Helmut Lang hefur um árabil verið eitt af stærstu nöfnum tískuheimsins. Á síðustu árum hefur nafn hans hins vegar ekki selst eins vel og áður. Lenti Lang meðal annars í deilum við Prada-samsteypuna sem enduðu með því að Lang ákvað að stíga af sviðinu í febrúar í fyrra. Í síðustu viku seldi Prada síðan Helmut Lang-tískuhúsið til Link-Theory Holdings.

Nú hefur forseti og stjórnarformaður Link-Theory, Chikara Sasake, látið það uppskátt að dyrnar standi Lang opnar vilji hann stíga um borð á ný. Sasake á að hafa átt fund með Lang þar sem rætt var um mögulega endurkomu hans. Að sögn International Herald Tribune mun tilboðið þó ekki standa mjög lengi því Sasake er núna að leita að aðalhönnuði fyrir tískuhúsið sem bjóða mun upp á sína fyrstu línu sumarið 2007 og því er tíminn knappur. ■



Austurríski hönnuðurinn Helmut Lang hefur ekki komið nálægt tískuheiminum frá því í febrúar í fyrra.



**Píslargangan** umhverfis Mývatn fer fram að vanda á föstudaginn langa. „Ég herrans pínu minnast vil,“ eins og segir í sálminum.








Bled-vatn er ein helsta náttúruperla Slóveníu.

# Slóvenía skoðuð í litlum hópi

*Slóvenía hefur áunnið sér sess sem áfangastaður ferðaþyrstra Íslendinga. Ferðaskrifstofa Íslands hefur skipulagt tvær ferðir þangað í maí og er hvor með sínu sniði.*

„Við bjóðum annars vegar upp á gönguferð um Slóveníu og hins vegar upp á það sem við viljum kalla upplifunarferð um Slóveníu,“ segir Jón Baldur hjá Ferðaskrifstofunni sem sjálfur verður fararstjóri í síðarnefndu ferðinni.

Jón Baldur fór í ferð um Slóveníu síðastliðið haust og hreifst mjög af landinu. „Við viljum kynna það nánar fyrir Íslendingum og höfum því sett saman þessar ferðir sem sýna vel upp á hvað landið hefur að bjóða.“

Báðir hópar fljúga til Búdapest 8. maí og er flogið heim frá Trieste 15. maí. Leiðir skilja þegar komið er út. Gangan hefst í héraðinu Jeruzalem í austanverðri Slóveníu en það hérað er þekkt fyrir góð vín. Henni lýkur í höfuðborg Slóveníu, Ljúbljana. Meðal þess sem skoðað verður á leiðinni eru júlíönsku Alparnir og hið rómaða vatn Bled sem telst ein helsta náttúruperla Slóveníu.

Jón Baldur segir gönguferðirnar fremur þægilegar, þó allt að 900 metra hækkun sé suma dagana. „Farangri er ekið á milli áfangastaða þannig að burður er lítill sem enginn.“ Í gönguferðinni sem og hinni ferðinni er leitast við að gefa fjölbreytta mynd af Slóveníu, „Leiðin liggur þvert yfir landið, og þó um gönguferð sé að ræða þá gefum við gaum að öðrum hlutum. Við förum í vínsmökkun, skoðum hella og borðum í miðaldakastala svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Jón Baldur.

Hin ferðin er á menningarlegri nótum. „Við munum gefa menningunni gaum og leggjum mikið upp úr því að komast í tengsl við fólkið í landinu.“ Í ferðinni sem Jón Baldur vill kalla upplifunarferð verður til dæmis farið í flúðasiglingu, hjólað um eyðidal og höfuðborgin skoðuð. Borðað verður í Miðjaðarhafsborginni Piran en þess má geta að strandlengja Slóveníu er 46 kílómetrar. Ferðalangar í þessari ferð fá því að kynnast fjölbreyttu náttúrufari enda til þess tekið hversu margbrotið landslag Slóveníu er. Á innan við klukkutíma má sjá náttúrufarið og mannlífið taka stökkbreytingu þegar ekið er frá Miðjarðarhafsströndinni með tilheyrandi loftslagi upp í 1600 metra há fjallaskörð milli hrikalegra klettahlíða.

Gönguferðin kostar tæpar 100.000 en upplifunarferðin tæpar 125.000 krónur. Miðað er við 20-25 þátttakendur í hvorri ferð. Nánari upplýsingar um ferðirnar má finna á heimasíðu Ísafoldar www.isafoldtravel.is. Frekari upplýsingar um Slóveníu má meðal annars finna á síðunni www.slovenia-tourism.se.

sigridur@frettabladid.is



Gengið um fallegt gil.



Við Bohinj-vatn er fagurt um að litast.



Ferðalangar reyna að ná áttum.




## HVERT ERTU AÐ FARA?

# Á leið til Nepal í brúðkaup

*Kjartan Hallgeirsson er á leið til Nepal í brúðkaup.*

„Ég er á leið til Nepal í brúðkaup hjá æskuvini mínum Kristjáni Edwards,“ segir Kjartan Hallgeirsson fasteignasali. „Ég flýg til Katmandú, höfuðborgar Nepal, í byrjun næstu viku. Leiðin liggur auðvitað um London,“ segir Kjartan sem fer í brúðkaupið ásamt vinum sínum þeim Jóni Gunnari Þorsteinssyni og Jóni Mími Einvarðssyni. „Við verðum nokkra daga í Katmandú og skoðum okkur um þar. Þaðan liggur leiðin í Chitwan-þjóðgarðinn í Nepal en þar mun brúðkaupið fara fram. Brúðguminn rekur Tiger tops-ferðaþjónustuna sem meðal annars rekur gististaði í Nepal, þar á meðal í þjóðgarðinum. Þar munum við örugglega fara í safaríferðir á fílsbaki sem er víst mjög ævintýralegt.“

Brúðkaupið sjálft er á páskadag en að páskum loknum mun Kjartan halda áfram til Pokahara, í vesturhluta Nepal. „Gististaðurinn er í hálftíma fjarlægð frá Pokhara, hátt uppi í fjöllum. Útsýnið yfir Machhapuchhare-fjallgarðinn er víst meiri háttar fallegt,“ segir Kjartan sem enn hefur ekki tekið ákvörðun um hvort hann fer í lengri eða styttri gönguferð um nágrennið eða hvort hann lætur sér nægja að virða fyrir sér útsýnið af sundlaugarbakkanum. „Það verður að minnsta kosti örugglega gaman,“ segir Kjartan sem hefur ekki farið jafn langa leið í brúðkaup áður. „Við félagarnir höfum heldur ekki varið svona miklum tíma saman í langa tíð og við hlökkum mikið til þess.“



Kjartan Hallgeirsson fer alla leið til Nepal í brúðkaup í næstu viku.





Jöklar heilla margan ferðalanginn.

# Undur Íslands

***Hvað selur Ísland? er meðal spurninga sem Samtök ferðaþjónustunnar velta fyrir sér.***

Aðalfundur Samtaka ferðaþjónustunnar, SAF, verður haldinn í dag. Aðalumræðuefni fundarins í ár tengist spurningunni um hvað það er sem selji Ísland og hvar sköpunarkrafturinn í íslenskri ferðaþjónustu liggi? Meðal þeirra sem halda erindi eru Hermann Haraldsson, framkvæmdastjóri OMD Nordic sem er eitt helsta markaðsfyrirtæki á Norðurlöndum. Markaðstorg SAF verður haldið á morgun. Þá verður flutt erindi um markaðssetningu Icelandair og hvað þurfi til að laða að bandaríska ferðamenn til landsins.

# Göngutúrar um miðborg Lundúna

***London er þekkt fyrir leikhússlífið og skemmtileg söfn, en það er einnig gaman að ganga um borgina .***

London Walks er heiti á fyrirtæki í London sem sérhæfir sig í göngutúrum um London og fleiri staði í Bretlandi. Fyrirtækið hefur verið starfrækt frá árinu 1960 og liggur því mikil reynsla að baki starfseminni.

Boðið er upp á alls konar gönguferðir á öllum tímum dags. Boðið er upp á göngur um söguslóðir, „pöbba-rölt“, göngur um fallega staði, gönguferðir um leynda staði og milli venjulegra ferðamannastaða. Hægt er að fara í Shakespeare- og Dickens-göngu, „Jack the Ripper Hunt“-göngu og „The Beatles Magical Mystery Tour“.

Gönguferðirnar kosta tæpar 800 krónur eða sex pund og er ókeypis fyrir börn undir 15 ára aldri í fylgd með fullorðnum og afsláttur fyrir eldri borgara.

Frekari upplýsingar er að finna á www.london.walks.com

Hægt er að skoða helstu ferðamannastaði sem og leyndarmál Londonborgar í þessum gönguferðum.



## páskar}



## Þórsmörk um páskana

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS MEÐ GÖNGUFERÐIR Í ÞÓRSMÖRK UM PÁSKANA.

Ferðafélag Íslands býður upp á dagslangar gönguferðir í Þórsmörk um páskana. Lagt verður af stað í gönguferðirnar frá Skagfjörðsskála í Þórsmörk.

**Á fimmtudag, skírdag,** verður gengið sunnan Valahnjúks í Hestagil og Valahnjúksból skoðað. Síðan haldið upp gilið og upp á Valahnjúk og útsýnisins notið. Þaðan er farið í Sönghelli og Húsadal og síðan framhjá Snorraríki á leiðinni til baka í skála. Lagt er af stað klukkan 14.00.

**Á föstudaginn langa** verður gengið norður Laugaveginn að Þröngá, síðan í austur upp með ánni að Rjúpnafelli. Þaðan farið niður í Tindfjallagilið og að lokum heim um norðurhlíðar Tindfjalla og niður Slyppugil. Lagt af stað klukkan 11.00.



**Laugardaginn 15. apríl** verður gengið inn Krossáraura og inn Litlaenda yfir Stóraendahrygg og niður Stóraenda. Haldið áfram inn aurana eitthvað inn fyrir Búðarhamar og þar leitað uppgöngu. Gengið til baka um norðurhlíðar Tindfjalla og niður Slyppugilshrygginn. Lagt af stað klukkan 11.00.

**Á páskadag** verður ekið inn að göngubrúnni á Hruná og þaðan gengið inn að Krossárjökli og ef tími vinnst til einnig inn að Tungnakvíslarjökli (æskilegt er að vera með vaðskó þennan dag). Lagt af stað klukkan 11.00.

**Á annan í páskum** verður gengið yfir hálsinn inn í Húsadal og síðan í Sóttarhelli. Þaðan verður leitað uppgöngu á Merkurranann og gengið eftir honum að Valahnjúki og sem leið liggur niður í skála.
Ókeypis er í gönguferðirnar. Fararstjóri en Trausti Pálsson.





**Gulur** er liturinn sem nú skal skreyta heimilið. Gult er litur hátíðar og gleði og á vel við á páskum.




# Lúlli styður við líkamann og lagar sig vel að honum

***Það getur verið gott að halla sér á stóran púða þegar slakað er á eftir erfiði dagsins. Elínborg Jónsdóttir hefur hannað einn nýjan sem heitir Lúlli.***



Elínborg er bólstrari að atvinnu og ætlaði að gleðja börnin sín með Lúlla en nú eru fleiri komnir á bragðið. FRÉTTABLAÐIÐ PJETUR

„Ég hugsaði þetta sem unglingahúsgagn en það hefur aflað sér vinsælda hjá fleiri aldurshópum,“ segir Elín sem rekur bólstrun á Álftanesi og hefur nú byrjað framleiðslu á stórum púða sem þykir þægilegur. Hún kveðst upphaflega hafa ætlað púðann í unglingaherbergin á sínu heimili enda hafi stóru púðarnir úr stofunni iðulega verið komnir þangað. „Krakkarnir voru að reyna að koma sér vel fyrir við sjónvörpin eða tölvurnar og vantaði stuðning við bakið. Ég ákvað að reyna að búa til eitthvað sem væri þægilegt fyrir þau og eftir nokkra umhugsun varð Lúlli til,“ segir hún. Síðan segir hún hróður Lúlla hafa vaxið og nú sé fólk á öllum aldri farið að nota hann. „Nokkrar nýbakaðar mæður hafa fengið púða og þykir gott að nota þá við brjóstagjöf. Einn leikskóli fékk nokkra til að nota sem hægindi fyrir börnin, þau geta byggt úr púðunum, eða notað þá fyrir hesta. Eldra fólki þykir hann líka góður til að lesa við en vinsælastur er Lúlli samt hjá unglingunum. Fólk sem hefur keypt hann hefur komið aftur til að kaupa meira. Það sýnir að hann er að virka.“



Litlu krakkarnir geta notað Lúlla fyrir sófa.

Lúlli er samsettur úr tveimur misstórum púðum sem festir eru saman og hægt er að snúa þeim að vild. Fyllingin er frauðkúlur og áklæðið er mjúkt en slitsterkt og til í nokkrum litum og mynstrum. Það þolir líka að vera tekið utan af og sett í þvottavél. Elínborg segir strákinn sinn stundum skella Lúlla uppá endann og nota hann fyrir náttborð og þegar undrast er hversu notagildið sé mikið svarar hún. „Þetta er að minnsta kosti nýjung sem hefur ekki verið á markaðinum áður.“

*gun@frettabladid.is*



Mæður með börn á brjósti láta fara vel um sig er þær halla sér upp að Lúlla.









# Góð kaup

***Notuð húsgögn hafa sinn sjarma.***

Í verslunum með gömul húsgögn má iðulega gera góð kaup. Hvert heimili fær líka skemmtilegri blæ ef blandað er saman gömlum og nýjum húsgögnum. Í versluninni Góða hirðinum í Fellsmúla má finna húsgögn á afar hagstæðu verði. Gott er að gera sér tíðar ferðir þangað ef leitað er að ákveðnum gerðum af húsgögnum. Eigulegustu húsgögnin staldra líka afar stutt við þannig að best er að líta við í búðinni reglulega, þegar hugmyndin er að hressa upp á heimilið. Þegar gömul húsgögn eru skoðuð er gott að hafa í huga að auðvelt getur verið að flikka upp húsgögn og láta þau þar með í endurnýjun lífdaga.

Því fer fjarri að Góði hirðirinn sé eina verslunin þar sem gera má góð kaup á notuðum húsgögnum. Í Skeifunni á Smiðjuvegi má líka gera góð kaup svo eitthvað sé nefnt.

húsráð }



## Svampinn í örbylgjuna

Eigi að sótthreinsa skítuga og illa lyktandi svampa er gott að þvo svampinn mjög vel og hita hann í örbylgjuofninum í stutta stund meðan hann er blautur. Þegar þú sérð gufa úr svampinum eru bakteríurnar í honum dauðar. Taktu hann varlega út því hann er mjög heitur. Þvoðu síðan svampinn aftur mjög vel fyrir notkun. Ekki er hægt að gera þetta við svampa með málmi í.



## Ódýr diskamotta

EKKI ÞARF ALLTAF AÐ KOSTA MIKLU TIL ÞEGAR LÍFGA SKAL UPP Á HEIMILIÐ.

Auðvelt er að lífga upp á matarborðið með litlum tilkostnaði, þökk sé versluninni Söstrene Grene. Þar má fá þessar fínu diskamottur á 37 krónur stykkið. Ódýrara gerist það varla.

# Heimatilbúin súkkulaðiegg

***Það getur verið skemmtilegt að búa til sín eigin páskaegg.***

Í versluninni Pipar og salt á Klapparstíg 44 eru seld páskaeggjaform. Formin hafa verið til sölu í versluninni í fimmtán ár og er á hverju ári keypt eitthvað af þeim. „Við vorum með fimm stærðir en núna eru aðeins eftir svona þrjár til fjórar stærðir. Þetta er mjög ódýrt og er í raun búið að borga sig eftir fyrstu notkun. Svo er hægt að nota þau ár eftir ár og borgar þetta sig því margfalt að lokum,“ segir Sigríður Þorvarðardóttir verslunarkona.

Stærðin á eggjunum nær allt frá hænueggjastærð upp í stærð sex í páskaeggjastærðum. „Þessi litlu koma í mótum fyrir 6 egg og kosta 490 krónur og þau stærstu koma í mótum fyrir eitt egg og kosta 990 krónur. Botnarnir koma sér og kosta 490 krónur. Þetta eru því mjög ódýr egg sem fást með þessu móti. Svo líta þau út eins og öll venjuleg páskaegg.“

Með mótunum fylgir uppskrift að súkkulaði til að nota í eggin og allar leiðbeiningar. „Uppskriftin sem fylgir hentar einstaklega vel til páskaeggjagerðar. Það þarf að nota svolítið af hjúpsúkkulaði en þetta er mjög góð blanda. Svo erum við líka með konfektmót sem eru alltaf mjög vinsæl fyrir allar hátíðar.“ Gætu konfektmótin hentað vel þeim sem leggja ekki í heilt páskaegg um páskana.

Eggin er svo hægt að fylla með nammi eða hverju því sem manni dettur í hug og verða fyrir vikið persónuleg og skemmtileg.


Form fyrir stórt egg.


Fótur undir páskaeggin.


Meðalstórt form.








allt bílar
Alla laugardaga



opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 sunnudaga 13-16

30% afsl. af allri indverskri vöru

mira art HÚSGÖGN

bæjarlind 6 201 kópavogi sími 554 6300 www.miraart.is



PÍANÓSTILLING.IS

Kristinn Leifsson - Leifur Magnússon
S. 661-7909



SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

# Ódýrt fyrir gluggana

***Verslunin Z-brautir og gluggatjöld er með útsölumarkað Bónusmegin í húsinu í Faxafeni 14.***

Þeir sem eru að leita að nýjum gluggatjöldum fyrir vorið ættu að kíkja inn á markað sem er í Faxafeni 14, við hliðina á Bónus. Það er verslunin Z-brautir og gluggatjöld sem þar selur efnisstranga og búta á verulega lækkuðu verði. Sem dæmi um verð má nefna að metrinn er á 100-800 krónur af flestum efnum, hvort sem um er að ræða fína bómull, polyester eða aðrar gerðir. Einnig eru á boðstólum tilbúnir taukappar, fínlegir puntdúkar og púðaver. Þá eru gluggarimlar seldir á spottprís (500 krónur kassinn) og veggfóður frá Lauru Ashley á 400 krónur rúllan. Markaðurinn stendur að minnsta kosti fram að páskum.



Mikið úrval efna er á 100 til 800 krónur metrinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Tignarlegar endur úr tré.

# Forn áferð einkennir stílinn

***Ameríski sveitastíllinn er allsráðandi í húsgagna-og gjafavörudeild verslunarinnar Virku í Mörkinni 3.***

„Þetta eru húsgögn sem eru smíðuð í litlu verkstæði í Alabama og framleidd með sama hætti og fyrir 200 árum. Allt gegnheilt og vandað eins og tíðkaðist á þeim tíma,“ segir Dagbjört Helgadóttir starfsmaður Virku og lýsir lítillega handverkinu sem viðhaft er til að ná fram hinni fornu áferð sem einkennir framleiðsluna. „Þetta er mikið dútl. Fyrst er húsgagnið grunnað og síðan tvímálað í sitt hvorum litnum en handpússað á eftir til að ná fyrri litnum fram. Síðan er lakkað yfir og olíuborið,“ Dagbjört kveðst taka eftir að margir Íslendingar þekki svona mublur frá því í gamla daga, hjá ömmu og afa, þannig að eitthvað virðist hafa borist af þeim hingað til lands á fyrri öldinni. Nú eru það þeir sem búa í gömlum húsum eða eru með gamaldags yfirbragð á heimilum sínum sem falla fyrir þeim og eins segir hún þau mikið keypt í sumarbústaði. „Svo passar þessi stíll víða mjög vel í eldhús“ bendir hún á. Skáparnir heita hver sínum nöfnum, kryddskápurinn heitir til dæmis Gourmet Spice Keeper. Hægt er að fá húsgögnin í mörgum litum en Dagbjört segir Virku leggja mesta áherslu núna á kremað, grænt og svart. Gulur, vínrauður, blár og grár finnast líka og hægt er að panta fleiri.

Fjölbreytt gjafavara fæst líka í húsgagnadeild Virku og nýkomið er leirstell í mörgum litum og við látum myndirnar tala sínu máli.



Borðbúnaðurinn fellur vel að húsgögnunum í Virku. Undir diskunum eru handmálaðar seglmottur sem eru meðal þeirra muna sem hafa tilheyrt ameríska sveitastílnum lengi. Seglmottur fást bæði á borð og gólf. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Klósettskápurinn er haganlegur.



Dæmigert svefnherbergi með bútasaumsteppi sem er sérgrein Virku.



Fuglarnir fúlsa varla við að verpa í svona húsi.



Skáparnir heita hver sínu nafni.



Full búð af flottum vörum

Glæsileg sófasett og frábært úrval af tekk borðstofuhúsgögnum.

skenkar- stólar- borðstofuborð- sófar- hægindastólar- sófaborð smávara- skemlar- púðar- sjónvarpsskápar- skilrúm

Verið velkomin að Dalvegi 18

Gallerí Húsgögn

Sími 554 5333

Opnunartími:

Virka daga 11-18 • Laugardaga 11-16 • Sunnudaga 13-16



litirnir }

## Margt býr í litunum

LITAVAL Á EKKI EINGÖNGU AÐ RÁÐAST AF SMEKK HELDUR EINNIG HVAÐA ÁHRIF VIÐ VILJUM NÁ FRAM MEÐ LITUNUM.



**Gulur**
Litur tilfinninganna. Rétti tónninnn getur stuðlað að betra skapi, sjálfstrausti og bjartsýni en annar litatónn getur haft niðurdrepandi áhrif.
Gott: Styrkur, vinalegur andi, sköpun
Slæmt: Viðkvæmni, ótti, þunglyndi.



**Bleikur**
Hefur líkamleg áhrif á fólk og er frekar róandi en örvandi. Þetta er sterkur litur og fulltrúi hins kvenlega. Of mikið af bleiku tekur þó frá manni orku.
Gott: Ró, umhyggja, ást.
Slæmt: Tilfinningaleg innilokunarkennd, veiklyndi.



**Grænn**
Er ekki krefjandi litur og því róandi. Litur jafnvægis.
Gott: Jafnvægi, hvíld, friður.
Slæmt: Leiðigjarn, karakterleysi, vonbrigði.



**Fjólublár**
Andlegur litur sem lyftir meðvitundinni á æðra plan. Fjólublár er innhverfur litur og hvetur því til íhugunar. Of mikið af fjólubláu getur haft of innhverf áhrif og rangur tónn virkar fráhrindandi.
Gott: Lúxus, skýr sýn, gæði.
Slæmt: Innilokun, úrkynjun, kúgun.



**Blár**
Róandi litur sem stuðlar að öryggiskennd. Sterkir bláir litir örva heilastarfsemi en ljósir eru róandi og til þess fallnir að auka einbeitingu. Himinblár hefur fágað yfirbragð en vísar líka til langana. Blár er litur samskipta en getur líka gefið til kynna tilfinningaleysi og kulda. Fleiri nefna bláan sem uppáhaldslit sinn en nokkurn annan lit. Samt er ekki algengt að mála blátt, hvorki innan húss né utan.
Gott: Greind, samskipti, tillitssemi.
Slæmt: Kuldi og tilfinningaleysi.



**Svartur**
Dregur í sig alla orku og verður þannig jákvæð hindrun. Felur líka persónuleika. Jákvæðir eiginleikar svarta litarins eru að hann gefur til kynna ákveðinn skýrleika og um leið fágun. Á sama tíma virkar liturinn þungur og alvarlegur. Liturinn getur virkað fráhrindandi vegna þess að hann dregur í sig allt ljós.
Gott: Öryggi, skilvirkni, glæsileiki.
Slæmt: Kúgun, kuldi, drungi.



**Hvítur**
Býr til allt annars konar hindrun en svart vegna þess að hér nær ljósið hámarksendurspeglun. Það getur verið erfitt að horfa á hvítan lit. Hvítur er óáþreifanlegur og býður ekki upp á málamiðlanir. Hvítmálað herbergi virkar stærra en sé það málað í lit.
Gott: Hreint, einfalt, virðulegt.
Slæmt: Sterílt, kuldalegt, snobb.

## Við ýmis tilefni

***Þegar hjálp vantar við borðskreytingar eða annan veisluundirbúning er hægt að fá hana hjá tilefni.is***

Það er Auður Ögn Árnadóttir hjá tilefni.is sem er reiðubúin að aðstoða fólk við að skreyta sali fyrir hin ýmsu tilefni og skipuleggja veislur. Hún eldar líka fyrir 8-12 manna hópa í heimahúsum og útvegar fagfólk eftir þörfum. Nánari upplýsingar fást á vefnum www.tilefni.is



Sýnishorn af skreytingum Auðar Agnar.







Full búð af nýjum vörum
DUKA
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
Kringlunni - sími : 533 1322

RÝMINGARSALA
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

BORÐ FYRIR TVO
KRINGLAN



Íslensk list er góð gjöf
Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg
Opið í Kringlunni laugardaga kl. 10-18, sunnudaga kl. 13-17
Opið á Rauðarárstíg laugardaga kl. 11-16, sunnudaga kl. 14-16
Sjáumst í Galleríi Fold
LISTMUNASALA fold
Rauðarárstíg 14, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is



# Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

## Nettar tetur og nálægð vorsins!



Gleggsti vottur þess að páskarnir séu í nánd er þegar „teturnar“ litlu fara að sjást á afgreiðsluborðum, í eldhúsgluggum og við útidyr víðs vegar um landið. Teturnar eru eiginlega smávaxnar páskaliljur sem eiga frumheimkynni sín þar sem fjalladalir Portúgals gapa við hraglandi golunni frá öldum Atlantshafsins. Þar blómgast þær þegar snjóa fer að leysa á þessum slóðum, venjulega í lok febrúar, og blómgunin fikrar sig upp eftir hlíðunum eftir því sem landið losnar undan vetrarokinu.

Þessir nettu smælingjar hafa reyndar hlotið nafnið „febrúarliljur“ á íslensku, en hérlendis blómgast þær þó ekki á þeim tíma í görðunum okkar. Enda þótt teturnar séu harðgerðar plöntur í þeim hópi plantna sem við köllum haustlauka af því að við gróðursetjum þá í garðana á haustin, í þeirri von að þeir blómgist þar að vori, þá bíða teturnar hér venjulega með sitt garðaskrúð fram í maí. Hið hávísindalega heiti þeirra er Narcissus cyclamineus og það er fyrst og fremst yrkið „tête-à-tête“ sem við höldum mest upp á. Þar af kemur gælunafnið „teta“.

### Ísöld og menning

Teturnar eru náskyldar venjulegum páskaliljum, sem eru mun bosmameiri um sig og með miklu stærri blómum. Páskaliljurnar og teturnar eru af stórri ættkvísl, sem hafa verið kallaðar „hátíðaliljur“, með um tuttugu öðrum tegundum og útbreiðslusvæði ættkvíslarinnar er fjalllendið umhverfis Miðjarðarhaf og fylgir síðan fjöllum alla leið austur til Kína. Það má eiginlega segja sem svo að norðurmörk hátíðaliljanna fylgi sporði ísaldarjökulsins eins og hann náði lengst til suðurs. En þær eru harðgerðar jurtir sem smátt og smátt hafa haldið norður á bóginn eftir að ísöld lauk. Stóru páskaliljurnar og hvítasunnuliljurnar eru ættaðar úr fjalladölum Suður-Alpanna, en hafa fylgt fólki vestur og norður um Evrópu frá því löngu áður en sögur hófust og hafa nú ílenst í námunda við flest byggð ból Evrópumanna hvarvetna þar sem veðurfar er nægilega svalt fyrir þær.

### Svefndoði eða sjálfselska

Á hverju hausti er boðið upp á mjög fjölbreytt úrval af hátíðaliljum, sem eiga reyndar allar Narcissus sem sameiginlegt heiti. Þetta ættkvíslarheiti er mjög gamalt og komið frá grísku „narkos“ sem þýðir „svefndoði“, líklega af því að ilmur blómanna hefur höfgandi áhrif á fólk. Aðrir segja að nafnið sé dregið af sögninni um unglinginn Narkissos sem var svo ástfanginn af eigin spegilmynd í vatnspolli að hann bara sat þar bergnuminn af sjálfsmynd sinni þar til að veslaðist upp og dó úr þorsta og hungri.

Mest ber á páskaliljum í óteljandi tilbrigðum, en einnig fást þær smávöxnu líka. Allar eru þær úrvals garðplöntur sem aukast og margfaldast með hverju ári sem líður. Teturnar eru þar heldur engin undantekning. En það er líka vinsælt að gróðursetja laukana í potta á haustin og halda þeim síðan á rökum og köldum stað í nokkra mánuði meðan þeir eru að ræta sig og búa sig undir vorið. Þegar þeir eru svo teknir fram í birtuna og fá dálítinn yl, fer allt af stað og laukarnir blómgast eftir nokkra daga.

### Kjörið tröppuskraut

Teturnar og páskaliljurnar sem hægt er að kaupa núna í pottum hafa einmitt verið meðhöndlaðar á þennan hátt. En af því að þær eru kulelskar fjallajurtir er varla von að þær standi lengi í blóma innanhúss. Það fer svolítið eftir hitanum hversu lengi þær endast. Því svalara sem er í kringum þær, þeim mun meiri líkur eru á að blómin treinist. En það er í fínu lagi að hafa plönturnar úti, til dæmis í kerjum á dyrapöllum eða úti á svölum. Þær þola alveg frost og snjó. Kaupið gjarnan nokkrar í einu og raðið þeim saman. Það þykir huggulegt að hafa mosa og greinar með og búa þannig til dálitla „vorgrúppu“. Óþarfi er að kippa tetunum úr pottunum, en það gerir ekkert til ef varlega er farið með ræturnar. Svo þegar blómgunin er afstaðin má gróðursetja laukana, með blöðum og öllu, á heppilegum stað í garðinum þegar hægt er að grafa í mold fyrir frosti. Þar munu þeir svo skila sínu um mörg ókomin ár.

Afskornar páskaliljur geta staðið nokkra daga í vasa með köldu, hreinu vatni. Skipta þarf um vatn daglega. Flottast er að hafa páskaliljuvendina dálítið myndarlega, 10-14 stöngla saman. Páskaliljur eiga ekki að fá blómanæringu í vatnið og það er ekki heppilegt að hafa þær með öðrum blómum, þótt ein og ein trjágrein sé í lagi og geri ekkert til.





Njóttu lífsins og ljóssins
pio tablelight
7.900
pio floorlight
14.900
concept
nýbýlavegi 18 I s. 517 2100
mubla
Í hálfa öld hefur **Lumess** haft fagurfræði ljóssins að leiðarljósi. Hönnun ljósa og lýsingar miðar ávallt að því að ná hámarksáhrifum þannig að fólki líði vel hvar sem það er og hvað sem það er að gera.
Hönnuðum **Lumess** er einfaldlega eðlilegt að teygja sig inn í líf fólks með úthugsuðu samspili ljóss og skugga. Einmitt þess vegna hefur þeim ítrekað tekist að gera hina margrómuðu hönnun aðgengilega öllum almenningi á verði sem gerir fólki kleift að njóta lífsins og ljóssins.



# Að mála egg

***Gott er að hafa nokkur atriði í huga þegar hænuegg eru máluð á páskunum.***

Á páskunum fá egg aðra merkingu. Þau breytast úr venjulegum eggjum sem hægt er að harð- eða linsjóða yfir í skemmtilegt skraut og stundum bragðgott. Flest börn fá súkkulaðiegg á páskadag en á sumum heimilum er það jafnframt siður að mála lítil hænuegg. Það getur verið skemmtilegt föndur sem allir á heimilinu geta tekið þátt í.



Best er þó að fylgja ákveðnum reglum svo allt gangi sem best. Byrjað er á því að útvega falleg hænuegg og síðan er fundin hæfilega stór nál. Gat er gert á báða enda eggsins, gatið á breiðari endanum á að vera aðeins stærra en gatið á þeim mjórri. Þá er að ná innihaldinu úr. Egginu er komið fyrir í skál og síðan er blásið af krafti í gegnum minna gatið. Þetta verður þó að gera varlega svo eggið brotni ekki. Þetta getur tekið tíma en á endanum næst þó að koma innihaldi eggsins í skálina og þá er eggið þvegið vel og þurrkað á eftir.

Næst er að mála eggin. Gott er að nota vatnsmálningu og það er á þessum tímapunkti sem listamaðurinn í hverjum og einum fær að njóta sín. Þegar eggin eru orðin fagurlega skreytt eru þau lögð í eggjabakka eða servíettu til þurrkunar.



Þegar eggin eru tilbúin er þeim annað hvort komið fyrir í körfu eða þau hengd upp. Ef síðari kosturinn er valinn þarf að festa spotta í eggið. Hægt er að brjóta eldspýtur í rúmlega sentimetra langar einingar og binda þráð utan um spýturnar. Þeim er síðan stungið inn í stærra gatið á egginu og þá er spottinn orðinn fastur og eggin hægt að hengja á greinar eða stærri blóm á heimilinu.

Þeir sem helst vilja engu henda geta notað innvols eggjanna í gómsæta eggjahræru eða köku.

*mariathora@frettabladid.is*



# Hefðir brotnar

***Margir eru óöruggir með hvernig best sé að hengja upp myndir.***

Myndlist setur svip á heimilið og er að mati margra hrein nauðsyn. Margir eru hins vegar óöruggir bæði þegar kemur að því að velja myndir og ekki síður að hengja þær upp. Hvað má og hvað má ekki? Skemmst er frá því að segja að allt má og það er um að gera að fara ekki endilega troðnar slóðir þegar kemur að því að hengja myndir á vegg.

Hengdu myndirnar alls staðar annars staðar en þar sem fólk býst við að sjá þær. Hengdu nokkra litlar myndir yfir dyrnar eða láttu málverkið standa á gólfinu. Stóri veggurinn má svo bara fá að njóta sín eins og hann er.

Reyndu að brjóta hefðirnar. Sófamálverkið er svo fyrirsegjanlegt að fólk tekur varla eftir því.

Blandaðu saman margs konar myndlist, málverkum, ljósmyndum, grafík og svo framvegis.

Hægt er að búa til meiri dýpt með því að búa til skugga fyrir aftan myndina. Það má gera með því að láta hana hanga í vírum sem eru festir í loftið. Eða nota bolta sem halda myndinni frá veggnum.

Auktu vægi litlu myndanna meira með því að hafa þær saman.



Litlar myndir fá aukið vægi þegar þær eru hengdar upp nokkrar, eða jafnvel margar, saman.

Búðu til þína eigin „myndlist“ til dæmis með því a útbúa glerkassa utan um fyrsta skóinn þinn eða gamalt uppáhaldsleikfang.

allt
atvinna
Alla sunnudaga



**Margar gönguferðir í boði um páskana.**
Notaðu frítímann í góða útivist í stað þess að sitja fyrir framan imbakassann og háma í þig súkkulaði.








HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Alþjóðaheilbrigðisdagurinn 7. apríl

Alþjóðaheilbrigðisdagurinn verður að venju haldinn 7. apríl nk. í aðildarríkjum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Einkunnarorð dagsins í ár eru Samstarf í þágu heilbrigðis (Working together for Health).

Í tilefni dagsins verður morgunverðarfundur á Grand hóteli, Sigtúni 38, föstudaginn 7. apríl kl. 08:15 til 10:00.

Dagskrá:
08:15 - 08:30 **Morgunkaffi**
Dagskráin hefst kl. 08:30
08:30 - 08:40 **Ávarp.**
Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.
08:40 - 08:55 **Mannauður og heilsa.**
Sigurður Guðmundsson, landlæknir.
08:55 - 09:10 **Heilbrigðisstarfsfólk á Íslandi – staða og spár um þróun mannafla.**
Sólveig Jóhannsdóttir, hagfræðingur.
Harpa Guðnadóttir, hagfræðingur.
09:10 - 09:25 **Aðgerðir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar til að ráða bót á mönnunarvanda heilbrigðis þjónustu víða um heim.**
Vilborg Ingólfsdóttir, skrifstofustjóri.
09:25 - 09:40 **Þróunaraðstoð Íslands á sviði heilbrigðismála.**
Geir Gunnlaugsson, læknir.
09:40 - 10:00 **Umræður og fyrirspurnir.**

**Fundarstjóri: Ingimar Einarsson, skrifstofustjóri**

**Fjölmennum - allir velkomnir**

allt tilboð
Alla föstudaga



Frískandi ganga um nágrenni Klausturs er hluti af dagskránni Sigur lífsins - Á slóðum Skaftárelda. LJÓSM. BJARNI HARÐARSON

# Endurnæring fyrir sál og líkama um páskana

***Páskahelgin getur verið góður heilsubótartími og upplagt er að blanda saman útivist og íhugun.***

Gönguferðir, sund og skíðaiðkun eru meðal þess sem margir iðka í páskafríinu sér til heilsubótar að ógleymdum útreiðartúrum. Svo er líka upplagt að taka þátt í skipulagðri dagskrá þar sem blandað er saman útivist og helgihaldi og endurnæra þannig bæði líkama og sál. Kirkjubæjarklaustur og nágrenni er umgjörð slíkrar dagskrár sem nefnist Sigur lífsins og skipulögð er af Kirkjubæjarstofu í samvinnu við guðfræðideild Háskólans og sóknarnefnd Prestsbakkasóknar. Þar er tvinnað saman tónlistarflutningi og töluðu orði, guðsþjónustum og gönguferðum að sögn Ólafíu Jakobsdóttur verkefnisstjóra. „Dagskráin hefst á skírdagskvöld og lýkur með hátíðaguðsþjónustu kl. 11 á páskadag,“ lýsir hún og tekur fram að fólk geti tekið þátt í einstökum atriðum eftir því sem áhugi og aðstæður leyfa.“

Ganga kringum Mývatn er árlegur viðburður á föstudaginn langa og þar hafa jafnan verið margir þátttakendur að sögn Gunnhildar Stefánsdóttur á Hótel Reynihlíð. Eins og á Klaustri er þar blandað saman líkamlegri áreynslu og andlegri iðkan. Lagt er af stað klukkan níu um morguninn frá Hótel Reynihlíð, rangsælis kringum vatnið. Rúta er þó meðfram hópnum sem frjálst að ferðast í ef fólk vill hvíla sig á göngunni spottakorn. Gengið er í smáhópum þannig að menn geta farið á þeim hraða sem hentar hverjum og einum. Komið er við á Skútustöðum um hádegisbilið þar sem helgistund er í kirkjunni. Sumir hlaupa hringinn að sögn Gunnhildar og eru þá komnir að Reynihlíð aftur um hádegi en algengt er að fólk ljúki hringnum milli kl. þrjú og fimm, en leiðin er um 42 kílómetrar. Upplagt er svo að skella sér í jarðböðin á eftir. Fleiri útivistarmöguleikar eru í boði við Mývatn, til dæmis er þar gott svæði til gönguskíðaferða ef snjór er og skíðalyftur verða opnar þar í brekkum, eins og víða á landinu ef færi gefst.



Skíðaiðkun er hressandi og margir munu eflaust bregða sér í brekkurnar um páska.



Enda þótt píslargöngu Krists sé minnst með hinni árlegu Mývatnsgöngu þá er umhverfið og andrúmsloftið frískandi. Hér sjást þau Fríða Vala Ásbjörnsdóttir og Bjarni Björgvinsson á slíkri göngu umhverfis vatnið.

# Köfunardagurinn 2006

***Laugardaginn næsta fer fram árlegur köfunardagur Sportkafarafélags Íslands.***

Þá gefst almenningi kostur á að prófa köfun í Sundhöll Reykjavíkur. Gestir fá að prófa að kafa í fullum búnaði, en allt fer þetta fram undir handleiðslu reyndra kafarakennara og leiðbeinenda.

Dagskráin hefst klukkan 10.00 og stendur til 17.00. Allt sem til þarf eru sundföt, stuttermabolur og góða skapið. Börn undir 18 ára aldri þurfa að koma með skriflegt leyfi forráðamanna. Aðgangseyrir er 1.500 krónur fyrir fullorðna en 1.200 krónur fyrir börn. Nánari upplýsingar er að finna á www.kofun.is eða í síma 860 8037.



Frá köfunardeginum í fyrra.

# Ungbarnadauði hvergi minni en á Íslandi



*Ungbarnadauði hefur verið með eindæmum lítill hér á landi á síðustu árum.*

Hvergi er ungbarnadauði minni en á Íslandi. Þetta kemur fram í tölfræðiupplýsingum Hagstofunnar. Þar kemur fram að aðeins tíu börn dóu á fyrsta ári í fyrra, sex drengir og fjórar stúlkur. Samkvæmt meðaltali undanfarinna fimm ára er ungbarnadauði 2,5 af þúsund fæddum. Hvað varðar Norðurlöndin er hann lægstur í Svíþjóð og Finnlandi þar sem hann er 3,1 af hverjum þúsund fæddum, og hæstur í Danmörku, eða 4,4. Utan Norðurlanda er ungbarnadauði nú minnstur í Japan (3,0).

Á vef Hagstofunnar kemur einnig fram að burðarmálsdauði hefur lækkað umtalsvert hér á landi á undanförnum árum og er nú lægri en nokkurs staðar annars staðar í heiminum. Burðarmálsdauði er viðmið sem notað hefur verið til þess að meta heilsufar ungbarna og mæðra þeirra. Hann er reiknaður sem fjöldi látinna á fyrstu viku að viðbættum andvana fæddum, ýmist eftir 28 vikna meðgöngu eða 22 vikna meðgöngu, af öllum fæddum.














Göngu- og dagdeild fyrir átröskunarsjúklinga verður við Hringbraut.

# Ný göngu- og dagdeild á LSH

*Ný göngu- og dagdeild fyrir átröskunarsjúklinga hefur verið opnuð á geðdeild LSH*

Lengi hefur staðið til að bæta þjónustu við átröskunarsjúklinga hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Nýlega setti heilbrigðisráðuneytið sérstakt fjármagn til þjónustunnar árið 2006. Ný göngu- og dagdeild var af því tilefni opnuð í tengslum við ferli- og bráðamóttöku geðsviðs LSH við Hringbraut. Guðlaug Þorsteinsdóttir geðlæknir verður teymisstjóri en alls munu níu fagaðilar vinna í teyminu í samtals 4,5 stöðugildum.

Göngudeildin hóf starfsemi 1. febrúar 2006 en dagdeildin fimmtudaginn 23. mars 2006.

# *Ruglar raunveruleikaskynið*

*Að blanda saman áfengi og orkudrykkjum þykir ekki sniðugt.*

Að blanda áfengi í orkudrykk hefur slæm áhrif á skynjun og raunveruleikaskyn fólks samkvæmt rannsókn sem gerð var nýlega í Brasilíu. Kom einnig fram að fólk telur sig þó hressara og að það skemmti sér betur með þessari blöndu. Telur fólk að þessi blanda minnki ölvunaráhrifin og slæmar afleiðingar þeirra. Það er þó ekki rétt því blanda af áfengi og orkudrykk lætur fólk bara halda að áhrifin séu minni með þeim afleiðingum að það drekkur meira. Fyrirtæki sem framleiða orkudrykki vara meira að segja við því að blanda þeim saman við áfengi.

Hægt er að fræðast meira um þessi mál á www.persona.is




Slæmt er að blanda orkudrykkjum í áfengið.

# Karlar og táneglur

*Karlmenn, þá sérstaklega unglingsstrákar og ungir karlar, eru líklegri til að fá inngrónar táneglur.*

Karlmenn eru líklegri til að þjást vegna inngróinna nagla á tánum af því að þeir hugsa ekki nógu vel um tærnar á sér segir á vef fréttastofu BBC. Flestir karlar klippa neglurnar þegar þeim finnst þess þurfa og klippa þær oft vitlaust. Á þá nöglin auðvelt með að stingast inn í húðina upp við kviku. Karlmenn klippa oft eins mikið og þeir geta af nöglunum sem þykir óheppilegt.



Unglingstrákar hugsa ekki mikið um tærnar á sér.

Neglurnar á stóru tánum eru þær sem hafa mesta tilhneigingu til að vaxa inn. Nöglin stingst inn í húðina og veldur óþægindum og stundum sýkingum.

Auðvelt er að forðast inngrónar neglur með því að baða fætur í volgu, söltuðu vatni, ganga í hreinum sokkum og klippa táneglurnar aðeins eftir línu naglarinnar en ekki niður með hliðunum. Einnig hjálpar mikið að ganga í skóm sem ekki eru of þröngir og þvo sér reglulega um fæturna.







**Komdu að veiða!**
. á www.strengir.is og ellida-
strengir.is. Sími 567 5204 eða
660 6890.

ÚSNÆÐI

## úsnæði í boði

endur, takið eftir! Þið eruð skrefi á
n í leit að réttu íbúðinni með hjálp
listans. Kíktu inn á www.leigulist-
eða hafðu samb. við okkur í s.
1600.

igu snotur 2 herb. íbúð í Selja-
, laus strax. Uppl í s. 698 3200.

2ja herb kjallaraíbúð í vesturbæ
javíkur, leigist aðeins reglusömum
aklingi. Laus nú þegar. S. 897
.

## úsnæði óskast

. par með ungt barn bráðv. 3-4
íbúð.Góð meðmæli uppl. í sima:
885/8468609

usamur, rólegur 32 ára smiður, leit-
ftir íbúð á höfuðborgarsvæðinu.
slugeta 75 þús. Uppl. í s. 690
.

a gömul, róleg stelpa utan af landi,
sér að íbúð á höfuðborgarsvæð-
Reglusemi heitið. Greiðslugeta 50-
ús. S. 697 4786, Dóra.

par með barn óskar eftir 2ja-3ja
íbúð í Vesturbænum. Greiðslu-
70 þús. S. 869 8895.

b. óskast í Hafnarfirði eða Garða-
100% heiðarleiki. S. 866 0167, Jó-
.

stúlka, reyklaus og reglusöm, ósk-
ir íbúð, helst í Hafnafirði. Greiðslur
num greiðsluþjónustu. Uppl. í s.
4107 eða 699 2059.

eftir að taka á leigu 4ra herb. íbúð
fuðborgarsv. til lengri eða skemmri
Uppl. í s. 848 4301.

## úsnæði til sölu

lu 4 stk. íbúðir sem hver er 100 fm
utan bæinn, sama sem engin út-
un. Uppl. í s. 695 2264.

## umarbústaðir




Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

Skrifstofuherbergi í snyrtilegu umhverfi til leigu. Suðurlandsbraut 6, 2 hæð. Góð aðstaða. Uppl. gefur Þór í s. 899 3760.

Óska eftir atvinnuhúsnæði, undir íbúð og vinnustofu. Uppl. í s. 692 5818 eða debb@visir.is

Óska eftir 50-70 fm húsnæði til bílaviðgerða. Uppl. í síma 821 6625.

## Geymsluhúsnæði




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Flóki Inn - Heimilisleg herbergi til leigu í lengri eða skemmri tíma á frábæru verði. Hafðu samband í síma 552 1155 eða sendu fyrirspurn á floki@inns.is

ATVINNA

## Atvinna í boði

**AMERICAN STYLE Á BÍLDSHÖFÐA OG SKIPHOLTI**
Afgreiðsla og Grill American Style leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktarvinnu í sal og á grilli. Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga. American Style er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.

**Afgreiðsla og Vaktstjórn
Viltu vinna með skemmtilegu fólki?**
Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í afgreiðslu. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Hvort sem þú vilt vera í fullu starfi eða kvöldvinnu þá höfum við eitthvað fyrir þig. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu. Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum.
**Upplýsingar veitir framkvæmdastjóri (Óttar) í síma 898-2130, milli 9:00-17:00. Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum.**

**Mosfellsbakarí**
Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirfarandi störf: fyrir hádegi frá 6:30-13:00, virka daga og einn dag aðra hverja helgi eða eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi.
**Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.**

**Rafvirkjar**
Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa við almennar raflagnir og tölvulagnir.
**Upplýsingar í síma 517 6900 eða 660 6901 á skrifstofutíma 9 til 17. Netfang: fagtaekni@fagtaekni.is**

**Viðhaldsvirkni ehf.**
Óskum eftir mönnum í múrviðgerðir og málingarvinnu utanhúss.
**Uppplýsingar í síma 661 0117.**

**Ræsting hentar vel fyrir heimavinnandi**
Morgunvinna, unnið til skiptis frá 8-12 og 8-14. Á vöktum, ca 50% starf.
**Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

Gloria Casa fasteigna og leigumiðlun íslendinga á spáni leitar eftir samviskusömum og metnaðarfullum einstaklingi á skrifstofu Gloria Casa á Íslandi. Góð tölvukunnátta og enskumælandi nauðsynleg. Uppl. á skrifstofu Gloria Cada álfheimum 6 eða í s. 517 5280. Einnig er hægt að senda umsóknir á info@gloriacasa.com

**Hlutastarf**
Óskum efit rað ráða starfsfólk í afgreiðslu. Um er að ræða 50% starf.
**Íslandsmálning, s. 517 1500. Vinsamlegast sendið umsóknir á im@islandsmalning.is**

Óskum eftir að ráða duglegt sölufólk til að selja fallegan Kvenfatnað, skó og fylgihluti á heimakynningum. Mjög góðir tekjumöguleikar. Uppl. gefa Ragnar eða Margrét í s. 568 2870. Kíktu á www.friendtex.is

**Ræsting/Matráður**
Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um ræstingar og matseld í 60% starf. Unnið í viku, frí í viku. Íslenskukunnátta skilyrði. Einnig vantar fólk til starfa við hreingernigar og gólfbón. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.
**Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.**

**Vantar þig vinnu!**
VDO ehf óskar eftir að ráða til starfa duglega og heiðarlega einstaklinga á öllum aldri. Laus störf til umsóknar eru: Vinna á hjólbarðaverkstæði, útkeyrsla á vörum, bílarafmagn, reiðhjólasamsetningar og annað tilfallandi. Áhugasamir hafi samband við Birnu í síma 892 0902.



### Garðabær bakarí
m eftir að ráða aðstoðarmann í sal Uppl. í s. 897 7937 & 565 Þóra eða Steini.

a vantar á 15 tonna línubát sem rður út frá Reykjavík. Uppl. í s. 894

### Fljótt og Gott BSÍ
eftir starfsfólki á dag og nætur- leitað er að heiðarlegum, reglu- m og stundvísum einstaklingum, ra og eldri. Umsóknareyðublöð frami fyrir á staðnum.

### rillhúsið Tryggvagötu
eftir starfsfólki í sal, í kvöld og rvinnu. Uppl. á staðnum eða í s. 3397.

### rillhúsið Tryggvagötu
eftir uppvaskara í kvöld og helg- ıu. Uppl. á staðnum.

eftir að ráða vanan mann til mala- ıga á trailer eða vörubíl, einnig á belta- og hjólagröfu. Meirapróf egt. Uppl. í s. 899 0012.

eftir barþjónum og dyravörðum. í s. 893 6870.

r óskast í ýmis verkefni, móta átt og fl. Góð laun í boði. S. 861

### Sláttumenn
eftir fólki í garðavinnu, góð laun í Einnig vantar sölufólk. Uppl. í s. )864.

gahús í miðbænum óskar eftir að kokk til starfa frá og með 10. apríl. spróf ekki nauðsynlegt en reynsla eg. Uppl. í s. 895 5010.

### Framtíðarstarf
kraft vantar á skrifstofu hálfan n fyrir hádegi, reynsla við gerð jala æskileg - ekki skilyrði. Um- r sendist Fréttablaðinu fyrir 11. merkt K1919.

### Bakarí-afgreiðsla
m eftir duglegum starfskrafti í af- slu nú þegar. Framtíðarvinna. Upp- ar í síma 897 7140, Björg.

### Sólpallar ehf.
eftir smiðum eða handlögnum ıum í skemmtileg verkefni. mlegast sendið umsókn á ıa@solpallar.is

### Starf í mötuneyti
maður óskast til afgreiðslustarfa í neyti í 100% starf virka daga. Þarf eta hafið störf sem fyrst. Uppl. í 822 0035 & 822 0036 milli kl. 8 &

## vinna óskast

maður óskar eftir vinnu á fólks- rkstæði. Uppl. í síma 821 6625.

s karlmaður óskar eftir aukavinnu laga aðra hvora viku. Er lærður ndari, allt kemur til greina. Uppl. í 1649, Þorleifur.

## ðskiptatækifæri

### tu miklu hærri tekjur?
100% tímafrelsi og 100% sjálf- ? Ég get hjálpað þér. www.Fag- ıska.com

### Viltu losna við baslið
meiri tekjur? Sittu þá ekki aðgerð- s! Skoðaðu málið á .Kennsla.com

## LKYNNINGAR

## lkynningar

## FASTEIGNIR


FASTEIGNASALAN GIMLI 570 4800

*Árni Stefánsson, lögg. fast.sali*

**Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800**

**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 18-20**



Frum

**RJÚPNASALIR 12 - 201 KÓP.**

Falleg 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í nýl. lyftuhúsi. Vorum að fá í einkasölu fallega 4ra herb. íbúð á 2. hæð í glæsilegu fjölbýli með lyftu. Húsið er byggt árið 2004. Þrjú stór herbergi. Stór og björt stofa með útg. á suðursvalir með glæsilegu útsýni. Fallegar ljósar innréttingar. Parket og flísar á gólfum. Þvottahús innan íbúðar. Glæsileg fullbúin sameign með tveimur lyftum. **Verð 23,9 millj.**

***Jón Bjarki og Unnur sýna eignina í dag fimmtudag frá kl. 18:00 - 20:00***


## TILKYNNINGAR


SÍNE

Hádegisráðstefna SÍNE

Föstudaginn 7. apríl kl. 12

Þjóðminjasafnið




**Mannauður í alþjóðlegu fyrirtæki**

Breytingar á íslensku fyrirtækjaumhverfi hafa leitt af sér aukna þörf á starfsmönnum með menntun og reynslu erlendis frá. Fulltrúar fyrirtækja sem starfa á alþjóðamarkaði munu koma saman og ræða þessa þróun og mikilvægi þess að ungt fólk fari utan til náms fyrir íslenskt samfélag og atvinnulíf.

Ráðstefnustjóri: Halldór Benjamín Þorbergsson, Viðskiptaráði Íslands.

Fyrirlesarar:
Halla Tómasdóttir, Viðskiptaráði Íslands.
Hilmar Garðar Hjaltason, IMG-Mannafli.
Jón Kr. Gíslason, Össuri.
Svali Björgvinsson, KB banka.
Tanya Zharov, DeCode.

Að erindum loknum stjórnar fundarstjóri umræðum og tækifæri gefst að spyrja fyrirlesara.
Á eftir verður boðið upp á léttar veitingar.

Aðgangur ókeypis.
Námsmenn eru sérstaklega velkomnir.

KB BANKI


## ATVINNA


Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

# MATRÁÐUR Í LEIKSKÓLA

MENNTASVIÐ

## Hefur þú áhuga á matargerð fyrir börn?

**Laus er staða matráðs í leikskólanum Klettaborg, Dyrhömrum 5, Grafarvogi.**

Matráður er yfirmaður í eldhúsi og sér m.a um matseld, innkaup og skipulag verkefna sem falla undir eldhúsið. Leitað er eftir einstaklingi sem hefur áhuga á hollustu í matargerð, er góður samskiptum og skipulagður í starfi. Um 100% starf er að ræða.

Ef þú hefur áhuga á að vinna á jákvæðum og uppbyggjandi vinnustað hafðu þá samband við leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra í síma 567-5970.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni *www.menntasvid.is*

**Öll laus störf á Menntasviði í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar eru að finna á heimasíðunni www.menntasvid.is**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



IKEA®

# Markaðsdeild

## Fjölbreytt og lifandi starf.

IKEA leitar að skipulögðum og kraftmiklum einstaklingi til að takast á við fjölbreytt og lifandi starf í markaðsdeild. Starfið felst í grafískri vinnslu við auglýsingagerð, útgáfu bæklinga, almennri myndvinnslu og textavinnu ásamt daglegu vefviðhaldi.

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Þekking á helstu hönnunarforritum s.s. Photoshop, Illustrator og InDesign.
- Menntun eða reynsla af auglýsingavinnu og hönnun er kostur
- Góð alhliða tölvukunnátta, reynsla af HTML forritun er kostur.
- Góð kunnátta í ensku og íslenskri málfræði.
- Skipulagshæfileikar, nákvæmni og vinnusemi.
- Þjónustulund og jákvætt viðmót.

**Umsóknafrestur er til 11. apríl**

IKEA býður upp á fjölbreytt og lifandi starfsumhverfi.




08 Reykjavík - S: 515 0500 - Fax: 515 0509 - www.fasteignakaup.is

# IL SÖLU

# OPIN HÚS

## 13a,

.



ir. Mjög
eð bílskúr
stað við
Eignin er
stað þar
leikskóla.
).e. húsið
skúr er 21
nstaklega
ja götu í
34 m.
altýsson
nakaup.is

## Reyrengi 9, Reykjavík



***Fasteignakaup kynnir.*** Höfum fengið til sölumeðferðar falleg og bjarta 97 fm íbúð við Reyrengi í Reykjavík. Íbúðin hefur alltaf verið vel við haldið í gegnum tíðina og er með miklu og fallegu útsýni. Bílskýli undir húsinu. Sameign hefur verið nýlega tekin í geng og er nýmáluð og teppalögð. Fjölbýlið var málað að utan árið 2004. **V. 23,5 m.**

***Nánari upplýsingar um eignina gefur sölustjóri Fasteignakaupa Páll Höskuldsson í síma 864 0500.***

## Ljósavík 52a, Reykjavík



***Fasteignakaup kynnir.*** Fallega 96,3 fm íbúð á 3. hæð (efstu) í litlu fjölbýli á fallegum stað í Vikurhverfi í Grafarvogi. Góð gólfefni eru á íbúðinni, eikarparket og flísar. Glæsilegt útsýni. Íbúðin er nýmáluð. Hér er um að ræða sérlega fallega eign á góðum stað, þar sem stutt er í alla þjónustu s.s. skóla, leikskóla, verslanir o.fl. **V. 21,9 m.**

***Opið hús í dag milli kl 18 og 18.30***

***Sölufulltrúi : Guðmundur Valtýsson gsm 865 3022, e-mail : gudmundur@fasteignakaup.is***

## Mosarimi 11, Reykjavík



***Fasteignakaup kynnir.*** Falleg 3ja herbergja íbúð á 1. hæð við Mosarima. Íbúðin sem er 81.70 fm er í góðu ástandi og hefur alla tíð verið vel við haldið.
Nánari upplýsingar gefur sölustjóri Fasteignakaupa Páll Höskuldsson í síma 864 0500. **V. 17,9 m.**

***Opið hús í dag milli kl 18 og 18.30***

***Nánari upplýsingar um eignina gefur sölustjóri Fasteignakaupa Páll Höskuldsson í síma 864 0500.***

***Erna Valsdóttir lögg. fasteigna-, skipa- fyrirtækjasali***

IA / TIL SÖLU




## metisvinnslu

llt og Gott ehf. eftir að
ekisins í Reykjavík.

. 15:00 virka daga.

ılaugur Reynisson,
ı 575-6054.

# Rafvirkjar!

Óskum eftir að ráða rafvirkja til framtíðarstarfa.Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið rafbodi@rafbodi.is.
Upplýsingar gefur Ragnar í síma 694 1500 á vinnutíma.

**Rafboði ehf. • Skeiðarási 3 • Garðabæ**

# Heildsala – Smásala

Til sölu með eigin innflutning og góða álagningu, ásamt fínum samböndum. Góð uppgrip framundan. Verð ca. 12 m. Svar merkt: „Tækifæri" sendist á netfang: galle@isl.is.

**eign.is** FASTEIGNASALA

## ÁTT ÞÚ ATVINNUHÚSNÆÐI TIL AÐ SELJA EÐA LEIGJA?

Nú er gífurleg eftirspurn eftir atvinnuhúsnæði og höfum við marga kaupendur og leigjendur á skrá



Hafðu samband við Andrés Pétur í síma 898 8738 til að láta skoða og verðmeta þína eign samdægurs, þér algerlega að kostnaðarlausu.

**eign.is**
**Austurströnd 3 - Sími 533 4030**
Sigurður Gizurarson hrl. lögg. fasteignasali

Eignamiðlun Suðurnesja
Sigurður V. Ragnarsson, löggiltur fasteignasali
Reynir Ólafsson, löggiltur fasteignasali

**Víkurbraut 46**
**240 Grindavík**
**Sími 426 7711**
**Hafnargötu 20**
**230 Keflavík**
**Sími 421 1700**
**www.es.is**

# Eignir í Grindavík



## Mánasund 2, Grindavík

Mjög gott einbýlishús 150,2 ferm. ásamt 44,6 ferm. bílskúr. Sólskáli. Í stofu er arinn. Nýtt þak og húsið var allt málað sl. sumar. Búið að skipta um lagnir að hluta. Innkeyrsla steypt. Frábært útsýni úr stofu. **Verð: 24.900.000,-**



## Ásabraut 15, Grindavík

Fallegt og vel viðhaldið 319,7 fm einbýli á tveimur hæðum, ásamt 26,5 fm bílskúr á góðum stað, samtals 346,2 fm. Möguleiki að útbúa tvær jafnstórar íbúðir. Vandaðar massívar útidyrahurðar. Hitalagnir nýlegar með forhitara. Geymsluloft. Frábært útsýni. **Tilboð.**



Frum

## Leynisbraut 11, Grindavík

Vel viðhaldið einbýlishús 115,4 ferm. ásamt 38,8 ferm. bílskúr. Búið að endurnýja þak. Gryfja í bílskúr. **Verð: 23.500.000,-**



## Arnarhraun 23, Grindavík

Nýlegt parhús frá árinu 2001 107,1 ferm. ásamt 30 ferm. bílskúr. Innréttingar og hurðir úr mahongy. Á gólfum er parket og flísar. **Verð:**

## Hvassahraun 8, Grindavík

Gott einbýlishús 146,3 ferm. Teikningar vegna bílskúrs ca. 61 ferm. fylgja. 4 svefnherbergi. Nýlegar neysluvatnslagnir. Góður staður. **Verð: 20.900.000,-.**



## Glæsivellir 8, Grindavík

Stórglæsilegt og vandað 215,1 ferm. einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 35,5 ferm. bílskúr. Mikill íburður í húsinu og allur frágangur fyrsta flokks. Innkeyrsla hellulögð með snjóbræðslukerfi. Stór sólpallur með heitum potti. **Tilboð**



## Staðarhraun 27, Grindavík

Fallegt 113,5 ferm. raðhús ásamt 25,9 ferm. bílskúr. 3 svefnherb. Nýr gluggi í stofu og hurðút í garð. Nýtt þak og nýr þakkantur. **Verð: 21.500.000,-**



## Heiðarhraun 1, Grindavík

Gott einbýlishús 122 ferm ásamt 41,6 ferm. bílskúr. Húsið skiptist í stofu, borðstofu, eldhús, bað, þvottaherb og geymslu. Í eldhúsi er ný spónlögð eldhúsinnrétting , mjög falleg, nýjar flísar á gólfii, nýr ofn, helluborð og vifta. Á baklóð er sólpallur. Góður staður. **Verð: 25.500.000,-**

## Víkurbraut 42, neðri hæð, Grindavík

Mikið endurnýjuð neðri hæð í tvíbýli 107,5 ferm. ásamt bílskúr 48,6 ferm. Húsið er klætt að utan. Nýjar útidyrahurðar. Bílskúrinn er nánast nýr, ný bílskúrshurð. Nýtt rafmagn, allar frárennslislagnir nýjar og megnið af pípulögnum. **Verð: 17.800.000,-**



## Borgarhraun 8, Grindavík

Mikið endurnýjað einbýlishús 119,4 ferm. ásamt 32,2 ferm. bílskúr. Nýlegt parket á stofum. Baðherb. og eldhús nýlega standsett. Búið að endurnýja skolplagnir. Nýlegt járn á þaki. Gryfja er í bílskúr. Góður staður. **Verð: 22.500.000,-**

## Blómsturvellir 2, Grindavík

Mjög vandað einbýlishús 140,4 ferm. ásamt 36 ferm. bílskúr. Í húsinu eru 4 svefnherbergi. Góð verönd með heitum potti. Hlaðið útgrill með þaki. Innkeyrsla er hellulögð. **Verð: 28.900.000,-**



## Suðurhóp 11 - 13, Grindavík

Parhús ásamt bílskúr 176 ferm. í byggingu sem skilast rúmlega fokhelt. Húsið er timburhús með álklæðningu, viðhaldsfrítt. Búið að einangra og lagnagrind komin, ásamt rakasperru. Rafmagnstafla er komin. Hiti í gólfi. **Verð: 20.300.000,-**



## Vesturhóp 3, Grindavík

Glæsilegt 172 ferm. parhús ásamt bílskúr í byggingu. Skilast tilbúið undir tréverk. Hiti í gólfum. Maghony gluggar og hurðir. Steyptir milliveggir. Hellulagt fyrir framan hús, hitalögn. Geymsluloft í bílskúr. Hjólastólagengt. **Verð: 24.000.000,-**



## Suðurhóp 1, Grindavík

Glæsilegar íbúðir í byggingu í 20 íbúða fjölbýlishúshúsi fyrir 50 ára og eldri. Lyfta í húsinu. Stærð íbúða er 101 ferm. 106 ferm. og 125 ferm. 3ja herb. Skilast með vönduðum innréttingum, flísar á anddyri, baðherbergi og þvottaherbergi. Fataskápar í herb og anddyri. Einungis 5 íbúðir eftir. Byggingaverktaki: Grindin ehf. **Verð frá kr. 20.900.000,-**

## Salthúsið, Grindavík

Vegna sérstakra ástæðna er veitingahúsið Salthúsið, Grindavík, rekstur og húsnæði til sölu. Glæsilegt bjálkahús á tveimur hæðum, 472 ferm. Eini staður sinnar tegundar á svæðinu. Fullkomið eldhús með öllu. Staður í fullum rekstri. Fullt vínveitinga- og skemmtanaleyfi. Góð aðstaða til ráðstefnu- og veisluhalda. Kíkið inn á heimasíðu Salthússins www.salthusid.is Bær í miklum vexti. **Allar nánari upplýsingar á skrifstofu.**

## Innrömmun Suðurnesja

Gott og rótgróið fyrirtæki til sölu í Reykjanesbæ. Hentar vel samhentum hjónum, jafnvel til sameiningar öðru fyrirtæki. Vel tækjum búið og í góðu húsnæði. **Nánari upplýsingar á skrifstofu**

# Eignir í Reykjanesbæ



## Álftatjörn 2, Njarðvík

Staðsteypt einbýlishús á einni hæð. Íbúðin sjálf er 154.4 ferm. auk bílskúrs og geymslu sem er 39.70 ferm. eða alls 194.1 ferm., og skilast fullfrágengið að utan m.a útveggir pússaðir tilbúið undir málningu. Að innan skilast húsið í rúmlega fokheldu ástandi. Allar nánari uppl. og teikn. á skrifstofu. **Verð 33.800.000.-**



## Erlutjörn 2-4, Njarðvík

Einbýlishús í byggingu, auk bílskúrs alls 270 ferm. Húsin verða steinsteypt, þ.e. steypt í plastkubba og skilast fullrágengin að utan en rúmlega fokheld að innan. Lóð verður grófjöfnuð en búið verður að jarðvegsskipta fyrir framan aðalinngang og bílskúrshurð. Gólf verða grófsteypt undir fleytingu en gert ráð fyrir gólfhita í húsinu. Allar nánari upplýsingar á skrifstofu. **Verð 28.000.000.-**



## Guðnýjarbraut 13, Njarðvík

Einbýlishús í byggingu - skilast fullbúið að utan með frágengnu bílaplani og grófjafnaðri lóð. Húsið verður alls 214 fermetrar með bílskúr. Húsið verður byggt úr timbri, flísalagt að utan á álprófíla. Húsið verður fullfrágengið að utan. Pakkantur, rennur og niðurföll verða frágengin og tengd við gatnakerfi. Lóð verður grófjöfnuð en bílaplan verður hellulagt og frágengið með snjóbræðslulögnum (ótengt). Lagður verður metnaður í að gera húsið vel úr garði m.a. er lofthæð hærri en gengur og gerist í sambærilegum eignum. Að innan verður húsið fulleinangrað (bæði loft og veggir) búið að plasta og setja lagnagrind bæði í veggi og loft. Hitalagnir verða lagðar í gólf en hitastýringar eru ókomnar Húsið verður tilbúið til afhendingar fyrir kaupanda þann 1.júlí 2006. **Verð 27.000.000.-**

## Lækjarmót 85

Sérlega glæsilegt parhús í byggingu. Húsin eru timburhús á staðsteyptum sökkli, þau skilast fullbúinn að utan, klædd með báruál en fokheld að innan. Húsin eru alls 168.8 ferm og þar af er bílskúr 27.2 ferm. Eignin verður afhent í fokheldu ástandi hinn 15.maí 2006. Nánari upplýsingar á skrifstofu. **Verð 16.800.000.-**



## Heiðargil 2, Keflavík

Sérlega vandað og glæsilegt einbýlishús á mjög góðum stað. Húsið, sem er teiknað af Kjartani Sveinssyni, skiptist þannig að á efri hæð eru 3 svefnherb., stofa, borðstofa, hol, eldhús og tvö baðherb. Á neðri hæð eru tvö herbergi, stórt hol, geymsla og baðherb. auk 40 ferm. bílskúrs. Í eldhúsi er ný innrétting, mjög glæsileg, baðherbergi eru þrjú. Öll baðherbergi í húsinu voru tekin í gegn og endurnýjuð fyrir fjórum árum. Á gólfum í herbergjum og stofu er parket en flísar á forstofu, eldhúsi og holi á neðri hæð hússins. Sér inngangur er á neðri hæð og innangengt er í bílskúr. Fataskápar eru í forstofu og öllum svefnherbergjum. Stór afgirtur sólpallur með heitum potti. Lóð er ræktuð og mjög gróin. Glæsilegt útsýni yfir bæinn og Faxaflóann. **Verð 46.000.000.-**



## Lágmói 21, Njarðvík

Sérlega glæsilegt og huggulegt, einbýlishús sem skiptist í 4 svefnherb., stofu, borðstofu, sjónvarpshol, eldhús, bað, þvottahús og bílskúr. Fallegt parket á gólfum í stofum, sjónvarpsholi en flísar á þv.húsi, eldhúsi og forstofu. Á baðherbergi er nýleg innrétting, veggir og gólf flísalagt, baðkar og sturta. Inn af þvottaherbergi er w.c. Í eldhúsi er falleg innrétting - spónlögð, flísar á milli skápa, flísar á gólfi. Í baðherbergi er innrétting - nýleg, veggir og gólf flísalögð, baðkar og sturta. Fataskápar eru í forstofu og öllum herbergjum. Innkeyrsla er hellulögð með snjóbræðslukerfi og lóð er sérlega vel frágengin og vel ræktuð, afgirt með hellulögðum stéttum og afgirtum sólpalli. Innihurðir eru spónlagðar. Bílskúr er fullgerður með milliloft en bílskúr er tæplega 40 fermetrar. Sérlega góður staður. **Verð 35.500.000.-**



## Lágseyla 7, Njarðvík

Mjög skemmtilegt 158 ferm. parhús með bílskúr, byggt 2003. Húsið er uppsteypt, steinað að utan með kvarsi, stéttar eru hellulagðar með snjóbræðslukerfi fyrir framan bílskúr og aðalinngang. Að innan skiptist húsið í 3 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi, forstofu, þvottahús og bílskúr. Í bílskúr er geymsla og milliloft. Hitalagnir eru í gólfum. Í eldhúsi er mjög falleg innrétting, flísar á gólfi, ofn, gashelluborð og háfur. Ísskápur og uppþvottavél eru innbyggð í innréttingu og fylgja með húsinu. Á baði er innrétting, flísar á gólfi og veggjum, sturta og baðkar. Allar innréttingar og fataskápar eru sérsmíðaðar af Nýju trésmiðjunni, Keflavík. Innihurðir eru úr beiki en innréttingar og skápar eru úr hlyni. Bílskúr er að mestu fullfrágenginn en eftir er að klæða í loft. Gólf í bílskúr eru með epoxy-kvats áferð. Húsið er mjög vel staðsett, stutt frá nýjum grunnskóla og leikskóla. **Verð 28.500.000.-**



## Móavegur 3, Njarðvík

Mjög skemmtilegt og vel umgengið einbýlishús á góðum stað ásamt rúmgóðum bílskúr. Húsið skiptist í 4 svefnherbergi, samliggjandi stofur, eldhús, bað, þvottahús og hol. Parket er á stofum, gangi og tveimur svefnherbergjum en plastparket á hinum tveimur svefnherbergjunum. Í eldhúsi er innrétting, dúkur á gólfi, eldavél og vifta. Á baði er allt nýlegt, innrétting, flísar á gólfi og veggjum, baðkar með sturtu.Skápar eru í forstofu og öllum svefnherbergjum. Hurðir eru spónlagðar. Rúmgóður 50 fermetra bílskúr við húsið sem er mjög góður og veitir gott skjól á baklóð - fullfrágenginn. Lóðin er mjög falleg, ræktuð með stórum og góðum sólpöllum, afgirt og snýr rétt við sólu. Búið er að steypa sökkul fyrir sólstofu. Hitakerfi með forhitara. Mjög góður og vinsæll staður. **Verð 29.500.000.-**



## Heiðarholt 2, Keflavík

Sérlega falleg endaíbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi. Í eldhúsi er plastlögð innrétting, hvít, flísar á milli skápa, flísar á gólfi, eldavél og vifta. Á baði er innrétting, flísar á gólfi og veggjum, baðkar. Þvottavél er á baði. Geymsla er sér í sameign. Sameiginlegt þurkherbergi í kjallara. Parket á stofu og holi. Svalir í suður, gott útsýni. Lóðin er grasilögð. Snyrtileg sameign. **Verð 13.500.000.**



## Nónvarða 8, Keflavík

Sérlega snyrtileg íbúð, skiptist í stofu, hol og 3.rúmgóð svefnherb. Í eldhúsi er nýleg innrétting, spónlögð, mjög falleg, flísar á milli skápa, ofn, helluborð og vifta. Á baði er innrétting, veggir og gólf flísalagt, baðkar. Þvottaherbergi er á hæðinni, sameignlegt með eh. Geymsla er inn af þvottaherbergi. Skápar eru í 2 herbergjum. Hurðir eru spónlagðar, á gólfum í stofu og herbergjum er parket en flísar á eldhúsi og gangi. Öll herbergi rúmgóð. Nýlegt járn á þaki. Frábær staðsetning. **Verð 19.800.000.-**



## Súlutjörn 1-29, Njarðvík

Húsanes ehf. byggir við Súlutjörn í Tjarnahverfi í Reykjanesbæ, 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir sem eru í fjórbýlishúsum og keðjuhúsum. Frábær hönnun þar sem sér inngangur er í allar íbúðir. Íbúðirnar skilast fullgerðar utan sem innan með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Heimilistæki í eldhúsi fylgja eignunum m.s. ísskápur, örbylgjuofn og uppþvottavél. Íbúðirnar afhendast frá ágúst til desember 2006. Frábær staðsetning m.a. örstutt í skóla og leikskóla, mikið útsýni og verð sem kemur þægilega á óvart.

## Lækjarmót 85, Sandgerði

Sérlega glæsilegt parhús í byggingu í Sandgerði. Húsið er timburhús á staðsteyptum sökkli, sem skilast fullbúið að utan, klætt með báruál, en fokhelt að innan. Húsið er alls 168.8 ferm og þar af er bílskúr 27.2 ferm. Eignin verður afhent í fokheldu ástandi hinn 15. maí 2006. Nánari upplýsingar á skrifstofu. **Verð 16.800.000.-**

# Leiðréttingu strax

UMRÆÐAN
UMMÖNNUNARSTÖRF



SIGURÐUR T. SIGURÐSSON
FYRRVERANDI FORMAÐUR HLÍFAR

Í meira en áratug hef ég í blaðagreinum bent á að fullyrðingar stjórnvalda um að tekjustattur hafi lækkað á láglaunafólk séu rangar og eigi ekki við nein rök að styðjast. Ákvörðun þeirra að halda skattleysismörkunum niðri veldur því að skattbyrðin á lágu laununum þyngist ár frá ári en léttist að sama skapi á þeim hærri. Lækkun um fjögur prósentustig, sem stjórnvöld hafa ákveðið á tekjuskattinum, nægir hvergi nærri til þess að vega upp á móti þessari öfugþróun. Þetta veit almenningur í landinu og þetta vita allir alþingismenn sama hvar í flokki þeir standa. Þeir sem halda öðru fram ljúga vísvitandi að þjóðinni.

**Blekking**

Þeir sem fengið hafa skattalækkanir í stjórnartíð Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar eru með þreföld eða fjórföld dagvinnulaun verkamanna og þaðan af meira. Í þeim hópi eru t.d. alþingismenn og ráðherrar, en um laun þeirra gilda sérstök lög sem hygla þeim á kostnað láglaunafólks. Já, það er ekki það sama að vera Jón eða séra Jón!!!

Lækkun á skattprósentu tekjuskatts um 4% skilar sér ekki til almennings á meðan stjórnvöld halda á málum eins og þau gera nú. Og þannig mun það verða þangað til skattleysismörk hækka verulega og fylgja launaþróun í landinu. Til að leiðrétta þennan mismun þurfa þau strax að hækka í a.m.k. 130.000 krónur á mánuði. Sú gjörð er mjög brýn því tekjur verkafólks og annarra lágtekjuhópa duga ekki til reksturs heimila, heldur safna þau skuldum. Verði skattleysismörkin ekki hækkuð fljótlega hlýtur almenningur að grípa til sinna ráða og sækja þær kjarabætur sem þarf til þess að geta lifað sómasamlegu lífi.

**Hækkum lægsta kaupið**

En það er ekki nóg að minnka skattbyrðina á láglaunafólkinu, það þarf einnig að hækka launin, en lægstu kauptaxtar í dag eru rétt rúmlega 100.000 krónur. Þessi laun hafa setið eftir meðan sum önnur hafa hækkað ótæpilega. Það er til dæmis staðreynd að lægsti verkamannataxtinn væri í dag 138.523 krónur á mánuði ef hann hefði fengið sömu hækkun og laun þingmanna síðan 1998. Til að jafna þennan mun þarf kaup verkafólks að hækka strax um 28% eða rúmlega 30 þúsund krónur á mánuði. Hér er einungis miðað við hækkanir kjaradóms á launum þingmanna og ráðherra en ekki þær hækkanir sem alþingismenn hafa samþykkt innan þingsins að veita sjálfum sér.

Væru þær hækkanir teknar með og settar inn í samanburðinn færu lægstu launin í dag vel yfir 140.000 krónur á mánuði. Það er kominn tími til að hækka lægstu launataxtana í þessa upphæð og önnur laun verkafólks eftir því. Þó að stórir hópar launafólks hafi fengið nokkrar hækkanir undanfarna mánuði þá situr almenni markaðurinn eftir og starfsfólk á hjúkrunar- og dvalarheimilum ríkisins og Hrafnistu DAS. Sérstaklega vil ég benda á hvað kaup ófaglærðs fólks sem vinnur við umönnunarstörf hjá ríkinu og Hrafnistuheimilunum er ömurlega lágt, þrátt fyrir mikið vinnuálag og undirmönnun á deildum. Verði laun þessa starfsfólks ekki hækkuð og kjör þeirra bætt fljótlega mun það segja upp og leita sér að vinnu annars staðar þar sem minna vinnuálag er og hærri laun. ■

# Ríkið gegn Bónus

UMRÆÐAN
STUTT HUGLEIÐING



BENEDIKT SIGURÐSSON LAFLEUR

Auðvitað verður skrípaleikurinn að halda áfram. Íslendingar krefjast þess. Ögn lengur. Aftur orðið kalt og þeir sem ekki leggjast í flensu orðnir hálfþunglyndir eins og í skammdeginu. Teygjum fjörið að minnsta kosti til páska. Eftir það getum við farið að þroskast á ný og skroppið til útlanda, á besta íslenska árstímanum og látið brenna okkur eins í útlitinu og Hunt's tómatarnir. (Eða eins og þeir eru í auglýsingunum).

Eftir darraðadansinn í kringum herinn, sem allir höfðu fyrirséð nema þeir sem stjórnuðu landinu, en lokuðu augunum í atkvæðablindu sinni, (ekki af einskærri illgirni heldur fyrst og fremst sökum þess sem mætti kalla á jógamáli orkurásastíflu í hægra- og vinstra heilahveli, sem of langt er að útskýra hér), og glopruðu þeim loks – það er atkvæðunum, því eins og þið vitið þá missir maður alltaf það sem maður heldur fastast í – já, eftir öll þessi vel útfærðu sviðsatriði, góðir hálsar, hefur Ákæruvaldið haldið sirkusnum áfram með nýju númeri, sem við höfum þó séð áður. Nú á að hanka Bónus með nýrri lögskýringu.

Réttlætið krefst þess, segja sumir, annars fáum við aldrei að vita hvað er lán! Þó hálf þjóðin sé orðin sérfræðingur í lánum. Og þó svo að slíkrar lögskýringar væri þörf, þó ekki væri nema fyrir hungraða laganema við Háskóla Íslands, þarf þjóðin þá virkilega að borga mörg hundruð milljónir og þrotlaust starf í áraraðir til að komast að því hvað er lán. Var þá ekki hægt að finna neitt haldbetra í ákærunni á ríkustu menn landsins? Ef svo var ekki hefði betur verið heima setið og reynt að eyða orkunni í að hjálpa þeim sem eiga í raunverulegum greiðsluerfiðleikum í þjóðfélaginu, og þurfa hjálp við skattskil og greiða götur þeirra með sanngjarnari lántökum, jafnvel lægri skatti?

Kannski verða þversagnir skrípaleiksins Doddsson vs / Bónus og melodramans í miðjunni Verum nice við stríðsdraugana í Þotuvík meira áberandi nú um páskana þegar Bónus snarlækkar verð sitt á páskaeggjunum og heldur þannig að styðja við kjarabaráttu pínulitlamannsins en um leið að snúa á vaskinn með sínum næstum ókeypis eggjum, sem gera alla sæta og meyra, ekki bara í munni heldur alla leið niður í hjarta og fær þá til að hlæja af öllu saman, jafnvel hinum svæsnustu senum, já, eggjum sem geyma nýja og betri málshætti en oft áður. Málshætti sem eru hver öðrum ólíkari og sem hverjir um sig eiga alveg sérstakt erindi við viðskiptavini Bónuss. Málshátturinn sem sjálfur Hr. Jóhannes Bónusskírari fengi gæti t.d. hljóðað svo: Njóttu ávaxta erfiðis þíns og umfram allt alls súkkulaðsins í sumarbústaðnum um helgina, mundu bara eftir kvittununum fyrir öllum eggjunum í afgreiðslunni – jafnvel þó kassadaman sé sæt og blikki þig! En á málshættinum sem Ríkissækó fengi gæti allt eins verið orðað: Þeir sem vaða eld og brennistein, hvort heldur í villu og svima eða í sannlegri leit að réttlætinu, verða að ganga alla leið.

Hvort sú leið kann að leiða til glötunar eða upphafningar þarf Lykla-Pétur ekki að dæma um, því á jörðinni snýst þín siðferðilega leit og um leið hið eilífa og stundarlega réttlæti fyrir alla heildina fyrst og fremst um það hvort þú sjálfur stenst nýju páskaeggin frá Bónus eða ekki!

*Höfundur er jógamunkur og erkisjósyndari úr Bónusbæ.*

ENNEMM / SÍA / NM20415



Merrild, prinsessan á bauninni




*Íslendingar kjósa Merrild!*

# Meingallað frumvarp um Ríkisútvarpið

UMRÆÐAN
RÍKISÚTVARPIÐ



ARI EDWALD

*...frumvarpið samræmist ekki ákvæðum EES-samningsins um ríkisstyrki, er í andstöðu við markmið samkeppnislaga og tryggir ekki ásættanlegt jafnræði milli opinberra aðila og einkaaðila í útvarpsrekstri.*

Í umræðum um RÚV-frumvarpið hefur verið sagt að há-effun RÚV sé verk svokallaðra markaðssinna. Það eru hin mestu öfugmæli. Eins og Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins, benti á í leiðara (Rauðkuhugmyndafræðin), er frumvarpið verk manna sem skilja ekki þann eðlismun sem er á starfsemi sem þarf að fóta sig í samkeppni á markaði, og opinberri starfsemi sem rekin er fyrir skattfé.

Ef þetta fólk væri samkvæmt sjálfu sér myndi það væntanlega ekki sjá neitt athugavert við það að endurlífga fyrirtæki á borð við ríkisprentsmiðjuna Gutenberg og veita peningum skattborgaranna inn í það til þess að auðvelda því að keppa um verkefni á prentmarkaði.

**Enginn samningur um þjónustu**

Svo maður víki að þjónustu sem í dag er að mestu rekin fyrir skattfé og lýtur þeim lögmálum sem þar hafa gilt. Gætu menn þá hugsað sér að RÚV-aðferðinni væri beitt á t.d. Landspítalann eða Landhelgisgæsluna. Þá myndi Alþingi bara þurfa að veita milljörðum króna til hvorrar stofnunar, en stjórnendur stofnananna hefðu svo nokkuð frjálsar hendur um hvað þeir gerðu fyrir peningana. Flestar upplýsingar um það væru trúnaðarmál. Enginn samningur væri um ákveðna þjónustu að tilteknu magni og gæðum.

Veruleiki RÚV hf. er þó enn fáránlegri en þessi síðasta samlíking og svipar nokkuð til dæmisins að framan af ríkisprentsmiðjunni, því flest af því sem RÚV gerir er í beinni samkeppni við einkaaðila sem njóta ekki ríkisstyrkja. Margt bendir líka til að RÚV muni flytja sig enn nær því sem einkaaðilar eru að gera ef eitthvað er og að skipulagsbreytingar muni fría upp mikla fjármuni til að setja í samkeppni. Þessi atlaga að heilbrigðum rekstrargrundvelli fjölmiðlafyrirtækja er án efa mikil hindrun í vegi fyrir aukinni fjölbreytni í íslenskri fjölmiðlun.

Auðvitað væri eðlilegast, ef ríkið vill greiða fyrir ákveðna dagskrárgerð, eða dreifingu dagskrár í tilteknum byggðum, að slíkt yrði boðið út og RÚV hf. (einkavætt) keppti um þau verkefni á jafnréttisgrundvelli, eins og nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa flutt frumvarp um og þekkt er í vegagerð og ýmsum opinberum þjónustuverkefnum. Má telja víst að slíkt fyrirkomulag næði markmiðum um þjónustu við neytendur með mun hagfelldari hætti fyrir skattgreiðendur en það fyrirkomulag sem frumvarpið gerir tillögu um.

**Ábyrgðarleysi á Alþingi**

Ef menn hins vegar vilja að fyrirtæki í eigu ríkisins fái fjárveitingu til slíkra verkefna án útboðs verður a.m.k. að gera þá sjálfsögðu kröfu að það sé skilgreint hvað verið sé að kaupa og það verðlagt eftir einhverjum aðferðum. Verður að átelja harðlega að engin tilraun er gerð til þess í frumvarpinu að mæta þessum kröfum, þótt slík vinnubrögð ættu ekki að vera menntamálaráðuneytinu framandi, sbr. t.d. fjáveitingar til menntastofnana. Er í raun ótrúlegt að hugsa sér að Alþingi geti samþykkt tillögur um árleg útgjöld upp á milljarða króna án þess að neitt liggi fyrir um hvað sé verið að kaupa og í hvaða magni. Þingmönnum sem styðja slík vinnubrögð er ekki treystandi fyrir skattfé og þeir geta ekki ætlast til að vera teknir alvarlega í umræðum um ríkisfjármál.

Samtök atvinnulífsins hafa í vandaðri umsögn sett fram skýr rök fyrir því að frumvarpið samræmist ekki ákvæðum EES-samningsins um ríkisstyrki, sé í andstöðu við markmið samkeppnislaga og tryggi ekki ásættanlegt jafnræði milli opinberra aðila og einkaaðila í útvarpsrekstri. Sú niðurstaða blasir raunar við.

**Tímaskekkja**

Skýringin á að slík tímaskekkja sem RÚV-frumvarpið er geti verið á hraðferð í gegnum þingið á þessum tímapunkti, sýnist helst vera sú afstaða eða trú, sem hefur háð mörgum stjórnmálamönnum undanfarin ár, að fjölmiðlarekstur eigi ekki að líta sömu augum og annan atvinnurekstur. Það endurspeglast í tillögum um starfsskilyrði sem engum dytti í hug að tala um á öðrum sviðum atvinnulífsins. Hver og einn getur afhjúpað þennan tvískinnung með því t.d. að setja orðið fjarskiptamarkaður í staðinn fyrir fjölmiðlamarkaður, eða fjármálamarkaður og setja þá Íbúðalánasjóður í staðinn fyrir RÚV. Þá sjá allir hversu þversagnakenndur málflutningur margra þingmanna er, eftir því hvort verið er að tala um fjölmiðla eða flest annað.

Ég tel að umræðan um þessi mál geti þróast hratt á næstu misserum um leið og sár gróa vegna örlaga fjölmiðlafrumvarps fyrir tæpum tveimur árum. Þá munu allir sem unna viðskiptafrelsi og heilbrigðum grundvelli atvinnulífs sjá hvílíkt stílbrot þetta RÚV-frumvarp er í ljósi þeirrar farsælu þróunar sem orðið hefur í umhverfi annarrar atvinnustarfsemi á undanförnum árum.

*Höfundur er forstjóri 365.*




# Launamunur og þáttur ríkisins

UMRÆÐAN
LAUNAMUNUR



GUÐMUNDUR ÖRN JÓNSSON
VERKFRÆÐINGUR

*Óbreytt landsstjórn mun líklega enn auka launamun því sjálfstæðismenn vilja leggja niður persónuafslátt. Ef það verður að veruleika verða aðeins Bandaríkin með meiri launamun meðal vestrænna ríkja, og aðeins nokkur ár í að Ísland fari fram úr þeim.*

Launamunur hefur vaxið gífurlega hérlendis á seinustu tíu árum og hafa ráðstöfunartekjur tekjuhærri helmings hjóna aukist u.þ.b. helmingi meir en hjá þeim tekjulægri. Þannig hefur algengasti mælikvarði launamunar, Gini stuðullinn, hækkað um helming, úr 21 í 31. En ber ríkið einhverja ábyrgð á þessu eða er um eðlilega þróun að ræða?

Áhugavert er að skoða persónuafslátt og gjafakvóta í því sambandi. Til þess að hafa ekki áhrif á launamun gegnum skattkerfið þarf persónuafsláttur að hækka í takt við launavísitölu. Það hefur hann ekki gert og má rekja um 20% aukningar launamunar til þess. Úthlutun gjafakvóta til lítils hóps manna er einnig til þess fallin að auka launamun. Ef maður gefur sér t.d. að helmingur gjafakvótans hafi runnið til 3.000 hjóna, en hinn helmingurinn dreifst jafnt á alla landsmenn, þá væri gjafafkótinn ábyrgur fyrir 30% af aukningu launamunar seinustu 10 ára. Ef gjafakvótinn hefur fallið í færri hendur eru áhrifin meiri. Af gefinni forsendu um dreifingu gjafakvóta má því rekja helming aukningar launamunar til aðeins þessara tveggja aðgerða ríkisins.

Eftir standa þó fjölmargar aðgerðir ríkisins sem eru til þess fallnar að auka launamun, t.d. einkavæðing til annarra en hæstbjóðenda, úthlutun lóða á „kostnaðarverði“ og þjónustukaup ríkisins án útboðs. Ástæðan er einfaldlega sú að þeir tekjulægri geta síður nýtt sér ofangreindar aðgerðir og eru ekki líklegir til að kaupa einkavædd fyrirtæki og lóðir undir markaðsverði. Þannig eru allar líkur á því að aukningu launamunar seinustu 10 ára megi að mestu leyti rekja til aðgerða ríkisins. Óbreytt landsstjórn mun líklega enn auka launamun því sjálfstæðismenn vilja leggja niður persónuafslátt. Ef það verður að veruleika verða aðeins Bandaríkin með meiri launamun meðal vestrænna ríkja, og aðeins nokkur ár í að Ísland fari fram úr þeim. Við jafnaðarmenn viljum aftur á móti minnka launamun t.d. með uppboði kvóta og hækkun persónuafsláttar. Við verðum þó að sætta okkur við það ef Íslendingar vilja aukinn launamun. Þjóðin hefur aftur á móti ekki verið spurð. Þvert á móti leggja stjórnvöld sig fram við að halda upplýsingum um launamun leyndum. Það er einstakt meðal vestrænna ríkja og lýsandi fyrir stjórnarfarið hérlendis. ■
























Hvíldarstólar

Nettur og vandaður hvíldarstóll með leðri og skemli.
Litir: Beige, brúnt og grátt
2ja ára ábyrgð
Verð kr.49.900-



**www.valhusgogn.is**

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!

**Fagmennska í 45 ár**

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

**Opið kl. 10-18 Laugard. 11-16**

# Leiðtogi eða liðleskja

BIRNA ÞORBERGSDÓTTIR, KRISTJÁN GEIR MATHIESEN, MARGRÉT INGIBERGSDÓTTIR, MARÍA GRÉTARSDÓTTIR OG ÞÓRA KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR.
SKRIFA UM LEIÐTOGA

Árangursríkir leiðtogar þurfa að geta tileinkað sér ólíkar nálganir eftir mismunandi aðstæðum. Bestu leiðtogarnir eru þeir sem hafa innsæi til að lesa í aðstæður hverju sinni og breyta hegðun sinni samkvæmt því.

Hefðbundnir eiginleikar leiðtoga svo sem gáfur, þrautseigja, ákveðni og framtíðarsýn eru nauðsynlegir til árangurs en nægja ekki einir og sér. Nú er talið að tilfinningagreind skipi stóran sess í árangri einstaklinga.

Oft er talað um stjórnmálamenn sem leiðtoga, en hver er munurinn á stjórnmálamanni og leiðtoga? Og hafa þeir eiginleika leiðtogans sem þarf til að ná árangri? Hver er ábyrgð kjósanda gagnvart því að velja „rétta“ fólkið með „réttu“ eiginleikana? Er það eitthvað sem hinn almenni kjósandi kynnir sér eða getur kynnt sér eða er það eitthvað annað sem hefur meiri áhrif á val kjósenda en eiginleikar frambjóðanda?

**Leiðtoginn og tilfinningagreind**

Daniel Goleman komst að því með rannsóknum sínum að hefðbundnir eiginleikar eins og gáfur, þrautseigja, ákveðni og framtíðarsýn eru nauðsynlegir til að ná árangri sem leiðtogi en eru ekki nægjanlegir einir sér. Það sem leiðtoginn þarf einnig að hafa í farteskinu er tilfinningagreind. Tilfinningagreind getur bæði verið meðfædd og lærð, hún er samheiti yfir margvíslega hæfileika og byggir ekki á hreinni vitsmunalegri greind. Tilfinningagreind snýst um hæfileika einstaklingsins til að þekkja, skilja og stjórna tilfinningum sínum þannig að það nýtist persónunni í hugsun og samskiptum. Einnig hefur verið talað um tilfinningagreind sem kunnáttu og hæfni eða sambland af þessu tvennu. Mjög mikilvægt í þessu samhengi er að leiðtogar hafi hæfileika til að skoða heildarmyndina ásamt því að hafa skýra framtíðarsýn.

Tilfinningagreind skiptist í fimm þætti: sjálfsvitund, sjálfsstjórn, vilja til að ná árangri, samkennd og félagslega færni. Sjálfsvitund segir til um hversu vel einstaklingur þekkir styrkleika sína og veikleika og er því meðvitaður um hvers hann getur vænst af sjálfum sér sem og öðrum. Sjálfsstjórn byggist á því að hlusta á tilfinningar sínar en leyfa þeim ekki að taka völdin og þannig er auðveldara að byggja upp traust og sanngirni. Þeir sem búa yfir sjálfsstjórn eiga auðveldara með að laga sig að breytingum sem er í dag mjög mikilvægur eiginleiki. Viljinn til að ná árangri er áherslan á árangurinn árangursins vegna og brennandi áhugi á vinnunni eða verkefninu er einkennandi. Með samkennd er stjórnandi betur fær um að skilja sjónarmið annarra. Sá hæfileiki að skynja og bera umhyggju fyrir tilfinningum og skoðunum annarra er mikilvægur til að ná árangri. Félagsleg færni er að geta myndað tengsl við allskonar fólk, hvar sem er og hvenær sem er og er leiðtoganum nauðsynlegur.

**Hvernig meta má pólitíska leiðtoga**

Í nýlegri grein sem birtist í Journal of Social Studies var bent á leið til að meta hvaða einkenni gerðu forsetaframbjóðendurna í Bandaríkjunum að áhrifaríkum leiðtogum. Þar var talað um samskiptahæfileika, skipulagsgáfu, framtíðarsýn í almenningsheillamálum, vitræna hæfileika, stjórnmálahæfileika og síðast en ekki síst tilfinningagreind. Leiðin sem farin var til að meta frambjóðendurna var annars vegar yfirlitstafla með öllum frambjóðendum. Þar kemur fram félagsleg staða, menntun og reynsla viðkomandi af stjórnmálum og hernaði ásamt helstu stefnumálum. Hins vegar tafla þar sem fram kemur hversu vel frambjóðandinn stendur sig í ákveðnum þáttum. Þannig er kjósendum gert kleift að meta getu frambjóðendanna með tilliti til þessara mælikvarða.

Í ljósi væntanlegra sveitarstjórnarkosninga er athyglisvert að velta fyrir sér mikilvægi þess að pólitískir leiðtogar hafi tilfinningagreind og þá hvernig íslenskir kjósendur geta reynt að meta hana í fari þeirra. Jafnframt að velta fyrir sér reynslu viðkomandi í ofangreindum þáttum.

Nokkrar sveitarstjórnir í Englandi hafa farið þá leið að leggja áherslu á þróun leiðtoga frekar en stjórnenda. Þar er gerður skýr greinarmunur á þeim sem eru á framabraut (e.high-flyers) og þeim sem ná hámarksárangri (e. highly effective) en þó er talið nauðsynlegt fyrir stjórnsýsluna að hafa báðar tegundir af einstaklingum við stjórnvölinn. Fyrst og fremst er leitað að fólki sem hefur sjálfstraust og getu til að koma auga á tækifærin og koma þeim í framkvæmd. Notað hefur verið sjálfsmat og endurgjöf, sem byggir meðal annars á spurningalistum tengdum tilfinningagreind, til að hjálpa fólki að koma auga á hæfileika sína. Reynsla þeirra hefur sýnt að leiðtogaáætlun gefur fólki tækifæri til að líta til baka, meta starf sitt og hegðun og skilja sjálfan sig sem manneskju og stjórnanda.



DAGUR B. EGGERTSSON, SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR OG VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON. Greinarhöfundar telja að í ljósi væntanlegra sveitarstjórnarkosninga sé athyglisvert að velta fyrir sér mikilvægi þess að pólitískir leiðtogar hafi tilfinningagreind og hvernig kjósendur geta reynt að meta hana. FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN

**Árangur eða áskrift**

Eru frambjóðendur kosnir til forystu sem einstaklingar að eigin ágætum eða sem hluti af því pólitíska afli sem þeir fara fram fyrir? Leiðarljós kjósenda ætti í að vera að til forystu veljist einstaklingar sem gera árangur að markmiði sínu í stað áskriftar. Að þeir hafi velferð þjóðfélagsins í fyrirrúmi og geti tekið rökréttar og yfirvegaðar ákvarðanir.

Mikilvægt er að pólitískir leiðtogar búi yfir tilfinningagreind því þeir eru leiðtogar sem bera lýðræðislega ábyrgð fyrir breiðan hóp af fólki. Það er því lítið frábrugðið hvort verið sé að ráða leiðtoga til vinnu í almennu fyrirtæki eða hvort verið sé að kjósa leiðtoga til að stjórna landinu eða bænum. Í báðum tilvikum þurfa viðkomandi einstaklingar að hafa framtíðarsýn, tilfinningagreind og hæfileika til að skoða heildarmyndina. Munurinn er þó sá að það er á ábyrgð kjósenda að hæfur einstaklingur komist í hlutverk stjórnmálamannsins en á ábyrgð yfirstjórnar í hinu almenna fyrirtæki að ráða hæfan stjórnanda.

Það getur verið erfitt að afla sér réttra upplýsinga um þá frambjóðendur sem í boði eru en að öllu öðru jöfnu ættu kjósendur að láta tilfinningagreindina skera úr um á milli pólitískra leiðtoga. Því líklegt er að við viljum öll að þeir sem haldi um stjórnartaumana hverju sinni séu frekar leiðtogar en liðleskjur.

*Höfundar stunda meistaranám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands.*


ÚTSALA

Í dag hefst rýmingarsala á BLACK & DECKER handverkfærum, sláttuvélum, sláttuorfum, slípirokkum, rafmagnsborvélum.
Aðeins í nokkra daga


Kr. 4.490 m/VSK


Kr. 2.990 m/VSK


Kr. 7.990 m/VSK


Kr. 5.900 m/VSK

BLACK&DECKER



Klettagörðum 12
104 Reykjavík

Sími 575 0000

SINDRI

**FIMMTUDAGUR 27. APRÍL, 20:00**

# Mezzoforte
# Ife Tolentino (BRA)

**FÖSTUDAGUR 28. APRÍL, 20:00**

**Soul Jazz Records** present:

# 100% Dynamite (UK)
# Flís & Bogomil Font
# Petter Winnberg (SE)

*Vorblót* er ný tónlistarhátíð.
Þar finnur þú jazz, funk, heimstónlist og óuppgvötaðar leiðir.

www.riteofspring.is

## *27.-30. apríl*

Á NASA við Austurvöll.

Miðaverð á hverja tónleika er 2.900 kr (auk 225 kr miðagjalds)

Miði á alla hátíðina kostar 5.900 kr (auk 400 kr miðagjalds).

Miðasala í verslunum Skífunar, BT Akureyri & Egilstöðum og á www.Midi.is.



**LAUGARDAGUR 29.APRÍL, 20:00**

# KAL (SER)
# Stórsveit Nix Noltes

**SUNNUDAGUR 30. APRÍL, 20:00**

# Salsa Celtica (UK)
# Blue Truck

hr★örlygur

Vorblót

RITE OF SPRING

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is



IGOR STRAVINSKÍ (1882-1917), FÆDDIST ÞENNAN DAG

*„Gott tónskáld hermir ekki eftir; það stelur.“*

***Rússnesk ættaða tónskáldið Stravinskí nýtti sér ítrekað línur úr frægum tónverkum í eigin smíðar.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 6. APRÍL 1896

# *Fyrstu ólympíuleikar nútímans settir*

Á þessum degi árið 1896 hófust fyrstu ólympíuleikar nútímans og hafa þeir síðan verið haldnir nærri fjórða hvert sumar. Ólympíuleikarnir eiga rætur sínar að rekja allt aftur til Grikklands til forna þar sem þeir léku stórt hlutverk í samfélaginu.

Helsti hvatamaður að endurvakningu Ólympíuleikanna var Pierre barón af Coubertin sem fæddist í París árið 1863. Baróninn átti að verða framamaður í franska hernum en fann sig betur í íþróttunum og varð íþróttakennsla aðalmarkmiðið í lífi hans. Honum tókst að selja hugmynd sína og urðu ólympíuleikarnir að veruleika. Aþena varð fyrir valinu sem fyrsta borgin til að halda leikana.



FRÁ ÓLYMPÍULEIKUNUM Í AÞENU 1896

280 íþróttamenn frá tólf löndum tóku þátt og kepptu þeir í 43 greinum. Flestar keppnirnar fóru fram á Panathen-leikvanginum sem hafði verið endurgerður sérstaklega fyrir tilefnið. Stærsti viðburður leikanna var án efa maraþonið þar sem gömul hlaupaleið frá árinu 490 fyrir Krist var endurvakin. Grikkinn Spyridon Louis sigraði í maraþoninu og varð með því stolt Grikkja á leikunum.

## MERKISATBURÐIR

**1746** Tveir af þremur bátum sem voru á sjó frá Ingólfshöfða fórust og eftir atvikið lögðust sjóróðrar þaðan niður.

**1909** Robert Peary á að hafa komist á Norðurpólinn.

**1941** Lengsti þorskur sem vitað er um veiddist á Íslandsmiðum og var 181 sentímetri að lengd.

**1974** Sænska hljómsveitin Abba vinnur Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva með laginu Waterloo.

**1979** Fyrsta úthlutun Kvikmyndasjóðs og myndirnar Land og synir, Óðal feðranna og Veiðiferðin fá hæstu styrkina.

**1993** Alvarlegt kjarnorkuslys verður í borginni Seversk eða Tomsk 7 í Rússlandi.



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og stuðning við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, sonar, tengdaföður, afa, bróður og tengdasonar,*

### Kristins Richardssonar

Sunnuvegi 15.

**Kristín Þorvaldsdóttir**
**Ólafur Kristinsson** — **Manuela Jank**
**Rebekka Gylfadóttir** — **Sigurður Jónsson**
**Þorvaldur Gísli Kristinsson** — **Heiðdís Björnsdóttir**
**Arnfreyr Kristinsson** — **Steinunn Óskarsdóttir**
**Sigríður Vilhjálmsdóttir**
**Vigdís Ólafsdóttir**
**Páll Ólafsson**
**Ingibjörg Magnúsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

### Gunnlaugur Sigurðsson

Sæbakka 8, Neskaupstað,

lést á fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað, þriðjudaginn 28 mars. Jarðsungið verður frá Norðfjarðarkirkju föstudaginn 7. apríl kl. 14.

**Margrét Björgvinsdóttir**
**Björk Gunnlaugsdóttir** — **Borgþór Jónsson**
**Sigrún Gunnlaugsdóttir** — **Bóas Bóasson**
**Halldór Gunnlaugsson** — **Elsa Reynisdóttir**
**Hjörleifur Gunnlaugsson** — **Hulda Eiðsdóttir**
**Lilja Salný Gunnlaugsdóttir** — **Hafsteinn Þórðarson**
**afabörn og langafabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

### Helga Þorsteinsdóttir

Droplaugarstöðum, áður í Hörgshlíð 10, Reykjavík,

lést að morgni 3 apríl. Útförin fer fram föstudaginn 7. apríl frá Grafarvogskirkju kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Katrín Árnadóttir** — **Björg Árnadóttir**
**Reynald Jónsson** — **Andrew Cauthery**
**Árni Jón Eggertsson** — **Davíð Harald Cauthery**
**Hulda Ólafsdóttir** — **Gunnar Atli Cauthery**
**Ólafur Þorri, Kjartan Bjarmi og Elvar Breki.**


LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

## VIGFÚS ÞÓR ÁRNASON SÓKNARPRESTUR: 60 ÁRA Í DAG

# Barnabörnin eru stærsta afmælisgjöfin

Vigfús Þór Árnason, sóknarprestur í Grafarvogskirkju, fagnar sextíu ára afmæli sínu í dag. Hann hefur ekki enn vanist tilhugsuninni um að vera kominn á sjötugsaldur enda upplifir hann sig jafn ungan og hann var þegar hann varð fimmtugur, að minnsta kosti.

„Mér finnst þetta hljóma dálítið sérkennilega, eins og farið sé að halla örlítið á eða komið fram í miðjan seinni hálfleik. Í anda finnst mér ég vera talsvert yngri og að minnsta kosti alveg eins og ég var þegar ég var fimmtugur. Andlega séð finnst mér eiginlega eins og þetta eigi ekkert við mig,“ segir Vigfús. Ekki dugir þó að örvænta og hann segist þrátt fyrir þetta hlakka mikið til áranna sem koma. „Vonandi er allt sextugum fært,“ bætir hann svo hlæjandi við.

Farið er að síga á seinnihluta starfsævinnar og þegar litið er um öxl segist Sigfús hafa verið sérlega heppinn í starfi. „Ég er svo heppinn að hafa verið með gott samstarfsfólk og fengið að takast á við krefjandi verkefni. Það er svo skemmtilegt fyrir mig að hafa fengið að ryðja nýjar brautir. Á Siglufirði þar sem ég var sóknarprestur áður vann ég að því að koma upp safnaðarheimili á kirkjuloftinu. Aftur hérna í Grafarvogssókn var ég fyrsti presturinn og hef því unnið að uppbyggingu sóknarinnar frá upphafi. Þegar ég tók við starfinu voru rúmlega þrjú þúsund sóknarbörn og grasflötin ein saman. Nú er kirkjan risin og sóknarbörnunum hefur fjölgað um hundrað hvern einasta mánuð í sextán ár eða frá þrjú í tuttugu þúsund.“

Sextugsafmælið er ekki einu tímamótin í lífi Vigfúsar þetta árið því þrjátíu ár eru í haust liðin frá því að hann var vígður til prests. „Sigurbjörn biskup vígði stóran hóp presta þetta sama ár og í haust ætlum við að fagna þrjátíu ára vígsluafmæli. Þetta er samheldinn hópur sem heldur upp á afmælið á fimm ára fresti. Okkur hefur alltaf tekist að fagna þessu með Sigurbirni og hann verður vonandi með okkur í haust.“ Fögnuður verður líka í fjölskyldunni í ár því Vigfús á von á barnabörnum númer tvö og þrjú innan tíðar. „Stærsta afmælisgjöfin er að vera búinn að eignast fyrsta barnabarnið og hafa tvö á leiðinni, en þau eiga að fæðast núna í maí og ágúst. Ef Guð lofar verða barnabörnin orðin þrjú í lok sumars og stærri afmælisgjöf er ekki hægt að biðja um.“

Vigfús verður að heiman með fjölskyldunni í dag og segist ekki hafa fundið hjá sér löngun til að halda stóra veislu í tilefni dagsins. „Fimmtugsafmælið var svo skemmtilegt að ég þarf ekki að halda svona veislu aftur. Eða hún dugar mér að minnsta kosti í tuttugu ár,“ segir Vigfús og hlær dátt. „Svo ef maður verður svo heppinn að ná því að verða sjötugur verða bara kaffi og kökur – svona í lokin.“



**VIGFÚS ÞÓR ÁRNASON SÓKNARPRESTUR** Engin stórveisla verður haldin á heimili Vígfúsar í dag enda segir hann að á fimmtugsafmælinu hafi verið svo mikil veisluhöld að þau dugi honum í tuttugu ár hið minnsta.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## AFMÆLI



**Svala Thorlacius** hæstaréttarlögmaður er 64 ára.



**Ásgeir Tómasson** fréttamaður er 52 ára.



**Kári Stefánsson** forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar er 57 ára.



**Sigurður Ármann Snævarr** hagfræðingur er 51 árs.



**Bogi Ágústsson** forstöðumaður fréttasviðs RÚV er 54 ára.



**Unnur Ösp Stefánsdóttir** leikkona er þrítug.

## ANDLÁT

**Þóroddur Eiðsson**, frá Þóroddsstað, Eyrarvegi 13, Akureyri, er látinn.

**Valdimar Þ. Einarsson** er látinn.

**Helga Þorsteinsdóttir**, Droplaugarstöðum, áður til heimilis í Hörgshlíð 10, Reykjavík, lést mánudaginn 3. apríl.

**Guðni G. Sigfússon**, Blikahólum 10, Reykjavík, lést á Landspítala Hringbraut mánudaginn 3. apríl.

**Dagbjört Gísladóttir** lést mánudaginn 3. apríl.

**Gunnþór Þorsteinsson**, Kambsmýri 6, Akureyri, lést á hjúkrunarheimilinu Seli þriðjudaginn 4. apríl.

**Sigvaldi Loftsson**, Esjubraut 35, Akranesi, lést þriðjudaginn 3.apríl.

## JARÐARFARIR

13.00 **Sigurður Georgsson** hæstaréttarlögmaður, Sunnuvegi 27, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

13.00 **Guðjón Sveinsson** verktaki, Suðurtúni 7, Álftanesi, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

13.30 **Elísa Kristbjörg Rafnsdóttir**, Skálagerði 3, Reykjavík, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

13.30 **Hjördís Óskarsdóttir**, frá Hrísey, verður jarðsungin frá Grindavíkurkirkju.

15.00 **Sigríður Sigurðardóttir**, Aflagranda 40, Reykjavík, verður jarðsungin frá Neskirkju.

15.00 **Sigríður Bjarnadóttir**, Lyngmóum 14, Garðabæ, verður jarðsungin frá Vídalínskirkju í Garðabæ.




# SVONA SÉRÐ ÞÚ NFS OG SIRKUS MEÐ DIGITAL MYNDLYKLINUM ÞÍNUM

FRÁBÆR DAGSKRÁ ÁN AUKAGJALDS FYRIR ALLA MEÐ MYNDLYKIL FRÁ DIGITAL ÍSLANDI






Uppfærðu Digital lykilinn þinn strax í dag og njóttu alls þess sem Digital Ísland hefur upp á að bjóða.

## HVERNIG Á AÐ UPPFÆRA?

– Ýttu á aðalvalmynd á fjarstýringunni (menu).
– Þaðan ferðu í sjálfvirka leit og ýtir svo á OK.
– NFS og Sirkus skila sér í myndlykilinn þinn á skömmum tíma.

digital ísland

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS

GOTT FÓLK McCANN





## STUÐ MILLI STRÍÐA Bíííííííííííííííííp

**KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR** LÆTUR Í SÉR HEYRA



Stundum lætur maður asnalega hluti fara í taugarnar á sér, eins og hvernig einhver greiðir sér, eða hvernig nágranninn bakkar bílnum sínum út á morgnana. Ekkert af þessu pirrar mig, en það sem fer í mínar fínustu er bílflaut fyrir utan húsið. Mér er sama um breimandi ketti, syngjandi fyllibyttur og almenna bílaumferð fyrir utan gluggann minn. Það er bílflaut sem fer alveg með mig. Flautandi bílar úti í umferðinni trufla mig hins vegar ekki, kannski vegna þess að þeir eru afar sjaldgjæfir. Fólk flautar mjög sjaldan í umferðinni, jafnvel þó það sé löngu komið grænt ljóst og fremsti bíllinn haggast ekki, eða þegar einhver keyrir lúshægt í vinstri akrein og enginn kemst fram úr. Sem hlýtur að þýða að hér gæti almenns misskilnings um hvernig á að nota flautuna. Ekki væri úr vegi að við lærðum að nota hana rétt. Til dæmis næst þegar kemur upp sú staða að ljósið er orðið grænt og fremsti bíllinn fer ekki af stað, þá er tilvalið að flauta strax. Ekki bíða fyrst í smá stund og teygja úr hálsinum í allar háttir til þess að sjá af hverju bíllinn hreyfist ekki. Alltof margir bíða líka eftir að einhver annar flauti. Ef við lærum að nota flautuna þá getum við kannski lært að halda okkur réttu megin á veginum og lært að nota aðreinar rétt. Ekki það að mér sé svo mikið í mun um að fólk sé löghlýðið, heldur skiptir mig máli að umferðin gangi sem greiðast svo við þvælumst sem minnst fyrir hvort öðru. Það hlýtur að vera ósk okkar allra. Fátt er hallærislega en að sitja blótandi bak við stýrið með fingurna nokkrum sentimetrum frá takkanum sem getur tjáð reiði okkar í einu öskrandi flauti. Látið vaða og flautið. Látið flautuna hins vegar alveg eiga sig fyrir utan heimili fólks. Já, ég veit að þetta er hálfgert nöldur og píp í mér, en það er betra að láta í sér heyra heldur en að nöldra einn með sjálfum sér. Bíííííííííííííííp! Prófið bara. ■

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# ESTĒE LAUDER GJÖF

## GJÖFIN ÞÍN

Fáðu þessa snyrtitösku að gjöf* fulla af nýjustu snyrtivörunum. Umbyltu húðinni með nýju Resilience Lift Extreme Ultra Firming Creme SPF 15. Fullkomnaðu útlitið með tveimur vinsælustu Pure Color varalitunum. Margfaldaðu þykkt augnháranna með Magnascopic maskaranum. Bættu við fallegri ferðasnyrtitösku með förðunarburstum og fleiru.

Allt þetta fyrir þig ef keyptar eru 2 eða fleiri Estée Lauder vörur í SNYRTIVÖRUDEILDUM HAGKAUPA DAGANA 6. – 12. APRÍL.
(verðgildi gjafarinnar er um kr. 9.800)

*Meðan birgðir endast




www.esteelauder.com




VIÐ MÆLUM MEÐ:

## Nýtt. Slim-Shape +

ANTI-CELLULITE/ANTI-FLUID
Advanced Visible Contouring Serum

Þetta nýja fjölvirka sermi eyðir ekki aðeins appelsínuhúðinni á fljótvirkan hátt, heldur lagar áferð húðarinnar með byltingarkenndri tækni frá rannsóknarstofum Estée Lauder. Það dregur úr þrota og bólgum vegna vökvasöfnunar og tryggir grennri, sléttari og betur formaðan líkama en nokkru sinni fyrr.

## Snyrtivörunámskeið

11. apríl verður haldið snyrtivörunámskeið á vegum Estée Lauder í Hagkaupum Smáralind. Námskeiðið stendur frá kl. 20-23 og farið verður yfir helstu atriði í umhirðu húðar og förðun. Fáðu faglega ráðgjöf og afslátt af snyrtivörum.

Skráning hefst 6. apríl kl.12 á www.hagkaup.is og í síma 530-1000 (snyrtivörudeild). Þátttökugjald er 2500 kr., takmarkað sætaframboð.

Gildir til 12. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Kl. 12.15**
*Guðmundur Oddur Magnússon prófessor fjallar um íslenskar kynjaímyndir á Kynjadögum Listaháskóla Íslands og flytur erindi í húsnæði skólans að Skipholti 1. Allir velkomnir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Ný leikkona í eldhúsinu*

Ný leikkona hefur tekið við keflinu í sýningu Þjóðleikhússins á Eldhúsi eftir máli en Sólveig Arnarsdóttir tekur við hlutverkum leikkonunnar Aino Freyju Järvelä. Upprunalegi leikhópurinn hefur tekið nokkrum breytingum frá fyrstu sýningum og þar á meðal hefur leikskáldið sjálft, Vala Þórsdóttir, bæst í hópinn.
Í kvöld er 60. sýningin á verkinu en hún hefur gengið fyrir fullu húsi allt frá frumsýningu og hlotið frábærar viðtökur gagnrýnenda og var nýlega tilnefnd til menningarverðlauna DV. Leikritið byggir Vala á smásögum skáldkonunnar Svövu Jakobsdóttur sem hafði með skáldsögum sínum, smásögum og leikritum mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á ofanverðri tuttugustu öld, en með verkum sínum miðlaði Svava meðal annars skarpri sýn á stöðu konunnar í samfélaginu sem leikritið gerir góð skil á gamansaman en jafnframt áhrifamikinn hátt.
Leikstjóri sýningarinnar er Ágústa Skúladóttir.



**ELDHÚS EFTIR MÁLI** Kunnuglegar konur í óvenjulegum aðstæðum.

### > Ekki missa af...

Megasi á tónleikum í Skálholti um páskana. Megas kemur fram ásamt Kammerkór Biskupstungna og hljómsveit og er miðasala hafin í 12 tónum og Smekkleysu.

Sýningu Brynhildar Þorgeirsdóttur í Galleri humri eða frægð og nýju bókinni um listferil myndhöggvarans.

Hádegistónleikum Kolbeins Jóns Ketilssonar og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur í Íslensku óperunni í dag kl. 12.15.

# Rjóminn í grasrótinni

Frumburður hljómsveitarinnar Mammút kom út í byrjun vikunnar og ber diskurinn nafn sveitarinnar. Í gær hélt bandið útgáfutónleika af því tilefni og í kvöld hita þau upp fyrir belgísku rokksveitina dEUS sem spilar á Nasa. Annað kvöld mun Mammút síðan troða upp í góðum félagsskap hljómsveitanna Nortón og The Telepathetics á styrktartónleikum á Grand Rokk. Fyrir tónleikunum stendur veftímaritið rjóminn.is en stefnt er að því að halda svokallaða Rjómatónleika með reglulegu millibili. Markmið tónleikahaldara er samkvæmt fréttatilkynningu að styrkja öflugt menningarlíf borgarinnar og láta um leið gott af sér leiða því tónleikarnir séu allir til styrktar góðum málefnum. Ágóði tónleikanna annað kvöld rennur til Barnaspítala Hringsins.
Hljómsveitirnar þrjár eiga það sameiginlegt að vera að gefa út sínar fyrstu plötur því The Telepathetics hyggja á útgáfu í byrjun júnímánaðar en Nortón stefnir að sama marki síðar á árinu.
Tónleikarnir á Grand Rokk hefjast kl. 22.30 annað kvöld en aðgangseyrir er 500 krónur.

- khh



**HLJÓMSVEITIN MAMMÚT** Fyrsta platan og fullt af tónleikum.




# Stríðir tímar

**Hörður Torfason, leikari og tónlistarmaður, heldur Kertaljósatónleika í Borgarleikhúsinu í kvöld en geðþekka söngvaskáldið hefur mörg járn í eldinum.**

„Það er í ýmsu að snúast, ég er til að mynda að endurútgefa plötu sem ég gerði árið 1983 sem heitir Tabu. Við erum að ljúka við frágang á henni og hún kemur væntanlega út í lok mánaðarins," segir Hörður.
Hörður hefur verið ötull við að benda á nauðsyn margbreytileikans í lífinu og segir að kjarninn í sínu starfi hafi alltaf verið umburðarlyndi og mennska. Á sínum tíma var brautryðjendastarfi og framlagi Harðar til réttindabaráttu samkynhneigðra ekki vel tekið og hann upplifði mikið hatur og mannvonsku hér á landi. Lögin á plötunni Tabu voru upphaflega hugsuð sem söngleikur sem fjallar um mannlega niðurlægingu og útskúfun homma, m.a. af skemmtistöðum. „Platan var svo gott sem bönnuð þegar hún kom út en hefur verið ófáanleg í áratugi," útskýrir Hörður, „ég fékk ekki dreifingu á hana, hún þótti ógeðsleg og var talin segja frá hlutum sem ekki þekktust á Íslandi þó að annað hafi síðar komið í ljós." Á plötunni má meðal annars finna lagið „Lítil og saklaus" sem margir hlustendur þekkja vel.
Á döfinni er líka að gefa út tónleika sem haldnir voru Herði til heiðurs þann 10. september síðastliðinn. Þá kom fjöldi listamanna fram og flutti lögin hans og fékk Hörður síðan upptökuna af tónleikunum í afmælisgjöf.
Ævisaga Harðar Torfasonar er einnig í vinnslu en Ævar Örn Jósepsson rithöfundur skrásetur hana. Hörður segir að mikil vinna liggi að baki slíku verkefni. Hann hafi verið að í rúma fjóra áratugi en hann steig fyrst á svið 12 ára gamall og flutti frumsamið efni. Hann segir að það geti verið mjög sársaukafullt að fara í svo markvisst endurlit á eigin ævi. „Ég er að grafa upp ansi stríða tíma en það getur líka verið gleði fólgin í því og maður fær nýja sýn á sjálfan sig. Það er nú það góða við svona starf eins og mitt, það er mjög skapandi og gefandi."
Tónleikarnir í Borgarleikhúsinu hefjast kl. 20.00.

- khh



**HÖRÐUR TORFASON LEIKUR OG SYNGUR UM LÍFIÐ OG MENNSKUNA Í KVÖLD** Endurútgáfa á umdeildri plötu og ævisaga í smíðum. MYND/ SIGFÚR MÁR PÉTURSSON

## Frumkvöðlastarf fjölfræðings

Fræðimaðurinn Guðmundur Finnbogason lagði grunninn að almenningsfræðslu á Íslandi með riti sínu Lýðmenntun sem kom út árið 1903. Þar setti Guðmundur fram heildstæða menntastefnu sem átti eftir að móta ófáar kynslóðir Íslendinga og stuðla að uppfræðslu almennings bæði til sjávar og sveita.
Í tilefni þess að heil öld var liðin frá útkomu Lýðmenntunar efndi Kennaradeild Háskólans á Akureyri og Kennaraháskóli Íslands til ráðstefnu um fræðistörf Guðmundar og nú hafa greinar sem grundvallaðar eru á erindum ráðstefnunnar komið út í bók sem ber heitið Andans arfur.




**ANDANS ARFUR** Af ævi og störfum Guðmundar Finnbogasonar.

Ritstjórar verksins eru Trausti Þorsteinsson og Bragi Guðmundsson.
Í bókinni má finna tíu erindi um ævi og störf þessa merka manns sem er réttnefndur fjölfræðingur. Hann lærði heimspeki, varð fyrsti sálfræðiprófessorinn við Háskóla Íslands og starfaði um árabil sem landsbókavörður. Meðal greinahöfunda eru Finnbogi Guðmundsson, sonur Guðmundar, sem gerir grein fyrir ýmsum atriðum úr einkalífi föður síns, Kristján Kristjánsson prófessor sem fjallar um heimspeki Guðmundar og Loftur Guttormsson sem skrifar um skólahugmyndir hans og barnafræðslulögin frá 1907.

- khh

event

# James Sewell Ballet

**AUSTURBÆ 5. MAÍ**

**MIÐASALA HAFIN!**



„Hugrekkið og sköp-unargáfan gera mann orðlausan. Tæknileg snilldin er blönduð sérvisku og kímni og úr verður ný tegund af list og skemmtun sem á sér engan líka.“

**- The American Reporter**

„Ólík öllu sem hefur áður sést; nútíma dans sem er ævintýralegur, tilraunagjarn og ögrandi, en einnig léttur og fyndinn. Dansararnir eru þeir bestu í heiminum, algjörlega óttalausir með einstaka hugsjón.“

**- P.L, Music Hall**

„Aldrei áður hef ég séð listamenn snerta áhorfendur jafn djúpt. Hugmyndir sem koma beint frá sálinni og hitta mann beint í hjartastað. Mannbætandi upplifun! “

**- M.K., Dancer**

**20% afsláttur í A svæði fyrir viðskiptavini í Gullvild Glitnis.**

GLITNIR

**HVAÐ:** James Sewell Ballet **HVAR:** Austurbæ **HVENÆR:** Föstudaginn 5. maí kl. 20:00. Húsið opnar kl. 19:30
**SÖLUSTAÐIR:** Reykjavík: Í verslunum Skífunnar, Laugavegi, Kringlunni og Smáralind. Akureyri: Verslun BT. Selfossi: Verslun BT **MIÐAVERÐ:** 3.900 + miðagjald í A svæði, 2.900 + miðagjald í B svæði
**GULLVILDARTILBOÐ:** Viðskiptavinir í Gullvild Glitnis fá 20% afslátt í svæði A gegn framvísun greiðslukorts frá Glitni í verslunum Skífunnar og BT. Ekki er hægt að fá afsláttinn í gegnum Internet eða síma.

***ATH:** Aðgöngumiðar fást ekki endurgreiddir. Ölvun ógildir miðann. Hljóð- og myndupptökur óleyfilegar með öllu.*

MIÐASALA:
**midi.is**

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
www.**event**.is







**TVÖ NÝ VERK FRUMSÝND UM HELGINA** DANSleikhúsið heldur árlega sýningu í Borgarleikhúsinu, fallnir englar og furðuleg tjáskipti í metnaðarfullri sýningu. FRÉTTABLAÐIÐ/ DANÍEL

# Dýrsleg og dýrðleg dansverk

Það verður líf og fjör í Borgarleikhúsinu um helgina því á sunnudaginn er árleg danssýning DANSleikhússins og þá verða frumsýnd tvö spennandi verk, annað eftir Irmu Gunnarsdóttur og hitt eftir þær Höllu Ólafsdóttur og Nadju Hjorton.

Irma Gunnarsdóttir er einn af stofnendum DANSleikhússins en hún segir að spennandi tímar séu framundan í íslenskum nútímadansi. „Þessi vettvangur fyrir dansleikhús hefur verið að þróast. Við stofnuðum DANSleikhúsið árið 2002 og höldum árlega sýningar í Borgarleikhúsinu. Nú er þetta orðið atvinnuleikhús en við höfum verið að þreifa okkur áfram með hvað hægt er að gera við þetta nýja form.“ Frá stofnun hefur DANSleikhúsið frumsýnt 15 verk af ýmsum toga. Ungir atvinnudansarar flytja verkin tvö, sem reyndar eru mjög ólík og óvenjuleg.

Irma semur verkið „Fallinn engill“ í samvinnu við dansara og tónlistarmenn en verkið fjallar um mannlegan veruleika og dýrslegt eðli, en kveikjan að verkinu er lífsgæðakapphlaupið og líkindi samfélagsins við frumskóginn. „Það koma margir að þessu verki og dansararnir eiga ríkan þátt í sköpuninni,“ segir Irma. „Halldór Björnsson semur tónlistina við verkið ásamt Magnúsi Haraldssyni en saman skipa þeir bandið The End. Þeir hafa til dæmis unnið með raddir dansaranna sem eru bæði inni í tónverkinu og svo er fluttur texti á sviðinu,“ segir Irma og bætir við að verkið sé mikill suðupottur.

Verk Höllu og Nödju Hjorton er unnið á nýstárlegan hátt að sögn Irmu. Verkið heitir „I'm FINE“ en þær stöllur sömdu það með aðstoð nútímatækni en þær nýttu sér netsamskipti við þróun þess því annar höfundanna var staddur á erlendri grund hluta af vinnuferlinu.

Sýningin er samstarfsverkefni við Borgarleikhúsið en aðeins fjórar sýningar eru fyrirhugaðar á verkunum tveimur. Allar nánari upplýsingar má nálgast á vef Borgarleikhússins.

kristrun@frettabladid.is


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

ÁTTA KONUR

4. sýn. í kvöld fim. 6/4 **uppselt**, 5. sýn. fös. 7/4 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 8/4 örfá sæti laus, 7. sýn. mið. 19/4 **síðasti vetrardagur** örfá sæti laus, 8. sýn. fim. 20/4, 9. sýn. fös. 21/4, 10. sýn. lau. 22/4.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Í kvöld fim. 6/4 örfá sæti laus - **60. sýning**, fös. 7/4 örfá sæti laus, lau. 8/4 örfá sæti laus, mið. 19/4 **síðasti vetrardagur**, fim. 20/4, fös. 21/4, lau. 22/4, sun. 23/4, fim. 27/4, fös. 28/4, lau. 29/4. **Aðeins þessar sýningar eftir.**

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld fim. 6/4 **uppselt**, fös. 7/4 **uppselt**, lau. 8/4 **uppselt**, sun. 9/4 **uppselt**, fös. 21/4 **uppselt**, lau. 22/4 **uppselt**, sun. 23/4 **uppselt**, þri. 25/4 **uppselt**, mið. 26/4 **uppselt**, fim. 27/4 **uppselt**, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 **uppselt**. **Aukasýningar í maí:** fös. 5/5 **uppselt**, lau. 6/5 **uppselt**, sun. 7/5 **uppselt**, lau. 13/5 **uppselt**. **Sala hafin á sýningar í september.** Fös. 15/9, lau. 16/9, sun. 17/9.

LEIKHÚSKJALLARINN

**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



ÓPERUSTÚDÍÓ
NÓTT Í FENEYJUM
EFTIR JOHANN STRAUSS
Nótt í Feneyjum

**NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS**
5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20 - 6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20
SÍÐASTU SÝNINGAR
Glitnir er bakhjarl
Óperustúdíós Íslensku óperunnar

**Hádegistónleikar fim. 6. apríl kl. 12.15 - Kansónur úr suðri og norðri**
Kolbeinn J. Ketilsson, tenór og Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN



VIÐTALIÐ
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur

Fimmtud. 6. apríl kl. 20.00
Föstud. 21. apríl kl. 20.00
Fimmtud. 27. apríl kl. 20.00

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is



BORGARLEIKHÚSIÐ

| Stóra svið | | Nýja svið / Litla svið | |
|---|---|---|---|
| **RONJA RÆNINGJADÓTTIR** | | **BELGÍSKA KONGÓ** | |
| Lau 8/4 kl. 14 UPPS. | Su 9/4 kl. 14 UPPS. | Í kvöld kl. 20 UPPS. | Fö 7/4 kl. 20 |
| Su 23/4 kl. 14 UPPS. | Su 23/4 kl. 17:30 | Fi 20/4 kl. 20 | Fö 21/4 kl. 20 |
| Lau 29/4 kl. 14 | Su 30/4 kl. 14 | Lau 29/4 kl. 20 | Lau 6/5 kl. 20 |
| Lau 6/5 kl. 14 | Su 7/5 kl. 14 | Su 7/5 kl. 20 | Su 14/5 kl. 20 |
| Lau 20/5 kl 14 | Su 21/5 kl. 14 | **ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR** | |
| Su 28/5 kl. 14 | | Lau 8/4 kl. 20 | Fi 27/4 kl. 20 AUKAS, |
| ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA | | Sun 30/4 kl 20 AUKASÝNING | |
| **KERTALJÓSATÓNLEIKAR** HARÐAR TORFA | | SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK | |
| Í KVÖLD Kl. 20 | | **HUNGUR** | |
| **KALLI Á ÞAKINU** | | Fi 4/5 kl. 20 | Su 7/5 kl. 20 |
| Fi 13/4 kl. 14 skírdagur UPPSELT | | **NAGLINN** | |
| Lau 15/4 kl. 14 UPPSELT | | Fö 28/4 kl. 20 | Lau 29/4 kl. 20 |
| Má 17/4 kl. 14 annar í páskum UPPS. | | **GLÆPUR GEGN DISKÓINU** | |
| Fi 20/4 kl. 14 sumardagurinn fyrsti UPPS. | | Lau 22/4 kl. 20 | Fö 28/4 kl. 20 |
| Lau 22/4 kl. 14 UPPS. | | Fö 5/5 kl. 20 | SÍÐUSTU SÝNINGAR |
| **FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP** | | **FORÐIST OKKUR** | |
| Su 30/4 kl. 20 UPPS. | Má 1/5 kl. 20 UPPS. | Í kvöld kl. 20 UPPS. | Fö 7/4 kl. 20:30 UPPS. |
| Þri 2/5 kl. 20 UPPS. | Mi 3/5 kl. 20 UPPS. | Lau 8/4 kl. 20 UPPS. | Su 9/4 kl. 20 |
| Su 7/5 kl. 20 UPPS. | Má 8/5 kl. 20 UPPS. | Fi 20/4 kl. 20 | Fö 21/4 kl. 20 |
| Þr 9/5 kl. 20 UPPS. | Mi 10/5 kl. 20 AUKAS. | Lau 22/4 kl. 20 | Su 23/4 kl. 20 |
| Fi 18/5 kl. 20 UPPS. | Fö 19/5 kl. 20 UPPS. | **DANSleikhúsið** | |
| Fö 19/5 kl. 22:30 | Su 21/5 kl. 20 UPPS. | | |
| Fi 25/5 kl. 20 AUKAS | Fö 26/5 kl. 20 UPPS. | | |
| Fö 26/5 kl. 22:30 | Su 28/5 kl. 20 UPPS. | Su 9/4 kl. 20 | Þri 11/4 kl. 20 |
| Fi 1/6 kl. 20 | Fö 2/6 kl. 20 | Mi 19/4 kl. 20 | 23/4 KL. 20 |
| **VORSÝNING 2006** Listdansskóli Íslands | | **TENÓRINN** | |
| Þri 11/4 kl. 20 | Mi 12/4 kl. 20 | Su 30/4 kl. 20 | Lau 6/5 kl. 20 |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



IÐNÓ

*Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir leikritið*

**GLÆPIR OG GÓÐVERK**
**Byggð á verki Antons Delmer, "Don't utter a note"**
**Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson**
**leikgerð: Sigrún Valbergsdóttir**

**Sýningar í IÐNÓ**

**Síðasta sýning fyrir páska**
**Aukasýning föstudaginn 7. apríl**
kl. 14.00 *ath. breyttan sýningardag*
**12. sýning fös. 21. apríl** kl. 14.00
**13. sýning sun. 23. apríl** kl. 14.00
**14. sýning mið. 26. apríl** kl. 14.00
**15. sýning sun. 30. apríl** kl. 14.00
*Ath síðasta sýning*

**Miðapantanir í Iðnó s. 562 9700**
**og við innganginn**
**www.midi.is**
**Miðaverð kr. 1.200**



Heineken®
DJAMMIÐ UM HELGINA:
PRAVDA
Fimmtudagskvöld:
Neðri hæðin
Heineken music
TRÚBADORAKEPPNI
HÁSKÓLANNA
Síðasta fimmtudag var gríðarleg stemning
Sjá myndir á www.heineken.is
Efri hæðin:
Breakbeat.is með 2 erlenda plötusnúða:
DJ CLEVER
DJ CODE
www.breakbeat.is
Heineken.is
Allt um djammið

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

3 4 5 **6** 7 8 9

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 12.00 Hádegistónleikar **Braga Bergþórssonar** og **Antoníu Hevesi** í **Hafnarborg**. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

☐ 12.15 Hádegistónleikar **Kolbeins Jóns Ketilssonar** og **Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur** í **Íslensku óperunni**.

☐ 21.00 **Siggi Björns** spilar eigin lög og segir mis-sannar sögur í belg og biðu. Sérlegur gestur kvöldsins er trúbadorinn **Svavar Kristinsson**. Tónleikarnir verða haldnir í **Iðnó**.

### SKEMMTANIR

☐ 21.00 **Code** & **Clever** á **Pravda** á vegum **Breakbeat.is.**

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.05 **Annette Lassen** heldur fyrirlestur um birtingarmyndir Óðins í bókmenntum á vegum **Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur** í stofu 102 í **Lögbergi**. Fyrirlesturinn verður fluttur á íslensku og er öllum opinn.

☐ 12.15 **Guðmundur Oddur Magnússon** prófessor heldur erindi um íslenskar kynjaímyndir á **Kynjadögum Listaháskóla Íslands** í húsnæði skólans að **Skipholti 1**.

☐ 12.30 **Oddný Sturludóttir** tónlistarkennari heldur erindi á **Kynjadögum Listaháskóla Íslands**. Erindið nefnir hún „Hárgreiðsla og hugsjónir" en það verður flutt í húsnæði skólans að **Laugarnesvegi 91**. Allir velkomnir.

☐ 16.30 Prófessor **Patrick Hannon** heldur erindi um tjáningarfrelsi, trú og trúleysi í ljósi umræðunnar um teikningarnar af Múhameð spámanni sem nýlega birtust í **Jótlandspóstinum**. Fyrirlesturinn verður haldinn á vegum **Heimspekitorgs Háskólans á Akureyri** í stofu K201, á Sólborg við Norðurslóð.

**hvar@frettabladid.is**




# Ástin og önnur hjartans mál

Hádegistónleikar Hafnarborgar eru kjörin skemmtun fyrir þá sem vilja nýta tímann og skjótast frá í hádeginu og njóta góðar tónlistar í fallegu umhverfi en menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar hefur boðið upp á mánaðarlega ókeypis tónleika síðan haustið 2003. Í dag verður sungið um ástina í Hafnarfirðinum en þá koma fram tenórsöngvarinn Bragi Bergþórsson og Antonía Hevesi píanóleikari sem jafnframt er listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar að þessu sinni.

„Við flytjum þrjár óperuaríur og eina óperettu í dag en þær fjalla allar um ástina," segir Antonía en á efnisskránni eru verk eftir Donizetti, Mozart, Verdi og Lehár. „Persónur þessara verka eru úr ólíkum áttum og í mismunandi aðstæðum en þær eru allar mjög ástfangnar, sumar enda vel en aðrar ekki, ástin sigrar ekki alltaf. Þetta er mjög tilfinningaríkt – það er alveg óhætt að segja það."

Söngvarinn ungi, Bragi Bergþórsson, er við nám í Bretlandi en Antoníu fannst tilvalið að fá hann til að koma fram því hann er staddur hérlendis í páskafríi. „Mér fannst ég þurfa að gera undantekningu því venjulega koma ekki söngnemendur fram á hádegistónleikunum," segir Antonía en hún hefur spilað með honum áður á erlendri grund, til dæmis í Þýskalandi og Kanada.

Tónleikarnir hefjast kl. 12.00 og standa í um hálfa klukkustund og eru öllum opnir á meðan húsrúm leyfir. - **khh**



**BRAGI BERGÞÓRSSON SÖNGVARI OG ANTONÍA HEVESÍ PÍANÓLEIKARI** Ástararíur í vorblænum í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/ HARI



*After him, I picked the lawyer and I know you both must have been secretly thanking me for that one. This is a man who dedicated his life to making money by lying with every breath that he could muster to keeping murderers and rapists on the streets!*

John Doe útskýrir fyrir lögreglumönnunum tveimur af hverju fórnarlömb hans áttu að deyja í Se7en.

# bíó

bio@frettabladid.is

## Farsæll ferill að baki

Bandaríski leikarinn Morgan Freeman á að baki farsælan feril sem að mörgu er leyti óvenjulegur því stjarna hans fór ekki að rísa af neinni alvöru fyrr en hann komst á efri árin.

Freeman sló fyrst í gegn með frammistöðu sinni í barnaþáttunum The Electric Company sem „Easy Reader" og fylgdi þeirri velgengni eftir á sviði með leik sínum í The Mighty Gents árið 1978 en fyrir hann hlaut leikarinn hin eftirsóttu Tony-verðlaun. Freeman hélt mikilli tryggð við leikhúsið og tók meðal annars að sér hlutverk bílstjórans Hoke Coleburn í Driving Miss Daisy eftir Alfred Uhry sem síðar meir varð kvikmynd en þar endurtók hann leikinn.

Freeman leikstýrði kvikmyndinni Bopha! með Danny Clover í aðalhlutverki og stofnaði framleiðslufyrirtæki sem átti að verða innblásið af mannlegri reynslu og þekkingu. Leikarinn hefur átt góðu gengi að fagna í samstarfi sínu með Clint Eastwood en Unforgiven hirti allar mikilvægustu stytturnar árið 1992 þar sem leikarinn fór létt með hlutverk Neds Logan. Félagarnir endurtóku leikinn fyrir tveimur árum með hnefaleikamyndinni Million Dollar Baby þar sem Morgan hlaut Óskar frænda fyrir besta leik í aukahlutverki.

Leikarinn slær hvergi slöku við þrátt fyrir að vera kominn af léttasta skeiði. Framundan eru kvikmyndir á borð við The Contract eftir Bruce Beresford og Harry the Butler þar sem Anthony Hopkins fer með aðalhlutverkið.



**MORGAN FREEMAN** Hefur lengi verið meðal bestu leikara í Hollywood og einn fárra sem hafa hlotið bæði Tony- og Óskarsverðlaunin.

### > Ekki missa af...

The Matador með Pierce Brosnan og Greg Kinnear þar sem tveir ólíkir náungar verða vinir á frekar óvenjulegan hátt. Brosnan fer hamförum í hlutverki Julians Noble sem er leigumorðingi á ystu nöf. Þrátt fyrir hrakspár um fallandi stjörnu svarar fyrrum Bond-leikarinn gagnrýnendum sínum með hárbeittu gríni á karlmannlegar ofurmanneskjur sem fyrir löngu ættu að vera farnar yfir um eftir stanslaus dráp og ferðalög, eitthvað sem einkenndi hina gömlu hetju Brosnan. Grínmynd sem yljar aðdáendum Bonds fram að Casino Royal.





**Á FLÓTTA** Bresku bakpokaferðalangarnir komast í hann krappan á ferðalagi sínu í óbyggðum Ástralíu.

# Óbyggðirnar kalla

Árlega týnast nokkur hundruð ferðalangar í óbyggðum Ástralíu og margir þeirra eiga aldrei afturkvæmt. Þessar staðreyndir urðu kveikjan að hryllingsmyndinni Wolf Creek sem segir frá tveimur bakpokaferðalöngum á ferð um Ástralíu.

Myndin er byggð á sannsögulegum atburðum og segir sögu tveggja breskra stúlkna, Liz og Kristy, sem héldu til Ástralíu í ævintýraleit. Þær njóta leiðsagnar Ástralans Ben sem í fyrstu virðist vera viðkunnanlegur náungi og heillar aðra þeirra upp úr skónum. Ferðalagið gengur ágætlega til að byrja með og Ben segir þeim „draugasögur" af geimverum og hvers kyns óhugnaði sem á að leynast í óbyggðunum. Þótt vinkonurnar reyni að halda sönsum þá hræða þessar draugasögur þær að einhverju leyti.

Eftir klifur í fallegum klettum Wolf Creek-þjóðgarðsins sofna þremmenningarnir en þegar þau vakna af værum blundi hafa úrin stöðvast og bíllinn er bilaður. Liz kemur auga á vasaljós og fljótlega kemur Mick Tayolor í ljós, frekar vinalegur náungi sem býðst til að hjálpa. Hann leyfir þeim að gista og ferðalangarnir láta þreytuna líða úr sér. Þegar Liz vaknar er hún bundin, Kristy er horfin og blóðugur bakpoki er eini vitnisburðurinn um tilveru Bens. Liz nær að sleppa en sér til mikillar skelfingar verður hún vitni að pyntingum á vinkonu sinni. Við gassprengingu ná þær þó að sleppa en frelsið reynist skammvinnt. Endirinn er þó óvæntur því þegar Mick hefur stútað þeim tveimur er Ben handtekinn, grunaður um að hafa myrt tvær bakbokastelpur frá Bretlandi.



**MANNY FÆR SLÆMAR FRÉTTIR** Loðfíllinn Manny fær slæmar fréttir frá Tony sem spjallþáttastjórnandinn Jay Leno talar inn á fyrir.

# Ísöldinni lokið

**Fyrir fjórum árum veltust kvikmyndahúsagestir um af hlátri yfir einhverju ólíklegasta tríói sem hafði sést á hvíta tjaldinu. Loðfíllinn Manny, furðudýrið Sid og sverðtígrisdýrið Diego komu mannsbarni til hjálpar.**

Þremmenningarnir góðkunnu úr Ice Age snúa aftur í framhaldsmyndinni og að þessu sinni er ísöldin komin að endalokum. Félagarnir una sér glaðir við aukna hlýju en kvenmannsleysið er farið að hrjá Manny sem telur sig vera einn eftir þar til Ellie birtist eins og þruma úr heiðskíru lofti. Eina vandamálið er að þeim lyndir ekkert alltof vel saman auk þess sem Ellie hefur bræður sína tvo í eftirdragi, þá Crash og Eddie sem lifa á hrekkjum og hvers kyns leiðindum. Þessi óvænta viðbót er þó ekki stærsta vandamálið því stór ísklumpur sem haldið hefur vatni frá dalnum er að bráðna og flóð mun brátt ógna öllu lífríkinu. Allar stríðsaxir verða því grafnar og ólíkindatólin halda af stað í enn eitt ferðalagið sem vafalítið á eftir að verða skrautlegt.

Í hlutverki fílsins er að sjálfsögðu Ray Romano sem nýlega kvaddi þáttaröð sína Everybody Loves Raymond eftir níu velheppnuð ár. Leikarinn var að vonum spenntur yfir nýju hlutverki fílsins enda reynir hann af öllum mætti að heilla hina skapstyggu Ellie upp úr skónum. „Í hvert sinn sem ég horfði á Ísöldina hugsaði ég; þetta er Manny, stóri, loðni náunginn sem við elskum öll," sagði Ray sem var fullur eftirvæntingar að reyna að láta ástina blómstra á hvíta tjaldinu. „Ég þurfti samt að minna mig á að þetta var teiknimynd og Queen Latifah, sem leikur Ellie, var aldrei í upptökum á sama tíma," bætti hann við.

Denis Leary er annar sjónvarpsleikari sem ætti að vera íslenskum áhorfendum að góðu kunnur úr slökkviliðsþáttunum Rescue Me, talar fyrir sverðtígurinn Diego. „Hann er leiðtoginn og lætur hlutina gerast," sagði Leary um persónu sína. „Diego er samt að mýkjast vegna þess að hann er svo vatnshræddur," bætti Leary við.




# Ólánspilturinn Slevin

Óheppnin virðist elta Slevin. Hann kom að kærustunni sinni í bólinu með öðrum náunga, íbúðin er að hruni komin og svona mætti lengi telja. Hann flýr frá ógæfu sinni til New York og fær lánaða íbúð hjá besta vini sínum Nick Fisher en sjaldan er ein báran stök því Slevin kemst brátt í kynni við undirheima stóra eplisins.

Glæpaforingjarnir The Boss og The Rabbi eiga í hatrammri baráttu um yfirráðin í borginni en vegna hræðslu um eigið líf fara þeir varla út fyrir hússins dyr. The Boss hyggst hefna fyrir morð sonar síns með því að koma erfingja The Rabbi fyrir kattarnef. Morðið gæti þó hleypt af stað borgarastyrjöld og neyðist hann því til að fara heldur „óhefðbundna" leið að ætlunarverki sínu. The Boss fær útsendara sína til að finna einhvern sem gæti skuldað honum pening og myndi fá tækifæri til að borga skuldina til baka með morðinu. Og hver skyldi það vera annar en Nick Fisher sem handbendin vita ekki einu sinni hvernig lítur út. Til að bæta gráu ofan á svart skuldar Fisher líka The Rabbi pening og Slevin er að sjálfsögðu tekinn í misgripum fyrir þennan ágæta vin sinn.

Sannkallað stórskotalið skipar leikhópinn í Lucky Number Slevin. Josh Hartnett leikur hin óheppna Slevin en glæpaforingjarnir eru í öruggum höndum Morgans Freeman og Bens Kingsley. Með minni hlutverk fara meðal annars Lucy Liu, Bruce Willis og Stanley Tucci en leikstjóri er Paul McGuigan.



**SLEVIN Í SLÆMUM FÉLAGSSKAP** Óheppnin eltir Slevin á röndum og eftir hrakfarir á heimaslóðum kemst hann í kynni við undirheima New York.

# FAXE Á FERÐ OG FLUGI

Kipptu með þér FAXE ROYAL
í handhægri ferðatösku
í ferðalagið eða sumarbústaðinn




EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR **FAXE** BESTI FERÐAFÉLAGINN



## > Ekki spara

...kanilinn. Hann er afar bragðgóður og svo er hann mjög hollur ef honum er ekki blandað saman við sykur. Prófaðu að sjóða saman epli og kanil í vatni. Það er ógurlega bragðgott.

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN: ANDREA JÓNSDÓTTIR

# *Gott að hafa tómata ofan á lifrarpylsu*

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**
Ég gæti ekki verið án mjólkur. Ég drekk mikla mjólk.

**Fyrsta minningin um mat?**
Ég held það sé aðallega mikið skyrát sem ég man eftir úr æsku. Og lifi bóndinn!

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Ég fékk alveg ofsalega góðan þorsk á Kaffi Kúltúr fyrir um ári síðan. Ég man ekki máltíðir mjög langt aftur í tímann en þessi kom mér verulega þægilega á óvart.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Sagogrjónagrautur. Ég vona að fólk sé hætt að búa hann til því ég er alls ekki matvond en þetta þótti mér algjör hörmung.

**Leyndarmál úr eldhússkápunum?**
Það er eitt sem ég komst að fyrir löngu síðan og það er hversu gott er að borða ferska tómata ofan á lifrarpylsu. Þetta er ég búin að vita lengi.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Rúsínur á ég alltaf til í skápnum. Ég er ekki mikil sælgætiskona en fæ mér stundum rúsínur ef mig langar í eitthvað sætt.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Mjólk á ég eiginlega alltaf til.



**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt tækir þú með þér?**
Ég myndi taka með mér tómata til þess að hafa með fiskinum sem ég myndi veiða þarna á eyjunni.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Ég myndi segja að hákarl og hrútspungar væru frekar skrítinn matur. Útlendingar hafa varla upp á neitt skrítnara að bjóða.

## VEITINGASTAÐURINN

PASTIS

9. AVENUE NEW YORK, NY Á HORNI LITTLE W. 12TH ST. S: +212-929-4844




# *Franskt bistró í NY stíl*

**Hvernig er stemningin?**: Pastis er franskt bistró í NY stíl í miðju Meatpacking hverfisins í West Village þar sem hinir mjög svo hipp og kúl halda sig þessa dagana á Manhattan. Þetta er einn af þessum stöðum sem heimamenn kalla „day-club" sem þýðir að andrúmsloftið er nánast eins og á næturklúbbi frá því snemma á morgnana; sem sagt fullt af fólki, sem af einhverjum sökum þarf ekki að vera í vinnu og vill frekar hanga þarna en heima hjá sér, að sýna sig og sjá aðra. Á góðum degi eru borð úti á stétt en í fyrstu heimsókn er rétt að fá sér sæti inni þar sem veggir eru lagðir hvítum flísum frá gólfi til lofts og kliðurinn frá troðfullum staðnum er nánast yfirþyrmandi.

**Matseðillinn:** Í klassískum frönskum bistró anda; croque monsieur samlokur, salade mixte, túnfiskur Niçoise, steikur með heimagerðum frönskum kartöflum með majónesi o.s.frv.
Sérstakur matseðill er fyrir morgunverð, brunch, hádegismat, kvöldverð og síðkvöldssnakk.

**Vinsælast:** Pastis bar steik með béarnaise sósu eða kryddsmjöri.

**Verð:** Steak Frites með béarnaise sósu kostar 27 dollara í hádeginu og grillað grænmetissalat kostar 10 dollara. Pastis er sem sagt frekar dýr miðað við hvað almennt er ódýrt að borða úti í NY. Stemningin meira en réttlætir hins vegar verðlagið og auk þess er maturinn bráðgóður líka.



GUÐRÚN KRISTÍN SVEINBJÖRNSDÓTTIR FATAHÖNNUÐUR Hún valdi uppskrift að Regnbogasilungssúpu til þess að deila með lesendum.

# Regnbogasilungssúpa frá Finnlandi

Guðrún Kristín Sveinbjörnsdóttir fatahönnuður rekur verslunina GuSt á Laugaveginum þar sem hún selur eigin hönnun. Guðrún er einnig liðtæk í eldhúsinu og valdi að deila uppskrift að Regnbogasilungssúpu með lesendum Fréttablaðsins. „Þetta er regnbogasilungssúpa frá Finnlandi sem er rosalega góð og ég er búin að leika mér mikið með. Ég fékk uppskriftina frá hálfbróður mínum fyrir löngu síðan en konan hans var finnsk. Ég nota hana alltaf öðru hvoru og hún er alltaf jafn góð hvort sem ég set humar í hana eða regnbogasilunginn og svo hef ég prófað mig mikið áfram með alls konar grænmeti. Þessi uppskrift er ekki í neinni uppskriftabók, að minnsta kosti ekki á Íslandi, en hún er afar einföld og góð."

Guðrún flutti snemma að heiman og byrjaði því ung að elda. Aðspurð hvað henni þyki nauðsynlegt að eiga í matargerð segir hún:

**REGNBOGASILUNGSSÚPA FYRIR FJÓRA:**
1 laukur
3 gulrætur
4-5 kartöflur
5 dl vatn
1 fiskiteningur eða grænmetisteningur
5 hvít og 5 svört piparkorn
1 lárviðarlauf
300-400 g regnbogasilungur
6 dl mjólk
salt eftir smekk
1 dl dill ef það er nýtt en má vera minna ef það er þurrkað.

**AÐFERÐ**
Þetta segir sig að mestu leyti sjálft en grænmetið er brytjað og sett út í súpuna en mikilvægt er að setja silunginn út í rétt undir lokin og mjólkina síðast. Það er ekki sniðugt að láta silunginn krauma lengi. Ég nota stundum sellerí út í eða humar og hörpuskel, það er endalaust hægt að prófa sig áfram með þessa uppskrift. Hún er matarmikil svo það þarf ekki mikið meðlæti en best er að hafa gott brauð með.

„Ég vil alltaf eiga gott krydd og ferskt grænmeti, það er ekkert hægt að elda öðruvísi. Skemmtilegast finnst mér að elda eitthvað flókið og skemmtilegt og að prófa að elda eitthvað nýtt. Ég hef ekkert sérstaklega gaman af því að henda fisk í pott en að gera góðar súpur og malla í góða gumsrétti finnst mér best. Þá get ég kryddað og smakkað endalaust, það er svo gaman að drullumalla svolítið."

„Ég á sem betur fer stóran strák og mann sem elda á móti mér svo ég þarf ekki alltaf að elda. En það sem er oftast á boðstólum er sennilega fiskur og pasta enda er það allavega í hverri viku í alls kyns útgáfum," segir hún og viðurkennir að það sem hún geti ekki hugsað sér að matreiða sé hin hefðbundna skata. „Við höfum ekki einu sinni skötu á Þorláksmessu, ég get ekki hugsað mér að elda hana. Það kemur svo vond lykt."

hilda@frettabladid.is

# Austurrísk vín slá í gegn

Austurrísk vín hafa slegið í gegn hjá vínunnendum síðasta áratuginn. Vínímarit fjalla mikið um austurrísk vín og þau eru áberandi á vínseðlum bestu veitingahúsa London og New York. Íslenskir neytendur hafa ekki fengið að kynnast þessari miklu tískubylgju nema að óverulegu leyti. Austurríska sendiráðið í Kaupmannahöfn og viðskiptaskrifstofan í Osló ákváðu því að standa fyrir sérstakri kynningu á austurrískum vínum í Þjóðmenningarhúsinu á mánudaginn. Stefán B. Guðjónsson vínþjónn hafði veg og vanda af kynningunni og í fjallað var um flest þau austurrísku vín sem fást hér á landi og nokkur til viðbótar. Úrval austurrískra vína hefur aukist verulega í Vínbúðum undanfarið þótt úrvalið sé enn sorglega lítið miðað við gæði vínanna. Hér fást fimmtán tegundir hvítvína og fimm tegundir rauðvína í Heiðrúnu og Kringlunni en ekki ein einasta tegund er til sölu í öðrum vínbúðum. Þau eru frá þekktum framleiðendum á borð við Brundlmayer, Kollwentz, Dinstlgut Loiben, Pfaffl, Malteser Ritterorden og Lenz Moser. Hafa vínin fengið afar jákvæðar umsagnir hjá vínrýnum hérlendis og sum m.a. verið valin vín mánaðarins hjá Þorra Hringssyni í Gestgjafanum. Er þetta í takt við umsagnir erlendis en nefna má að í ágústhefti tímarits Roberts Parker, The Wine Advocate, fengu yfir 80 austurrísk vín einkunnina 90 eða hærra.

Austurríki er ekki stórt vínræktarland og heimamenn hafa keypt megnið af framleiðslunni sjálfir. Útflutningur hefur aukist jafnt og þétt síðari ár, einkum hafa hvítvín og sætvín átt upp á pallborðið á alþjóðavettvangi. Hvítvínsþrúgan



VÍN AF BESTU GERÐ Austurríski sendiherrann Erich Buttenhauser, Stefán B. Guðjónsson og Adelheid Höbart viðskiptafulltrúi kynntu austurrísk vín fyrir Íslendingum.

Gruner veltliner er helsta stjarna Austurríkis og Blaufrankisch bjartasta vonin af rauðu þrúgunum.


ecco | MIKIÐ ÚRVAL AF GOLFSKÓM



NEW CLASSIC WING BUCKLE
Nr. 38713
Stærðir: 36-43
Litir: white



NEW CLASSIC SADDLE
Nr. 38703
Stærðir: 36-43
Litir: black, white, sand



NEW CASUAL COOL
Nr. 38614
Stærðir: 40-47
Litir: black, espresso, orange, white
HYDROMAX™



NEW CLASSIC CITY
Nr. 38344
Stærðir: 39-50
Litir: black, cognac



Kringlan

ecco®


2 MÁNUÐIR Í HM
FIFA WORLD CUP GERMANY 2006
515 6100 I SYN.IS I SKÍFAN I OG VODAFONE
MasterCard
GOTT FÓLK McCANN
8 LIÐA ÚRSLIT
HVERJIR KOMAST ÁFRAM?
UEFA CHAMPIONS LEAGUE
JUVENTUS
Í KVÖLD KL. 18:30
ARSENAL
Guðni Bergs og Heimir Karls
hita upp fyrir leikina kl. 18:00
Í KVÖLD
18:30 Juventus - Arsenal
18:30 Barcelona - Benfica*
*Sýn Extra
Á MORGUN KL. 21:00
SÆNSKU NÖRDARNIR
Er hægt að breyta 15 nördum
í alvöru fótboltalið?
BROT AF ÞVÍ BESTA Í APRÍL
ENSKI BIKARINN
Chelsea - Liverpool
ÍTALSKI BOLTINN
Inter Milan - AC Milan
GOLF
US Masters
Meistaradeild Evrópu
Undanúrslit
sýn
besta sætið

GSM bankinn

- hvar og hvenær sem er!



Vertu með bankann í vasanum!

GSM-banki í símkortinu þínu.

Í GSM-bankanum getur þú:

- millifært
- greitt reikninga
- fylgst með stöðu reikninga
- fylgst með stöðu greiðslukorta
- fengið upplýsingar um vísitölur
- fengið upplýsingar um gengi gjaldmiðla
- flett upp í símaskránni
- hlaða gsm í hraðbönkum SPRON

Kynntu þér málið!

spron

Sími 550-1200 · www.spron.is

Gsm bankann er einungis hægt að nota með símanúmeri hjá Símanum.


fjörið ... Fólk folk@frettabladid.is

# Þalía kallar

**Fáir eru svo lánsamir að finna sína hillu í lífinu strax á menntaskólaaldri. Fréttablaðið hafði þó uppi á fjórum ungum stúlkum sem eiga það sameiginlegt að líða best á sviði og vilja ekkert frekar en hlýða kalli leiklistargyðjunnar. Allar hafa þær sýnt að í þeim býr mikið efni og hver veit nema hér fari stjörnur framtíðarinnar í íslensku leikhúsi?**



SVAVA SIGURJÓNSDÓTTIR

### Stella Löve átrúnaðargoðið

Ingunn Guðmundsdóttir er rétt innan við tvítug stúdína í Verzlunarskóla Íslands. Hún útskrifast í vor en hefur einsett sér að sækja um í leiklistardeild Listaháskóla Íslands að ári. „Ég hef haft áhuga á leiklist síðan í grunnskóla, lék í fullt af leikritum og sótti öll námskeið sem voru í boði,“ segir Ingunn glaðlega. „Ég held ég hafi strax þá áttað mig á að þetta vildi ég gera. Ég man að ég var alltaf í eldhúsinu að leika fyrir mömmu og pabba, yfirleitt Stellu í orlofi sem ég horfði á hundrað þúsund sinnum og kunni utan að.“

Ingunn hefur leikið í tveimur sýningum í Verzlunaskóla Íslands en á erfitt með að útskýra hvers vegna hún heillast svo af leiklist. „Mér líður bara virkilega vel á sviði og finnst þetta góð leið að tjá mig.“ Af íslenskum leikurum lítur Ingunn mest upp til Eddu Björgvinsdóttur sem hún segir að sé „kjörkuð og flott kona.“ Þótt Ingunni finnist skemmtilegast að spreyta sig í gamanhlutverkum kveðst hún ekki eiga sér sérstök óskahlutverk. „Ég vona bara að ég fái að leika sem fjölbreyttastar persónur í framtíðinni, það er draumurinn.“

Að lokinni útskrift hefur Ingunn sett stefnuna á England þaar sem hún ætlar á leiklistarnámskeið til að búa sig undir inntökuprófið á næsta ári og kannski læra frönsku í leiðinni. „Að minnsta kosti er það markmiðið eins og staðan er í dag.“

### Adrenalínkikk á sviðinu

Svava Sigurjónsdóttir er á fjórða ári í Menntaskólanum við Sund og útskrifast í vor. Hún tók þátt í sýningum leikfélags skólans fyrstu þrjú árin en í ár ákvað hún að verja kröftum sínum í að búa sig undir inntökupróf leiklistardeildar LHÍ. „Ég man ekki nákvæmlega hvenær fékk áhuga á því að leika, sjálfsagt tiltölulega snemma í grunnskóla. Eftir að ég steig á svið í fyrsta skipti held ég að það hafi runnið upp fyrir mér að þetta gæti ég hugsað mér að gera að ævistarfi. Það er frábær tilfinning að koma fram og ég fæ iðulega adrenalínkikk eftir að ég stíg af sviðinu.“ Ekki minnkaði það áhuga Svövu á leiklistinni að þar hefur hún fundið góðan félagsskap.

Áhuginn á leikhúsi segir Svava að sé sjálfsprottinn. Skemmtilegast finnst henni að leika hlutverk sem blanda saman gamni og dramatík. Hún hefur miklar mætur á Sóleyju Elíasdóttur leikkkonu og finnst Baltasar Kormákur líka frábær. Fyrir skemmstu þreytti hín inntökupróf í Listaháskólann. Sárafáir komast að ár hvert og illu heilli var Svava ekki í þeirra hópi í ár, en ætlar að reyna aftur næst. „Ég ætla að reyna fyrir mér með Stúdentaleikhúsinu næsta vetur, það er ábyggilega frábær reynsla og á vonandi eftir að koma til góða. Svo vona ég það besta.“

### Kúnígúnd á fjórða ári

Kristín Guðmundsdóttir er á lokaári í Menntaskólanum í Reykjavík og tók þátt í leiklistarstarfi skólans í fyrsta skipti í vetur þegar Herranótt setti upp Birting Voltaires. „Ég lék aðeins í grunnskóla en ekkert af viti. Það hefur hins vegar alltaf blundað einhver spenningur í mér fyrir leiklist en ég hef aldrei þorað að taka af skarið; að minnsta kosti ekki tranað mér fram. Svo mannaði ég mig upp núna á lokaárinu og lét slag standa,“ segir hún og viðurkennir að það vinni að minnsta kosti ekki á móti sér að hafa verið í Herranótt, en þar hafa margir ástsælustu leikarar þjóðarinnar stigið sín fyrstu skref.





HERA HILMARSDÓTTIR



KRISTÍN GUÐMUNDSDÓTTIR

Kristín sér ekki eftir því enda landaði hún hlutverki Kúnígund, sen er nokkuð stór rulla. „Þetta er fyrst og fremst skapandi starf og krefst þess að maður hafi trú á sér,“ segir hún spurð hvað heilli hana við leiklistina. „En umfram allt er þetta lifandi og skemmtilegt. Mér finnst skemmtilegast að fá að blanda saman ólíkum hlutverkum, alvöru og gleði,“ bætir hún við. Kristín velti því meðal annars fyrir sér að sækja um í Listaháskólanum, en ákvað að bíða með það. „Ég geri það kannski næst. Ég er á leiðinni út næsta árið, byrja í Danmörku en vonandi á ég eftir að flakka eitthvað víðar áður en yfir líkur.“

**Fékk áhugann í arf**

Hera Hilmarsdóttir heitir sautján ára snót á öðru ári í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Hún ákvað fyrir löngu að verða leikkona og lætur tímann ekki fara til spillis heldur hefur hún tekið þátt í uppfærslum leikfélags skólans síðan hún hóf nám. Áhugann á leiklistinni sækir hún ekki langt því faðir hennar er kvikmyndagerðarmaður og móðir hennar leikkona. „Því er ekki að neita að það hefur sitt að segja því leiklistin hefur verið í umhverfi mínu frá blautu barnsbeini,“ segir hún glaðlega og finnst hún vera lánsöm að hafa áttað sig á hvað hún vill gera að ævistarfi.

Þrátt fyrir brennandi áhuga á öllu sem viðkemur leikhúsi kveðst hún ekki eiga sér neitt draumahlutverk. „Maður gerir bara það besta við það sem maður hefur. Mér finnst heillandi að geta sett sig í spor annarra, túlkað það og komið því til skila til annars fólks.“

Hera er á málabraut í MH og að loknu stúdentsprófi setur hún stefnuna á leiklistarnám, en er ekki búin að ákveða hvort hún ætli að sækjast eftir að læra hér heima eða úti. „Þetta togast dálítið á í mér. Ég bjó í London sem barn og finnst það frábær borg, en þessa stundina hallast ég frekar að því að læra hérna heima. En hver veit hvað verður.“ bergsteinn@frettabladid.is

INGUNN GUÐMUNDSDÓTTIR





# FULLKOMIN HELGI HULDA KARLOTTA KRISTJÁNSDÓTTIR FATAHÖNNUÐUR

## *Sushi, hvítvín og Kolaportið*

„Þessi helgi verður með frekar óhefðbundnu sniði en ég ætla í Kolaportið á Laugardaginn að selja dót ásamt vinkonum mínum sem vinna með mér hjá Nikita,“ segir Hulda Karlotta, sem á einn veglegasta fataskáp landsins. Þær stöllur ætla aðallega að selja föt, bæði gömul og nýrri, í öllum stærðum og gerðum. Á föstudagskvöldið ætlar hún hins vegar að taka því rólega, skipuleggja Kolaportsferðina og eiga notalega stund með manninum sínum.

„Það er nauðsynlegt að losa út og létta aðeins á fataskápnum fyrir sumarið. Við verðum með allt milli himins og jarðar.“ Hulda Karlotta hefur aldrei selt áður í Kolaportinu en segist þó vera vön flóamörkuðum því hún elski að kaupa sér föt á slíkum mörkuðum.

„Eftir Kolaportið ætlum við stelpurnar að eiga góða stund, fara á notalegan stað og fá okkur hvítvín og sushi og svo er aldrei að vita nema kvöldið endi með góðu partíi,“ segir hún og bætir við að dagurinn verði sannkallaður stelpudagur. Aðspurð um sunnudaginn segist hún ætla að taka því rólega.

„Ætli ég fari ekki út í göngutúr ef það er gott verður, annars verður það bara kósý vídeódagur heima fyrir.“









SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| ICE AGE 2 | kl. 4, 6, 8 og 10 M/ENSKU TALI |
| ICE AGE 2 SÝND Í Í LÚXUS | kl. 4, 6, 8 og 10 M/ENSKU TALI |
| ÍSÖLD 2 | kl. 4, 6 og 8 M/ÍSLENSKU TALI |
| DATE MOVIE | kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 3.40, 5.45, 8 og 10.15 |
| PINK PANTHER | kl. 3.50 og 10.10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| ICE AGE 2 | kl. 6, 8 og 10 M/ENSKU TALI |
| LUCKY NUMBER SLEVIN | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| THE PRODUCERS | kl. 8 og 10.45 |
| WALK THE LINE | kl. 5.15, 8 og 10.45 |
| RENT | kl. 5.20 B.I. 14 ÁRA |

SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| ICE AGE 2 | kl. 6, 8 og 10 M/ENSKU TALI |
| ÍSÖLD 2 | kl. 6 og 8 M/ÍSLENSKU TALI |
| DATE MOVIE | kl. 10 B.I. 14 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Keira þreytt á giftingum

Keira Knightley segist vera orðin þreyttur á eigin brúðkaupum. Reyndar hefur stúlkan aldrei gifst í alvörunni en á hvíta tjaldinu hefur hún gengið í það heilaga alls fimm sinnum og átt þrjú börn þrátt fyrir að vera rétt skriðin yfir tvítugt. Samkvæmt götublaðinu The Sun hræðist leikkonan að alvöru hjónavígslan standist ekki samanburðinn. „Ég held að það sé komið nóg af þessum brúðkaupum mínum,“ sagði leikkonan í samtali við The Sun. „Ég veit ekki hvernig hægt er að toppa giftinguna í Love Actually,“ bætti leikkonan við en hún er um þessar mundir önnum kafin við að leika í framhaldsmyndunum tveimur um sjóræningjana á Karabíska hafinu með Johnny Depp og Orlando Bloom.



**KEIRA KNIGHTLEY** Hefur gifst fimm sinnum á hvíta tjaldinu og átt þrjú börn þrátt fyrir að vera bara rétt rúmlega tvítug.
FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

# Moss snýr aftur

Ofurfyrirsætan Kate Moss hefur skrifað undir samning við tískumógúlinn Calvin Klein, aðeins sjö mánuðum eftir kókaínhneykslið mikla sem var talið hafa skaðað feril hennar. Samningurinn hljóðar upp á hálfa milljón punda en það var upphaflega Calvin Klein-auglýsing sem skaut Kate upp á stjörnuhimininn þegar hún var að hefja sinn feril í fyrirsætubransanum. Nokkur tískuhús og hönnuðir sögðu upp samningum við Kate þegar upp komst um kókaínfíkn hennar. Þrátt fyrir það er hún hærra launuð núna ef eitthvað er og hefur sjaldan verið vinsælli.



**KATE MOSS** Hún hefur skrifað undir samning við Calvin Klein en það var auglýsing frá Klein sem skaut henni upp á stjörnuhiminin þegar hún var yngri.






# Engin lygi, frekar hreinn sannleikur

## TÓNLIST

[ TÓNLIST ]

Þeir kalla sig Liars og leggja allann sinn metnað í að hljóma ekki eins og neitt sem þú hefur heyrt áður. Þeim tekst það líka. Við erum samt ekkert að tala um þróunarkenningu Darwins í hljóðbylgjuformi hérna, bara mikið af trommuslætti, öskrum og látum. Engar áhyggjur, hrynjandin dettur svo nokkuð niður eftir því sem lengra líður á kvöldið. Og ef þið haldið ekki vatni yfir þessu og langar til að vita hvernig þessi hljóð voru framkvæmd fylgir nákvæm lýsing á plötuumslaginu. Svo að þið, krakkar mínir, getið endurskapað verkið í heild sinni fyrir framan sjónvarpið í stofunni. Húrra!

Þessi áhlöðnu ásláttursverk verða alveg merkilega svöl á köflum. Hvort sem það er Cure-legu trommumynstrin í A Visit From Drum eða sniglalegar hljómaskiptingar í hinu Bítlalega Drum Gets a Glimpe.

Já, það er mikil áhersla lögð á að öll slög séu slegin með mannafli en ekki forritunakóða. Svona gera ungir listamenn nefnilega uppreisn í dag, með því að snúa baki við tækninni og byrja að hamra aftur á strekkt skinn eins og prímatar. Stundum er bara hollast að takmarka sjálfan sig í heimi þar sem möguleikarnir eru orðnir of margir. Eða kannski er það bara ekki fyrir alla að skapa fyrir framan logandi tölvuskjá. Hann gæti stolið frá manni hugmyndum.

Þessi plata sýnir miklu frekar að það skiptir engu rassgatsmáli hvernig plötur eru gerðar né hvaða tæki eru notuð. Ef menn hafa bara viljann til þess að nenna að hífa upp um sig buxurnar, standa á fætur og gera sitt til þess að koma hugverkum sínum á flug, þá verður tónlistin ekta. Eitthvað eftirminnilegt sem hreyfir nægilega við hlustandanum til þess að hann gleymir ekki upplifuninni.

Fyrir rúmum tuttugu árum síðan hefði þetta verið kallað pönk, þó svo að hér votti ekki fyrir gripa-rokki. Þetta er afbragðsplata og hún er meira en velkomin í fjölskylduna.

**Birgir Örn Steinarsson**



LIARS: DRUM´S NOT DEAD

**Niðurstaða:** Liars gefa frá sér kröftuga plötu sem hefur næga orku til þess að vekja hlustendur upp úr stafrænu móki þeirra, hvort sem ykkur líkar betur eða verr.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan Evangeline Lilly sem fer með hlutverk í spennuþættinum Lost segist hafa tekið því létt í tökunum þegar flugvélin hrapaði vegna þess að hún hefur verið flugfreyja í alvörunni. „Ég var flugfreyja einu sinni. Við stunduðum það að fara í flughermi þegar ég var í þjálfun og það var miklu verra en í tökunum fyrir Lost. Í þættinum var ég bara með hendurnar upp í loft að fíla hristinginn og lætin í botn á meðan fólk var ælandi fyrir aftan mig,“ sagði Lilly.

Það kom móður leikarans Matthew McConaughey ekkert á óvart að sonur hennar skyldi vera kosinn kynþokkafyllsti maður jarðarinnar af lesendum tímaritsins People í fyrra. Að sögn hennar hefði Matthew átt að hljóta titilinn fyrir löngu síðan. „Ég er ánægður með titilinn og mamma mín var ennþá ánægðari. Henni fannst vera tími til kominn og ég sagði bara á móti að ég hefði ekki getað þetta án hennar,“ sagði McConaughey.



Breski leikarinn Daniel Craig hefur orðið var við áður óþekktan aðdáendahóp eftir að hann tók við hlutverki James Bond. Þannig er mál með vexti að hann má vart stíga fæti út úr húsi þessa dagana án þess að hópur af hommum sæki fast að honum. Hann segir það hafa komið sér á óvart að þessir menn höfðu engan áhuga á myndinni sjálfri heldur aðallega honum. „Ég var á gangi úti nýlega og fullt af hommum var utan í mér eins og mýflugur, þeir spurðu mig samt aldrei út í plottið í myndinni eða eitthvað henni tengt,“ sagði Craig hissa.



Ricky Gervais voru boðnar heilar tvær milljónir punda fyrir að koma fram í sjónvarpsauglýsingu fyrir ameríska bjórtegund en Gervais hafnaði þessu góða boði þar sem hann hefur það fyrir reglu að leika ekki í auglýsingum. „Umboðsmaðurinn minn minnti mig á að ég myndi fá eina milljón fyrir eins dags vinnu. Ég hugsaði um það, auðvitað hugsaði ég um það og mér fannst þetta bilun. Og svo hugsaði ég: og hvað með það? En þeir virtust halda að ég væri að semja við þá. Valdið sem felst í „nei“ er mun sterkara en í orðinu „já“ í Hollywood. Þeir buðu mér tvær milljónir.“



FRUMSÝNING













ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| BASIC INSTINCT 2 VIP | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 5:30-8-10:30 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 5:30-8-10:45 | B.I. 16 |
| THE MATADOR | KL. 6-8-10:30 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 3:50-6 | |
| AEON FLUX | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 8 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 3:50 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 8-10 | B.I. 16 |
| DATE MOVIE | KL. 8-10:20 | B.I. 14 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 8-10:15 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 5:45-8-10:15 | |
| LASSIE | KL. 6 | |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| WOLF CREEK | FORSÝNING KL. 8 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 5:30-8-10:30 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |

KRINGLAN S: 588-0800

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 5:40-8-10:20 | B.I. 16 |
| V FOR VENDETTA | KL. 5:20-8-10:40 | B.I. 16 |
| THE MATADOR | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| THE WORLD´S FASTEST INDIAN | KL. 5:30 | |
| SYRIANA | KL. 8-10:30 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8 | |
| THE NEW WORLD | KL. 10 | B.I. 12 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


# Árásunum 9/11 gerð skil

Brátt fá kvikmyndahúsagestir að sjá túlkun kvikmyndaleikstjóra á hryðjuverkunum 11. september 2001 þegar farþegaflugvélum var flogið á Tvíburaturnana í New York og Pentagon-bygginguna í Washington. Breska kvikmyndin 9/11 hefur vakið upp nokkrar spurningar en hún beinir sjónum sínum að fjórðu vélinni sem fórst í Pennsylvaníuríki en þar reyndu farþegarnir að taka völdin af hryðjuverkamönnunum. Því var lengi haldið fram að vélin hefði verið skotin niður af bandaríska hernum en það hefur aldrei fengist staðfest.

Myndbrot hefur verið sýnt í yfir þrjú þúsund kvikmyndasölum þar vestra og viðbrögðin hafa ekki látið á sér standa. Framleiðendur myndarinnar nota alvöru myndir af því þegar árásarnir á Tvíburaturnana eru gerðar. „Við gerum okkur fyllilega grein fyrir því að myndin á eftir að hafa mikil áhrif á þá sem sjá hana,“ segir í yfirlýsingu frá Universal-kvikmyndaverinu.

Yfirvöld á Manhattan hafa tekið myndbrotið úr sýningu enda bárust þeim kvartanir frá íbúum New York sem finnst þær vekja upp gamla drauga. „Íbúarnir eru ekki tilbúnir ennþá,“ útskýrði framkvæmdastjóri Loews Lincoln Square 12 kvikmyndahússins, Kevin Adjodah. Paul Greengrass, leikstjóri myndarinnar, vann mjög náið með aðstandendum fórnarlambanna og þeim verður boðið á sérstaka forsýningu á Tribeca-hátíðinni sem hefst 25. apríl en hún var stofnuð sérstaklega til að hleypa nýjum krafti í atvinnulíf Manhattan.



**NEW YORK 11. SEPTEMBER 2001** Árásirnar eru taldar hafa dregið ný landamæri í heimsmálunum og beindu sjónum manna að bágum aðstæðum fólks í Mið-Austurlöndum.

# Rakari dæmdur

Hárgreiðslumaður Kevin Costner hefur viðurkennt að hafa stolið fartölvu af fyrrum stórleikaranum. Pascal Bensimon var gert að vinna 25 tíma í samfélagsþjónustu auk þess að greiða sekt fyrir brotið og sagði fyrir rétti að honum þætti þetta óskaplega leitt og baðst afsökunar á öllum þeim vandræðum sem hann hefði ollið.

Á fartölvunni var að finna mjög mikilvægar myndir af brúðkaupi leikarans og Christinu Baumgartner í september. Mátti þar sjá stórstjörnur á borð við Bruce Willis, Opruh Winfrey og Oliver Stone.

Dómararnir gerðu Bensimon grein fyrir því að hann hefði rofið trúnað við leikarann og kvaðst hárgreiðslumaðurinn vera fullur iðrunar en vildi fá að halda áfram að lifa sínu lífi.



**KEVIN COSTNER OG CHRISTINE BAUMGARTNER** Fartölvu með myndum af brúðkaupi þeirra var stolið.

# Stórmynd Luhrman slegið á frest

Stórmynd Baz Luhrman hefur verið slegið á frest en búið var að ráða Nicole Kidman og Russell Crowe í aðalhlutverkin. Myndina átti að taka upp í óbyggðum Ástralíu og hefðu tökur hafist í september en hins vegar varð ljóst að Crowe myndi ekki takast að ljúka við kvikmyndina American Gangsters sem Ridley Scott leikstýrir. Myndin fjallar um eiturlyfjabaróna og leikur Denzel Washington á móti símakastaranum Crowe.

Kidman situr ekki með hendur í skauti því hún leikur í nýjustu kvikmynd Noel Baumbach þar sem Jack Black og Jennifer Jason Leigh verða meðleikarar hennar.

Crowe hefur viðurkennt að hann sé í sambandi við Luhrman vegna myndarinnar og hann hafi fullan hug á því að gera myndina. „Við tölum saman en Luhrman er mjög leyndardómsfullur,“ sagði Crowe við blaðamann Sydney Morning Herald. Leikstjórinn hefur sjálfur sagt að myndin verði í ætt við Gone with the Wind en hún lýsir því þegar Japanir ráðast á borgina Darwin.

Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem kvikmynd Russell Crowe og Nicole Kidman er frestað en þau ætluðu að leika saman í Eucalyptus sem var ýtt undir stólinn eftir að handritsgerð gekk erfiðlega.



**CROWE** Leikur í glæpamynd eftir Ridley Scott en þeir gerðu Óskarsverðlaunamyndina Gladiator.



**KIDMAN** Hefur tekið að sér hlutverk við hlið Jack Black og Jennifer Jason Leigh vegna seinkunar á stórmynd Luhrman.




Vornámskeið
hefst 22. apríl

Upplýsingar í síma :
561-5620
www.ballett.is



Ballettskóli
Eddu Scheving
Safnaðarheimili Háteigskirkju
Félag íslenskra listdansara

ecco | ÞÆGINDI UM PÁSKANA



CITY GUATEMALA
Nr. 88043
Stærðir: 36-42
Litir: black, desert, coffee



SHARK SANDAL
Nr. 12223
Stærðir: 36-42
Litir: black, ice white, cherry red



OFFROAD
Nr. 69533
Stærðir: 35-42
Litir: black, white, sky blue, bison



OFFROAD
Nr. 69544
Stærðir: 40-47
Litir: black, bison/orange



Kringlan - Laugavegi 38 - Smáralind

ecco®



## Stuð á Keflvíkingum

Keflvíkingar skemmta sér greinilega konunglega í æfingaferð sinni á Spáni. Tíu erlendir leikmenn æfa nú með liðinu og gera þeir stólpagrín að sjálfum sér á heimasíðu sinni þar sem segir orðrétt: „Líklegt þykir að á æfingu á morgun verði settur upp leikur Ísland vs. Rest of the World.“

**sport**

sport@frettabladid.is

MARIUS CHIABURU STANESCU ER 37 ÁRA GAMALL RÚMENI: FYLGIST NÁIÐ MEÐ ÍSLENSKA BOLTANUM

# *Mínir menn í Val eru langbestir*

„Ég hef reynt að fylgjast með íslenska boltanum eftir bestu getu. Ég les mikið af blöðum sem ég finn á bókasöfnum og eins gamlar knattspyrnubækur. Ég hef mjög gaman af því að lesa og fótbolti er líf mitt og yndi. Þegar ég er ekki að vinna eða læra þá er ég að spila eða fylgjast með fótbolta,“ sagði Marius við Fréttablaðið en hann vinnur á pósthúsi jafnframt því að stunda nám í verkfræði. Stanescu er 37 ára gamall og býr í Rúmeníu en samt sem áður heldur hann með Val og það er rík ástæða fyrir því. „Ég er mikill safnari og á leikskrá frá leik Vals og Juventus árið 1986, ég hef síðan þá fylgst með íslenska boltanum. Ég safna öllu sem tengist fótbolta, aðallega leikskrám. Ég á líka leikskrá frá leik Íslands og Póllands þar sem dómarinn var frá Rúmeníu. Valsarar eru mitt lið á Íslandi, þeir eru langbestir. Ég man vel eftir snillingum á borð við Guðna Bergsson og Bjarna Sigurðsson, þeir voru mínir uppáhaldsleikmenn,“ sagði Rúmeninn geðþekki, sem þó hefur aldrei séð leik með liðinu.



„Ég hef aldrei náð að sjá leik en það gladdi mig mikið að sjá að þeir urðu bikarmeistarar í fyrra. Ég er að reyna að safna mér peningum fyrir tölvu til að geta fylgst enn betur með mínum mönnum. Ég hef mikla trú á því að það takist en það verður erfitt. Það er örugglega mjög mikið af upplýsingum um Val á netinu, og kannski myndbönd líka,“ sagði hann uppveðraður og spenntist enn meira þegar blaðamaður játti því að mikið af skemmtilegum upplýsingum leyndist í heimum internetsins.

„Draumur minn er svo auðvitað að koma til Íslands og sjá leik með liðinu. Ég efast samt um að ég muni nokkurn tímann geta gert það en ég bið enn til Guðs um að Valur komist til Rúmeníu í Evrópukeppninni. Það gæti alveg gerst af því liðið varð bikarmeistari. Þá yrði glatt á hjalla hjá mér,“ sagði Íslandsvinurinn Marius að lokum.

## > Örn setti Íslandsmet í Kína og vantar pening

Sundkappinn Örn Arnarson er einn Íslendinga á HM í 25 metra laug sem fram fer í Kína. Fyrsta keppnisgrein Arnar var 100 metra flugsund sem hann synti á 53,17 sekúndum og bætti um leið eigið Íslandsmet. Þessi árangur dugði honum í 16. sætið. Örn og þjálfari hans, Nenad Milos, eru á eigin kostnaði í Kína og félag Arnar, SH, hefur nú stofnað bankabók í KB banka þar sem hægt er að styrkja strákana en ferðin kostar þá hálfa milljón. Reikningsnúmerið er 0327-26-223456 og kennitala SH er 640269-2789 ef einhver vill láta gott af sér leiða.








# Eftirsóttasti þjálfari landsins liggur undir feldi og hugsar

**Hinn snjalli þjálfari Snæfells, Bárður Eyþórsson, hefur ekki gert upp hug sinn hvar hann þjálfar næsta vetur. Líklegast er að hann verði áfram í Hólminum þó það kitli að prófa nýja hluti en KR er talið vilja fá hann til sín.**

**KÖRFUBOLTI** Bárður Eyþórsson hefur verið við stjórnvölinn hjá Snæfelli í fimm ár og náð hreint ótrúlegum árangri á þessum árum. Hann fór í tvígang með liðið í úrslitaleiki Íslandsmótsins og var síðan nálægt því að koma gjörbreyttu liði í undanúrslit í ár en Snæfellsliðið kom skemmtilega á óvart á leiktíðinni.

„Ég er ekki búinn að taka neinar ákvarðanir með framhaldið en það styttist í að ég taki ákvörðun,“ sagði Bárður við Fréttablaðið í gær en hann var heima hjá sér að sparsla og mála. Þó fimm ár teljist langur tími í þjálfarastól er Bárður ekki áfjáður í að yfirgefa Hólminn. „Eins og staðan er í dag er líklegast að ég verði hér áfram. Við komum til með að halda okkar mannskap og svo eru spennandi tímar fram undan þar sem ungir og efnilegar strákar eru að koma upp og yrði gaman að vinna með þeim.“

Eins og flestum ætti að vera kunnugt er KR að leita að þjálfara en félagið ákvað að framlengja ekki samning sinn við Herbert Arnarson. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa KR-ingar mikinn áhuga á að fá Bárð til starfa, sem og ÍR. Ætli það kitli Bárð ekkert að prófa nýja hluti og taka við liði eins og KR?

„Jú, það kitlar alveg helling og það gæti vissulega verið gaman að komast í nýtt umhverfi enda er ég búinn að vera hér í fimm ár. Það eru nokkur lið sem mér finnst spennandi og KR er vissulega eitt þeirra. Ég er að vega og meta stöðuna í augnablikinu og vonandi kem ég þessum málum frá fyrr frekar en síðar,“ sagði eftirsóttasti þjálfari landsins, Bárður Eyþórsson, sem varð óvænt að rjúka úr símanum þar sem sonur hans hafði komist í pensil og málningu og var farinn að skreyta veggi heimilsins eftir sínu höfði.

henry@frettabladid.is



**SNÆFELL EÐA KR?** Bárður Eyþórsson segir meiri líkur en minni á því að hann verði áfram í Hólminum en hann segir vissulega kitla að taka við liði eins og KR, sem mun hafa áhuga á að semja við Bárð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






Íslenska kvennalandsliðið í handbolta tapaði, 25-21, gegn Slóvakíu í gær:

# Við áttum mjög slakan dag

**HANDBOLTI** Stefán Arnarson landsliðsþjálfari var ekki sáttur við leik íslenska liðsins gegn því slóvakíska í gær. Ísland lá í valnum eftir að hafa verið á hælunum nánast allan leikinn, sem var liður í æfingamóti sem fer fram í Tékklandi þessa dagana. Stúlkurnar frá Slóvakíu komust í 5-1, höfðu 16-10 yfir í hálfleik og unnu að lokum fjögurra marka sigur, 25-21.

„Við áttum mjög slakan dag bæði í vörn og sókn og því fór sem fór. Við náðum að minnka muninn í tvö mörk í síðari hálfleik en þá misstum við mann af velli og eftir það áttum við ekki möguleika,“ sagði Stefán, sem var sérstaklega óánægður með sóknarleikinn.

„Stelpurnar fyrir utan tóku 35 skot en skoruðu aðeins sex mörk, sem segir sitt. Við fengum aftur á móti nokkur mörk af línunni og úr hornunum sem var jákvætt auk þess sem Íris Björk Símonardóttir lék vel í markinu,“ sagði Stefán. Íris varði fimmtán skot í leiknum en þetta var hennar fyrsti landsleikur.



**JÓNA MARGRÉT RAGNARSDÓTTIR** Skoraði tvö mörk fyrir Ísland í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við höfum alltaf vitað það að ef við ætlum að vinna landsleiki þurfum við að spila sem ein heild og hafa allar stúlkurnar á tánum. Það tókst ekki og leikurinn var hreinlega lélegur. Ég vona þó að við náum að laga leik okkar fyrir næsta leik,” sagði Stefán.

Guðbjörg Guðmannsdóttir var markahæst í liði Íslands með sex mörk og þær Ágústa Edda Björnsdóttir, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, Sólveig Lára Kjærnested og Hanna Guðrún Stefánsdóttir gerðu þrjú mörk hver. Jóna Margrét Ragnarsdóttir skoraði tvö og Hrafnhildur Skúladóttir eitt.

Íslenska liðið mætir því hollenska á morgun en það varð í fimmta sæti á síðustu heimsmeistarakeppni og því er ljóst að á brattann verður að sækja fyrir Ísland. Leikurinn hefst klukkan 18 að íslenskum tíma. - hþh


computer MEGASTORE
- minnsta megastore í heimi -
MEGAverð
69.990,-
Acer 2423WXCi Fartölva
Intel Celeron M 370 1,5GHz örgjörvi
Centrino með 1mb flýtiminni
256MB DDR vinnsluminni
40GB harðdiskur
Combo drif(DVD og CD skrifari)
Windows XP Home stýrikerfi
14,1" Widescreen TFT skjár 1280x800
Vaxtalaust lán til 10 mánaða
6.990,- pr.mánuð*
MEGAverð
24.990,-
My PC IDEQ tölva
Sempron 2500
AMD Sempron 2500+ örgjörvi
512 MB DDR 400 MHz vinnsluminni
80 GB Seagate IDE harðdiskur
Combo CDRW/DVD 52/24/52-16x
Windows XP Home SP2 stýrikerfi
KTC 19" LCD skjár
600:1 12ms
MEGAverð
39.990,-
Vaxtalaust lán til 18 mánaða
8.888,- pr.mánuð*
Acer Aspire
5672WLMi PRO
Intel Core Duo T 2300
15,4" crystalBrite WXGA
1024 MB DDR2
100 GB SATA
DVD skrifari
Windows XP PRO
MEGAverð
159.990,-
Netmyndavél
USB Mini Mic 302C
með innbyggðum
hljóðnema
MEGAverð
1.990,-
288 diska
Nylon Taska
MEGAverð
1.990,-
TVISTO
Horfðu á myndefni og ljósmyndir í sjónvarpinu ásamt því að spila uppáhalds tónlistina þína án þess að tengjast tölvu!
Það eina sem þarf að gera er að kaupa harðdisk og setja í græjuna.
MEGAverð
15.990,-
EVGA Skjákort
GeForce 6600GT
128MB AGP 2,0 NS
MEGAverð
15.990,-
EVGA Skjákort
GeForce 7800GTX
256MB PCI-E 1,6NS ViVo
MEGAverð
49.990,-
Azona
Fartölvutaska
EC-848
MEGAverð
3.990,-
Azona
Fartölvu-
bakpoki
CO-748
MEGAverð
3.990,-
Mikið úrval af
borð- og fartölvum
Hringiðan
1 mánuður fylgir frítt
með öllum tölvum!
Shuttle XPC FN 81P
Intel P4 630 2,8Ghz 775 örgjörvi1MB 64 bita H.T.
1GB (2x512mb) DDR 4000Mhz vinnsluminni
Seagate 250GB SATA-II harðdiskur
DVD 16x +/- Dual Layer Skrifari
Intel GMA900 3D 333Mhz skjákort allt að 256MB
19" KTC LCD skjár 600:1 12MS
FireWire: 1 tengi á framhlið
og 1 tengi á bakhlið
Kortalesari: 6 in 1
Windows XP-Home SP2
2 ára ábyrgð
MEGAverð
129.990,-
Fullkomið
tölvuverkstæði
- gerum við allar tölvur -
Staðgreiðslu
VISALán
*„Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldarbréf með 3,5% stimpil- og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann."
COMPUTER MEGASTORE - Faxafeni 12 - 108 Reykjavík - Sími 533 5510 - www.computermegastore.is - Opið virka daga 10-18 og laugardaga 10-16
ee.is [útlit&umbrot]
Öll verð og upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Fínir bílar


→3.090 þ.
**LAND ROVER Discovery II**
Nýskr. 11.2002, 2500 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 119 þ.
Dísel bíll - fallegt eintak.


→2.690 þ.
**LAND ROVER Range Rover**
Nýskr. 09.1999, 4600cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 114 þ.


→2.090 þ.
**RENAULT Laguna Break**
Nýskr. 02.2004, 2000 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 43 þ.
5 stjörnu öryggi


→2.190 þ.
**HYUNDAI Trajet**
Nýskr. 10.2005, 2000 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 4 þ.
Sæti fyrir 7 fullorðna.


→3.090 þ.
**HYUNDAI Terracan dísel**
Nýskr. 10.2004, 2900cc.
5 dyra, bsk., ekinn 32 þ.


→2.950 þ.
**VW Passat**
Nýskr. 07.2005, 2000 cc.
4 dyra, sjsk., ekinn 7 þ.

bílaland B&L
notaðir bílar

Grjóthálsi 1
bilaland.is

Opið mán-fös 10-18
og lau 12-16
575 1230




**DAVID BECKHAM** Telur að sínir fyrrum félagar geti náð Chelsea í ensku úrvalsdeildinni. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

David Beckham:

## United getur náð Chelsea

**FÓTBOLTI** David Beckham telur að sínir fyrrum félagar í Manchester United geti í það minnsta komist mjög nálægt því að ræna Englandsmeistaratitlinum af Chelsea, ef ekki farið alla leið. United hefur nú unnið átta leiki í röð í deildinni og er aðeins sjö stigum á eftir Chelsea.

„Ég held að þetta muni ráðast í lokaleiknum. Þetta á eftir að standa tæpt af því United er að spila mjög vel þessa dagana. Chelsea er frábært lið með góðan stjóra en það er stuð á United og þetta verður tæpara en flesta órar fyrir," sagði Beckham en United og Chelsea eiga eftir að mætast í deildinni.

„United er með frábært lið og skorar mikið af mörkum enda eru þar menn á borð við Wayne Rooney, Ruud van Nistelrooy og Louis Saha. Ég hlakka mikið til að sjá hvað gerist," sagði enski landsliðsfyrirliðinn. - hþh

Masters-mótið í golfi hefst í dag á Augusta-vellinum í Georgíu:

# Keppt um græna jakkann

**GOLF** Tiger Woods hefur titilvörn sína á Masters-mótinu í golfi í dag en sigurvegari mótsins hlýtur hinn margfrægа græna jakka að verðlaunum. Woods hefur fjórum sinnum sigrað á þessu móti; fyrst 1997, í annað sinn 2001 og varði titilinn árið 2002 auk þess að vinna í fyrra. Í ár hefur hann tækifæri til þess að verða fyrsti kylfingurinn sem nær að verja titilinn tvívegis á Masters-mótinu. Sá sem hefur sigrað oftast á mótinu er Jack Nicklaus en hann hefur sex sinnum sigrað, síðast árið 1986 þegar hann var 46 ára gamall. Arnold Palmer hefur sigrað fjórum sinnum eins og Woods.

Þrátt fyrir að vera gríðarlega högglangur gagnrýnir Woods lengdina á vellinum. Búið er að lengja sex holur á vellinum, þar á meðal holu númer fjögur, sem er glæsileg par þrjú hola, en hún mælist nú 220 metrar á lengd.

„Miðað við lengdina sem margir kylfingar ná í höggunum sínum í dag munu þeir eiga í erfiðleikum með að halda boltanum á flötunum vegna lengdar vallarins. Þeir sem slá styttra eiga líka eftir að lenda í vandræðum," sagði Woods á blaðamannafundi í gær.

Búið er að lengja völlinn um 145 metra, sem gerir Augusta-völlinn að öðrum lengsta velli sem keppt hefur verið á í sögu Masters-mótsins, 6.087 metra langur.



**TIGER WOODS** Færður í jakkann af Phil Mickelson á mótinu í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Woods notaði 3-tré á æfingahring á þriðju brautinni en Mark O´Meara félagi hans notaði 1-tré.

Woods er ekki einn um að gagnrýna lengdina á vellinum, Nick Faldo er einnig í þeim hópi. „Ég get ekki keppt á svona velli. Sem betur fer á ég þrjá græna jakka í mínum fórum," grínaðist Faldo í bland við alvöruna en sexfaldi meistarinn Jack Nicklaus sakaði forsvarsmenn mótsins hreinlega um að skemma Augusta-völlinn. - hþh



**LYKILMENN** Mikið mun mæða á Bandaríkjamönnunum AJ Moye og George Byrd í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Friðrik Ingi Rúnarsson, þjálfari Grindavíkur, spáir í leik Keflavíkur og Skallagríms:

# Allt þarf að ganga upp hjá Sköllunum ætli þeir sér sigur gegn Keflavík

**KÖRFUBOLTI** „Þegar kemur að svona spennandi oddaleik á milli tveggja góðra liða gerist það ekki betra fyrir körfuboltaáhugamenn," sagði Friðrik Ingi Rúnarsson, þjálfari Grindavíkur, um stórleik Keflavíkur og Skallagríms í kvöld. Fimmti leikur liðanna í undanúrslitarimmunni um Íslandsmeistaratitilinn verður háður í kvöld og sigurvegarinn mætir Njarðvíkingum í úrslitum mótsins.

„Einvígið hefur verið mjög sérstakt, sveiflurnar á milli leikja hafa verið miklar. Það er greinilegt að heimavellir liðanna eru þeim kærir enda gryfjur báðir tveir. Mér finnst það sterkt hjá Borgnesingum að koma til baka eftir mjög stórt tap í Keflavík. Leikmenn liðsins eru ekki með mikla reynslu við þessar aðstæður þrátt fyrir að hafa spilað lengi í úrvalsdeildinni og því þarf allt að ganga upp hjá þeim í kvöld ef þeir ætla sér áfram," sagði Friðrik, sem spáir Íslandsmeisturum Keflavíkur áfram.

„Ef við tökum það litróf sem er í gangi held ég að langflestir búist við sigri Keflvíkinga og mynstrið haldi þannig áfram. Ég spái því að Keflavík vinni þennan leik en þetta er allt spurning um sjálfstraust og ef Borgnesingar ná að hanga vel í þeim gæti auðvitað allt gerst. Það er mikilvægt að liðin komi vel stemmd til leiks og það má búast við skemmtilegum leik, en það er nánast allt með Keflvíkingum í þessum leik," sagði Friðrik Ingi Rúnarsson, kátur sem fyrr. - hþh




FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

AUKAÁRSFUNDUR
FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS

Aukaársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn 27. apríl nk. kl. 16.00 í KB banka, Borgartúni 19, 4. hæð.

Dagskrá:

1. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
2. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sem kynntar voru á ársfundi sjóðsins 4. apríl sl. verða birtar eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundinn á heimasíðu sjóðsins, frjalsilif.is. Einnig verður hægt að nálgast þær í höfuðstöðvum KB banka að Borgartúni 19. Stjórn sjóðsins vill hvetja sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

ENNEMM / SÍA / 21241

KB BANKI




**ANDRIY SHEVCHENKO** Með marki sínu gegn Lyon á þriðjudaginn tyllti hann sér í efsta sæti yfir markahróka Evrópu. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Nýr markakóngur í Meistaradeild Evrópu:

# Shevchenko fram úr Raúl

**FÓTBOLTI** Úkraínumaðurinn Andriy Shevchenko komst á þriðjudaginn í efsta sæti yfir markaskorara í Evrópukeppni meistaraliða, eða Meistaradeildinni eins og hún heitir í dag. Shevchenko komst fram úr spænska gulldrengnum Raúl hjá Real Madrid sem hafði skorað 51 mark, en er nú í öðru sæti, einu marki á eftir Shevchenko sem hefur skorað 52.

Þessi magnaði sóknarmaður skoraði alls nítján mörk fyrir upopeldisfélag sitt Dynamo Kiev áður en hann hélt til AC Milan á Ítalíu. Hann hefur skorað 33 mörk fyrir Mílanóliðið og getur bætt um betur enda komst liðið áfram í undanúrslit Meistaradeildarinnar eftir 3-1 sigur á franska liðinu Lyon á miðvikudaginn.

Alls eru sex leikmenn á topp tíu listanum sem enn geta bætt við sig mörkum en fjórir eru hættir að spila.

**MARKAHÆSTU MENN EVRÓPU**

| | |
|---|---|
| **1. A. SHEVCHENKO (AC MILAN)** | **53 MÖRK** |
| 2. RAÚL (REAL MADRID) | 52 |
| **3. A. DI STEFANO (REAL MADRID)** | **49** |
| 4. RUUD VAN NISTELROOY (MAN. UTD.) | 47 |
| **5. EUSEBIO (BENFICA)** | **46** |
| 6. THIERRY HENRY (ARSENAL) | 41 |
| **7. A. DEL PIERO (JUVENTUS)** | **38** |
| 8. FILIPPO INZAGHI (AC MILAN) | 36 |
| **9. FERENC PUSKÁS (REAL MADRID)** | **36** |
| 10. GERD MÜLLER (B. MÜNCHEN) | 35 |





Í kvöld

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**
**Jónas Örn Helgason**





13. apríl

**Illugi Jökulsson**
**Snorri Sigurðsson**





20. apríl

**Mörður Árnason**
**Erlingur Sigurðsson**





27. apríl

**Inga Þóra Ingvarsdóttir**
**Kristján Guy Burgess**

Í kvöld kl. 20:05

**FYRSTA VIÐUREIGN Í 8 MANNA ÚRSLITUM**

Steinþór Helgi Arnsteinsson, blaðamaður og Jónas Örn Helgason, verkfræðinemi mætast í fyrstu viðureign 8 manna úrslita.

# MEISTARINN



GLITNIR

515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

GOTT FÓLK McCANN






**FRÁBÆR ÁRANGUR** Arsenal er komið í undanúrslit Meistaradeildarinnar í fyrsta skipti og setti met er það hélt hreinu áttunda leikinn í röð.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Vörn Arsenal hélt í Tórínó

**Arsenal og Barcelona tryggðu sér seinni tvo farmiðana í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu í gær. Arsenal gerði markalaust jafntefli gegn Juventus en Barcelona lagði Benfica, 2-0, á heimavelli.**

**FÓTBOLTI** Í gær varð ljóst hvaða lið mætast í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu þegar átta liða úrslit keppninnar kláruðust með tveim spennandi leikjum. Spænska liðið Villarreal, sem sló Inter úr keppni, mætir Arsenal og AC Milan mætir Barcelona í stærri leik undanúrslitanna.

Það var á brattann að sækja hjá Juventus á heimavelli gegn Arsenal enda vann Arsenal fyrri leikinn á heimavelli 2-0. Þrátt fyrir það lá Arsenal ekki í vörn og fékk síst lakari færi fyrri hálfleiksins, sem var markalaus.

Ítalirnir lögðu ríkari áherslu á sóknarleikinn í síðari hálfleik á kostnað varnarinnar en gekk illa að brjóta niður vörn Arsenal og ballið var endanlega búið þegar Pavel Nedved fékk að líta rauða spjaldið á 77. mínútu. Lokatölur 0-0 og Arsenal komið í undanúrslitaleikina gegn Villarreal.

Fyrri viðureign Barcelona og Benfica í Portúgal endaði með markalausu jafntefli og því var ljóst að liðin þyrftu að skora á Nou Camp í gær.

Heimamenn þurftu aðeins að bíða í 19 mínútur eftir marki en þá stal Samuel Eto´o boltanum af varnarmanni Benfica, hljóp upp að endalínu og renndi boltanum út í teiginn þar sem Ronaldinho var óvaldaður og því í litlum vandræðum með að koma boltanum yfir línuna. Nokkur sárabót fyrir Brasilíumanninn sem klúðraði vítaspyrnu í upphafi leiks.

Síðari hálfleikur var spennuþrunginn. Barca sótti en Benfica átti nokkrar hættulegar skyndisóknir og fór um stuðningsmenn heimaliðsins við hverja þeirra.

Eto´o kláraði leikinn mínútu fyrir leikslok er hann batt endahnútinn á glæsta skyndisókn spænska liðsins.

henry@frettabladid.is




Kangoo
Renault Kangoo
Verð frá kr. 1.490.000
**Verð frá kr. 1.196.787 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 23.922
**Fjármögnunarleiga kr. 19.215** án vsk.

Trafic
Renault Trafic dci100 dísel
Verð frá kr. 2.330.000
**Verð frá kr. 1.871.485 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 37.409
**Fjármögnunarleiga kr. 30.047** án vsk.

Master
Renault Master
Verð frá kr. 2.490.000
**Verð frá kr. 2.000.000** án vsk.
Fjármögnunarleiga kr. 43.991
**Fjármögnunarleiga kr. 35.334** án vsk.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun án/vsk.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Meistaradeild Evrópu:*

| BARCELONA-BENFICA | 2-0 |
|---|---|

1-0 Ronaldinho (19.), 2-0 Samuel Eto´o (89.).
*Barcelona vann einvígið, 2-0.*

| JUVENTUS-ARSENAL | 0-0 |
|---|---|

*Arsenal vann einvígið, 2-0.*

### *Þýski handboltinn:*

| GUMMERSBACH-LUBBECKE | 27-21 |
|---|---|

**Guðjón Valur Sigurðsson** skoraði 5/2 mörk fyrir Gummersbach og **Róbert Gunnarsson** skoraði einnig fimm mörk. **Þórir Ólafsson** komst ekki á blað hjá Lubbecke.

| WETZLAR-LEMGO | 27-33 |
|---|---|

**Logi Geirsson** skoraði 8/6 mörk fyrir Lemgo en **Ásgeir Örn Hallgrímsson** var með 5 mörk. **Róbert Sighvatsson** var ekki á meðal markaskorara Wetzlar í leiknum.

| GÖPPINGEN-MELSUNGEN | 27-24 |
|---|---|

**Jaliesky Garcia Padron** skoraði tvö mörk fyrir Göppingen.

### *Þýska 1. deildin:*

| BURGDORF-STRALSLUNDER | 33-32 |
|---|---|

**Heiðmar Felixson** átti fínan leik sem fyrr fyrir Burgdorf og átti stóran þátt í sigrinum.

### *Skoska úrvalsdeildin:*

| CELTIC-HEARTS | 1-0 |
|---|---|

1-0 John Hartson (4.)
*Celtic tryggði sér skoska meistaratitilinn með sigrinum.*



**RÓBERT GUNNARSSON** Átti fínan leik fyrir Gummersbach í gær og skoraði fimm mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Líf og fjör í þýska handboltanum:

# Logi og Ásgeir Örn fóru fyrir Lemgo

**HANDBOLTI** Íslendingar komu mikið við sögu í þýska handboltanum í gær. Lemgo lagði Wetzlar 33-27 á útivelli og var Logi Geirsson markahæstur hjá Lemgo með átta mörk en þar af komu sex úr vítaköstum. Ásgeir Örn Hallgrímsson var einnig sterkur hjá Lemgo og skoraði fimm mörk en Lemgo-liðið hefur verið á mikilli siglingu síðustu vikur og er meðal annars komið í úrslit í Evrópukeppni.

Gummersbach komst í annað sæti þýsku úrvalsdeildarinnar er liðið sigraði Lubbecke, 27-21. Gummersbach er jafnt Kiel að stigum en Kiel hefur leikið tveim leikjum færra. Róbert Gunnarsson var öflugur línunni hjá Lemgo og skoraði fimm mörk og slíkt hið sama gerði Guðjón Valur Sigurðsson en tvö marka hans komu af vítalínunni.

Jaliesky Garcia Padron er byrjaður að spila aftur með Göppingen þrátt fyrir endalaus vandræði með tána sína. Hann skoraði tvö mörk fyrir liðið er það sigraði Melsungen naumlega, 27-24.

**- hbg**



**ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR** Situr fyrir svörum hjá lesendum Fréttablaðsins og Vísis fram á miðvikudag.

Lesendur spyrja Ásthildi:

# Tæknilegir örðugleikar

**FÓTBOLTI** Eins og glöggir lesendur Vísis hafa tekið eftir er ekki lengur hægt að senda spurningar á Ásthildi Helgadóttur. Ástæðan er tæknilegar örðugleikar sem erfitt hefur reynst að ráða við og því hafa spurningar lesenda Fréttablaðsins og Vísis ekki borist í hús og eru því miður týndar og tröllum gefnar.

Tæknimenn Vísis hafa unnið að viðgerðum og verður spurningaformið komið í lag eigi síðar en á hádegi í dag. Þeir sem hafa áhuga á að spyrja Ásthildi eru því hvattir til að skella sér á Vísi í dag og senda inn spurningar sínar.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

3 4 5 **6** 7 8 9

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

- 19.15 **Keflavík** og **Skallagrímur** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta. Þetta er oddaleikur liðanna.
- 19.15 **Valur** og **Selfoss** mætast í DHL-deild karla í handbolta.

### SJÓNVARP

- 19.15 **Keflavík og Skallagrímur** á Sýn. Bein útsending.
- 21.00 **Sænsku nördarnir** á Sýn.
- 21.50 **Masters** á Sýn. Upptaka frá keppni dagsins en mótið hefst í dag.




## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Oh, Eddie... If I woke up tomorrow with my head sewn to the carpet, I wouldn't be more surprised than I am now.“**

**Svar:** Clark Griswold úr kvikmyndinni Christmas Vacation frá árinu 1989

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR ER ÁNÆGÐ MEÐ SKJÁ EINN

# Börn og sísætir negrakossar

Á dögunum hóf þátturinn Fyrstu skrefin göngu sína á Skjá einum. Þátturinn er í umsjón Guðrúnar Gunnarsdóttur og eins og nafnið gefur til kynna fjallar þátturinn um börn og barnauppeldi. Ég var frekar efins þegar ég sá þáttinn auglýstan enda fannst mér ólíklegt að hann myndi höfða til mín, barnlausrar konunnar. Ég gerði mér í hugarlund að þátturinn væri bara fyrir ofurmæður sem vildu bæta við sig fróðleik.

Ég ákvað samt að horfa því mér finnst Guðrún Gunnarsdóttir svo frábær fjölmiðlakona. Og viti menn, þátturinn var svo skemmtilegur að nú má ég alls ekki missa af honum. Hann er bæði fræðandi og skemmtilegur, engar langlokur, bara gleðilegt og þarft sjónvarpsefni fyrir óupplýstar ungar og barnlausar konur en eflaust líka fyrir þær sem hafa prófað og kunna meira. Það er alltaf gaman þegar sjónvarpið kemur manni á óvart og maður eignast „vin“ sem maður vill ekki missa. Annað gott á Skjá einum er þátturinn Heil og Sæl með Þorbjörgu Hafsteinsdóttur og kærasta hennar. Hann er líka fræðandi og veitir þeim aðhald sem þurfa. Um daginn var ég nýbúin að háma í mig þrjá dísæta negrakossa þegar þátturinn byrjaði. Um leið og ég fylgdist með fólkinu sem var búið að losa sig við öll sætindi varð mér hálfómótt af öllu sykurátinu og íhugaði það af fullri alvöru að fara inn á bað og stinga puttanum ofan í kok. En ákvað að haga mér dömulega og sleppa því að sinni. Eftir þetta hefur mig heldur ekki langað í negrakossa og það er gleðiefni.



GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR SJÓNVARPSKONA ER FRÁBÆR Í ÞÆTTINUM FYRSTU SKREFIN.



▶ 20.00 *Keppni*

GETTU BETUR



▶ 21.15 *Drama*

NIP/TUCK



▶ 21.45 *Spenna*

X-FILES



▶ 21.00 *Dægurmál*

SIGTIÐ



▶ 21.00 *Raunveruleiki*

SÆNSKU NÖRDARNIR

### SJÓNVARPIÐ

**16.40** Íþróttakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Latibær** Textað á síðu 888 í Textavarpi. e.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
▶ **20.00** **Gettu betur** Spurningakeppni framhaldsskólanna, úrslitaþáttur. Spyrill er Sigmar Guðmundsson, dómari og spurningahöfundur Anna Kristín Jónsdóttir og útsendingu stjórnar Andrés Indriðason.
**21.15** **Sporlaust (8:23)** (Without a Trace)
**22.00** **Tíufréttir**
**22.25** **Aðþrengdar eiginkonur (33:47)** Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10** Lífsháski (35:49) (e) **23.55** Kastljós **0.15** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Martha **10.20** My Wife and Kids **10.45** Alf **11.10** 3rd Rock From the Sun **11.35** Whose Line is it Anyway

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** Wife Swap **14.15** The Block **15.00** The Sketch Show **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Strákarnir**
**20.05** **Meistarinn (15:21)**
**20.50** **How I Met Your Mother (12:22)** Nýir bráðskemmtilegir rómantískir gamanþættir í anda Friends.
▶ **21.15** **Nip/Tuck (13:15)** Einhverjir svakalegastu framhaldsþættir sem gerður hefur verið eru orðnir ennþá svakalegri. Str. b. börnum.
**22.00** **Life on Mars (3:8)** Hér eru á ferð breskir þættir sem slegið hafa rækilega gegn í heimalandinu á síðustu vikum.
**22.45** **American Idol 5 (24:41)**

**23.25** American Idol **23.45** Liberty Stands Still (Str. b. börnum) **1.20** Last Run (Str. b. börnum) **2.55** Blue Collar Comedy Tour (B. börnum) **4.40** Nip/Tuck (13:15) (Str. b. börnum) **5.25** Fréttir **6.30** Tónlistarmyndbönd

### SIRKUS

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.30** **American Dad (6:16)**
**20.00** **Friends (6:24)** (Vinir 8)
**20.30** **Splash TV 2006**
**21.00** **Smallville** (Onyx) Fjórða þáttaröðin um Ofurmennið í Smallville.
▶ **21.45** **X-Files** (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun!
**22.30** **Extra Time – Footballers' Wive** Þær eru fallegar, moldríkar og geta gert það sem þær vilja! Í þessari þáttaröð er fjallað um Aniku, systur Tanyu Turner. Ef ykkur fannst Tanya vera slæm, bíðið þá þar til þið sjáið Aniku.

**23.00** Invasion (13:22) (e) **23.45** Friends (6:24) (e) **0.10** Splash TV 2006 (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Fyrstu skrefin (e)

**16.10** Queer Eye for the Straight Guy (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00** **Cheers**
**19.25** **Fasteignasjónvarpið**
**19.35** **Game tíví**
**20.00** **Family Guy**
**20.30** **The Office** Bandarísk endurgerð þáttanna.
▶ **21.00** **Sigtið** Í hverri viku fjallar Sigtið um mikilvæg málefni: Lífið, listir, vínmenningu, dauðann, fordóma, glæpi og hvernig það er að vera sonur landsfrægs trúðs.
**21.30** **Everybody loves Raymond** Margverðlaunuð gamanþáttaröð um hinn nánast óþolandi íþróttapistlahöfund Ray Romano.
**22.00** **The Bachelor VI**
**22.50** **Sex Inspectors** Kynlífssérfræðingarnir Tracey Cox og Michael Alveir greiða úr kynlífsvanda para.

**23.35** Jay Leno **0.20** Law & Order: SVU (e) **1.10** Cheers (e) **1.35** Top Gear (e) **2.25** Fasteignasjónvarpið (e) **2.35** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

*besta sætið*

**7.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs **7.20** Meistaradeildin með Guðna Bergs **7.40** Meistaradeildin með Guðna Bergs **8.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

**17.05** US PGA í nærmynd **17.30** Gillette HM 2006 sportpakkinn **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **Súpersport 2006**
**18.35** **Leiðin á HM 2006** (Destination Germany) Í Destination Germany er fjallað um liðin sem taka þátt í mótinu og leið þeirra í gegnum riðlakeppnina.Fjögur lið eru tekin fyrir hverjum þætti.
**19.00** **Iceland Expressdeildin** Bein útsending frá Iceland Expressdeildinni.
▶ **21.00** **Sænsku nördarnir** (FC Z) Hvað gerist þegar 15 Nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnulið?
**21.50** **US Masters** (Augusta Masters 2006) Bein útsending fyrsta deginum á US Masters. Masterinn er fyrsta risamót ársins en mótið fer fram á Augusta Masters.

**23.50** Saga HM **1.20** A1 Grand Prix

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Hulk (Bönnuð börnum) **8.15** Brown Sugar **10.05** Marine Life **12.00** Spy Kids 3-D: Game Over **14.00** Brown Sugar **16.00** Marine Life **18.00** Spy Kids 3-D: Game Over **20.00** **The Hulk** Frábær hasar- og ævintýramynd. B. börnum. **22.15** **Spartan** Fantafínn spennutryllir með Val Kilmer sem fengið hefur afburðargóða dóma. Str. b. börnum. **0.00** Texas Rangers (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Bet Your Life (Bönnuð börnum) **4.00** Spartan (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Soup **13.00** Relatively Famous **14.00** Famous Last Names **15.00** The E! True Hollywood Story **17.00** Rich Kids: Cattle Drive **18.00** E! News **18.30** Fashion Police **19.00** Uncut **20.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **21.00** The Soup **21.30** Big Buzz Gone Bad **22.00** Gastineau Girls **22.30** Gastineau Girls **23.00** E! News **23.30** Fashion Police **0.00** Big Buzz Gone Bad **0.30** Party @ the Palms **1.00** Uncu

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**7.00** Stuðningsmannaþátturinn Liðið mitt **8.00** Stuðningsmannaþátturinn Liðið mitt **14.00** Birmingham – Bolton frá 04.04 **16.00** Fulham – Portsmouth frá 01.04 **18.00** WBA – Liverpool frá 01.04
**20.00** **Stuðningsmannaþátturinn Liðið mitt**
**21.00** **More than a Game**
**22.00** **Birmingham – Chelsea frá 01.04**
**0.00** West Ham – Charlton frá 02.04 **2.00** Dagskrárlok


ÞÚ FÆRÐ IDOL STJÖRNUKORTAMÖPPUNA Í HAGKAUPUM Á AÐEINS 490 KR.

Í DAG KL. 16

og vodafone Heyrumst!

Idol

Coke gefur tóninn




Og Vodafone og Coke bjóða til Idol áritunar!

Úrslitaþáttur Idol Stjörnuleitar 2006 verður á morgun kl. 20:30. Af því tilefni munu allir 12 þátttakendur í úrslitakeppninni árita fyrir framan verslun Og Vodafone í Smáralind í dag frá kl. 16:00- 17:30.

Láttu þig ekki vanta í upphitun fyrir úrslitin í Idol-Stjörnuleit í Smáralind í dag!

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Gettu betur Sjónvarpið kl. 20.00

### *Versló keppir við MA*



Í kvöld fer fram úrslitaþátturinn í spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur. Þar munu Menntaskólinn á Akureyri og Verzlunarskóli Íslands etja kappi og verður spennandi að sjá hvor skólinn hlýtur hljóðnemann í þetta skiptið. Borgarholtsskólinn vann keppnina í fyrra en hann datt út í undanúrslitum þetta árið. Sýnt verður beint úr myndverinu við Fiskislóð í Reykjavík og er Sigmar Guðmundsson spyrill en Anna Kristín Jónsdóttir dómari og spurningahöfundur.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | | 8 | | 9 | |
| | | 4 | 7 | | | 5 | | |
| 2 | | | | | | 1 | 3 | |
| 3 | | | | | 1 | | 6 | |
| | | | 3 | | 7 | | | |
| | 8 | | 6 | | | | | 1 |
| | 5 | 6 | | | | | | 3 |
| | | 7 | | | 9 | 4 | | |
| | 4 | | 8 | | 2 | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 1 | 4 | 6 | 5 | 8 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 4 | 2 | 1 | 8 | 5 | 6 | 9 |
| 8 | 6 | 5 | 3 | 9 | 7 | 4 | 2 | 1 |
| 4 | 3 | 8 | 9 | 7 | 2 | 1 | 5 | 6 |
| 2 | 5 | 9 | 6 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 |
| 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 4 | 2 | 9 | 8 |
| 1 | 9 | 3 | 8 | 2 | 6 | 7 | 4 | 5 |
| 6 | 4 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 8 | 2 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 4 | 9 | 6 | 1 | 3 |



▶ **07.00**
*Spjall*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

**NFS**

▶ **7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir **12.40** Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir

**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Þetta fólk** (Fréttaljós) Nýr og óvenjulegur spjallþáttur í umsjá Höllu Gunnarsdóttur blaðakonu og heimshornaflakkara.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **60 Minutes** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.30** Fréttayfirlit **9.03** Laufskálinn **9.45** Leikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir og augl. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Fréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. og augl. **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **22.15** Lestur Passíusálma **22.22** Útvarpsleikhúsið: Ifigenía í Orem

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.10** Gettu betur **21.10** Konsert **22.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying


# Tilboðsdagar
## í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

-ferð til fjár



Dagana **29. mars til 19. apríl** njóta farþegar sem mæta í innritun fyrir **klukkan 6.00** að morgni sértilboða í verslunum flugstöðvarinnar.

SECURITAS

Farþegum sem mæta á einkabílum fyrir klukkan 6.00 að morgni býðst að geyma bílinn **frítt í tvo sólarhringa** á langtímabílastæði Securitas.

Við minnum farþega á að framkvæmdir standa yfir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og **hvetjum því fólk til að gefa sér góðan tíma fyrir flug.**

**20%** afsláttur af Galerie kertastjökum frá Menu

KAFFITÁR **25%** afsláttur af gjafakassa sem inniheldur pressukönnu, nýbrennt kaffi og súkkulaði. Verð nú: 2090 kr.

IGSveitingar **15%** afsláttur af veitingum

FRÍHÖFNIN **15%** afsláttur af snyrtivörum

**15%** afsláttur af Tomas Sabo vörum

**20%** afsláttur af Kappa og And1 vörum og 15% afsláttur af Teva skóm

**15%** afsláttur af Burberry töskum og Sand dömufatnaði

MEMORIES of ICELAND **20%** afsláttur af Lost in Iceland bolum

Eymundsson **30%** afsláttur af flugfreyjutösku (50 cm á hjólum) Verð nú: 3490 kr.

Optical Studio **FRÍTT FYRIR ÞIG!** Þegar þú pantar þér ný gleraugu fylgir frítt par af sólglerjum með þínum fjærstyrkleika

Landsbankinn Allir sem koma í Landsbankann í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og kaupa gjaldeyri fá skemmtilega litabók með Sprota og félögum fyrir börnin

Ef þú kaupir BLUE LAGOON mineral moisturizing krem (200ml) eða BLUE LAGOON mineral intensive krem (200ml) eða BLUE LAGOON algae and mineral body lotion (200ml) þá færðu BLUE LAGOON algae and mineral sturtugel (200 ml) **að gjöf**

**Athugið að innritun hefst kl. 5.00**

ferð til fjár!
Flugstöð Leifs Eiríkssonar



## HRÓSIÐ

*...fær Hjálmar Árnason þingmaður fyrir að láta draumana rætast.*

# Helgin okkar...

**Morgunmaturinn:** Bjóddu vinum þínum í árdegisverð og útbúðu girnilega eggjaköku á spænska vísu, matarmikið salat og skerðu pítubrauð í fjóra parta og dýfðu því í hummus. Þetta klikkar ekki.

**Hreyfingin:** Klæddu þig í kuldagallann og fáðu þér göngutúr meðfram strandlengjunni, frá Laugarnestanga að höfninni og aftur til baka. Andaðu að þér fríska loftinu sem kemur frá sjónum.



**Hressingin:** Hættu að telja kaloríur og fáðu þér vöfflu með sultu og rjóma og heitt súkkulaði á Mokka. Stemning liðinna ára svífur yfir vötnum og það gefur lífinu lit að heimsækja staðinn.



**Kvikmyndin:** Ekki missa af kvikmyndinni Ice Age - The Meltdown sem verður frumsýnd í dag.

**Tónlistin:** Eftir vel heppnaða tónleika Katie Melua tónleikunum í Laugardalshöllinni ætti söngkonan að eiga enn þéttari aðdáendahóp en áður. Það er því ekki úr vegi að kaupa nýja diskinn og halda áfram að upplifa.

**Dekrið:** Taktu laugardagskvöldið frá og gerðu ekkert annað en að dekra við sjálfa þig, snyrtu fótleggi, lakkaðu neglur og liggðu með gúrkusneiðar á andlitinu sem framkallar æskuljóma.

**Skemmtunin:** Litla Hryllingsbúðin fær góða dóma. Farðu í helgarferð til Akureyrar, sjáðu sýninguna og láttu eins og þú sért í útlöndum.






**LÁRÉTT:**
2 gól 6 skammstöfun 8 skordýr 9 bjargbrún 11 á fæti 12 keilulaga fyllitæki 14 mont 16 í röð 17 þrí 18 strá 20 borðaði 21 gróft orð.

**LÓÐRÉTT:**
1 mynteining 3 frá 4 garðplöntutegund 5 væl 7 skortur 10 held brott 13 lítið býli 15 naga 16 kvenkyns hundur 19 skyldir.

**LAUSN:**
LÁRÉTT: 2 gagg, 6 eh, 8 fló, 9 nöf, 11 il, 12 trekt, 14 grobb, 16 tu, 17 trí, 18 íla, 20 át, 21 klám.
LÓÐRÉTT: 1 sent, 3 af, 4 glitbrá, 5 gól, 7 hörgull, 10 fer, 13 kot, 15 bíta, 16 tík, 19 aá.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á síðu 8

1 Erna Aðalheiður Karlsdóttir.
2 Animanína.
3 Thaksin Shinawatra.

allt tilboð
Alla föstudaga

ÁRMANN REYNISSON: SELUR VINJETTUR TIL ÞÝSKALANDS

# Fylgir bók eftir með konfekti og silfurskeiðum

Athafnamaðurinn, rithöfundurinn og fagurkerinn Ármann Reynisson hefur gengið frá samningum við þýsku bókaútgáfuna August Von Goethe Literaturverlag um útgáfu á bók sinni Vinjettur V. Bókaútgáfan er hluti af Frankfurter Verlagsgruppe sem starfar á alþjóðavísu þannig að vinjetturnar gætu borist víða áður en yfir lýkur enda verður þýska vinjettuútgáfan kynnt á bókamessunum í Frankfurt, Basel, London og Los Angeles. „Þetta hefur verið eitt ævintýri frá því ég sendi frá mér fyrstu Vinjettubókina," segir Ármann og neitar því ekki að honum sé hlátur í huga nú þegar hann hefur náð góðum samningi við erlendan útgefanda, þar sem íslenskir forleggjarar tóku honum fálega þegar hann bar fyrstu vinjettubókina á borð fyrir þá árið 2001."

„Það sannast hér enn og aftur að þeir fiska ekki sem róa ekki og ég hef alltaf þurft að róa. Ég fór fullur bjartsýni á Bókamessuna í Frankfurt í október og var svo heppinn að ná fundi með Markus Von Hansel - Hohenhausen, einum forráðamanna útgáfunnar og miklum áhrifamanni í þýsku bókmenntalífi. Hann hreifst strax af vinjettunum og sagði þær jafn óvenjulegar og tónlist Bjarkar."

Vinjettubækur Ármanns hafa frá upphafi verið tvítyngdar en Martin Regal, dósent við HÍ, hefur annast enskar þýðingar bókanna. „Þýska útgáfan verður vitaskuld bæði á þýsku og íslensku þar sem þýski útgefandinn hreifst af þessum tvítyngdu útgáfum mínum. Gudrun Hameck frá Hvammstanga snaraði yfir á þýsku."

Það er skammt milli stórra högga hjá Ármanni en það er ekki nóg með að hann sé lagstur í víking með vinjetturnar heldur er hann einnig að hefja dreifingu á vinjettutengdnum varningi sem ar vitaskuld hugsaður fyrir fagurkera og lífskúnstera. „Þetta er handgert vinjettukonfekt, vinjettukaffiblanda og vinjettu silfur mokka- og desertskeiðar úr silfri," segir Ármann, sem ætlar að koma munaðarvörum sínum á markað með haustinu um svipað leyti og sjötta vinjettubókin kemur fyrir augu lesenda.

„Ég notast að hluta við neista úr eigin lífi og reynslu auk þess sem ég flétta sem fyrr þjóðfélagsgagnrýni saman við vinjetturnar og skoða meðal annars innviði íslensks réttarkerfis."

Ármann þakkar lesendum sínum fyrst og fremst velgengnina en hann hefur borið hitann og þungann af útgáfunni á eigin kostnað og er kominn með um 3.000 fasta áskrifendur. „Það eru viðtökurnar hér heima sem hafa hvatt mig til dáða og frekari skrifa," segir Ármann, sem stefnir að því að að endurnýja kynni Evrópubúa við þessa gömlu bókmenntahefð. thorarinn@frettabladid.is



**ÁRMANN OG SILFURSKEIÐARNAR** Vinjettuhöfundurinn ætlar að hefja dreifingu á vinjettutengdum varningi sem er vitaskuld hugsaður fyrir fagurkera og lífskúnstera.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Gettu Betur, spurningakeppni framhaldsskólanna, lýkur göngu sinni í kvöld en þá mætast Menntaskólinn á Akureyri og Verslunarskóli Íslands í úrslitaviðureigninni. Keppnin í síðustu viðureign undanúrslitanna var nokkuð hörð og hafði Sigmar Guðmundsson, spyrill keppninnar, orð á því að MA-ingar hefðu sérstakt lag á því að búa til spennandi keppni. Akureyringar ætla að fjölmenna til borgarinnar þótt staðið hafi styr um hvernig Ríkissjónvarpið skyldi styrkja ferðalag þeirra. Anna Kristín Jónsdóttir semur spurningarnar en þær hafa fengið harða gagnrýni frá öðrum Gettu Betur-njörðum sem hafa þótt þær full auðveldar. Keppnin er ekki síður merkileg fyrir þær sakir að Páll Magnússon útvarpsstjóri mun þarna í fyrsta skipti afhenda hljóðnemann góða sem féll Borgarholtsskóla í skaut á síðasta ári.



Rock Star - áheyrnarprufur fóru fram á Gauki á Stöng í gærdag og er greinilegt að rokkdraumurinn lifir góðu lífi meðal íslenskra tónlistarmanna. Til mikils er að vinna fyrir þá sem komast í gegnum niðurskurðinn því þeir eiga kost á því að reyna sig fyrir framan ofursveitina Supernova en hana skipa meðal annars Tommy Lee og Jason Newsted úr Metallicu. Meðal þeirra sem létu sjá sig voru Magni í Á móti sól og Hreimur Örn Heimisson sem leiddi hljómsveitina Land og Syni lengi framan af. Einnig mátti sjá grilla í Heiðu úr Idol-keppni Stöðvar 2, Matta sem syngur með Pöpunum og Pétur Örn Guðmundsson. Jenni úr Brain Police lét sig heldur ekki vanta og sýndi stórgóð tilþrif á sviðinu. Aðstandendur þáttaraðarinnar voru himinlifandi með ferðina hingað til lands en nú er bara að bíða, vona og sjá hvort einhver Íslendingur verður meðal þeirra sextán sem keppa um titilinn Rock Star. - fgg



GLÆNÝ LÚÐA
SKÖTUSELUR
LAXAFLÖK
STÓR HUMAR
SIGINN FISKUR
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

# Stór nöfn á Blúshátíðinni

Blúshátíðin í Reykjavík fer fram dagana 11.-14. apríl og er óhætt hægt að lofa góðri stemningu í borginni yfir páskana. Nýlega var tilkynnt að tveir gestir hátíðarinnar yrðu á stærsta sviði Chicago Blues-hátíðarinnar en það eru söngdívurnar Zora Young og Deitra Farr. Talið er að um 750 þúsund manns sæki þessa hátíð árlega í höfuðborg blússins og því ljóst að heimsókn þeirra er mikill fengur fyrir hátíðina í Reykjavík. „Þetta segir ýmislegt um hversu góðar þær eru," segir Halldór Bragason, talsmaður Blúshátíðarinnar í Reykjavík. „Deitra Farr hefur komið hingað áður en núna kemur hún með Zoru Young sem er algjör blússprengja og Grana' Louise en hún þykir ótrúlega efnileg," útskýrir hann.



**DEITRA FARR** Stígur á sviðið á Chicago-blúshátíðinni sem er ein sú stærsta sinnar tegundar en reiknað er með að 750 þúsund manns sæki hana árlega.

Miðasala hófst fyrir nokkrum dögum og mikill áhugi virðist vera fyrir blúsnum á Íslandi. „Það er rífandi gangur enda miðaverðið eins ódýrt og hugsast getur," segir Halldór og bætir því við að yfirleitt séu Íslendingar seinir til. „Við erum þó búnir að selja þriðjung allra sæta og höfum aldrei farið svona snemma af stað," segir hann.

Fjölbreytt dagskrá Blúshátíðarinnar vekur athygli en ungir jafnt sem gamlir blúsarar leggja hátíðinni lið við að gera hana sem glæsilegasta úr garði þó að tónleikar dívanna þriggja verði vissulega hápunkturinn. - fgg



Fermingartilboð
35% AFSLÁTTUR
Office1 Aðeins 12.995.- Fullt verð 19.980.-
38% AFSLÁTTUR
Office1 Aðeins 2.995.- Fullt verð 4.860.-
35% AFSLÁTTUR
Office1 Aðeins 12.995.- Fullt verð 19.980.-
23% AFSLÁTTUR
Office1 Aðeins 9.995.- Fullt verð 12.980.-
Office1 Aðeins 11.995.- Fullt verð 14.480.-
17% AFSLÁTTUR
Office1
Parker pennasett
Vörunúmer: 6956045
Mjög vandað sett með kúlupenna og blekpenna. Falleg blekbytta og blekfylling fylgir með.
Aðeins 5.995.-
ÓTRÚLEGT VERÐ
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
Parker pennasett
Vörunúmer: 695452525
Mjög vandað sett með kúlupenna og blýpenna.
Aðeins 1.495.-
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
Parker pennasett
Vörunúmer: 69575572
Mjög vandað sett með kúlupenna og blýpenna. Vönduð borðklukka fylgir með.
Aðeins 5.995.-
Office1
Páskaskraut
Aðeins í Skeifunni og Smáralind
3 VERÐ
99.-
199.-
399.-
70-80% afsláttur
HP Pavilion borðtölva og 17"skjár
Vörunúmer: ep062aa/en623aa
Tölva
HP Pavilion T3345.uk turn
Ummál (BxDxH): 182mm x 434 mm x 381 mm
Þyngd: 14 kg
Örgjörvi: AMD Athlon64 3700+
Vinnsluminni: 1 GB DDR SDRAM
Harður diskur: 300 GB - Ultra DMA 7200 rpm
Geislaskrifari: DVDñRW (+R dual layer) LightScribe
Geisladrif: DVD-ROM
Skjákort:GeForce 6200se TC-256MB
Hljóðstýring: 5.1 channel surround
9 í 1 minniskortalesari
Tengi: 1 x PCI-Express (laust), 3 x PCI, 6 x USB 2.0 (2 að framan), 2 x Firewire (1 að framan), 1 x Parallel
Stýrikerfi: Microsoft Windows XP Home Edition
Ábyrgð: 2 ára ábyrgð
Skjár
Stærð: 17" Pavilion vs17e TFT flatur skjár
Upplausn: 1280x1024 60Hz
Sjónarhorn: 140ølárétt, 130ølóðrétt
Punktastærð: 0.264mm
Birta í nits: allt að 300 nits
Skerpa: allt að 500:1
Viðbragðstími: 8ms (rise + fall)
Innbyggðir hátalarar
Anti-Glare/Anti-Static
Plug and play
Tengi: 15pin mini D-Sub VGA
Ábyrgð: 1 árs fyrirtækjaábyrgð og 2 ára neytendaábyrgð
Þyngd: 4.7 kg
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1 139.900.-
Páskafjör í Office 1!
Office1 Superstore
Afgreiðslutímar
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19, laugardaga 11-18, sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18, laugardaga frá 11-16, sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri og Ísafirði
Virka daga frá 10-18, laugardaga frá 11-16
Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18, laugardaga frá 11-14
Vestmannaeyjum
Virka daga frá 9-18, laugardaga frá 10-16
Tilboðin gilda í apríl 2006 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR


JÓNS GNARR


## *Uppeldi*

Ég held að eitthvert vandasamasta verk sem hægt sé að takast á hendur sé að ala barn upp svo vel sé. Það krefst sífelldrar vinnu og yfirsetu, þrautseigju og þolinmæði. Það er erfiðasta verk sem ég hef gert. Mér finnst það erfiðara en að skrifa, leika, koma fram, eða vinna úti í kulda. Það krefst hugrekkis.

**EN** það er skylda okkar að veita börnum okkar uppeldi, þ.e. að miðla til þeirra öllu gagnlegu sem við höfum lært eða okkur hefur verið kennt og hvetja þau og styðja til að tileinka sér það eftir bestu getu. Uppeldi er nauðsynleg þjálfun. Sá sem fær sér hund verður að þjálfa hann því annars verður hundurinn leiðinlegur og þá verður ekki gaman af honum og hann endar uppi í sveit eða í svæfingu.

**MÉR** finnst uppeldi snúast mikið um að vernda og næra hinn andlega neista innra með barninu og kenna því að viðhalda og vernda hann sjálft. Uppeldi er að miklu leiti agi. Agi er forsenda færni og lífsleikni. Sá sem hefur ekki aga nær ekki árangri því hann gefst sífellt upp. Andlegt líf þrífst ekki án aga og allir leikir þurfa reglur.

**EITT** það versta sem hægt er að gera barni er að neita því um uppeldi. Börn sem fá ekki uppeldi eru einna verst settu manneskjurnar á jörðinni vegna þess að þau hafa svo litla möguleika. Þau eru eins og leikmaður í knattspyrnuliði sem aldrei hefur farið á æfingu og kann ekki neitt. Þau fara í taugarnar á öðru fólki og öðrum börnum. Margir ala börnin sín upp í svokölluðu „frjálsu uppeldi“ sem er oftar en ekki aðeins afsökun fyrir foreldrana sem nenna ekki vinnunni og fyrirhöfninni sem fylgir uppeldinu.

**STARF** þjálfarans er erfitt og oft vanþakklátt. Hann þarf að leggja þungar byrðar á fólk, krefjast mikils og vera strangur, jafnvel þótt hann vilji slá öllu upp í kæruleysi. Og hann uppsker oft reiði þeirra sem hann er að reyna að þjálfa. En þegar þjálfuninni er lokið fylgist hann með afrekunum og gleðst yfir árangrinum því hann á hlutdeild í honum.

**KOMDU** fram við alla eins og þú myndir koma fram við Jesú. Jesús býr í öðru fólki. Hann býr líka í börnum. Hann horfir á okkur með barnsaugum. Þegar þú horfist í augu við barn ertu að horfast í augu við Guð.





